***Lýsing þessi er birt í tengslum við umsókn N1 hf. um að allir hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og í tengslum við almennt útboð á 25–28% áður útgefnum hlutum í N1 hf.***

Áskriftartímabil útboðsins mun standa yfir frá 6. til 9. desember 2013 og er tekið við áskriftum á vefsíðu Íslandsbanka hf. Útboðinu er bæði beint að fagfjárfestum og almennum fjárfestum, en því er skipt í tvær tilboðsbækur. Í tilboðsbók A óska seljendur eftir áskriftum að andvirði frá 100 þúsund kr. til 10 milljónir kr. sem geta verið á verðbilinu 13,5-15,3 kr./hlut og munu eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi A. Í tilboðsbók B óska seljendur eftir áskriftum að andvirði yfir 10 milljónir kr. en að hámarki í 15% eignarhlut. Geta áskriftir að lágmarki verið á verðinu 15,3 kr./hlut en eftir lok áskriftartímabils munu seljendur ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi B. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar 11. desember 2013 og NASDAQ OMX Iceland hf. mun í kjölfarið birta svar við umsókn útgefandans. Gert er ráð fyrir að ákvörðun seljenda um úthlutun til fjárfesta í útboðinu geti átt sér stað 12. desember 2013 og eindagi viðskiptanna verði ákvarðaður 17. desember 2013 en greiddir hlutir verða afhentir næsta virka dag eftir eindaga. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með hlutabréf N1 hf. á Aðalmarkaði gæti skv. framansögðu orðið 19. desember 2013.

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestum er sérstaklega bent á að kynna sér kafla um áhættuþætti í lýsingu þessari.

Framangreint útboð og áform um að hlutir verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 108/2007. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu og fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf skv. viðaukum I og III við fylgiskjal við reglugerð nr. 243/2006. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009. Lýsingin er gefin út á íslensku og samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu. Hlutirnir eru ekki boðnir til sölu í lögsagnarumdæmum þar sem almennt útboð eins og hér um ræðir væri háð því að lögbær yfirvöld í viðkomandi lögsagnarumdæmi hefðu móttekið lýsingu þá sem útgefandi gefur út í tengslum við útboðið, eða þar sem slíkt útboð myndi lúta öðrum frekari kröfum en staðfestingu íslenskra eftirlitsaðila á lýsingu útgefanda í tengslum við útboðið. Lýsingu þessari skal ekki dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðeigandi landa.

---

Lýsing þessi er dagsett 26. nóvember 2013

*Umsjónaraðili með töku hluta til viðskipta*

Arion banki

*Samantekt*

Nóvember 2013

Arion banki

# 1. SAMANTEKT

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við viðauka XXII við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 809/2004 með síðari breytingum. Var umrædd reglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 809/2004, að því er varðar framsetningu og innihald lýsingar, grunnlýsingar, samantektar og endanlegra skilmála að því er varðar upplýsingaskyldu, og síðari reglugerðum, þ.m.t. reglugerð nr. 901/2013 sem innleiddi í íslenskan rétt reglugerð framkvæmdastjórnar ESB nr. 486/2012 er breytti framangreindri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004.

Samantektin inniheldur alla þá liði sem fram skulu og mega koma í samantekt samkvæmt fyrrgreindri reglugerð fyrir lýsingar sem unnar eru í samræmi við viðauka I og III við reglugerðina. Númeraröð liðanna getur verið slitin þar sem ekki er heimild og krafa til birtingar ákveðinna liða í samantekt vegna lýsinga sem unnar eru í samræmi við ofangreinda viðauka. Þrátt fyrir að samantektin skuli innihalda tiltekinn lið þá er mögulegt að liðurinn eigi ekki við í tilviki útgefanda og þeirra verðbréfa sem lýsingin tekur til. Í því tilviki er sett inn í samantektina stutt lýsing á liðnum ásamt textanum „á ekki við“.

## A. Inngangur og viðvaranir

| *Liður* | *Upplýsingaskylda* | *Upplýsingar* |
|---|---|---|
| *A.1* | *Fyrirvari* | Samantekt þessa skal túlka sem inngang að lýsingu N1 hf. dagsettri 26. nóvember 2013. Lýsingin er birt í tengslum við umsókn um töku hlutabréfaflokks til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og almennt útboð í aðdraganda töku hlutanna til viðskipta. Hvortveggja fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.<br><br>Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum útgefanda skal ekki tekin á grundvelli þessarar samantektar einvörðungu, heldur tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild.<br><br>Athygli er vakin á að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingu þessari gæti fjárfestir sem er stefnandi þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst. Athygli er vakin á að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum. |
| *A.2* | *Samþykki fyrir notkun fjármálamilliliða á lýsingunni við síðari endursölu eða útboð* | *Á ekki við.* |

## B. Útgefandi

| *Liður* | *Upplýsingaskylda* | *Upplýsingar* |
|---|---|---|
| *B.1* | *Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda* | Lögheiti útgefanda lýsingar og hlutabréfanna sem hún tekur til er N1 hf. Viðskiptaheiti hans er N1. |

| | | |
|---|---|---|
| *B.2* | *Lögheimili og félaga-form útgefanda ásamt löggjöf sem útgefandi starfar eftir* | Útgefandi er hlutafélag, starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og skráð á Íslandi undir kennitölunni 540206-2010, með lögheimili að Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, Íslandi.<br><br>Starfsemi útgefanda lýtur ýmsum lögum og opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar félagsins háðar leyfisveitingu opinberra aðila. Starfsemi félagsins fellur m.a. undir efnalög nr. 61/2013, lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. |
| *B.3* | *Starfsemi* | Tilgangur N1, samkvæmt 3. gr. samþykkta félagsins, er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur. Stjórn N1 ætlar félaginu það hlutverk að sjá fólki á ferð og fyrirtækjum fyrir eldsneyti, rekstrarvörum, veitingum og afþreyingu með öflugu dreifikerfi, markvissu vöruvali og persónulegri þjónustu. Stjórnin hefur sömuleiðis markað félaginu þá framtíðarsýn til næstu fimm ára að N1 sé fyrirmynd annarra fyrirtækja og í stöðugri framþróun með þátttöku allra starfsmanna. Gildi félagsins, sem stjórnin hefur sett því, eru virðing, einfaldleiki og kraftur, en starfsáætlun fyrir árin 2013-2014 leggur áherslu á leiðandi þjónustu, öfluga liðsheild, skilvirka verkferla og sterkan fjárhag.<br><br>Stjórn N1 hefur mótað sér þá stefnu varðandi fjármagnsskipan og arð-greiðslur að a.m.k. 50% af hagnaði ársins verði greidd til hluthafa og að eiginfjárhlutfall verði yfir 40%. Miðað er við að arðsemi eigin fjár verði um 12% miðað við núverandi ávöxtunarkröfu fjárfesta til ríkisskuldabréfa, EBITDA félagsins vaxi að jafnaði um 3-5% á ári og hlutfallið milli hagnaðar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) og framlegðar af vöru-sölu, eins og þessir liðir koma fram í uppgjörum félagsins, verði í framtíðinni á bilinu 27-30%. Jafnframt er miðað við að fjárfestingar fari ekki yfir 500 m.kr. á ári, vaxtaberandi skammtímaskuldir séu undir 4.000 m.kr. og langtímaskuldir félagsins fari undir 5.000 m.kr. Félaginu er aldrei heimilt að greiða meiri arð en sem nemur óráðstöfuðu eigin fé sem í lok september 2013 nam rúmlega tveimur milljörðum kr. en eiginfjárhlutfall myndi að öðru óbreyttu fara niður í um 48% ef slík arðsfjárhæð yrði greidd út. Eiginfjárhlutfall félagsins færi við slíkar aðstæður ekki niður í 40% nema til kæmi aukin skuldsetning sem næmi um 10 milljörðum kr. eða kaup félagsins á eigin hlutum.<br><br>Þjónustunet N1 nær til stórs hluta íslenskra neytenda og fyrirtækja á Íslandi, víðsvegar um landið. Það telur 112 útsölustaði á fljótandi eldsneyti, auk beinnar þjónustu við sjávarútveg um allt land og flugrekstraraðila á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, svo og 10 fyrirtækjaverslanir og 10 þjónustuverkstæði. Um 80% af tekjum N1 eru af sölu á eldsneyti og um 20% af sölu á öðrum vörum. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 var þessi skipting 79% / 21% en á sama tímabili 2012 var hún 80% / 20% og voru tekjur af rekstri Bílanausts þar innifaldar. Framlegð sölutekna félagsins skiptist þannig á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 að 54% hennar var af eldsneyti en 46% af öðrum vörum, samanborið við 51% / 49% á sama tímabili 2012. Árið 2012 var 53% framlegðar af eldsneyti, 51% árið 2011 og 49% árið 2010.<br><br>Einstaklingssvið ber ábyrgð á þjónustu félagsins við einstaklinga. Í því felst m.a. rekstur þjónustustöðva félagsins sem eru 29 talsins, en þar af eru 15 undir merki Nestis, og 25 sjálfsafgreiðslustaða eldsneytis, en auk þess á félagið eldsneytissjálfsala á 58 stöðum sem reknir eru af umboðsmönnum. Í eldsneytissölu til einstaklinga og annarra á neytenda- eða smásölumarkaði er staðsetning útsölustaða einn af lykilþáttum og hefur félagið yfir að ráða góðum staðsetningum á höfuðborgarsvæðinu og öðrum mikilvægum svæð-um á landinu, svo sem Borgarnesi, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. |

| | | |
|---|---|---|
| | | Fimm stærstu þjónustustöðvar félagsins m.t.t. sölutekna eru á Ártúnshöfða og Bíldshöfða í Reykjavík, við Lækjargötu í Hafnarfirði, við Háholt í Mosfellsbæ og á Selfossi.<br><br>Helstu viðskiptavinir Fyrirtækjasviðs N1 eru útgerðir og fiskvinnslur, flugfélög, verktaka, vöru- og fólksflutningafyrirtæki, ferðaþjónustu- og iðnfyrirtæki og bændur. Einnig annast N1 skipaþjónustu víðsvegar um heiminn í gegnum alþjóða skipaþjónustu ExxonMobil. N1 á 49% eignarhlut í Malik Supply A/S í Danmörku sem var stofnað 1989 sem sjálfstætt starfandi fyrirtæki í þjónustu við olíugeirann. Meginmarkmið þess er að útvega olíu, smurefni og aðrar vörur og þjónustu fyrir fiskveiðiflotann í Grænlandshafi og Norður-Atlantshafi, en það sinnir einnig verslunar- og flutningaflotanum. Malik þjónustar skipin bæði á hafi úti og við hafnir víðsvegar um heim.<br><br>Á árinu 2012 voru um 7.700 fyrirtæki í viðskiptum við N1. Flest þeirra nýta sér útsölustaði einstaklingssviðs og þar með talinn er mikill hluti þeirra stórnotenda sem fyrirtækjasvið sinnir. Sölunet N1 er þannig ein samofin heild sem þjónustar viðskiptavini félagsins á þeim vettvangi sem viðskiptavininum hentar hverju sinni.<br><br>N1 útvistar hluta af birgðahaldi og dreifingu á fljótandi eldsneyti til Olíudreifingar ehf. sem félagið á 60% eignarhlut í á móti Olíuverslun Íslands hf. sem á 40%.<br><br>Starfsmenn félagsins voru 790 í 558 stöðugildum í lok október 2013. Flestir eru þeir á einstaklingssviði eða 653 í 428 stöðugildum, starfsmenn fyrirtækjasviðs eru 47 í 43 stöðugildum, á fjármálasviði starfar 71 í 69 stöðugildum en þar af eru 42 stöðugildi í vöruhúsi, á starfsmannasviði eru 12 í 12 stöðugildum, starfsmenn markaðssviðs eru 5 í 5 stöðugildum og auk forstjóra er einn starfsmaður í einu stöðugildi á skrifstofu forstjóra. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda er breytilegur yfir árið og endurspeglar árstíðabundna sveiflu í rekstri félagsins, en yfir sumarmánuðina fjölgar starfsfólki og stöðugildum með tímabundnum ráðningum bæði vegna afleysinga og vegna aukinna umsvifa á einstaklingssviði.<br><br>N1 starfar á samkeppnismarkaði um sölu á eldsneyti á Íslandi. Helstu samkeppnisaðilar félagsins eru þau þrjú önnur félög sem selja eldsneyti á Íslandi, en það eru Olíuverslun Íslands hf. undir merkjum Olís og ÓB, Skeljungur hf. undir merkjunum Shell og Orkan, og Atlantsolía ehf. Markaðshlutdeild N1 á eldsneytismarkaðnum var um 47% árið 2012 að mati stjórnenda félagsins, um 46% árið 2011 og um 45% árið 2010. Aukin hlutdeild er einkum til komin vegna meiri sölu til stórnotenda en þar ræður mestu mikil aukning í flugvélaeldsneytissölu til Icelandair sem er langstærsti viðskiptavinur félagsins. Icelandair endurnýjaði í ársbyrjun 2013 innkaupasamning sinn við N1 í kjölfar útboðs. Þrátt fyrir umfang viðskipta Icelandair við N1 hafa þau ekki afgerandi áhrif á framlegð eða rekstrarafkomu N1. Telja stjórnendur félagsins að markaðshlutdeild N1 á eldsneytismarkaði án flugvélaeldsneytis hafi verið um 37,8% á árinu 2012, 38,0% á árinu 2011 og 37,8% árið 2010. Á móti dróst sala á bensíni og dísel saman á tímabilinu sem endurspeglar minni eftirspurn neytenda almennt bæði vegna efnahagsástandsins og vegna sparneytnari farartækja, en einnig hefur markaðshlutdeild N1 heldur gefið eftir á smásölumarkaði. Er það mat stjórnenda félagsins að markaðshlutdeild N1 í sölu á bensíni hafi verið 31% árið 2012, 32% árið 2011 og 31% árið 2010.<br><br>Sala á eldsneyti skiptist milli mismunandi tegunda eldsneytis. Olíunotkun á Íslandi í öllum flokkum eldsneytis er áætluð að hafa verið um 669 þús. tonn á árinu 2012. Nokkur samdráttur hefur verið á undanförnum árum, eða um 10,3% frá árinu 2005 til ársins 2012 og er það einkum vegna minni notkunar fiskiskipa og tækja við verktakastarfsemi. Um 40% af olíunotkun á Íslandi er vegna bifreiða og tækja eða um 272 þúsund tonn árið 2012. Sú notkun hefur dregist saman um 22% frá árinu 2007. Innlendi fiskiskipaflotinn er með um 21% af olíunotkun landsins, en sú notkun hefur dregist |

| | | |
|---|---|---|
| | | saman um 21% frá árinu 2007, einkum vegna minnkandi veiða á fjarlægum miðum og minni loðnuveiði. Ef millilandanotkun er tekin með er notkun skipa um 33% af heildarolíunotkun. Um 23% af olíunotkun landsins er til flugvéla eða um 155 þús. tonn árið 2012. Er það um 7% samdráttur frá árinu 2007.<br><br>Orkustofnun vinnur eldsneytisspá reglulega. Síðasta spá er frá árinu 2008, en hún hefur verið uppfærð af stofnuninni miðað við forsendur og tölur frá 2012. Í þeirri spá er gert ráð fyrir að olíunotkun verði 756 þúsund tonn 2020, 804 þúsund tonn árið 2030, 842 þúsund tonn árið 2040 og 781 þúsund tonn árið 2050. Gert er ráð fyrir í eldsneytisspá Orkustofnunnar að nokkur breyting verði á notkun olíu milli flokka. Þannig er gert ráð fyrir að hlutfall bifreiða og tækja fari úr 40% heildarnotkunar árið 2012 í 23% árið 2050, en á móti að notkun flugvéla fari úr 23% af heildarnotkun í um 44% árið 2050. |
| *B.4a* | *Nýleg þróun sem hefur veruleg áhrif á útgefanda og atvinnugrein* | *Á ekki við.* |
| B.5 | *Samstæða* | N1 hf. er ekki hluti af samstæðu fleiri félaga. Fjárhagsuppgjör sem birt eru í lýsingunni eru ekki samstæðureikningsskil. |
| *B.6* | *Tilkynningarskylt eignarhald, atkvæðisréttur og önnur yfirráð ef við á* | Sextíu og sjö aðilar eru skráðir í hlutaskrá N1 hf. þann 25. nóvember 2013.<br><br>Stærsti hluthafinn í N1 hf. er FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf.,sem fer með 35,90% útgefinna hluta. Hann hyggst selja 15% í fyrirhuguðu almennu útboði 6.-9. desember 2013 á 25-28% áður útgefnum hlutum í N1 og minnka eign sína í félaginu í 20,90%. FSÍ er í eigu sextán lífeyrissjóða sem samtals eiga um 72% í sjóðnum, Landsbankans hf. sem er stærsti einstaki eigandi með um 27,5% eignarhlut og Vátryggingafélags Íslands hf. með 0,5%. Meðal lífeyrissjóðanna eru stærstir Lífeyrissjóður verzlunarmanna með 20% eignarhlut og Gildi – lífeyrissjóður með 10%. Flestir þessara lífeyrissjóða eiga bæði beinan eignarhlut í N1 og óbeinan í gegnum eign sína í FSÍ. FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. er eini aðilinn sem fer með 30% atkvæðisréttar í félaginu eða meira, sem eru skilgreind mörk yfirráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Að útboðinu loknu gerir FSÍ að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara með 20,90% atkvæðisréttar í N1 hf. og fara ekki með yfirráð í félaginu samkvæmt framangreindri skilgreiningu. Seljendur munu falla frá útboðinu ef áskriftir fást ekki fyrir að lágmarki 10% hluta í félaginu. Komi til þess að eftirspurn fjárfesta reynist minni en sem nemur þeim 25% sem framboð seljenda segir til um, þá nemur möguleg lágmarksstærð útboðsins því 10% af útgefnum hlutum N1. Í slíku minna útboði en áformað er gæti FSÍ mögulega selt allt niður í 4-6% eignarhlut í N1 og að öðru óbreyttu farið með allt að 31,90% atkvæðisréttar að útboði loknu. Ef NASDAQ OMX Iceland hf. myndi í kjölfar slíks minna útboðs samþykkja að taka hlutabréf N1 hf. til viðskipta á Aðalmarkaði, þá gæti FSÍ farið með yfirráð í félaginu samkvæmt skilgreiningunni. Hluthafi sem fer með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er undanþeginn tilboðsskyldu samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.<br><br>Annar stærsti hluthafi N1 hf. er Íslandsbanki hf. sem fer með 17,35% eignarhlut. Hann hyggst selja 10% í fyrirhuguðu almennu útboði en áskilur sér rétt til að selja allt að 13% og minnka þannig eign sína í félaginu í 4,35-7,35%. Bankinn er íslenskur viðskiptabanki, stofnaður árið 2008 og eru 95% hans í eigu kröfuhafa Glitnis banka hf. en 5% í eigu íslenska ríkisins. |

Þriðji stærsti hluthafi N1 hf. er Lífeyrissjóður verzlunarmanna sem fer með 10,00% eignarhlut.

Aðrir hluthafar samanstanda af lífeyrissjóðum, verðbréfasjóðum, fjárfestingafélögum og einstaklingum sem að uppistöðu til eru fyrrum eigendur skuldabréfaflokksins ESSO 05 11 og samþykktu í tengslum við frjálsan nauðasamning N1 hf. árið 2011 að skipta skuldabréfaeign sinni út fyrir hlutabréf í N1 hf. ásamt kauprétti að samtals 18% eignarhlut í félaginu sem nýttur var í október 2013 á verðinu 14,15 kr./hlut en seljendur voru FSÍ og Íslandsbanki hf. Stærsti hluthafinn í þessum hópi er Stafir lífeyrissjóður með 5,29% eignarhlut. Aðrir hluthafar fara með undir 5% beinum hlut í N1 sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Annar stærsti hluthafinn í þessum hópi er Almenni lífeyrissjóðurinn með tæplega 5% eignarhlut, rétt undir flöggunarmörkum.

Útgefandanum er ekki kunnugt um annað eignarhald í N1 hf. en að framan greinir eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. Útgefandanum er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu. Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og laga nr. 2/1995 um hlutafélög, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti frá þeim tíma að hlutir eru teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

*B.7* *Samandregnar fjárhags-upplýsingar*

| **Rekstrarreikningur** (m.kr.) | **9M 2013** | **9M 2012** | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 45.557 | 46.748 | 60.061 | 54.701 | 45.816 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (38.445) | (38.966) | (50.287) | (45.294) | (37.253) |
| **Framlegð af vörusölu** | **7.112** | **7.782** | **9.774** | **9.408** | **8.563** |
| Aðrar rekstrartekjur | 277 | 148 | 197 | 186 | 193 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (2.827) | (3.000) | (4.057) | (3.910) | (3.645) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | (1.594) | (1.410) | (1.842) | (1.684) | (1.648) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.241) | (1.199) | (1.423) | (1.891) | (6.704) |
| | **(5.662)** | **(5.609)** | **(7.321)** | **(7.485)** | **(11.997)** |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | **1.727** | **2.321** | **2.650** | **2.108** | **(3.240)** |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (520) | (739) | (941) | (2.809) | (4.992) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | **1.207** | **1.582** | **1.709** | **(700)** | **(8.232)** |
| Fjármunatekjur | 218 | 161 | 278 | 330 | 823 |
| Fjármagnsgjöld | (505) | (524) | (713) | (398) | (1.133) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 134 | 86 | 75 | 371 | (1.533) |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 108 | 32 | 49 | (1) | 1 |
| | **(45)** | **(245)** | **(312)** | **302** | **(1.841)** |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 0 | 0 | 0 | 4.805 | (1.978) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **1.163** | **1.336** | **1.396** | **4.406** | **(12.051)** |
| Tekjuskattur | (351) | (244) | (236) | 130 | 227 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **811** | **1.092** | **1.161** | **4.536** | **(11.824)** |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | (17) | 2 | 30 | (27) | 0 |
| **Heildarhagnaður ársins** | **794** | **1.095** | **1.191** | **4.509** | **(11.824)** |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | 0,81 | 1,09 | 1,16 | 1,33 | (1,97) |

| **Efnahagsreikningur** *(m.kr.)* | **30.9.2013** | **30.9.2012** | **31.12.2012** | **31.12.2011** | **31.12.2010** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| Óefnislegar eignir | 415 | 476 | 460 | 521 | 577 |
| Rekstrarfjármunir | 10.596 | 10.633 | 10.590 | 11.115 | 3.864 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 1.427 | 1.272 | 1.311 | 1.206 | 1.303 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 241 | 141 | 132 | 91 | 94 |
| Skatteign | 0 | 173 | 227 | 243 | 113 |
| Skuldabréfaeign | 63 | 78 | 78 | 102 | 158 |
| **Fastafjármunir** | **12.743** | **12.774** | **12.798** | **13.277** | **6.110** |
| Birgðir | 4.853 | 6.942 | 5.955 | 5.930 | 4.982 |
| Viðskiptakröfur | 4.326 | 5.875 | 4.209 | 4.297 | 3.519 |
| Kröfur á tengda aðila | 34 | 57 | 23 | 54 | 9 |
| Aðrar skammtímakröfur | 1.444 | 916 | 2.276 | 578 | 543 |
| Handbært fé | 6.127 | 4.304 | 2.508 | 2.191 | 1.733 |
| **Veltufjármunir** | **16.784** | **18.093** | **14.971** | **13.050** | **10.787** |
| **Eignir** | **29.528** | **30.867** | **27.769** | **26.327** | **16.897** |
| **Eigið fé** | | | | | |
| Hlutafé | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 6.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 11.865 | 11.865 | 11.865 | 11.865 | 0 |
| Endurmatsreikningur | 413 | 470 | 444 | 485 | 617 |
| Þýðingamunur | (14) | (24) | 3 | -27 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | 2.044 | 1.107 | 1.202 | 0 | (11.803) |
| **Eigið fé** | **15.308** | **14.418** | **14.514** | **13.323** | **(5.186)** |
| **Skuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 6.650 | 7.367 | 7.253 | 7.820 | 0 |
| Aðrar skuldbindingar | 65 | 74 | 0 | 244 | 396 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 249 | 0 | 295 | 0 | 60 |
| **Langtímaskuldir** | **6.964** | **7.441** | **7.549** | **8.064** | **456** |
| Tekjuskattur til greiðslu | 279 | 0 | 220 | 0 | 0 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | 4.435 | 5.032 | 2.588 | 2.716 | 2.085 |
| Skuldir við lánastofnanir | 350 | 2.106 | 567 | 567 | 10.162 |
| Skuldabréfaútgáfa | 0 | 0 | 0 | 0 | 7.446 |
| Viðskiptaskuldir | 1.449 | 1.301 | 1.080 | 1.138 | 964 |
| Skuldir við tengda aðila | 179 | 38 | 47 | 59 | 325 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 244 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 319 | 532 | 1.204 | 460 | 645 |
| **Skammtímaskuldir** | **7.256** | **9.008** | **5.706** | **4.940** | **21.627** |
| **Skuldir samtals** | **14.220** | **16.449** | **13.255** | **13.004** | **22.083** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **29.528** | **30.867** | **27.769** | **26.327** | **16.897** |

## Sjóðstreymisyfirlit *(m.kr.)*

| | 9M 2013 | 9M 2012 | 2012 | *2011 | *2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 1.727 | 2.321 | 2.650 | 2.108 | (1.373) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi | | | | | |
| Skuldbindingar vegna frjálsra skráninga fasteigna | (6) | (1) | (74) | 218 | 0 |
| Aðrir liðir | (23) | 0 | (0) | 11 | 35 |
| | **1.699** | **2.320** | **2.576** | **2.337** | **(1.337)** |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, hækkun | 872 | (1.012) | (26) | (948) | 38 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur (hækkun) | (628) | (1.848) | 145 | (572) | (4) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir (lækkun) | 2.182 | 3.750 | (212) | 428 | 274 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | **2.427** | **890** | **(93)** | **(1.091)** | **307** |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 195 | 94 | 145 | 128 | 99 |
| Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda | (18) | (63) | (87) | (95) | (457) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | **4.302** | **3.241** | **2.541** | **1.279** | **(1.388)** |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir | 0 | 0 | 0 | (4) | 0 |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (1.211) | (308) | (1.160) | (530) | (443) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 1.939 | 96 | 105 | 33 | 46 |
| Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum | (2) | 0 | 0 | (7) | (31) |
| Seldir eignarhlutir í öðrum félögum | 1 | 4 | 8 | 2 | 0 |
| Lán til tengds aðila | (30) | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Innheimt frá tengdum aðila | 30 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Móttekinn arður | 0 | 0 | 2 | 33 | 17 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | **728** | **(208)** | **(1.045)** | **(474)** | **(410)** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | 7.000 | 0 | 0 | 0 | 19 |
| Afborganir langtímaskulda | (7.820) | (453) | (567) | (113) | (440) |
| Greidd vaxtagjöld langtímaskulda | (590) | (467) | (612) | (200) | (528) |
| Krafa/skuld við tengda aðila, breyting | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.682 |
| Greitt vegna nauðasamnings | 0 | 0 | 0 | (34) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **(1.410)** | **(921)** | **(1.179)** | **(346)** | **1.733** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **3.619** | **2.112** | **317** | **459** | **(65)** |
| Handbært fé í byrjun árs | 2.508 | 2.191 | 2.191 | 1.733 | 1.799 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | **6.127** | **4.304** | **2.507** | **2.191** | **1.733** |
| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | | (380) | (9.500) | |
| Seldir rekstrarfjármunir | | | 1.588 | 0 | |
| Aðrar skammtímakröfur | | | (1.588) | 0 | |
| Lækkun hlutafjár hlutdeildarfélags | | | 0 | 417 | |
| Útgefið eigið fé við fjárhagslega endurskipulagningu | | | 0 | 14.000 | |
| Ný langtímalán | | | 0 | 8.500 | |
| Uppgjör langtímaskulda | | | 0 | (17.860) | |
| Uppgjör víkjandi láns til hlutdeildarfélags | | | 0 | (417) | |
| Aðrar skammtímaskuldir | | | 380 | 0 | |

**Framsetning sjóðstreymis áranna 2010 og 2011, breytt frá áður birtum endurskoðuðum ársreikningum 2010 og 2011 til samræmis við framsetningu í ársuppgjöri samstæðu fyrir árið 2012 og árshlutareikning 2013.*

## Lykiltölur

| | 9M 2013 | | 9M 2012 | | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eldsneyti, seldir lítrar (þús.) | 302.861 | | 297.870 | | 377.552 | 370.230 | 366.199 |
| Framlegð/Sala | 15,6% | | 16,7% | | 16,3% | 17,2% | 18,7% |
| Launahlutfall (Launakostnaður/Sala) | 6,2% | | 6,4% | | 6,8% | 7,1% | 8,0% |
| Kostnaðarhlutfall (Rekstrarkostnaður/Sala) | 12,4% | | 12,0% | | 12,2% | 13,7% | 26,2% |
| EBITDA (EBITDA/Sala) | 3,8% | | 5,0% | | 4,4% | 3,9% | (7,1%) |
| EBITDA/Framlegð | 24,3% | | 29,8% | | 27,1% | 22,4% | (37,8%) |
| Veltuhraði birgða | 10,56 | * | 7,48 | * | 8,44 | 7,64 | 7,48 |
| Veltufjárhlutfall | 2,31 | | 2,01 | | 2,62 | 2,64 | 0,50 |
| Lausafjárhlutfall | 1,64 | | 1,24 | | 1,58 | 1,44 | 0,27 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA | 0,42 | * | 1,67 | * | 2,04 | 2,98 | (2,69) |
| Innra virði hlutafjár | 15,5 | | 14,4 | | 14,5 | 13,3 | (0,9) |
| Arðsemi eigin fjár | 7,3% | | 10,5% | * | 8,3% | 111,5% | (1.628,9% |
| Eigið fé, m.kr. | 15.308 | | 14.418 | | 14.514 | 13.323 | (5.186) |
| Eiginfjárhlutfall | 51,8% | | 46,7% | | 52,3% | 50,6% | (30,7%) |

**Rekstrartölur eru reiknaðar á ársgrundvelli, byggt á níu mánaða tímabilinu*
***EBITDA undangenginna tólf mánaða*

| | | |
|---|---|---|
| *B.8* | *Pro forma fjárhags-upplýsingar* | *Á ekki við.* |
| *B.9* | *Afkomuspá eða -áætlun* | Áætlað er að á árinu 2013 verði rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir um 2,2-2,3 ma.kr. fyrir kostnað við ráðgjöf vegna sölu Bílanausts og fyrirhugaðrar kauphallarskráningar félagsins sem samanlagt er gert ráð fyrir að nemi um 300 m.kr. á árinu. |
| *B.10* | *Fyrirvarar í endurskoðunar-skýrslum* | Ársreikningi N1 hf. fyrir árið 2010 fylgdi ábending endurskoðanda þess efnis að án þess að gera fyrirvara við álit sitt, benti endurskoðandi á skýringu nr. 20 í ársreikningum og umfjöllun í skýrslu stjórnar um starfsemi á árinu 2010, þar sem greint var frá fjárhagsstöðu félagsins.<br><br>Í lok árs 2010 voru skuldir N1 rúmlega 22 ma.kr. og höfðu þá hækkað úr 14,7 ma.kr. í árslok 2007. Eigið fé var neikvætt um 5,2 ma.kr. og ljóst að félagið þurfti að leita samkomulags við kröfuhafa sína. Að auki var til að dreifa ábyrgðum utan efnahags vegna móðurfélags þess o.fl. Unnt var að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins án aðkomu dómstóla og formlegu nauðasamningsferli á grundvelli gjaldþrotaskiptalaga þar sem einhugur ríkti meðal kröfuhafa félagsins um skuldaskil við félagið sem raskaði ekki daglegum rekstri þess né hafði áhrif á viðskiptasambönd við birgja og aðra viðskiptamenn félagsins. Eigendaskipti urðu að félaginu samhliða fjárhagslegri endurskipulagningu þess eftir svokallaðan frjálsan nauðasamning 24. júní 2011 þar sem kröfuhafar yfirtóku eignarhaldið. Hluthafafundur N1 þann dag samþykkti að færa hlutafé félagsins niður að fullu og að hækka hlutafé félagsins um 1.000.000.000 kr. að nafnverði til uppgjörs á þekktum skuldum við lánadrottna félagsins samkvæmt svokölluðum frjálsum nauðasamningi félagsins og til að efna kaupsamning við Umtak fasteignafélag ehf. Félagið tók einnig lán hjá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. að fjárhæð samtals 8,5 ma.kr. |
| *B.11* | *Útskýring ef veltufé útgefanda nægir ekki til að uppfylla núverandi þarfir hans* | *Á ekki við.* |

## C. Verðbréf

| ***Liður*** | ***Upplýsingakrafa*** | ***Upplýsingar*** |
|---|---|---|
| *C.1* | *Tegund og flokkar verðbréfa sem boðin verða til sölu og tekin til viðskipta í kauphöll* | Lýsingin varðar almennt útboð á hlutum í N1 hf. og umsókn um töku allra útgefinna hluta í N1 hf. til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.<br><br>Hlutabréf N1 hf. eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerðar nr. 397/2000 sem er sett með stoð í þeim lögum. Hlutabréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni hlutabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. er N1 og ISIN-númer hlutabréfanna er IS0000020584. Útgefandi hefur óskað eftir að N1 verði auðkenni N1 hf. hjá NASDAQ OMX Iceland hf. og auðkennið á hlutum útgefandans í viðskiptakerfi kauphallarinnar. |

| | | |
|---|---|---|
| *C.2* | *Gjaldmiðill verðbréfanna* | Hlutabréf N1 hf. eru gefin út í íslenskum krónum. |
| *C.3* | *Fjöldi útgefinna og greiddra hluta og nafnverð á hlut* | Útgefið hlutafé N1 hf. nemur 1.000.000.000 kr. og er hver hlutur í félaginu 1 kr. að nafnverði. Allir útgefnir hlutir hafa þegar verið greiddir.<br><br>Engir hlutir í N1 hf. eru í eigu félagsins sjálfs. Fyrirliggjandi er heimild til stjórnar til kaupa á eigin bréfum félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, sem veitir henni heimild til að kaupa allt að 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Heimildin takmarkast þó við að kaupverð hlutanna samsvari aldrei hærra gengi en 10% yfir og ekki lægra en 10% undir bókfærðu innra virði hlutafjár félagsins í síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi, eftir því sem við á hverju sinni. Ekki er í gildi heimild til stjórnar félagsins að hækka eða að lækka hlutafé. |
| *C.4* | *Réttindi sem fylgja verðbréfunum* | Allir útgefnir hlutir í N1 hf. tilheyra sama flokki og eru jafn réttháir. Hluthafar eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, njóta forgangsréttar til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína við hækkun hlutafjár útgefanda (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga þeir rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot hans í samræmi við hlutafjáreign og réttarstöðu hlutafjár í kröfuröð samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um gjaldþrotaskipti.<br><br>Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir til að sæta innlausn hlutar síns, nema til komi heimild samkvæmt lögum.<br><br>Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum eða samþykktum útgefanda. Falli atkvæði jöfn við kosningar í félaginu skal hlutkesti ráða niðurstöðu. Skal ákvörðun um breytingu samþykkta tekin á hluthafafundi og þarfnast samþykkis minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða og hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum. Stjórn útgefanda er skylt að boða til hluthafafunda ef endurskoðandi útgefanda eða hluthafar sem ráða yfir 1/10 hluta hlutafjár útgefanda krefjast þess skriflega.<br><br>Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. |
| *C.5* | *Hömlur á meðferð verðbréfanna* | Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda umfram það sem leiðir af lögum (þ.m.t. lögum er varða sölu til erlendra aðila) og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum.<br><br>Hluthafar geta ekki beitt réttindum sínum á grundvelli hlutafjár nema nafn þeirra hafi verið fært í hlutaskrá útgefanda og ber hluthöfum að tilkynna aðilaskipti að hlutum til Verðbréfaskráningar Íslands hf. |
| *C.6* | *Upplýsingar um hvort sótt hafi verið um eða sótt verði um að verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og deili á öllum skipulegum mörkuðum þar sem viðskipti með verðbréfin* | Í kjölfar þess að lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun stjórn félagsins óska eftir að allir útgefnir hlutir í N1 hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Sem er skipulegur verðbréfamarkaður. Markmiðið með því að fá hlutina tekna til viðskipta þar er að stuðla að auknum seljanleika hluta í félaginu, virkari verðmyndun með hlutabréf útgefin af félaginu og dreifðu eignarhaldi og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning. |

| | | |
|---|---|---|
| | *fara fram eða munu fara fram* | NASDAQ OMX Iceland hf. mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útboðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.<br><br>Stjórn útgefandans telur að N1 hf. uppfylli öll skilyrði fyrir því að hlutabréf í félaginu fáist tekin til viðskipta á Aðalmarkaði, utan skilyrða er varða hlutafjárdreifingu sem kveða á um að félög hafi a.m.k. 500 hluthafa sem hver á hlutabréf að verðmæti um a.m.k. 100.000 krónur. Fyrirhugað er að almennt hlutafjárútboð 6.-9. desember 2013 geri félaginu kleift að uppfylla þetta skilyrði.<br><br>Hlutabréf í N1 hf. hafa ekki áður verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. |
| *C.7* | *Lýsing á arðgreiðslustefnu* | Stjórn N1 hefur mótað sér stefnu varðandi fjármagnsskipan félagsins og arðgreiðslur. Samkvæmt henni mun stjórnin meðal annars miða arðstillögur sem lagðar verða fyrir hluthafafundi við að a.m.k. 50% af hagnaði hvers árs verði greidd til hluthafa í formi arðs og stefna að því að eiginfjárhlutfall félagsins verði yfir 40%. Ekki er um að ræða bann við arðgreiðslum í núverandi lánaskilmálum félagsins en skilyrði gert um að lágmarki 35% eiginfjárhlutfall. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að ójafnað tap hefur verið dregið frá og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni, en óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar. |

## D. Áhættuþættir

| ***Liður*** | ***Upplýsingakrafa*** | ***Upplýsingar*** |
|---|---|---|
| *D.1* | *Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða sérstaklega útgefandann eða atvinnugrein hans* | Stærstur hluti tekna félagsins er af innlendri starfsemi og því háður þróun og aðstæðum í íslensku efnahagslífi. Hið mikla gengisfall krónunnar haustið 2008 hækkaði verulega innkaupsverð félagsins á eldsneyti og öðrum endursöluvörum sem félagið kaupir erlendis frá, sem eitt og sér hefur hækkað útsöluverð félagsins. Gengisfall haustið 2008 leiddi að sama skapi til mikillar verðbólgu innanlands, sem m.a. hafði veruleg neikvæð áhrif á kaupmátt. Frá sama tíma hefur atvinnuleysi aukist. Þessi þróun íslenska hagkerfisins hefur haft neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi flestra fyrirtækja þar sem kaupmáttur viðskiptavina hefur minnkað með tilheyrandi samdrætti í eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Við slíkar aðstæður kunna fólk og fyrirtæki að velja eða neyðast til að leita leiða til að draga úr notkun sinni á eldsneyti ásamt öðrum vörum og þjónustu sem félagið selur, en slík breyting á eftirspurn eftir vörum og þjónustu félagsins getur bæði haft áhrif á selt magn og framlegðarhlutfall. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að félagið hugi vel að hagkvæmni í reksti.<br><br>Ákvarðanir stjórnvalda, sem m.a. geta stýrst af þróun stjórnmála á Íslandi eða einstökum pólitískum atburðum, geta haft bein eða óbein áhrif á |

| | | |
|---|---|---|
| | | starfsemi N1. Enn fremur lýtur félagið fjölda mismunandi laga og reglugerða og geta breytingar á mikilvægum sviðum ráðist af stjórnmálaumhverfinu á hverjum tíma. Þar ber hæst ákvarðanir stjórnvalda varðandi skatta, vörugjöld og tolla af eldsneyti, svo og varðandi breytingu á gjaldeyrishöftum og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á gengi íslensku krónunnar. Félagið hefur orðið fyrir áhrifum af breytingum á íslenskri skattalöggjöf og líklegt er að frekari breytingar í framtíðinni muni hafa áhrif á rekstur þess. Frá hruni íslensku bankanna í október 2008, gengishruni krónunnar á sama tíma og þeim mikla samdrætti hagkerfisins sem fylgdi í kjölfarið hefur skattbyrði íslenskra fyrirtækja og heimila þyngst. Vörugjöld sem ríkið leggur ofan á innkaupsverð félagsins á bensíni hafa til að mynda hækkað um rúm 63% frá árinu 2007. Einnig geta breytingar á lögum eða reglugerðum er varða samkeppnismál, skipulagsmál og opnunartíma ráðist á pólitískum vettvangi.<br><br>Verðbólga getur haft áhrif á rekstur félagsins. Víðtæk notkun verðtryggingar á Íslandi getur valdið hækkunum á rekstrarkostnaði auk þess sem verðbólga eykur þrýsting á launahækkanir og hækkar skuldir ef félagið hefur valið að taka verðtryggð lán tengd vísitölu neysluverðs. Ekki er hægt að fullyrða að félagið geti mætt slíkum kostnaðarverðshækkunum eða auknum fjármagnskostnaði að fullu með verðbreytingum. Verðbólga hefur einnig áhrif á kaupmátt viðskiptavina og þannig á eftirspurn eftir vörum og þjónustu félagsins. Almennir kjarasamningar eru lausir nú í lok nóvember og liggja nýir samningar ekki fyrir. Við slíkar aðstæður er ávallt óvissa um launaþróun næstu missera, auk þess sem hætta getur verið á verkfallsaðgerðum sem hamlað geta starfsemi fyrirtækja og jafnvel stöðvað að hluta eða öllu leyti um lengri eða skemmri tíma. Gera má ráð fyrir að komandi samningar muni valda nokkrum launahækkunum hjá N1 sem mögulega getur verið erfitt að velta út í verðlagið. Kjarasamningar geta haft umtalsverð áhrif á efnahagsþróun næstu missera á eftir, einkum á verðbólgu og kaupmátt og þar með á eftirspurn viðskiptavina.<br><br>Öll viðskipti félagsins í erlendum myntum mynda gengisáhættu en við mat á gengisáhættu félagsins er horft til greiðsluáhættu og uppgjörsáhættu. Greiðsluáhætta myndast vegna mismunar á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónu við innkaup annars vegar og sölu hins vegar. Greiðsluáhætta endurspeglast í birgðum og hefur áhrif á framlegð, hagnað og eigið fé. Kostnaðarverð birgða er fært í íslenskum krónum og byggir á reglunni fyrst inn – fyrst út, sem miðar við að félagið selji vörur úr birgðum í sömu röð og þær hafa verið keyptar inn í birgðir. Uppgjörsáhætta felst í þeim eignum og skuldum félagsins sem bókfærðar eru í erlendum gjaldmiðlum og endurspeglast í gengisliðum í rekstrarreikningi. Uppgjörsáhætta félagsins er til komin vegna þess að uppgjörsmynt félagsins er íslensk króna, en hluti viðskiptakrafna, stærsti hluti viðskiptaskulda, auk hluta handbærs fjár og skuldabréfaeignar er í erlendum myntum og því myndast gengishagnaður eða gengistap og færist meðal fjármagnsliða í fjárhagsuppgjöri félagsins. Birgðir félagsins eru bókaðar í íslenskum krónum og hafa því ekki áhrif á uppgjörsáhættu, heldur greiðsluáhættu sem hefur áhrif á framlegð félagsins eins og fram kemur að framan. Sú mynt sem mest áhrif hefur á gengismun félagsins er USD. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 lækkaði gengi USD/ISK um 7,7 kr. eða rúmlega 6% en gengi innan tímabilsins sveiflaðist talsvert meira eða um 14,3 kr. Á árinu 2012 hækkaði gengi USD/ISK um 6 kr. eða um tæp 5%, en gengi innan ársins sveiflaðist um 12 kr.<br><br>Olíuverðsáhætta er skilgreind sem sú áhætta að heimsmarkaðsverð á olíu þróist á óhagstæðan hátt fyrir félagið, sem leiði til fjárhagslegs taps og erfiðari samkeppnisstöðu. Áhættan myndast vegna mismunar á heimsmarkaðsverði olíu við innkaup og sölu sem hefur bein áhrif á framlegð félagsins. Verðáhætta er til staðar í þann tíma sem biðtími birgða varir. Veltuhraði vörubirgða var 8,44 í árslok 2012, 7,94 í lok fyrsta |

ársfjórðungs 2013, 8,64 í lok fyrri hluta árs 2013 og 10,56 í lok fyrstu níu mánaða 2013. Veltuhraði vörubirgða var til samanburðar 7,64 í árslok 2011, 6,48 í lok fyrsta ársfjórðungs 2012, 6,84 í lok fyrri hluta árs 2012 og 7,48 í lok fyrstu níu mánaða 2012. Vegna árstíðabundinna sveiflna í rekstri félagsins eru birgðir í lágmarki í árslok og hærri á öðrum og þriðja ársfjórðungi heldur en á fyrsta og fjórða ársfjórðungi. Sveiflukennt heimsmarkaðsverð endurspeglast í örum verðbreytingum á þjónustustöðvum félagsins. Heimsmarkaðsverð hækkaði lítið frá upphafi til loka árs 2012 en innan ársins voru miklar breytingar. Til dæmis hækkaði heimsmarkaðsverð á bensíni um 4% yfir árið en verð sveiflaðist um 24% innan árs. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 lækkaði heimsmarkaðsverð á bensíni um 3% en sveiflaðist um 13% innan tímabilsins.

Lausafjáráhætta er skilgreind sem sú áhætta að félagið eigi hugsanlega ekki til nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum. Fjárbinding er mest yfir sumarmánuðina þegar birgðir og kröfur eru í hámarki en félagið hefur aðgang að lánalínu ef handbært fé er ekki nægilegt.

Félagið býr við vaxtaáhættu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Vaxtaform skulda og eigna félagsins eru breytilegir vextir, fastir vextir og verðtryggðir vextir. Greiðsluáhætta vegna vaxta er tvíþætt, verðbólguáhætta og hækkun breytilegra vaxta. Langtímalán félagsins er til 15 ára, en lánið er óverðtryggt með 85 punkta álagi á tveggja mánaða REIBOR vexti. Birgðafjármögnun félagsins er í formi lánalínu að fjárhæð 1.000 m.kr. í íslenskum krónum og 25 milljónum USD, en félagið hefur ekki dregið á lánalínu sína það sem af er árinu 2013. Fjárhagsleg skilyrði sem gerð eru til félagsins í lánasamningunum eru mæld við birtingu hvers ársreiknings og hefur félagið þá sex mánuði til að bæta úr ef það uppfyllir ekki skilyrði. Þann 30. september síðastliðinn höfðu tveggja mánaða REIBOR vextir hækkað um 0,05 prósentustig, en á árinu 2012 hækkuðu þeir um 1,3 prósentustig.

Lánsáhætta er hættan á því að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptavinur eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Áhættan er einkum vegna viðskiptakrafna. Lánsáhætta ræðst einkum af aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í en það eru samgöngur, sjávarútvegur og verktakar. Gjaldfærð virðisrýrnun viðskiptakrafna á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 nam 17 m.kr., en 67 m.kr. á árinu 2012.

Starfsemi félagsins lýtur fjölmörgum lögum og reglugerðum og heyrir hún undir eftirlit fjölmargra stjórnvalda. Á það jafnt við um kjarnastarfsemi félagsins og starfsemi afgreiðslustöðva þess um land allt. Breytingar á þeim lögum sem gilda um félagið, eða ný lög sem sett eru um starfsemi þess, gætu haft fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið og áhrif á hvernig það hagar starfsemi sinni. Starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá þar til bærum yfirvöldum. Ef tilskilin leyfi eru ekki endurnýjuð með tilskildum hætti, eru afturkölluð eða þeim breytt á einhvern hátt, þá kann það að hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið. Gjaldeyrishöftin sem eru við lýði á Íslandi hafa nokkur áhrif á rekstur félagsins. Losun gjaldeyrishafta gæti haft sveiflur í för með sér á gengi krónunnar, sem gæti haft áhrif á afkomu og eigið fé félagsins.

Starfsemi félagsins heyrir undir samkeppnislög nr. 44/2005 og eftirlit Samkeppniseftirlitsins sem framfylgir boðum og bönnum þeirra laga og getur íhlutun þess haft fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Í júní 2013 var N1 upplýst um að hafin væri markaðsrannsókn á íslenska eldsneytismarkaðinum á grundvelli c-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.[1] Var N1 jafnframt afhent tilkynning um markaðsrannsóknina ásamt rannsóknar-

[1] http://www.samkeppni.is/samkeppnisreglur/markadsrannsokn/

| | | |
|---|---|---|
| | | áætlun og beiðni um ítarlegar upplýsingar. Í tilkynningu kom fram að markaðsrannsóknin beinist að því að meta hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem mögulega koma í veg fyrir, takmarka eða kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, almenningi til tjóns. En c-liður 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga heimilar Samkeppniseftirlitinu að grípa til ýmisskonar aðgerða til að ryðja úr vegi samkeppnishindrunum, jafnvel þótt þær stafi ekki af brotum á samkeppnislögum. Markaðsrannsóknin er gerð í kjölfar formarkaðsgreiningar Samkeppniseftirlitsins á nokkrum mörkuðum, sem Samkeppniseftirlitið tilkynnti N1 um í september 2012, sem var lögð til grundvallar því hvaða markaðir yrðu rannsakaðir í markaðsrannsókn. Var N1 tilkynnt í september 2012 að áherslur Samkeppniseftirlitsins væru: almennt um starfsemi félagsins, hvernig verð á vörum er ákvarðað, helstu samkeppnishindranir, samstarf aðila/keppinauta á markaði og framtíðarsýn félagsins.<br><br>N1 á í stöðugri samkeppni í starfsemi sinni og gæti hún leitt til verðlækkana, hærri markaðskostnaðar, meiri fjárfestinga en áætlanir gera ráð fyrir og minni markaðshlutdeildar, sem aftur getur haft neikvæð áhrif á arðsemi félagsins. Ef ekki er keppt við samkeppnisaðila í verði, vöruúrvali, gæðum og þjónustu gæti það haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu. Nýir samkeppnisaðilar hafa komið inn á markaðinn og náð fótfestu og því er ljóst að möguleiki á nýrri og/eða aukinni samkeppni er fyrir hendi. Þar með talin er samkeppni í formi staðkvæmdarvara við það eldsneyti sem félagið selur nú, en þróun á aflgjöfum og farartækjum gæti innan tiltölulega skamms tíma gert notkun á öðrum aflgjöfum almennari en nú er. Hörð samkeppni gæti m.a. haft í för með sér að félagið telji sig knúið til að breyta viðskiptamódeli sínu til að verja samkeppnisstöðu sína. Einn af grundvöllum viðskiptamódels félagsins snýr að því að mikilvægustu vörur sem félagið selur séu fáanlegar og þannig verðlagðar að félagið geti selt þær með hagnaði til viðskiptavina sinna.<br><br>Eins og gildir um öll félög er hugsanlegt að skattagögn félagsins verði tekin til athugunar á síðari stigum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, sem gæti haft áhrif á rekstur þess. Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram.<br><br>Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta sem geta farið úrskeiðis í starfsemi félagsins. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna ásamt tækni og skipulagi sem beitt er, þ.e. að innri kerfi félagsins reynist ófullnægjandi eða gölluð.<br><br>Á félaginu hvílir samningsbundin skylda til að uppfylla ýmis ákvæði fjármögnunarsamninga. Ef félagið yrði ófært um að standa við skuldbindingar sínar, eða hætti af einhverjum ástæðum að gera það, ættu lánveitendur rétt á að rifta umræddum samningum, sem gæti haft í för með sér gjaldfellingu lána og neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið ef endurfjármögnun reyndist óhagstæð eða ómöguleg. Gjaldfellingarheimildir lána snúa að hefðbundnum vanefndarákvæðum, t.d. vanefndum á samningsbundnum greiðslum, og brotum á fjárhagsskilmálum.<br><br>Flestir samningar N1 um sölu, innkaup, umboð, dreifingu og önnur sambærileg efni eru byggðir á langtíma viðskiptasamböndum og er ýmist um að ræða undirritaða skriflega samninga eða samkomulag sem staðfest er með öðrum hætti, svo sem hefð, tölvupósti eða munnlegu samkomulagi. Rekstrarniðurstaða félagsins byggist ekki á neinum einum einstökum samningi, en samningar og viðskiptasambönd félagsins við stærstu birgja eru mikilvæg fyrir reksturinn. Framlegð eða rekstrarafkoma N1 ræðst ekki af viðskiptum við einn einstakan viðskiptavin félagsins.<br><br>Félagið á sjálft þær fasteignir sem hýsa þá kjarnastarfsemi félagsins sem byggir á hentugum staðsetningum. Félagið ber þannig takmarkaða áhættu af því að geta ekki tryggt sér hentugt húsnæði undir starfsemi sína á hentugum |

| | | |
|---|---|---|
| | | svæðum á sanngjörnum kjörum. Undantekning væri þegar um er að ræða ný svæði sem félagið telur mikilvæg eða eldri svæði þar sem félagið myndi kjósa betri staðsetningar en það býr að í dag.<br><br>Ekki er hægt að ábyrgjast að vátryggingar veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum sem ætlun félagsins er að tryggja sig fyrir.<br><br>Rekstur félagsins þarfnast sérhæfðra rekstrarfjármuna vegna birgðahalds og sölu á eldsneyti. Þar má helst nefna eldsneytistanka og eldsneytisdælur, sem hvorttveggja lýtur ströngum lagaskilyrðum hvað varðar mengunarvarnir. Bilanir þessara rekstrarfjármuna myndu hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins og sama gildir ef þeir uppfylla ekki kröfur heilbrigðisyfirvalda þannig að hömlur yrðu lagðar á notkun þeirra eða þeir hlytu ekki tilskilin leyfi frá yfirvöldum. Rekstur félagsins þarfnast skilvirkra tölvukerfa. Bilanir í tölvukerfum félagsins, t.d. í tengslum við sölu- og viðskipta-mannakerfi, greiðslukerfi og strikamerkjalesara, eldsneytisdælur eða í tengslum við aðfangakeðjuna, myndu hafa neikvæð áhrif á rekstur þess.<br><br>Þótt N1 telji að starfsmenn þess sinni starfi sínu af heiðarleika og fagmennsku er starfsemi félagsins umfangsmikil sem leiðir til þess að til staðar er sú hætta á öllum stigum rekstrarins að sviksamleg háttsemi geti átt sér stað. En til að lágmarka þessa áhættu er félagið með eftirlit sem snýr að ýmsum þáttum í starfsemi félagsins.<br><br>Innan félagsins er yfirgripsmikil reynsla og þekking á íslenska eldsneytissölumarkaðinum. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef einn eða fleiri þessara lykilstarfsmanna hættu störfum hjá því, en sérstaklega ef margir þeirra myndu hverfa frá félaginu með stuttu millibili án þess að félagið stýrði þar för.<br><br>Stefnumótunaráhætta er hættan á að viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi leiði til rekstrartaps eða lækkunar gjaldþols. Hætta er á að félaginu takist ekki að framkvæma yfirlýsta stefnu sína til hlítar, annað hvort vegna eigin mistaka eða vegna þess að reksturinn er næmur fyrir sveiflum gjaldmiðla, breyting-um á heimsmarkaðsverði olíu og sveiflum í efnahagslífinu sem hafa áhrif á eftirspurn. Ef viðskiptastefna félagsins reynist röng eða er ekki komið á framfæri með skilvirkum hætti er hætta á að reksturinn bíði skaða af.<br><br>Orðsporsáhætta er áhætta vegna þess skaða sem laskað orðspor útgefanda hjá neytendum, mótaðilum, starfsmönnum, hluthöfum og stjórnvöldum getur valdið félaginu. Hættan er sú að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um viðskiptahætti þess. Slík neikvæð umfjöllun getur komið upp ef félaginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða aðili tengdur félaginu er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til tekjuöflunar og haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu þess. Mikilvægt er að öryggi og gæði á vörum félagsins séu fullnægjandi og er það nauðsynlegt til að viðhalda trausti viðskiptavina. Ef félagið bregst trausti viðskiptavina gæti það haft áhrif á stærð viðskiptavinahópsins og þar með fjárhagslega afkomu.<br><br>Ársreikningar félagsins hafa frá og með árinu 2007 verið útbúnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem eru endurskoðaðir með reglulegu millibili og breytingar á þeim gætu haft áhrif á reiknaðan hagnað félagsins. |
| *D.3* | *Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða verðbréfin sérstaklega* | Ávöxtun af hlutabréfum ræðst annars vegar af arðgreiðslum og hins vegar af breytingum á verði hlutabréfa frá kaupum til sölu.<br><br>Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættu. Dæmi um áhættu sem getur haft áhrif á verð hlutabréfa eru markaðsáhætta, seljanleikaáhætta |

| | | |
|---|---|---|
| | | og mótaðilaáhætta. Markaðsáhætta skapast af verðbreytingum á tilteknum hlutabréfamarkaði í heild sinni sem rekja má til óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild. Seljanleikaáhætta felst í að eftirspurn eftir hlutabréfum útgefanda getur verið mismikil frá einum tíma til annars. Mótaðilaáhætta felst í að við kaup eða sölu verðbréfa eða gerð annarra samninga um fjármálagerninga er hugsanlegt að samningsaðili efni ekki samninginn þegar að uppgjöri kemur. Enn fremur þarf að hafa í huga að hlutabréf eru réttlægstu kröfur í eignir hlutafélags, sem þýðir að við slit eða gjaldþrot útgefanda fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína, kveði samþykktir ekki á um aðra skipan, það sem eftir stendur af eignum félagsins eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar. Verðmæti hlutabréfa getur því þurrkast út.<br><br>Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.<br><br>Í kjölfar fjármálakreppunnar fækkaði hlutabréfaflokkum í viðskiptum á mörkuðum NASDAQ OMX Iceland hf. verulega, heildarmarkaðsvirði verðbréfaflokka í viðskiptum dróst saman og velta á mörkuðunum minnkaði frá því sem var, hvort heldur horft er til heildarveltu eða veltu með einstaka flokka. Undanfarin ár, frá og með 2009, hafa hlutabréf sex félaga verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og má greina aukin viðskipti á hlutabréfamarkaðinum undanfarin misseri. Seljanleikaáhætta er skilgreind sem sú áhætta sem felst í því hversu auðvelt eða erfitt er að selja eign á verði sem næst raunvirði. Mælikvarði á áhættu af þessu tagi er bilið á milli kaup- og sölutilboða á markaði. Áhættan er bæði fólgin í magni, þ.e. að markaðurinn taki við því magni sem vilji er til að selja á raunvirði hverju sinni, og gengi, þar sem umfangsmikil viðskipti með hlutabréf félags geta haft veruleg áhrif á verðmyndun bréfanna.<br><br>Markaðsverð hluta getur sveiflast eftir að viðkomandi hlutabréfaflokkur hefur verið tekinn til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, þar með töldum Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Endanleg verð (útboðsgengi) sem fást í fyrirhuguðu almennu útboði í aðdraganda þess að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta geta verið hærri eða lægri en verð sem myndast á skipulegum verðbréfamarkaði. Hætta getur orðið á því að fjárfestar sem kaupa hluti í almenna útboðinu geti ekki selt hlutina á eða yfir því verði sem þeir greiða fyrir hlutina í almenna útboðinu eða jafnvel ekki selt hlutina þó þeir verði reiðubúnir að selja þá undir kaupverði.<br><br>Skipan eignarhalds getur falið í sér seljanleikaáhættu fyrir fjárfesta. Fjárfestar eru minntir á að eignarhald útgefenda getur breyst hratt og án fyrirvara.<br><br>Ef verðbréf útgefin af félaginu eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. þarf félagið að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur á verðbréfamarkaði á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, reglum FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar eru út af NASDAQ OMX Iceland hf. Ef félagið myndi brjóta framangreind lög eða reglur gæti það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Brot gætu leitt til þess að eftirlitsaðilar veittu félaginu áminningu og beittu það jafnvel fjársektum. Enn fremur gætu slík brot haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins og þar með leitt til verðlækkunar á hlutabréfum þess. Alvarleg brot á umræddum lögum og reglum gætu leitt til þess að Fjármálaeftirlitið eða NASDAQ OMX Iceland hf. tæki hlutabréf félagsins úr viðskiptum.<br><br>Fjárfesting í verðbréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti verðbréf-anna getur lækkað jafnt sem hækkað og fjárfestar geta tapað andvirði allrar fjárfestingar sinnar í verðbréfum eða eftir atvikum hluta hennar. Áður en |

| | | |
|---|---|---|
| | | ákvörðun er tekin um fjárfestingu í hlutabréfum sem N1 hf. gefur út er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í hlutabréfunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Áður en fjárfestar taka ákvörðun um þátttöku í almennu útboði á hlutum í N1 sem lýsing þessi varðar eru þeir hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingunni og sérstaklega um áhættu- og óvissuþætti. |

## E. Tilboð

| *Liður* | *Upplýsingakrafa* | *Upplýsingar* |
|---|---|---|
| *E.1* | *Heildarfjárhæð nettó-söluandvirðis og mat á heildarkostnaði við útgáfuna/útboðið, þ.m.t. áætlaður kostn-aður sem útgefandi eða tilboðsgjafi krefur fjárfestinn um* | Með útboðinu hyggjast FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. og Íslandsbanki hf. selja samtals 25% af áður útgefnum hlutum í N1 hf., en Íslandsbanki hf. áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 28%.<br><br>Heildarsöluandvirði þeirra 25% hluta sem mynda grunnstærð útboðsins, myndi að lágmarki nema 3.645 m.kr. miðað við að 10% hluta væru seld í tilboðsbók A á 13,5 kr./hlut sem er lágmarksverð þeirrar bókar og 15% væru seld í tilboðsbók B á 15,3 kr./hlut sem er lágmarksverð þeirrar bókar. Heildarsöluandvirði hámarksfjölda hluta í útboðinu, eða 28% hluta, myndi að lágmarki nema 4.104 m.kr. miðað við að 10% hluta væru seld í tilboðsbók A á lágmarksverði hennar og 18% væru seld í tilboðsbók B á lágmarksverði hennar. Komi til þess að eftirspurn fjárfesta reynist minni en sem nemur þeim 25% sem framboð seljenda segir til um, þá er mögulegt að allt niður í 10% af útgefnum hlutum N1 verði seld í útboðinu. Heildarsöluandvirði 10% hluta í N1 nemur að lágmarki 1.350 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu sem er 13,5 kr./hlut í tilboðsbók A.<br><br>Seljendur bera kostnað af markaðssetningu og sölu hlutabréfa í útgefanda sem fyrirhuguð er í almennu útboði sem lýsingin tekur til og er hann áætlaður 70-80 m.kr. miðað við lágmarksverð þeirra hluta sem boðnir verða í útboðinu.<br><br>Útgefandi ber kostnað sem hlýst af því að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og er heildarkostnaður félagsins áætlaður um 200 m.kr. |
| *E.2a* | *Ástæður fyrir útboðinu, notkun ágóðans, áætlað nettósöluandvirði* | Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri N1 hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og fjölbreyttari hluthafahópi, og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.<br><br>Útboðið tekur til þegar útgefinna hluta í eigu tveggja stærstu hluthafa í N1 hf. og verður ekkert fjárstreymi til útgefandans í tengslum við útboðið. FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. hyggst selja 15% í útboðinu (6% í tilboðsbók A og 9% í tilboðsbók B). Íslandsbanki hf. hyggst selja 10% (4% í tilboðsbók A og 6% í tilboðsbók B) en áskilur sér rétt til að auka það í 13%. |

| | | |
|---|---|---|
| *E.3* | *Skilmálar og skilyrði útboðsins* | Útboðið sem lýsingin tekur til er almennt útboð til íslenskra fjárfesta í samræmi við 1. tölulið 43. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Seljendur munu falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir að lágmarki 10% af útgefnum hlutum í N1 hf., eða ef NASDAQ OMX Iceland hf. hafnar umsókn útgefanda um að hlutabréf í N1 hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi 31. janúar 2014. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutabréf í N1 hf. verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljendur telja gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljenda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útboðið sjálft, útgefandann eða seljanda, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamarkaði á Íslandi. Ef seljendur taka ákvörðun um að falla frá útboðinu skv. framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar.<br><br>Áskriftartímabil útboðsins mun standa frá kl. 10.00 þann 6. desember 2013 til kl. 16.00 þann 9. desember 2013. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar 11. desember 2013 og NASDAQ OMX Iceland hf. mun í kjölfarið birta endanlegt svar við umsókn útgefandans um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar. Gert er ráð fyrir að ákvörðun seljenda um úthlutun til fjárfesta í útboðinu (þ.e. staðfesting eða skerðing á áskriftum) geti átt sér stað 12. desember 2013 og er eindagi viðskiptanna þá ákvarðaður 17. desember 2013 en greiddir hlutir verða afhentir næsta virka dag eftir eindaga. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með hlutabréf N1 hf. á Aðalmarkaði gæti skv. framansögðu orðið 19. desember 2013. Framangreindar dagsetningar miðast við að seljendur geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en seljendur gera ráð fyrir og umsókn útgefanda til kauphallar sé svarað innan tímamarka sem seljendur gera ráð fyrir.<br><br>Útboðið er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum aðilum sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að viðkomandi aðili sé fjárráða og hafi forræði bús síns og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum.<br><br>Í framangreindu felst m.a. að hafi bú aðila verið tekið til gjaldþrotaskipta og slíkum skiptum sé ekki lokið við lok áskriftar-tímabils er honum óheimil þátttaka í útboðinu, svo og að ófjárráða einstaklingum er óheimil þátttaka í útboðinu. Erlendir aðilar, skv. skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992 , skulu að fyrra bragði sýna umsjónaraðila fram á með óyggjandi hætti að þeim sé heimilt að fjárfesta í verðbréfunum sem boðin eru í útboðinu, sbr. 13. gr. m og 13. gr. b. laganna. Hafi slíkt ekki verið gert með ásættanlegum hætti, að mati umsjónaraðila, fyrir lok áskriftartímabils verður áskriftinni hafnað. Hlutirnir eru ekki boðnir til sölu í lögsagnarumdæmum þar sem almennt útboð væri háð því að lögbær yfirvöld í viðkomandi lögsagnarumdæmi hefðu móttekið lýsingu þá sem útgefandi gefur út í tengslum við útboðið, eða þar sem slíkt útboð myndi lúta öðrum frekari kröfum en staðfestingu íslenskra eftirlitsaðila á lýsingu útgefanda í tengslum við útboðið.<br><br>Fjárfestum eru boðnar tvær áskriftarleiðir, tilboðsbók A og tilboðsbók B.<br><br>A. Samtals 10% hluta í N1 eru boðin í tilboðsbók A. Þar er tekið við áskriftum að andvirði frá 100.000 kr. til 10.000.000 kr. Í tilboðsbók A er tekið við áskriftum á verðbilinu 13,5-15,3 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók A verður úthlutað á sama verði (útboðsgengi A) sem verður á framangreindu verðbili. Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður hafnað.<br>B. Samtals 15% hluta í N1 eru boðin í tilboðsbók B. Þar er tekið við áskriftum að andvirði 10.000.001 kr. og hærri, en hver áskrift getur að |

| | | |
|---|---|---|
| | | hámarki jafngilt 15% hlut í útgefanda. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 15,3 krónur á hlut og er ekkert hámarksverð tilgreint af hálfu seljenda. Fjárfestar skulu tilgreina hámarksverð áskriftar sinnar, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á sama verði (útboðsgengi B) sem verður hærra eða jafnt framangreindu lágmarksverði. Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað.<br><br>Seljendur áskilja sér rétt til að gera breytingar á skiptingu milli tilboðsbóka A og B varðandi innbyrðis skiptingu milli seljenda og heildarstærð hvorrar bókar, þó þannig að heildarframboð í báðum bókum helst óbreytt.<br><br>Áskriftir skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) sem nálgast má á www.islandsbanki.is. Til að skila áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn í viðeigandi tilboðsbók A eða B á áskriftarvef, með kennitölu og lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum sjálfum (og verður sent sem rafrænt skjal í netbanka hans) eða nálgast hjá söluaðila gegn staðfestingu. Rafræn staðfesting á áskriftarvef er forsenda gildrar sönnunar á áskrift. Allar áskriftir eru bindandi fyrir viðkomandi fjárfesta. Fjárfestir hefur því hvorki rétt til að afturkalla né breyta áskrift sem hann hefur staðfest á áskriftarformi útboðsins. Seljendur og umsjónaraðili útboðs áskilja sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu og/eða tryggingar fyrir greiðslu frá fjárfestum með áskrift yfir 10 milljóna króna kaupverði.<br><br>Undantekning hvað varðar áskriftir og áskriftarform í tilboðsbók A er að fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi til að sinna eignastýringu, skv. c.lið 6.tl. 3.gr. í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, er gefinn kostur á að skila áskrift fyrir hönd eins eða fleiri fjárfesta á sérstöku áskriftarformi sem nálgast má hjá umsjónaraðila og skal það vera útfyllt og staðfest af til þess bærum aðilum. Á forminu skal tilgreina eina heildarfjárhæð allra fjárfesta sem standa að baki áskriftinni og fjölda fjárfesta. Forminu skal einnig fylgja listi með sundurliðun heildarfjárhæðar niður í fjárhæð hvers fjárfestis, en listinn þarf ekki að innihalda nöfn eða kennitölur. Við úthlutun verður tekið tillit til fjölda áskrifenda sem standa að baki áskriftinni og gert ráð fyrir að úthlutun verði háttað eins og um væri að ræða margar sjálfstæðar áskriftir í samræmi við sundurliðunarlista. Áskriftarformið inniheldur yfirlýsingu fjármálafyrirtækis þess efnis að fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti sé til staðar í gildum samningi við viðkomandi fjárfesti. Auk þess er á áskriftarforminu yfirlýsing þess efnis að fjármálastofnunin ábyrgist greiðslu kaupverðs. Þátttaka í útboðinu gegnum eignastýringu er gerð í nafni fjármálafyrirtækis en ekki einstakra fjárfesta. Fjárfestum er heimilt að taka þátt í Tilboðsbók A í eigin nafni og gegnum fjármálafyrirtæki. Athygli fjárfesta er vakin á því að með þessu fyrirkomulagi er mögulegt að skrá tvær eða fleiri áskriftir sem samanlagt nema heildarfjárhæð umfram hámarksstærð áskriftar í tilboðsbók A. Seljendur áskilja sér þrátt fyrir framangreint rétt til að gera að skilyrði gildrar áskriftar að eignastýringaraðilar afhendi lista með upplýsingum um nöfn og kennitölur fjárfesta sem standa að baki áskriftinni. Undirritað áskriftarform skal senda í tölvupósti fyrir lok áskriftartímabils útboðsins á N1utbod@islandsbanki.is með fyrirsögninni *N1ÚTBOÐ*.<br><br>Undantekning hvað varðar áskriftir og áskriftarform í tilboðsbók A er að þeim tveimur fjármálafyrirtækjum sem útgefandi hefur gert samning við um viðskiptavakt á hlutum félagsins á Aðalmarkaði er heimilt að skila áskriftum að andvirði allt að 75.000.000 kr. hvor í tilboðsbók A og heimilt að skila áskriftum í tilboðsbók B án þess að tilgreina hámarksverð en það á þó aðeins við um áskriftir sem taka mið af stærð umsaminna viðskiptavakta. Áskrift viðskiptavaka samkvæmt framansögðu þarf að berast á sérstöku áskriftarformi fyrir viðskiptavaka sem nálgast má hjá umsjónaraðila útboðsins.<br><br>Eftir lok áskriftartímabils munu fulltrúar seljenda einhliða ákvarða verð |

| | | |
|---|---|---|
| | | sem hlutir verða seldir á í útboðinu, annars vegar útboðsgengi A sem allir þeir hlutir sem úthlutað verður til fjárfesta í tilboðsbók A verða seldir á og hins vegar útboðsgengi B sem allir þeir hlutir sem úthlutað verður til fjárfesta í tilboðsbók B verða seldir á. Áskriftum sem tilgreina lægra hámarksverð á hlut en endanlegt útboðsgengi í viðkomandi tilboðsbók verður hafnað.<br><br>Komi til þess að samanlagðar gildar áskriftir nemi fleiri hlutum en seljandi ákveður að bjóða til sölu í útboðinu munu fulltrúar seljenda úthluta hlutum til einstakra áskrifenda eftir skerðingu áskrifta sem mun eiga sér stað með eftirfarandi hætti:<br>• Áskriftir í tilboðsbók A verða skertar um allt að 50% af upphaflegri áskrift, með þeirri undantekningu að hlutfallslegum niðurskurði verður ekki beitt á áskriftir að fjárhæð 500.000 kr. eða lægri og hlutfallslegur niðurskurður hærri áskrifta leiðir ekki til meiri skerðingar en niður í 500.000 kr. Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark áskrifta í tilboðsbók A fært enn neðar (með flötum niðurskurði) uns samanlagður fjöldi hluta í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem stjórnir seljenda ákveða að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók A, þannig að með flötum niðurskurði getur hámarksúthlutun í tilboðsbók A farið undir 500.000 kr. að kaupverði.<br>• Seljendur áskilja sér rétt til þess og munu leitast við, þrátt fyrir framangreindar meginreglur, að skerða ekki eða skerða minna áskriftir í tilboðsbók A frá fastráðnum starfsmönnum N1.<br>• Meginreglan við úthlutun í tilboðsbók B verður sú að meta áskriftir á grundvelli verðs. Áskriftir í tilboðsbók B verða skertar (að hluta eða þeim hafnað) þannig að eftir standi þær áskriftir sem berast á hæsta verði á hlut, þannig að samanlagður fjöldi hluta (talinn miðað við endanlegt útboðsgengi B) í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem seljendur ákveða að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók B.<br>• Seljendur áskilja sér rétt til þess og munu leitast við, þrátt fyrir framangreindar meginreglur, að skerða ekki eða skerða minna áskriftir í tilboðsbækur A og B frá aðilum sem útgefandi hefur gert samning við um viðskiptavakt á hlutum félagsins. Framangreint á við um áskrift sem tekur mið af stærð umsaminnar viðskiptavaktar.<br>• Seljendur áskilja sér rétt til þess að hafna einstökum áskriftum í tilboðsbók A og/eða tilboðsbók B að hluta eða heild þó þær falli utan framangreindra skerðingarreglna.<br>• Komi til þess að áskriftir verði skertar að hluta eða þeim hafnað verður hver og ein skerðing eða höfnun gerð samkvæmt einhliða ákvörðun fulltrúa seljanda. Með einhliða ákvörðun er átt við að seljendur eru ekki skuldbundnir til að gefa upp hvernig skerðingu er háttað og að mótaðilum verður ekki gefinn kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar.<br><br>Gert er ráð fyrir að skilgreindur viðskiptadagur vegna úthlutaðra hluta verði 12. desember 2013, en það gæti orðið síðar eða fyrr. Gjalddagi og eindagi kaupverðs verður þremur viðskiptadögum eftir skilgreindan viðskiptadag útboðsins. Greiðsla skal eiga sér stað í síðasta lagi fyrir lokun banka á eindaga. Ekki verður tekið við greiðslu með öðrum hætti en greiðslufyrirmæli segja til um. Kvittun fyrir viðskiptunum verður send hverjum fjárfesti þegar viðkomandi hefur á réttum tíma innt af hendi greiðslu í fullu samræmi við greiðslufyrirmæli frá umsjónaraðila. Hlutir verða afhentir kaupanda næsta virka dag eftir eindaga, að því gefnu að full-nægjandi greiðsla hafi borist frá viðkomandi fjárfesti. Hlutirnir verða af-hentir rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og mun umsjónaraðili biðja þann vörsluaðila sem fjárfestir hefur tiltekið í áskrift að móttaka hlutina. |

| | | |
|---|---|---|
| | | Þeir greiðsluseðlar fyrir úthlutun sem verða ógreiddir kl. 21.00 á eindaga verða felldir niður og ógildir. Seljendur gera ráð fyrir að án viðvörunar eða tilkynningar muni þeir ógilda úthlutanir sem verða óinnheimtar í lok eindaga og eru þeir þá frjálsir að því að halda hlutum sem ekki hafa verið greiddir eða selja þá til þriðja aðila á hvaða verði sem seljendurnir kjósa. Seljendur áskilja sér þó rétt til að ógilda ekki ógreiddar áskriftir og innheimta úthlutanir sem ekki verða greiddar með fullnægjandi hætti og þá munu dráttarvextir frá eindaga og kostnaður seljenda við innheimtu leggjast ofan á kaupverð hinna óinnheimtu hluta. Ef greiðsla er ekki innt af hendi á eindaga í síðasta lagi og í fullu samræmi við greiðslufyrirmælin má innheimta skuldina, eftir atvikum með atbeina dómstóla, í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar.<br><br>Samkvæmt áskriftarformunum lýsir fjárfestir því yfir með áskrift sinni: að hann hafi samþykkt skilmála útboðsins sem fram koma í lýsingu og kynnt sér upplýsingar í lýsingu; að hann hafi lesið og skilið upplýsingar um reglur Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, og sé meðvitaður um þá hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í lýsingu; að honum hafi verið kynnt það í lýsingu þessari að Arion banka hf. eða Íslandsbanka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda sé viðeigandi fyrir fjárfestinn og nýtur fjárfestirinn því ekki verndar samkvæmt 16. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.<br><br>Starfsmönnum og stjórnendum Íslandsbanka hf., Íslandssjóða hf., Summu Rekstrarfélags hf., og aðilum fjárhagslega tengdum þeim er heimilt að taka þátt í útboðinu með ákveðnum skilyrðum. Eftirfarandi starfsmönnum og stjórnendum Íslandsbanka hf. er þó óheimil þátttaka í útboðinu svo og aðilum fjárhagslega tengdum þeim: Starfsmönnum fyrirtækjaráðgjafar og verðbréfamiðlunar, viðskipta- og lánastjórum útgefanda, framkvæmda-stjórum í framkvæmdastjórn, yfirlögfræðingi, innri endurskoðanda og regluverði. Starfsmönnum Arion banka hf. og aðilum fjárhagslega tengdum þeim er heimil þátttaka í útboðinu með ákveðnum skilyrðum. |

| | | |
|---|---|---|
| *E.4* | *Mögulegir hagsmuna-árekstrar* | Athygli er vakin á hugsanlegum hagsmunaárekstrum aðila sem sitja í stjórn N1 fyrir tilstilli stórra hluthafa.<br><br>Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. kunna að hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutum í N1 hf. og ósk um að hlutir í N1 verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.: Íslandsbanki hf. á 17,3% hlutafjár í N1 hf. hyggst selja 10-13% eignarhlut í útboðinu. Eigin viðskipti Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. hafa gert samning við útgefanda um viðskiptavakt á hlutum útgefanda á Aðalmarkaði og verður hún framkvæmd fyrir reikning viðkomandi banka gegn þóknun frá útgefanda. Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með töku á hlutum útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur umsjón með útboðinu og fær þóknun frá seljendum fyrir þá þjónustu. Annar söluaðili útboðsins er verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf. og fær þóknun frá seljendum fyrir þá þjónustu. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. veitti útgefanda ráðgjöf við gerð áreiðanleikakönnunar í aðdraganda útgáfu á þessari lýsingu, umsóknar um töku á hlutabréfum til viðskipta og almenns útboðs, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu. Íslandsbanki hf. er lánveitandi N1 hf. og viðskiptabanki félagsins og annast fyrirtækjasvið og viðskiptasvið bankans þau viðskipti. Aðrar deildir bankanna tveggja, sem annast viðskipti við útgefanda, eru markaðsviðskipti fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. og markaðir Íslandsbanka hf.<br><br>Arion banka hf. og/eða Íslandsbanka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar skv. 16 gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Bankarnir fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um reglur Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, og að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í lýsingunni. |
| *E.5* | *Aðili sem býður verðbréfið til sölu*<br><br>*Sölutakmarkanir* | Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur umsjón með útboðinu. þ.m.t. markaðssetningu og sölu tilboðsbóka A og B. Annar söluaðili tilboðsbókar B er verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf.<br><br>Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar söluhömlur eða söluskyldu á hlutum í N1 eftir að útboði lýkur. |
| *E.6* | *Fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar vegna út-boðsins* | *Á ekki við.* |
| *E.7* | *Kostnaður fjárfesta* | Af hálfu seljenda, umsjónaraðila eða útgefanda verður enginn kostnaður lagður sérstaklega á fjárfesta vegna viðskipta seljenda í tengslum við útboðið. Fjárfestar þurfa sjálfir að kynna sér hvort einhver kostnaður eða gjöld falla á þá hjá öðrum aðilum í tengslum við viðskiptin. Þó er bent á að eigi fjárfestir ekki vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem hann tilgreinir í áskrift mun Íslandsbanki hf. stofna vörslureikning í nafni fjárfestis svo hægt sé að móttaka hluti fjárfestis og áskilur bankinn sér rétt til að innheimta gjald af fjárfesti fyrir vörslu. |

*Verðbréfalýsing*

Nóvember 2013

Arion banki

***Efnisyfirlit***


1. Áhættuþættir ..... 2
   1.1 Almenn áhætta hlutabréfa ..... 2
   1.2 Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta ..... 3
   1.3 Þynning hlutafjáreignar ..... 3
   1.4 Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast ..... 4
   1.5 Uppbygging á eignarhaldi ..... 4
2. Veltufé, fjármögnun og skuldastaða ..... 5
3. Almennt útboð ..... 6
   3.1 Stærð útboðs, verðlagning og áskriftarleiðir ..... 6
   3.2 Útgefandi ..... 7
   3.3 Seljendur ..... 7
   3.4 Umsjónaraðili útboðsins og jafnframt söluaðili ..... 8
   3.5 Annar söluaðili tilboðsbókar B ..... 8
   3.6 Aðstoð vegna tilboðsbókar A ..... 8
   3.7 Fjárfestar ..... 8
   3.8 Áskriftartímabil, skráning áskrifta og stærðarviðmið ..... 9
   3.9 Staðfesting á greiðslugetu og/eða trygging fyrir greiðslu ..... 10
   3.10 Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn ..... 11
   3.11 Tilkynning um niðurstöður útboðs ..... 11
   3.12 Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og uppgjör viðskipta ..... 12
4. Upplýsingar um hlutabréfin og töku til viðskipta ..... 13
   4.1 Hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ..... 13
   4.2 Viðskiptavakt ..... 14
   4.3 Hlutabréfaflokkurinn ..... 14
5. Tilkynning til fjárfesta ..... 20
   5.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar ..... 21
   5.2 Skilgreiningar og tilvísanir ..... 22
   5.3 Ráðgjafar ..... 23
   5.4 Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda ..... 24
   5.5 Yfirlýsing seljenda ..... 24
   5.6 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda ..... 24

# 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Fjárfesting í verðbréfum felur í sér ýmsa áhættuþætti. Verðmæti verðbréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað og fjárfestar geta tapað andvirði allrar fjárfestingar sinnar í verðbréfum eða eftir atvikum hluta hennar.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í hlutabréfum sem N1 hf., kennitala 540206-2010, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi (einnig nefnt „N1“, „útgefandinn“ og „félagið“ í verðbréfalýsingu þessari), gefur út er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í hlutabréfunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf.

Áður en fjárfestar taka ákvörðun um þátttöku í almennu útboði á hlutum í N1, sem fyrirhugað er 6.-9. desember 2013, eru þeir hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu dagsettri 26. nóvember 2013, sem samanstendur af samantekt dagsettri 26. nóvember 2013, útgefandalýsingu dagsettri 26. nóvember 2013 og verðbréfalýsingu þessari, sem nálgast má á vef félagsins, www.n1.is/fjarfestatengsl, og í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14 í Kópavogi; sérstaklega um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflunum um áhættuþætti og gætu haft veruleg áhrif á N1 og fjárfestingar í hlutabréfum félagsins.

Umfjöllun um þá áhættuþætti sem útgefandinn álítur að skipti máli fyrir hlutabréfin sem verðbréfalýsing þessi tekur til og eru boðin til kaups eða tekin til viðskipta á markaði svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim er að finna í köflum um áhættuþætti í verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu útgefandans, dagsettri 26. nóvember 2013. Þessi kafli, *1. Áhættuþættir*, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um hlutabréf hans, en þeim er ekki skipað í röð eftir mikilvægi. Kaflinn *1. Áhættuþættir* í útgefandalýsingu félagsins, dagsettri 26. nóvember 2013, inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandinn telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um útgefandann og atvinnugrein hans. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

## 1.1 Almenn áhætta hlutabréfa

Nauðsynlegt er að hafa í huga að fjárfestingar í hlutabréfum fela að öllu jöfnu í sér meiri áhættu en fjárfestingar í skuldabréfum, þar sem eigendur skuldabréfa eru framar í röð kröfuhafa en eigendur hlutabréfa. Ávöxtun af hlutabréfum ræðst annars vegar af arðgreiðslum og hins vegar af breytingum á verði hlutabréfa frá kaupum til sölu. Sveiflur í gengi hlutabréfa eru almennt meiri en sveiflur í gengi skuldabréfa og verðmæti þeirra getur jafnvel þurrkast út. Hægt er að dreifa áhættunni sem felst í að fjárfesta í einstökum fyrirtækjum með því að fjárfesta í safni ólíkra fyrirtækja og ólíkra verðbréfa. Einnig má ætla að það auki skilning á áhættu við hlutabréfakaup ef fjárfestar einskorða slík kaup við félög í rekstri sem kaupandinn annaðhvort þekkir vel eða getur sett sig inn í með góðu móti. Jafnframt má draga verulega úr fjárhagslegri áhættu samfara hlutabréfakaupum með því að forðast eða lágmarka lántökur vegna þeirra. Engu að síður er ekki með öllu hægt að komast hjá áhættuþáttum sem fylgja hlutabréfamarkaðinum.

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættu. Dæmi um slíka áhættu sem getur haft áhrif á verð hlutabréfa eru markaðsáhætta, seljanleikaáhætta og mótaðilaáhætta. Markaðsáhætta skapast af verðbreytingum á tilteknum hlutabréfamarkaði í heild sinni sem rekja má til óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild. Seljanleikaáhætta felst í því að eftirspurn eftir hlutabréfum útgefanda getur verið mismikil frá einum tíma til annars. Mótaðilaáhætta felst í því að við kaup eða sölu verðbréfa eða gerð annarra samninga um fjármálagerninga er hugsanlegt að samningsaðili efni ekki samninginn þegar að uppgjöri kemur. Enn fremur þarf að hafa í huga að hlutabréf eru réttlægstu kröfur í eignir hlutafélags, sem þýðir að við slit eða gjaldþrot útgefanda fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína, kveði samþykktir ekki á um aðra skipan, það sem eftir stendur af eignum félagsins eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í hlutum útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að hlutabréf í einstökum félögum lækki í verði. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

Fjármálamarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa fyrirtækjum. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

Í kjölfar fjármálakreppunnar fækkaði hlutabréfaflokkum í viðskiptum á mörkuðum NASDAQ OMX Iceland hf. verulega, heildarmarkaðsvirði verðbréfaflokka í viðskiptum dróst saman og velta á mörkuðunum minnkaði frá því sem var, hvort heldur horft er til heildarveltu eða veltu með einstaka flokka. Undanfarin ár, frá og með 2009, hafa hlutabréf sex félaga verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og má greina aukin viðskipti á hlutabréfamarkaðinum undanfarin misseri. Seljanleikaáhætta er skilgreind sem sú áhætta sem felst í því hversu auðvelt eða erfitt er að selja eign á verði sem næst raunvirði. Mælikvarði á áhættu af þessu tagi er bilið á milli kaup- og sölutilboða á markaði. Áhættan er bæði fólgin í magni, þ.e. að markaðurinn taki við því magni sem vilji er til að selja á raunvirði hverju sinni, og gengi, þar sem umfangsmikil viðskipti með hlutabréf félags geta haft veruleg áhrif á verðmyndun bréfanna.

## 1.2 Lagaumhverfi almenns útboðs og töku til viðskipta

Lýsing útgefanda, dagsett 26. nóvember 2013, er birt í tengslum við umsókn um töku hlutabréfaflokks til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og almennt útboð í aðdraganda töku hlutanna til viðskipta. Hvortveggja fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, og falla útgefandi og verðbréf sem hann gefur út þar undir. Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 og tilskipun 2010/73/ESB um lýsingar og undirgerðir þeirra hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, þ.e. reglugerðar nr. 837/2013 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum I og III við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009.

Frá því útgefandi óskar eftir því við NASDAQ OMX Iceland hf. að hlutabréfaflokkurinn verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði gilda um hann og verðbréfin reglur FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik auk reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en slík umsókn telst virk þegar staðfest lýsing hefur verið birt.

Ef NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkir að taka hlutabréfaflokkinn til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. mun útgefandi og hlutabréfin sem hann gefur út einnig falla undir Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009 í samræmi við lög nr. 110/2007 um kauphallir.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum, sem m.a. fela í sér upplýsingaskyldu. Brot á þeim kann að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að Fjármálaeftirlitið eða NASDAQ OMX Iceland hf. taki hlutabréf í útgefanda úr viðskiptum um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjóti útgefandi framangreindar reglur kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að hlutabréf útgefanda falli í verði. Þeir sem fjárfesta í hlutabréfum útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfaviðskipti, s.s. reglur um yfirtökutilboð, viðskipti innherja og flöggunarskyldu vegna hlutabréfa félaga sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Brot gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, framin af ásetningi eða gáleysi, varða sektum eða fangelsi allt að tveimur eða sex árum.

## 1.3 Þynning hlutafjáreignar

Hlutafjáraukning getur þynnt hlutafjáreign hluthafa. Ef útgefandi hækkar virkt hlutafé sitt með öðrum hætti en útgáfu jöfnunarhlutabréfa mun hlutfallsleg hlutafjáreign þeirra sem eiga hlutabréf í útgefanda fyrir minnka í samræmi við aukninguna nema þeir fjárfesti í nýjum hlutum í útgefanda í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Tilgangur hlutafjáraukningar er að jafnaði fjármögnun sem ætlað er að auka verðmæti félagsins. Fjárfestar skulu hafa í huga að sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að útgefandi auki hlutafé sitt í framtíðinni.

Samþykki hluthafafundar þarf til að breyta hlutafé, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Í núgildandi samþykktum félagsins, dagsettum 7. maí 2013, er ekki til staðar heimild frá hluthafafundi til stjórnar um hækkun eða lækkun hlutafjár útgefanda.

Félagið á ekki eigin hluti. En fyrirliggjandi er heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutum félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, sem veitir henni heimild til að kaupa allt að 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Heimildin takmarkast þó við að kaupverð hlutanna samsvari aldrei hærra gengi en 10% yfir og ekki lægra en 10% undir bókfærðu innra virði hlutafjár félagsins í síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi, eftir því sem við á hverju sinni. Heimildin gildir í 18 mánuði frá samþykki hennar, sem var á aðalfundi félagsins þann 7. maí 2013.

### 1.4 Markaðsverð hluta útgefanda getur sveiflast

Hlutabréfamarkaðir eru sérstaklega næmir fyrir ýmsum áhrifaþáttum sem geta án fyrirvara leitt til lækkunar eða hækkunar hlutabréfaverðs. Markaðsverð hluta getur sveiflast eftir að viðkomandi hlutabréfaflokkur hefur verið tekinn til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, þar með töldum Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Endanleg verð (útboðsgengi) sem fást í fyrirhuguðu almennu útboði í aðdraganda þess að hlutabréf í útgefanda verði tekin til viðskipta geta verið hærri eða lægri en verð sem myndast á skipulegum verðbréfamarkaði. Hætta getur orðið á því að fjárfestar sem kaupa hluti í almenna útboðinu geti ekki selt hlutina á eða yfir því verði sem þeir greiða fyrir hlutina í almenna útboðinu eða jafnvel ekki selt hlutina þó þeir verði reiðubúnir að selja þá undir kaupverði.

### 1.5 Uppbygging á eignarhaldi

Skipan eignarhalds getur falið í sér seljanleikaáhættu fyrir fjárfesta. Fjárfestar eru minntir á að eignarhald útgefenda getur breyst hratt og án fyrirvara.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér upplýsingar um hluthafa og fyrirsjáanlegar eignarhaldsbreytingar, sem koma fram í kaflanum *4.3.8 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda* í verðbréfalýsingu þessari, svo og upplýsingar í útgefandalýsingu, dagsettri 26. nóvember 2013, undir köflunum *1.10 Uppbygging á eignarhaldi útgefanda* og *5.1 Hluthafar*.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar söluhömlur eða söluskyldu á hlutum í N1 eftir að útboði lýkur, hvort og þá hvenær eða með hvaða hætti seljendur í útboðinu eða aðrir í hópi stærstu hluthafa N1 áformi að selja þá eignarhluti sem þeir munu eiga eftir að útboðinu lýkur.

## 2. VELTUFÉ, FJÁRMÖGNUN OG SKULDASTAÐA

Stjórnarformaður félagsins og forstjóri lýsa því yfir fyrir hönd útgefanda að þeir telji veltufé N1 vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfir félagsins, svo og að fjármögnun og skuldastaða N1 þann 30. september 2013 hafi verið eins og sýnt er í eftirfarandi töflu. Fjármögnun og skuldastaða N1 hafa ekki tekið verulegum breytingum frá 30. september 2013.

Eftirfarandi fjárhagsupplýsingar eru í samræmi við efnahagsreikning félagsins 30. september 2013, sem er hluti af óendurskoðuðu fjárhagsuppgjöri félagsins fyrir tímabilið 1.janúar – 30. september 2013, en fjárhagsuppgjör fyrir 1. janúar – 30. júní 2013 var endurskoðað. Taflan inniheldur ekki skuldbindingar utan efnahags og skilyrtar skuldbindingar, en stærstu skuldbindingar félagsins af því tagi eru vegna húsaleigusamninga, en félagið leigir þrjár af þeim fasteignum sem hýsa starfsemina. Bent er á þá ársreikninga og árshlutareikninga útgefanda sem birtir eru í heild sinni með skýringum í útgefandalýsingu, dagsettri 26. nóvember 2013, kafla *9. Árs- og árshlutareikningar N1 hf. 1.1.2010 – 30.9.2013*, svo og á umfjöllun um fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingunni, kafla *6. Fjárhagsyfirlit 1.1.2010 – 30.9.2013*, sem varða eignir og skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu. Ekkert fjárstreymi verður til í N1 í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutum í félaginu sem fyrirhugað er 6.-9. desember 2013, þar sem um er að ræða útboð á þegar útgefnum hlutum í eigu FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf. og Íslandsbanka hf. Bent er á upplýsingar í kafla *4.1 Hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði* í verðbréfalýsingu þessari, um kostnað sem fellur á N1 vegna þess ferlis að óska eftir að fá hluti í útgefanda tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

| ***Fjármögnun*** *(m.kr.)* | ***30.9.2013*** | ***31.12.2012*** | ***30.9.2012*** |
|---|---|---|---|
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| - með ábyrgðum | 0 | 0 | 0 |
| - með veði | 350 | 567 | 2.106 |
| - án ábyrgða/veðs | 6.906 | 5.139 | 6.902 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | **7.256** | **5.706** | **9.008** |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| - með ábyrgðum | 0 | 0 | 0 |
| - með veði | 6.650 | 7.253 | 7.367 |
| - án ábyrgða/veðs | 314 | 295 | 74 |
| **Langtímaskuldir samtals** | **6.964** | **7.548** | **7.441** |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.000 | 1.000 | 1.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 11.865 | 11.865 | 11.865 |
| Endurmatsreikningur | 413 | 444 | 470 |
| Þýðingarmunur | (14) | 3 | (24) |
| Óráðstafað eigið fé | 2.044 | 1.202 | 1.107 |
| **Eigið fé samtals** | **15.308** | **14.514** | **14.418** |
| **Samtals fjármögnun** | **29.528** | **27.768** | **30.867** |

| ***Skuldastaða*** *(m.kr.)* | ***30.9.2013*** | ***31.12.2012*** | ***30.9.2012*** |
|---|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | | |
| Handbært fé | 6.127 | 2.508 | 4.304 |
| Fjáreignir á gangvirði* | 238 | 128 | 103 |
| **Greiðsluhæfi samtals** | **6.365** | **2.636** | **4.407** |
| **Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur** | **5.804** | **6.508** | **6.848** |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.191 | 2.331 | 1.870 |
| Skuldir við hið opinbera | 4.714 | 2.809 | 5.032 |
| Skuldir við lánastofnanir | 350 | 567 | 2.106 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | **7.255** | **5.707** | **9.008** |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 6.650 | 7.253 | 7.367 |
| Aðrar langtímaskuldir | 314 | 295 | 74 |
| **Langtímaskuldir samtals** | **6.964** | **7.548** | **7.441** |
| ***Nettó skuldastaða*** | **(2.050)** | **(4.111)** | **(5.194)** |

** 0,3% eignarhlutur í Icelandair Group hf.og 0,01% eignarhlutur í Tryggingamiðstöðinni hf. keyptur 2013*

# 3. ALMENNT ÚTBOÐ

Útboðið sem lýst er í þessari verðbréfalýsingu er almennt útboð til íslenskra fjárfesta í samræmi við 1. tölulið 43. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Útboðið tekur til þegar útgefinna hluta í eigu FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf. og Íslandsbanka hf. (einnig nefndir „seljendur" í verðbréfalýsingu þessari). Stærð útboðsins nemur 25% af útgefnum hlutum en Íslandsbanki hf. áskilur sér sem seljandi rétt til að stækka það í 28%.

Áskriftartímabil útboðsins mun standa yfir 6.-9. desember 2013. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar 11. desember 2013 og NASDAQ OMX Iceland hf. mun í kjölfarið birta endanlegt svar við umsókn útgefandans um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar. Gert er ráð fyrir að ákvörðun seljenda um úthlutun til fjárfesta í útboðinu (þ.e. staðfesting eða skerðing á áskriftum) geti átt sér stað 12. desember 2013 og er eindagi viðskiptanna þá ákvarðaður 17. desember 2013 en greiddir hlutir verða afhentir næsta virka dag eftir eindaga. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með hlutabréf N1 hf. á Aðalmarkaði kauphallarinnar gæti samkvæmt framansögðu orðið 19. desember 2013.

Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri N1 hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og fjölbreyttari hluthafahópi, og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Seljendur munu falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir að lágmarki 10% af útgefnum hlutum í N1 hf., eða ef NASDAQ OMX Iceland hf. hafnar umsókn útgefanda um að hlutabréf í N1 hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi 31. janúar 2014. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá því hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutabréf í N1 hf. verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljendur telja gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljenda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útboðið sjálft, útgefandann eða seljanda, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamarkaði á Íslandi. Ef seljendur taka ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar.

Framangreindar dagsetningar miðast við að seljendur geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en seljendur gera ráð fyrir og umsókn útgefanda til kauphallar sé svarað innan þeirra tímamarka sem seljendur gera ráð fyrir.

Útboðið er ekki sölutryggt. Hvorki útgefanda né seljendum er kunnugt um hvort einstakir hluthafar félagsins, stjórnarmenn eða stjórnendur félagsins hyggjast skrá sig fyrir áskrift í útboðinu, eða hvort einhver aðili hyggst skrá sig fyrir meira en 5% af stærð útboðsins. Ekkert fjárstreymi verður til N1 í tengslum við útboðið.

## 3.1 Stærð útboðs, verðlagning og áskriftarleiðir

Með útboðinu hyggjast FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. og Íslandsbanki hf. selja samtals 25% af áður útgefnum hlutum í N1 hf., en Íslandsbanki hf. áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 28%. Hyggst FSÍ selja 15% í útboðinu (6% í tilboðsbók A og 9% í tilboðsbók B). Hyggst Íslandsbanki hf. selja 10% (4% í tilboðsbók A og 6% í tilboðsbók B) en áskilur sér rétt til að auka það í 13%.

Fjárfestum eru boðnar tvær áskriftarleiðir, tilboðsbók A og tilboðsbók B, en þær eru ólíkar hvað varðar m.a. stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Helstu skilmálar þeirra eru reifaðir stuttlega hér að neðan í lið A og B, en nauðsynlegt er að lesa þriðja kafla þessarar verðbréfalýsingar í heild sinni til að nálgast heildarskilmála útboðsins.

A. Samtals 10% hluta í N1 eru boðin í tilboðsbók A. Í tilboðsbók A er tekið við áskriftum að andvirði á bilinu 100.000-10.000.000 kr. Í tilboðsbók A er tekið við áskriftum á verðbilinu 13,5-15,3 krónur á hlut, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók A verður úthlutað á sama verði (útboðsgengi A) sem verður á framangreindu verðbili. Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað. Komi til umframeftirspurnar verða áskriftir í tilboðsbók A skertar hlutfallslega um allt að 50%, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 500.000 kr. og flötum niðurskurði beitt á hæstu áskriftir ef það dugar ekki til.

B. Samtals 15% hluta í N1 eru boðin í tilboðsbók B. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum að andvirði 10.000.001 kr. og hærri, en hver áskrift getur að hámarki jafngilt 15% hlut í útgefanda. Í tilboðsbók B er tekið við áskriftum sem eru að lágmarki á verðinu 15,3 krónur á hlut og er ekkert hámarksverð tilgreint af

hálfu seljenda. Fjárfestar skulu tilgreina hámarksverð áskriftar sinnar, en öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á sama verði (útboðsgengi B) sem verður hærra eða jafnt framangreindu lágmarksverði. Áskriftum þar sem lægra hámarksgengi er tilgreint verður því hafnað.

Seljendur áskilja sér þó rétt til að gera breytingar á framangreindri skiptingu milli tilboðsbóka A og B, bæði hvað varðar innbyrðis skiptingu milli seljenda og heildarstærð hvorrar bókar, þó þannig að heildarframboð í báðum bókum helst óbreytt. Ákvörðun um slíkt myndi eiga sér stað við úthlutun eftir að áskriftartímabili lýkur, enda reynist eftirspurn fjárfesta gefa tilefni til þess bæði hvað varðar verð og magn, og munu þá hafa að leiðarljósi framangreind markmið seljenda í tengslum við útboðið.

Íslandsbanki hf. áskilur sér rétt til að taka einhliða ákvörðun um að fjölga boðnum hlutum í allt að 28% af útgefnum hlutum í félaginu, eða samtals í allt að 280.000.000 hluti, og taka einhliða ákvörðun um það hvernig slíkri hækkun, ef til kemur, verður ráðstafað milli tilboðsbóka A og B. Ákvörðun um endanlega stærð útboðsins og skiptingu mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

Heildarsöluandvirði þeirra 25% hluta sem mynda grunnstærð útboðsins, myndi að lágmarki nema 3.645 m.kr. miðað við að 10% hluta væru seld í tilboðsbók A á lágmarksverði þeirrar bókar og 15% væru seld í tilboðsbók B á lágmarksverði þeirrar bókar. Heildarsöluandvirði hámarksfjölda hluta í útboðinu, eða 28% hluta, myndi að lágmarki nema 4.104 m.kr. miðað við að 10% hluta væru seld í tilboðsbók A á lágmarksverði þeirrar bókar og 18% væru seld í tilboðsbók B á lágmarksverði þeirrar bókar.

**Stærð og skipting útboðs**

| | *Hlutfall af útg. hlutum* | *Fjöldi hluta* | *Lágmarks-verð* | *Andvirði m.v. lágmarksverð* |
|---|---|---|---|---|
| Grunnstærð tilboðsbókar A (áskriftir 0,1-10 m.kr.) | 10% | 100.000.000 | 13,5 kr./hlut | 1.350 m.kr. |
| Grunnstærð tilboðsbókar B (áskriftir yfir 10 m.kr.) | 15% | 150.000.000 | 15,3 kr./hlut | 2.295 m.kr. |
| **Grunnstærð útboðs** | **25%** | **250.000.000** | | **3.645 m.kr.** |
| Heimild til stækkunar | 3% | 30.000.000 | 13,5/15,3 kr./hlut | 405/459 m.kr. |
| **Hámarksfjöldi hluta í útboði** | **28%** | **280.000.000** | | **4.050 / 4.104 m.kr.** |

Komi til þess að eftirspurn fjárfesta reynist minni en sem nemur þeim 25% sem framboð seljenda segir til um, þá er mögulegt að allt niður í 10% af útgefnum hlutum N1 verði seld í útboðinu. Heildarsöluandvirði 10% hluta í N1 nemur að lágmarki 1.350 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu sem er 13,5 kr./hlut í tilboðsbók A.

## 3.2 Útgefandi

***N1 hf.***

Kennitala: 540206-2010
Heimilisfang: Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, Ísland
Sími: 440 1000
Vefsíða: www.n1.is

## 3.3 Seljendur

***FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf.***

Kennitala: 651109-0510
Heimilisfang: Lágmúla 9, 108 Reykjavík, Ísland
Sími: 571 7080
Vefsíða: www.framtakssjodur.is

***Íslandsbanki hf.***

Kennitala: 491008-0160
Heimilisfang: Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, Ísland
Sími: 440 4000
Vefsíða: www.islandsbanki.is

## 3.4 Umsjónaraðili útboðsins og jafnframt söluaðili

***Íslandsbanki hf. – Fyrirtækjaráðgjöf***

| | |
|---|---|
| Kennitala: | 491008-0160 |
| Heimilisfang: | Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, Ísland |
| Sími: | 440 4000 |
| Vefsíða: | www.islandsbanki.is |

## 3.5 Annar söluaðili tilboðsbókar B

***Íslandsbanki hf. – Verðbréfamiðlun***

| | |
|---|---|
| Kennitala: | 491008-0160 |
| Heimilisfang: | Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, Ísland |
| Sími: | 440 4000 |
| Tölvupóstfang: | N1utbod@islandsbanki.is |
| Vefsíða: | www.islandsbanki.is |

## 3.6 Aðstoð vegna tilboðsbókar A

***VÍB – Eignastýring Íslandsbanka hf.***

| | |
|---|---|
| Kennitala: | 491008-0160 |
| Heimilisfang: | Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, Ísland |
| Sími: | 440 4000 |
| Tölvupóstfang: | vib@vib.is |
| Vefsíða: | www.islandsbanki.is |

## 3.7 Fjárfestar

Útboðið er markaðssett á Íslandi. Þátttaka í útboðinu er heimil öllum aðilum (hvort heldur er einstaklingum eða lögaðilum) sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að viðkomandi aðili sé fjárráða og hafi forræði bús síns og með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af lögum.

Í framangreindu skilyrði felst m.a. að hafi bú aðila verið tekið til gjaldþrotaskipta og slíkum skiptum sé ekki lokið við lok áskriftartímabils er honum óheimil þátttaka í útboðinu, svo og að ófjárráða einstaklingum er óheimil þátttaka í útboðinu.

Erlendir aðilar, samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992[1], skulu að fyrra bragði sýna umsjónaraðila fram á með óyggjandi hætti að þeim sé heimilt að fjárfesta í verðbréfunum sem boðin eru í útboðinu, sbr. 13. gr. m og 13. gr. b. laganna. Hafi slíkt ekki verið gert með ásættanlegum hætti, að mati umsjónaraðila, fyrir lok áskriftartímabils útboðsins, verður áskriftinni hafnað.

Hlutirnir eru ekki boðnir til sölu í lögsagnarumdæmum þar sem almennt útboð eins og hér um ræðir væri háð því að lögbær yfirvöld í viðkomandi lögsagnarumdæmi hefðu móttekið lýsingu þá sem útgefandi gefur út í tengslum við útboðið, eða þar sem slíkt útboð myndi lúta öðrum frekari kröfum en staðfestingu íslenskra eftirlitsaðila á lýsingu útgefanda í tengslum við útboðið.

Starfsmönnum og stjórnendum Íslandsbanka hf., Íslandssjóða hf., Summu Rekstrarfélags hf., og aðilum fjárhagslega tengdum þeim er heimilt að taka þátt í útboðinu með sömu skilmálum og allur almenningur að teknu tilliti til reglna hvers félags um viðskipti starfsmanna þeirra með fjármálagerninga. Starfsmenn sem framangreindar reglur eiga við um hafa ekki heimild til að tilgreina hámarksverð í áskrift sinni, mega eingöngu

[1] Innlendur aðili merkir: 1. Sérhver maður sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að; 2. Sérhver lögaðili sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila. Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

taka þátt í tilboðsbók A og skoðast áskriftir þeirra sem gerðar á útboðsgengi (útboðsgengið mun ávallt vera innan þess verðbils sem tilgreint er í kafla *3.1 Stærð útboðs, verðlagning og áskriftarleiðir*); og verða þeir að skila áskriftum sínum á fyrstu þremur klukkustundum útboðs fyrsta söludag útboðsins þann 6. desember 2013. Eftirfarandi starfsmönnum og stjórnendum Íslandsbanka hf. er þó alfarið óheimil þátttaka í útboðinu svo og aðilum fjárhagslega tengdum þeim: Starfsmönnum fyrirtækjaráðgjafar, starfsmönnum verðbréfamiðlunar, viðskipta- og lánastjórum útgefanda, framkvæmdastjórum í framkvæmdastjórn bankans, yfirlögfræðingi, innri endurskoðanda og regluverði.

Starfsmönnum Arion banka hf. og aðilum fjárhagslega tengdum þeim er heimil þátttaka í útboðinu að teknu tilliti til reglna Arion banka hf. um verðbréfaviðskipti starfsmanna. Aðilum sem framangreindar reglur Arion banka hf. eiga við um er eingöngu heimilt að taka þátt í tilboðsbók A, hafa ekki heimild til að tilgreina hámarksverð í áskrift sinni (og skoðast áskriftir þá gerðar á endanlegu útboðsgengi A) og skulu skila áskriftum sínum á fyrstu þremur klukkustundum útboðs fyrsta dag áskriftartímabils.

Athygli fjárfesta er vakin á því að seljendur áskilja sér fullan rétt til þess að hafna einhverjum eða öllum áskriftum í útboðinu (þ.m.t. tilboðum einstakra fjárfesta að hluta eða fullu) sem kunna að berast í útboðinu, án frekari ástæðu eða rökstuðnings, sbr. kafla *3.10 Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn.*

## 3.8 Áskriftartímabil, skráning áskrifta og stærðarviðmið

Tekið verður við áskriftum frá og með föstudeginum 6. desember 2013, klukkan 10.00, til og með mánudeginum 9. desember 2013, klukkan 16.00. Ekki verður tekið við áskriftum utan þessa tímabils (nema seljandi ákveði sérstaklega að fresta útboðinu eða framlengja því og verður í slíkum tilvikum birtur viðauki við lýsingu útgefanda).

Áskriftir skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) sem nálgast má í gegnum vef umsjónaraðila útboðsins, www.islandsbanki.is. Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi.

Lágmarksáskrift í útboðinu er 100.000 kr. að kaupverði en hámarksáskrift nemur 15% af útgefnum hlutum í N1. Hámarksstærð áskriftar í tilboðsbók A takmarkast við hluti að kaupverði 10.000.000 kr. og lágmarksstærð áskriftar í tilboðsbók A takmarkast við hluti að kaupverði 100.000 kr. Lágmarksáskrift í tilboðsbók B er að kaupverði 10.000.001 kr. og hámarksstærð áskriftar í tilboðsbók B takmarkast við 15% eignarhlut í N1.

Fjárfesti er heimilt að skila inn samsettu tilboði með allt að fjórum skráningum í tilboðsbók A en ekki eru hömlur á fjölda skráninga í tilboðsbók B. Hver skráning getur að lágmarki numið lágmarksáskrift í viðkomandi tilboðsbók. Með samsettu tilboði getur fjárfestirinn skilað inn áskrift á mismunandi verði. Fjárfesti er heimilt að skila áskrift í báðar tilboðsbækur, A og B, án þess að einstakar skráningar á áskrift ógildist.

Allar áskriftir eru bindandi fyrir viðkomandi fjárfesta. Fjárfestir hefur því hvorki rétt til að afturkalla né breyta áskrift sem hann hefur staðfest á áskriftarformi útboðsins. Áskrift skal vera útfyllt og framkvæmd af fjárfesti sjálfum eða aðila sem hefur fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti.

Til að geta skilað áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn í viðeigandi tilboðsbók A eða B á áskriftarvef, með eftirfarandi aðgangsauðkennum:

1. Með kennitölu og lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum sjálfum og verður sent sem rafrænt skjal í netbanka hans, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er; eða
2. með kennitölu og lykilorði sem hann getur nálgast hjá söluaðila gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð eða gegn annarri staðfestingu sem söluaðili metur fullnægjandi.

Rafræn staðfesting á áskriftarvef er forsenda gildrar sönnunar á áskrift. Slík staðfesting birtist við lok skráningarinnar en er jafnframt send á það tölvupóstfang sem fjárfestir tilgreinir við áskrift og sem rafrænt skjal í netbanka fjárfestis sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

Fjárfestir skal í áskrift sinni tilgreina þann vörsluaðila (reikningsstofnun eða annan aðila með aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.) sem hann óskar eftir að móttaki hluti hans við uppgjör viðskipta.

Við áskrift skráir fjárfestir kaupverð þeirra hluta sem hann óskar eftir að kaupa í útboðinu. Endanleg áskrift kaupverðs er reiknuð með námundun til lækkunar að næsta heila hlut, þar sem kaupverð er reiknað sem margfeldi fjölda heilla hluta og verðs fyrir hvern hlut.

Samkvæmt áskriftarformunum lýsir fjárfestir því yfir með áskrift sinni:

- að hann hafi samþykkt skilmála útboðsins sem fram koma í þessari verðbréfalýsingu og kynnt sér upplýsingar í lýsingu útgefanda, dagsettri 26. nóvember 2013, sem þessi verðbréfalýsing er hluti af;

- að hann hafi lesið og skilið upplýsingar um reglur Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti (upplýsingar um þær er að finna í kafla *5.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar* í verðbréfalýsingu þessari og reglurnar er að finna á vefslóðunum http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Reglur-og-samthykktir/Hagsmunaarekstrar/2011-11-15_Hagsmunaárekstrar.pdf annars vegar og http://islandsbanki.is/library/Skrar/hagsmunareglur.pdf hins vegar), og sé meðvitaður um þá hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í verðbréfalýsingu þessari;
- að honum hafi verið kynnt það í verðbréfalýsingu þessari að Arion banka hf. eða Íslandsbanka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda sé viðeigandi fyrir fjárfestinn og nýtur fjárfestirinn því ekki verndar samkvæmt 16. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Fjárfestar geta nálgast upplýsingar um útboðið og áskriftarvef í tengslum við tilboðsbók A hjá VÍB – Eignastýringu Íslandsbanka hf. Nálgast má þessa aðstoð í síma og með tölvupósti milli klukkan 9.00 og 20.00 meðan áskriftartímabilið stendur yfir, en í kafla *3.6 Aðstoð vegna tilboðsbókar A*, er að finna símanúmer og tölvupóstfang. Fjárfestar geta nálgast söluaðila tilboðsbókar B með tölvupósti eða í síma. Símanúmer og tölvupóstfang söluaðila er að finna í kafla *3.4 Umsjónaraðili útboðsins og jafnframt söluaðili* og í kaflanum *3.5 Annar söluaðili tilboðsbókar B*.

Undantekning hvað varðar áskriftir og áskriftarform í tilboðsbók A er að fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi til að sinna eignastýringu, skv. c.lið 6.tl. 3.gr. í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, er gefinn kostur á að skila áskrift fyrir hönd eins eða fleiri fjárfesta á sérstöku áskriftarformi sem nálgast má hjá umsjónaraðila og skal það vera útfyllt og staðfest af til þess bærum aðilum. Á forminu skal tilgreina eina heildarfjárhæð allra fjárfesta sem standa að baki áskriftinni og fjölda fjárfesta. Forminu skal einnig fylgja listi með sundurliðun heildarfjárhæðar niður í fjárhæð hvers fjárfestis, en listinn þarf ekki að innihalda nöfn eða kennitölur. Við úthlutun verður tekið tillit til fjölda áskrifenda sem standa að baki áskriftinni og gert ráð fyrir að úthlutun verði háttað eins og um væri að ræða margar sjálfstæðar áskriftir í samræmi við sundurliðunarlista. Áskriftarformið inniheldur yfirlýsingu fjármálafyrirtækis þess efnis að fullnægjandi heimild eða umboð frá fjárfesti sé til staðar í gildum samningi við viðkomandi fjárfesti. Auk þess er á áskriftarforminu yfirlýsing þess efnis að fjármálastofnunin ábyrgist greiðslu kaupverðs. Þátttaka í útboðinu gegnum eignastýringu er gerð í nafni fjármálafyrirtækis en ekki einstakra fjárfesta. Fjárfestum er heimilt að taka þátt í Tilboðsbók A í eigin nafni og gegnum fjármálafyrirtæki. Athygli fjárfesta er vakin á því að með þessu fyrirkomulagi er mögulegt að skrá tvær eða fleiri áskriftir sem samanlagt nema heildarfjárhæð umfram hámarksstærð áskriftar í tilboðsbók A. Seljendur áskilja sér þrátt fyrir framangreint rétt til að gera að skilyrði gildrar áskriftar að eignastýringaraðilar afhendi lista með upplýsingum um nöfn og kennitölur fjárfesta sem standa að baki áskriftinni. Fjármálastofnanir geta nálgast söluaðila í síma 440 4000, sem er að finna í kaflanum *3.4 Umsjónaraðili útboðsins og jafnframt söluaðili*. Undirritað áskriftarform skal senda í tölvupósti fyrir lok áskriftartímabils útboðsins á N1utbod@islandsbanki.is með fyrirsögninni *N1ÚTBOÐ*.

Undantekning hvað varðar áskriftir og áskriftarform í tilboðsbók A er að þeim tveimur fjármálafyrirtækjum sem útgefandi hefur gert samning við um viðskiptavakt á hlutum félagsins á Aðalmarkaði er heimilt að skila áskriftum að andvirði allt að 75.000.000 kr. hvor í tilboðsbók A og heimilt að skila áskriftum í tilboðsbók B án þess að tilgreina hámarksverð en það á þó aðeins við um áskriftir sem taka mið af stærð umsaminna viðskiptavakta. Áskrift viðskiptavaka samkvæmt framansögðu þarf að berast á sérstöku áskriftarformi fyrir viðskiptavaka sem nálgast má hjá umsjónaraðila útboðsins.

## 3.9 Staðfesting á greiðslugetu og/eða trygging fyrir greiðslu

Seljendur og umsjónaraðili útboðs áskilja sér rétt til að krefjast staðfestingar á greiðslugetu og/eða tryggingar fyrir greiðslu frá fjárfestum með áskrift yfir 10 milljóna króna kaupverði. Ef fjárfestir verður ekki við slíkri kröfu umsjónaraðila fyrir lok áskriftartímabils eða innan annars þess frests sem umsjónaraðili gefur viðkomandi fjárfesti fram að tilkynningu um niðurstöðu eða úthlutun áskilur umsjónaraðili sér rétt til að ógilda áskrift viðkomandi að hluta eða í heild.

Hér er átt við staðfestingu á greiðslugetu og/eða tryggingu sem metin er fullnægjandi samkvæmt einhliða ákvörðun umsjónaraðila. Með einhliða ákvörðun er átt við að umsjónaraðili metur hverja staðfestingu fyrir sig, er ekki skuldbundinn til að gefa upp hvernig ákvörðun er háttað og að mótaðilum verður ekki gefinn kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar. Dæmi um staðfestingu á greiðslugetu gæti verið stöðuyfirlit innlánsreiknings í banka eða verðbréfareiknings, staðfesting fjármálastofnunar á fjármögnun eða yfirlýsing frá löggiltum endurskoðanda. Dæmi um fullnægjandi tryggingu gæti verið veð í innlánsreikningi í banka eða verðbréfareikningi, eða ábyrgðaryfirlýsing frá fjármálastofnun. Trygging er felld niður þegar áskrift er greidd á réttum tíma og með réttum hætti í samræmi við greiðslufyrirmæli.

## 3.10 Úthlutun og skerðing áskrifta við umframeftirspurn

Eftir lok áskriftartímabils munu fulltrúar seljenda einhliða ákvarða verð sem hlutir verða seldir á í útboðinu, annars vegar útboðsgengi A sem allir þeir hlutir sem úthlutað verður til fjárfesta í tilboðsbók A verða seldir á og hins vegar útboðsgengi B sem allir þeir hlutir sem úthlutað verður til fjárfesta í tilboðsbók B verða seldir á. Áskriftum sem tilgreina lægra hámarksverð á hlut en endanlegt útboðsgengi í viðkomandi tilboðsbók verður hafnað.

- Í tilboðsbók A skal fjárfestir skila inn áskrift sem tilgreinir umbeðið heildarkaupverð og getur fjárfestir skilyrt áskrift sína við að endanlegt útboðsgengi í tilboðsbók A fari ekki yfir ákveðið hámarksverð á hlut, sem hann tilgreinir á áskriftarforminu. Ef ekkert hámarksverð er tilgreint, eða ef endanlegt útboðsgengi A verður jafnt tilgreindu hámarksverði eða undir tilgreindu hámarksverði, þá skoðast áskrift gerð á því endanlega útboðsgengi sem seljendur ákvarða. Ef endanlegt útboðsgengi A fer yfir tilgreint hámarksverð fjárfestis verður viðkomandi áskrift ógild.

- Í tilboðsbók B skal fjárfestir skila inn áskrift sem tilgreinir heildarkaupverð og hámarksverð á hlut. Ef endanlegt útboðsgengi B fer yfir tilgreint hámarksverð fjárfestis verður viðkomandi áskrift ógild.

Komi til þess að samanlagðar gildar áskriftir nemi fleiri hlutum en seljandi ákveður að bjóða til sölu í útboðinu munu fulltrúar seljenda úthluta hlutum til einstakra áskrifenda eftir skerðingu áskrifta sem mun eiga sér stað með eftirfarandi hætti:

- Áskriftir í tilboðsbók A verða skertar um allt að 50% af upphaflegri áskrift, með þeirri undantekningu að hlutfallslegum niðurskurði verður ekki beitt á áskriftir að fjárhæð 500.000 kr. eða lægri og hlutfallslegur niðurskurður hærri áskrifta leiðir ekki til meiri skerðingar en niður í 500.000 kr. Þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark áskrifta í tilboðsbók A fært enn neðar (með flötum niðurskurði) uns samanlagður fjöldi hluta í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem stjórnir seljenda ákveða að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók A, þannig að með flötum niðurskurði getur hámarksúthlutun í tilboðsbók A farið undir 500.000 kr. að kaupverði.

- Seljendur áskilja sér rétt til þess og munu leitast við, þrátt fyrir framangreindar meginreglur, að skerða ekki eða skerða minna áskriftir í tilboðsbók A frá fastráðnum starfsmönnum N1.

- Meginreglan við úthlutun í tilboðsbók B verður sú að meta áskriftir á grundvelli verðs. Áskriftir í tilboðsbók B verða skertar (að hluta eða þeim hafnað) þannig að eftir standi þær áskriftir sem berast á hæsta verði á hlut, þannig að samanlagður fjöldi hluta (talinn miðað við endanlegt útboðsgengi B) í öllum gildum áskriftum í tilboðsbókinni eftir skerðingu er jafn þeim fjölda hluta sem seljendur ákveða að bjóða fjárfestum sem eiga áskriftir í tilboðsbók B.

- Seljendur áskilja sér rétt til þess og munu leitast við, þrátt fyrir framangreindar meginreglur, að skerða ekki eða skerða minna áskriftir í tilboðsbækur A og B frá aðilum sem útgefandi hefur gert samning við um viðskiptavakt á hlutum félagsins. Framangreint á við um áskrift sem tekur mið af stærð umsaminnar viðskiptavaktar.

- Seljendur áskilja sér rétt til þess að hafna einstökum áskriftum í tilboðsbók A og/eða tilboðsbók B að hluta eða heild þó þær falli utan framangreindra skerðingarreglna.

- Komi til þess að áskriftir verði skertar að hluta eða þeim hafnað verður hver og ein skerðing eða höfnun gerð samkvæmt einhliða ákvörðun fulltrúa seljanda. Með einhliða ákvörðun er átt við að seljendur eru ekki skuldbundnir til að gefa upp hvernig skerðingu er háttað og að mótaðilum verður ekki gefinn kostur á að andmæla ákvörðuninni eða gildi hennar.

## 3.11 Tilkynning um niðurstöður útboðs

Gert er ráð fyrir því að niðurstöður útboðsins verði birtar almenningi opinberlega á Evrópska efnahagssvæðinu miðvikudaginn 11. desember 2013, en það gæti orðið síðar eða fyrr. Dagsetningin miðast við að seljendur geri ekki breytingar á áskriftartímabili og úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en seljendur gera ráð fyrir. NASDAQ OMX Iceland hf. mun í kjölfarið tilkynna opinberlega um endanlegt svar við umsókn útgefanda um töku hlutabréfa útgefandans til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar.

## 3.12 Tilkynning um úthlutun, greiðslufyrirmæli og uppgjör viðskipta

Fjárfestum verður tilkynnt um úthlutun eftir að bæði niðurstaða útboðsins hefur verið tilkynnt opinberlega og NASDAQ OMX Iceland hf. hefur í kjölfarið tilkynnt opinberlega um endanlegt samþykki umsóknar útgefanda um töku hlutabréfa útgefandans til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Gert er ráð fyrir að upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli liggi fyrir 12. desember 2013, en það gæti orðið síðar eða fyrr. Framangreind dagsetning miðast við að seljendur geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en seljendur gera ráð fyrir og umsókn útgefanda til kauphallar sé svarað innan þeirra tímamarka sem seljendur gera ráð fyrir.

Umsjónaraðili mun senda þátttakendum með tölvupósti upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli vegna úthlutaðra hluta þegar framangreindar tilkynningar hafa verið birtar opinberlega. Þær verða sendar á það tölvupóstfang sem viðkomandi fjárfestir tilgreindi í áskrift, og er fjárfestirinn því sjálfur ábyrgur fyrir því að tölvupósturinn berist á rétt tölvupóstfang.

Greiðslufyrirmæli verða í formi rafrænna greiðsluseðla á nafni og kennitölu hvers fjárfestis sem fær úthlutun í útboðinu og greiðsluseðlana má greiða í íslenskum viðskiptabönkum. Umsjónaraðili mun senda greiðsluseðilinn til birtingar í netbanka viðkomandi fjárfestis og gert er ráð fyrir að það verði 12. desember 2013, en tímasetningin ræðst af því hvenær upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli liggja fyrir og gæti því orðið síðar eða fyrr.

Greiðslufyrirmæli verða ekki send með hefðbundnum bréfpósti til þátttakenda. Ekki verður tekið við greiðslu með öðrum hætti en greiðslufyrirmæli segja til um.

Gert er ráð fyrir að skilgreindur viðskiptadagur vegna úthlutaðra hluta verði 12. desember 2013, en tímasetningin ræðst af því hvenær upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli liggja fyrir og gæti því orðið síðar eða fyrr. Gjalddagi og eindagi kaupverðs verður þremur viðskiptadögum eftir skilgreindan viðskiptadag útboðsins og því er gert ráð fyrir að eindagi verði 17. desember 2013. Greiðsla skal eiga sér stað í síðasta lagi fyrir lokun banka á eindaga og er vakin athygli á að almennur opnunartími banka og annarra fjármálastofnana er til klukkan 16.00 virka daga og eftir klukkan 16.15 er ekki hægt að koma við greiðslu sem nemur 10.000.000 kr. eða hærri fjárhæðum, en til klukkan 21.00 er hægt að koma við greiðslu lægri fjárhæða í netbanka að því gefnu að þær séu undir fjárhæðatakmörkunum viðkomandi.

Kvittun fyrir viðskiptunum og greiðslunni verður send hverjum fjárfesti þegar fullnægjandi greiðsla hefur borist frá viðkomandi. Fullnægjandi greiðsla telst þegar viðkomandi hefur á réttum tíma innt af hendi greiðslu í fullu samræmi við greiðslufyrirmæli frá umsjónaraðila.

Ef einhverjir greiðsluseðlar fyrir úthlutun verða ógreiddir kl. 21.00 á eindaga verða þeir felldir niður og ógildir. Eftir eindaga, og þar með talið eftir lokun banka á eindaga, geta fjárfestar ekki innt af hendi greiðslu kaupverðsins í samræmi við greiðslufyrirmælin. Seljendur gera ráð fyrir að án viðvörunar eða tilkynningar muni þeir ógilda úthlutanir sem verða óinnheimtar í lok eindaga og eru þeir þá frjálsir að því að halda hlutum sem ekki hafa verið greiddir eða selja þá til þriðja aðila á hvaða verði sem seljendurnir kjósa. Seljendur áskilja sér þó rétt til að ógilda ekki ógreiddar áskriftir og innheimta úthlutanir sem ekki verða greiddar með fullnægjandi hætti og þá munu dráttarvextir frá eindaga og kostnaður seljenda við innheimtu leggjast ofan á kaupverð hinna óinnheimtu hluta. Ef greiðsla er ekki innt af hendi á réttum tíma (þ.e. á eindaga í síðasta lagi) og á réttan hátt (þ.e. í fullu samræmi við greiðslufyrirmælin) má innheimta skuldina, eftir atvikum með atbeina dómstóla, í samræmi við meginreglur íslensks samninga- og kröfuréttar.

Hlutir verða afhentir kaupanda næsta virka dag eftir eindaga, að því gefnu að fullnægjandi greiðsla hafi borist frá viðkomandi fjárfesti. Hlutirnir verða afhentir rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og mun umsjónaraðili biðja þann vörsluaðila sem fjárfestir hefur tiltekið í áskrift að móttaka hlutina inn á vörslureikning sem viðkomandi fjárfestir á hjá viðkomandi vörsluaðila.

Eigi fjárfestir ekki vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem hann tilgreinir í áskrift mun Íslandsbanki hf. stofna vörslureikning í nafni fjárfestis hjá Íslandsbanka hf. (og hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf.), svo hægt sé að móttaka hluti fjárfestis í samræmi við framangreint og áskilur bankinn sér rétt til að innheimta gjald af fjárfesti fyrir vörslu hlutanna í samræmi við vaxta- og verðskrá verðbréfaþjónustu sem aðgengileg er á www.vib.is. Fjárfestir mun ekki geta átt viðskipti með eða hreyft þá hluti sem afhentir eru inn á vörslureikning sem stofnaður er með framangreindum hætti í hans nafni nema hann hafi lokið við afhendingu þeirra gagna og veitingu þeirra upplýsinga sem Íslandsbanki hf. krefst til stofnunar vörslureiknings með fullnægjandi hætti.

Umsjónaraðili útboðsins annast innheimtu og uppgjör allra viðskipta seljenda í tengslum við útboðið. Af hálfu seljenda, umsjónaraðila eða útgefanda verður enginn kostnaður lagður sérstaklega á fjárfesta vegna viðskiptanna. Fjárfestar þurfa sjálfir að kynna sér hvort einhver kostnaður eða gjöld falla á þá hjá öðrum aðilum í tengslum við viðskiptin.

# 4. UPPLÝSINGAR UM HLUTABRÉFIN OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

## 4.1 Hlutabréf tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Í kjölfar þess að lýsing útgefandans, dagsett 26. nóvember 2013, hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun stjórn félagsins óska eftir að allir útgefnir hlutir í N1 hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Markmiðið með því að fá hluti N1 hf. tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að stuðla að auknum seljanleika hluta í félaginu, virkari verðmyndun með hlutabréf útgefin af félaginu og dreifðu eignarhaldi og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning.

NASDAQ OMX Iceland hf. mun fara yfir umsóknina og niðurstöður fyrirhugaðs almenns útboðs á hlutum í útgefanda þegar þær liggja fyrir og birta opinberlega ef umsóknin verður samþykkt og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verður með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Stjórn útgefandans telur að N1 hf. uppfylli öll skilyrði fyrir því að hlutabréf í félaginu fáist tekin til viðskipta á Aðalmarkaði, utan skilyrði er varðar hlutafjárdreifingu sem kveður á um að félag hafi a.m.k. 500 hluthafa sem hver á hlutabréf að verðmæti um a.m.k. 100.000 krónur. Stjórn útgefandans bendir á að félagið uppfylli nú þegar það skilyrði Aðalmarkaðar varðandi hlutafjárdreifingu sem kveður á um að almennir fjárfestar eigi samtals a.m.k. 25% hluta í félaginu, en með almennum fjárfesti er þar átt við fjárfesti sem ekki er innherji, aðili fjárhagslega tengdur innherja, móður- eða dótturfélag, aðili sem á meira en sem nemur 10% af hlutafé félagsins, eða aðili sem hefur skuldbundið sig til að losa sig ekki við hlut sinn í lengri tíma. Almennir fjárfestar, skv. þessari skilgreiningu, eiga samtals 36,75% í N1 hf. skv. hlutaskrá félagsins 25. nóvember 2013.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um hlutafjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í eigu FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf. og Íslandsbanka hf., sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari. Það telst almennt útboð til íslenskra fjárfesta í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri N1 hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutabréfanna og fjölbreyttari hluthafahópi, og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði. Stærð útboðsins nemur 25% af útgefnu hlutafé en seljendur áskilja sér rétt til að stækka það í 28%. Seljendur munu falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir að lágmarki 10% af útgefnum hlutum í N1 hf., eða ef NASDAQ OMX Iceland hf. hafnar umsókn útgefanda um að hlutabréf í N1 hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar eða samþykkir hana ekki í síðasta lagi 31. janúar 2014. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta útboðinu, framlengja það eða falla frá útboðinu hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutabréf í N1 hf. verði tekin til viðskipta, ef einhverjir atburðir eiga sér stað sem seljendurnir telja gefa tilefni til þess að ætla að markmið seljenda með útboðinu náist ekki, svo sem eitthvað sem varðar útboðið sjálft, útgefandann, eða seljanda, neikvæð þróun á efnahagsumhverfi eða verðbréfamarkaði á Íslandi. Ef seljendur taka ákvörðun um að falla frá útboðinu samkvæmt framansögðu munu þar með allar áskriftir fyrir hlutum í útboðinu sem og úthlutanir á grundvelli þeirra dæmast ógildar.

Áskriftartímabil útboðsins mun standa yfir 6.-9. desember 2013 og er gert ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar 11. desember 2013. NASDAQ OMX Iceland hf. mun í kjölfarið birta endanlegt svar við umsókn útgefandans um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar. Gert er ráð fyrir að úthlutun til fjárfesta í útboðinu geti átt sér stað 12. desember 2013 og eindagi viðskiptanna verði þá ákvarðaður 17. desember 2013. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með hlutabréf N1 hf. á Aðalmarkaði kauphallarinnar gæti samkvæmt framansögðu orðið 19. desember 2013.

Útgefandi ber kostnað sem hlýst af því að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og er heildarkostnaður félagsins áætlaður um 200 m.kr. Þar er um að ræða kostnað við yfirferð og staðfestingu lýsingar samkvæmt gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins, kostnað við töku hlutabréfa til viðskipta samkvæmt gjaldskrá NASDAQ OMX Iceland hf., þóknanir til umsjónaraðila vegna ráðgjafar til félagsins í því ferli að hlutir félagsins verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf, kostnað við gerð áreiðanleikakannana og aðra kostnaðarliði sem til falla við undirbúning á því að fá hluti félagsins tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Seljendur bera kostnað af markaðssetningu og sölu hlutabréfa í útgefanda sem fyrirhuguð er í almennu útboði í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og er hann áætlaður 70-80 m.kr. miðað við lágmarksverð í útboðinu.

Hlutabréf í N1 hf. hafa ekki áður verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. En árið 1994 voru hlutabréf fyrirrennara þess, Olíufélagsins hf., tekin til viðskipta á Verðbréfaþingi Íslands sem síðar varð Kauphöll Íslands og ber nú jafnframt heitið NASDAQ OMX Iceland. Árið 2002 var nafni Olíufélagsins hf. breytt í Ker hf. og Olíufélagið ehf. stofnað í árslok 2001 um þann hluta rekstrar félagsins er tók til sölu á fljótandi eldsneyti með meiru, en Ker hf. stóð eftir sem eignarhaldsfélag um hluti í Olíufélaginu ehf. og öðrum hlutafélögum. Ker hf. var afskráð úr Kauphöll Íslands árið 2003 í kjölfar yfirtökutilboðs Vörðubergs hf. Árið 2006 var Olíufélagið ehf. selt BNB ehf. sem var stofnað 13. febrúar 2006 en nafni og félagsformi þess var breytt í N1 hf. árið 2007 samhliða samruna nokkurra fyrirtækja innan samstæðunnar.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar söluhömlur eða söluskyldu á hlutum í N1 eftir að útboði lýkur, hvort og þá hvenær eða með hvaða hætti seljendur í útboðinu eða aðrir í hópi stærstu hluthafa N1 munu selja þá eignarhluti sem þeir munu eiga eftir að útboðinu lýkur.

## 4.2 Viðskiptavakt

Félagið hefur gert samninga um viðskiptavakt á hlutum í N1 hf. frá því að hlutirnir eru teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Eru þeir við eigin viðskipti Arion banka hf. og Íslandsbanka hf., sem hvor um sig mun annast viðskiptavakt fyrir eigin reikning gegn þóknun frá félaginu. Báðir bankarnir mun setja fram kaup- og sölutilboð alla viðskiptadaga í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf.

Hjá viðskiptavaka skal stærð hvers tilboðs að lágmarki vera 1.000.000 hlutir en viðskiptavaki ákveður gengi hluta í hvert skipti. Munur kaup- og söluverðs er að hámarki 1,5% og breyting frá síðasta verði skal ekki vera meiri en 3,0%. Breytist verð á hlutum útgefanda innan dagsins um meira en 10% er viðskiptavaka heimilt að auka hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir er dagsins í allt að 3%. Eigi viðskiptavaki viðskipti með hluti útgefanda að markaðsvirði 100 m.kr. eða meira í sjálfvirkri pörun innan dags, þá fellur niður skilyrði um hámarksmun kaup- og sölutilboða innan þess dags. Sé gengið að tilboði viðskiptavaka skal viðskiptavaki leggja fram nýtt tilboð innan 15 mínútna. Viðskiptavaka ber skylda til að bjóða allt að 100 m.kr. að markaðsvirði á hverjum viðskiptadegi.

Samningarnir eru uppsegjanlegir með 30 daga fyrirvara af hálfu útgefanda og viðskiptavaka.

## 4.3 Hlutabréfaflokkurinn

### 4.3.1 Hlutafé

Útgefið hlutafé N1 hf. nemur 1.000.000.000 kr. og er hver hlutur 1 króna að nafnverði. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir.

Engir hlutir í N1 hf. eru í eigu félagsins sjálfs eða dótturfélaga þess. En fyrirliggjandi er heimild til stjórnar til kaupa á eigin bréfum félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, sem veitir henni heimild til að kaupa allt að 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Heimildin takmarkast þó við að kaupverð hlutanna samsvari aldrei hærra gengi en 10% yfir og ekki lægra en 10% undir bókfærðu innra virði hlutafjár félagsins í síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi, eftir því sem við á hverju sinni. Heimildin gildir í átján mánuði frá samþykki hennar, sem var á aðalfundi félagsins þann 7. maí 2013. Lögum samkvæmt fylgir atkvæðisréttur ekki eigin hlutum og eru þeir því ekki taldir með þegar vísað er til virkra hluta.

### 4.3.2 Sérákvæði um hlutafjárhækkun

Engin sérákvæði eru til staðar í samþykktum félagsins sem veita stjórn N1 hf. heimild til að hækka hlutafé félagsins.

### 4.3.3 Tegund og flokkur hlutabréfanna sem á að taka til viðskipta

Allir hlutir í N1 hf. tilheyra sama flokki og eru jafnréttháir samkvæmt samþykktum félagsins. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma.

Hlutabréf félagsins eru gefin út í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerðar nr. 397/2000 sem er sett með stoð í þeim lögum. Hlutabréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf., kennitala 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Auðkenni hlutabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. er N1 og ISIN-númer hlutabréfanna er IS0000020584.

Útgefandi hefur óskað eftir að N1 verði auðkenni N1 hf. hjá NASDAQ OMX Iceland hf. og auðkennið á hlutum útgefandans í viðskiptakerfi kauphallarinnar.

#### 4.3.4 Réttindi

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut á hluthafafundi. Engin sérréttindi fylgja hlutum í útgefanda. Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda umfram það sem leiðir af lögum (þ.m.t. lögum er varða sölu til erlendra aðila) og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum. Hluthafar geta ekki beitt réttindum sínum á grundvelli hlutafjár nema nafn þeirra hafi verið fært í hlutaskrá útgefanda og bera hluthafar skyldu samkvæmt samþykktum til að tilkynna aðilaskipti að hlutum þegar í stað til Verðbréfaskráningar Íslands hf., en allar tilkynningar sem beint er til hluthafa, sem og arðgreiðslur, skulu sendar eða inntar af hendi til þess sem er skráður hluthafi á hverjum tíma í kerfum Verðbréfaskráningar Íslands hf.

Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríkjum um eignarrétt að rafbréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst í verðbréfamiðstöð. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni.

Stjórn félagsins heldur hlutaskrá í löggiltu formi sem grundvallast á skráningu hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Hluthöfum er tryggður aðgangur að hlutaskránni á skrifstofu félagsins og er þeim heimilt að kynna sér efni hennar þar.

Hluthafar hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir reglum sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni. Greiði hluthafi ekki fyrir áskrift sína við hlutafjáraukningu innan tilgreindra fresta nýtur stjórn félagsins réttar samkvæmt samþykktum til að fella niður áskrift viðkomandi hluthafa og endurúthluta þeim hlutum sem ella hefðu komið í hans hlut. Nýtur stjórn félagsins verulegs sjálfdæmis varðandi það til hvaða aðgerða er gripið í þessu sambandi.

Hluthafar eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum. Þeir eiga rétt á að fá greiddan arð frá útgefanda. Hluthafar njóta, sem fyrr segir, forgangsréttar til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína við hækkun hlutafjár útgefanda (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga þeir rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot hans í samræmi við hlutafjáreign og réttarstöðu hlutafjár í kröfuröð samkvæmt samþykktum félagsins og lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Hluthafar eru ekki skyldir til að sæta innlausn hlutar síns, nema til komi heimild samkvæmt lögum.

Hluthafi getur með skriflegu og dagsettu umboði veitt umboðsmanni sínum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Umboð má ekki gilda lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Að auki er hluthöfum heimilt að sækja hluthafafund útgefanda ásamt ráðgjafa, en þó hefur ráðgjafinn hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á slíkum fundi. Þá er stjórn útgefanda heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

Stjórn útgefanda er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti, þ.m.t. greitt atkvæði, án þess að vera á fundarstað. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér umrædda heimild þurfa að tilkynna skrifstofu útgefanda um þá fyrirætlan eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafundinn, en nauðsynlegt er að slíkri tilkynningu fylgi þær spurningar sem varða framkvæmd fundarins sem hluthafinn óskar svara við á fundinum, sem og þau gögn sem hluthafinn vill leggja fram ef slíku er að skipta. Um rafræna þátttöku og/eða rafrænar atkvæðagreiðslur á fundum hluthafa gilda að öðru leyti ákvæði 80. gr. a hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Stjórn útgefanda er heimilt, ákveði stjórnin að nýta ekki heimild til að bjóða upp á rafræna þátttöku í hluthafafundi, að kveða á um það í fundarboði til hluthafafundar, að hluthöfum sé heimilt að greiða bréflega atkvæði um einstök málefni sem eru á dagskrá fundarins. Verði heimild þessi nýtt mun hennar getið í fundarboði hluthafafundarins og verður framkvæmd þessa útskýrð þar.

Hluthafafundir útgefanda skulu boðaðir með þriggja vikna fyrirvara hið skemmsta, en til fundanna verður boðað með tilkynningu til hvers hluthafa, ellegar með auglýsingu í dagblaði. Fundur hluthafa telst lögmætur án tillits til fundarsóknar ef réttilega hefur verið boðað til fundarins. Hluthafar geta nálgast fundargögn á skrifstofu útgefanda. Samkvæmt samþykktum útgefanda er réttur hluthafa til að fá tiltekin mál tekin fyrir á hluthafafundi háð takmörkunum. Stjórn útgefanda er skylt að boða til hluthafafunda ef endurskoðandi útgefanda eða hluthafar sem ráða yfir 1/10 hluta hlutafjár útgefanda krefjast þess skriflega. Skirrist stjórn útgefanda við að boða

hluthafafund þegar skylt er samkvæmt ofangreindu skal hluthöfum heimilt að fá slíkan fund boðaðan á grundvelli heimildarákvæða 87. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 ræður einfaldur meirihluti atkvæða (afl atkvæða) úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum eða samþykktum útgefanda. Falli atkvæði jöfn við kosningar í félaginu skal hlutkesti ráða niðurstöðu. Í samræmi við 22. gr. samþykkta félagsins skal ákvörðun um breytingu samþykkta tekin á hluthafafundi og þarfnast samþykkis minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Tryggt skal við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- eða varastjórn, að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða um kynjahlutföll við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- eða varastjórn, þá er stjórnarkjörið ógilt og skal það endurtekið í samræmi við 17. gr. samþykkta félagsins.

Samkvæmt samþykktum útgefanda er útgefanda heimilt að veita starfsmönnum sínum eða starfsmönnum tengdra félaga lán til kaupa á hlutum í útgefanda, kaupa slíka hluti fyrir þá eða setja tryggingu fyrir þá í tengslum við slík kaup, að því gefnu að mælt sé fyrir um slíkt í samþykktum starfskjaraáætlunum og kaupréttaráætlunum félagsins. Engin kaupréttaráætlun er til staðar hjá félaginu, engin útistandandi fyrirgreiðsla af hálfu félagsins varðandi hlutabréfakaup starfsmanna eða lán til hlutabréfakaupa eða veitingu trygginga í slíkum viðskiptum, og engin ákvörðun hefur verið tekin hjá félaginu um slík áform.

#### 4.3.5 Arðgreiðslur

Stjórn N1 hefur mótað sér stefnu varðandi fjármagnsskipan félagsins og arðgreiðslur. Samkvæmt henni mun m.a. stjórnin miða arðstillögur sem lagðar verða fyrir hluthafafundi við að hið minnsta 50% af hagnaði hvers árs verði greidd til hluthafa í formi arðs og stefna að því að eiginfjárhlutfall félagsins verði yfir 40%.

Félagið greiddi ekki arð vegna fjárhagsáranna 2010 til 2012, en arðgreiðslur voru óheimilar samkvæmt lánasamningum félagsins fram að því að hlutabréf í félaginu væru tekin til viðskipta í kauphöll.

Á aðalfundi skal tekin fyrir ákvörðun um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félagsins á reikningsárinu. Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslu í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar. Aðalfundur tekur sömuleiðis ákvörðun um hvernig mæta skuli halla að fenginni tillögu stjórnar. Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995 varðandi slíka ákvörðun. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það og er óheimilt að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu, samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laganna, inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar. Aðalfund skal, skv. 14. gr. samþykkta félagsins, halda fyrir lok ágústmánaðar ár hvert.

Arður er greiddur hluthafa í samræmi við skráða eign hans í hlutaskrá félagsins. Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Verði umsókn útgefanda um töku hlutabréfa hans til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkt mun félagið fylgja tilmælum NASDAQ OMX Iceland hf. samkvæmt lið 2.13 í Viðauka við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga frá 1. desember 2009. Samkvæmt tilmælunum skal í tilkynningu um arðgreiðslu m.a. tilkynna um arðsréttindadag, arðleysisdag og útborgunardag arðs. Hlutafélög sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað skulu birta opinberlega slíka tilkynningu fyrir aðalfund. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga, en samkvæmt lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda. Það er á ábyrgð hluthafa að aðsetur hans sé rétt skráð hjá hluthafaskrá og firrir félagið sig ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna útgefanda um eigenda- eða aðsetursskipti.

#### 4.3.6 Eignarréttindi og framsal hluta

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda samkvæmt samþykktum N1 hf. Hluti í útgefanda má því selja og veðsetja nema annað leiði af lögum (þ.m.t. lög er takmarka hreyfingar fjármuna, m.a. hvað snertir framsal hlutafjár til erlendra aðila). Það skal þó hafa hugfast að einstakir hluthafar geta samið um það sín á milli að meðferð á hlutum þeirra sé takmörkunum háð. Hluthafi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi fært sönnur á eign sína að hlutnum.

Þegar hlutur hefur verið að fullu greiddur skal hluthafi fá rafbréf útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir útgefanda og lög mæla fyrir um á

hverjum tíma. Um rafræna eignarskráningu verðbréfa gilda lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerð nr. 397/2000, sem er sett með stoð í þeim lögum. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

Útprentun frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grunnur að hlutaskrá. Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar skulu sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Félagið tekur enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti. Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi.

Aðeins þeir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við verðbréfamiðstöð geta haft heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni. Skráning í verðbréfamiðstöð fyrir milligöngu slíks aðila jafngildir tilkynningu til félagsins. Eigandi rafbréfs velur sér slíkan aðila sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfi á reikninga í hans nafni. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð frá aðila með aðildarsamning við verðbréfamiðstöðina.

### 4.3.7 Innlausn

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

### 4.3.8 Lögbundin yfirtökutilboð og tilboðsskylda

Samkvæmt 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti er kveðið á um skyldu aðila sem hefur beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi, þar sem flokkur verðbréfa hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu;
2. hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu; eða
3. hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar í félaginu.

Yfirtökutilboðið skal vera sett fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð. Samkvæmt 103. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti skal tilboðsgjafi bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. er stærsti hluthafi í N1 hf. með 35,90% og eini aðilinn sem fer með 30% atkvæðisréttar í félaginu eða meira, sem eru skilgreind mörk yfirráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Í útboðinu sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari áformar hann að selja sem nemur 15% af útgefnum hlutum í N1 hf. Að útboðinu loknu gerir FSÍ því að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara með 20,90% atkvæðisréttar í N1 hf. og fara ekki með yfirráð í félaginu samkvæmt framangreindri skilgreiningu.

Seljendur munu falla frá útboðinu ef áskriftir fást ekki fyrir að lágmarki 10% hluta í félaginu. Komi til þess að eftirspurn fjárfesta reynist minni en sem nemur þeim 25% sem framboð seljenda segir til um, þá nemur möguleg lágmarksstærð útboðsins því 10% af útgefnum hlutum N1. Í slíku minna útboði en áformað er gæti FSÍ mögulega selt allt niður í 4-6% eignarhlut í N1 (eftir því hvernig eftirspurn fjárfesta skiptist milli einstakra hluta útboðsins) og að öðru óbreyttu farið með allt að 31,90% atkvæðisréttar að útboði loknu. Ef NASDAQ OMX Iceland hf. myndi í kjölfar slíks minna útboðs samþykkja að taka hlutabréf N1 hf. til viðskipta á Aðalmarkaði, þá gæti FSÍ farið með yfirráð í félaginu samkvæmt skilgreiningunni. Hluthafi sem fer með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er undanþeginn tilboðsskyldu samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

Upplýsingar varðandi stærstu hluthafa í félaginu er að finna í kaflanum *5.1 Hluthafar* í útgefandalýsingu N1, dagsettri 26. nóvember 2013.

### 4.3.9 Innlausnarréttur

Samþykktir N1 hf. mæla fyrir um að hluthöfum sé ekki skylt að sæta innlausn hluta sinna. Þess skal þó getið að hluthafar kunna að þurfa sæta innlausn samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í 24. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er kveðið á um að ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög getur hver einstakur annar hluthafi krafist innlausnar, að sömu skilyrðum uppfylltum.

Komi til þess að hlutabréf N1 hf. verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. taka gildi ákvæði 110. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti sem eru í samræmi við framangreind ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þar kemur fram að ef hluthafi og aðilar sem hann er í samstarfi við eiga meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ráða yfir samsvarandi atkvæðamagni geta hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Eins getur hver einstakur af minnihluta hluthafa krafist innlausnar hjá þeim hluthafa.

Á þeim tíma sem hlutir félagsins verða teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. fer enginn einstakur hluthafi með 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félaginu.

### 4.3.10 Safnskráning

Reglur um varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum er að finna í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í 12. gr. laga nr. 108/2007 kemur fram að fjármálafyrirtæki sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar, getur viðskiptavinur á grundvelli áðurnefndrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Í 31. gr. laga nr. 2/1995 er kveðið á um að eigandi hlutar geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins. Hið sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Hlutum sem skráðir eru safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum.

Það að hlutabréf séu skráð safnskráningu undanskilur ekki viðkomandi hluthafa frá ákvæðum IX. kafla laga nr. 108/2007 um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun). Hlutir í eigu aðila sem varðveittir eru á safnreikningi skulu taldir með við afmörkun á því hvort tiltekin viðskipti séu flöggunarskyld.

### 4.3.11 Slit eða skipti á félaginu

Í samræmi við 23. gr. í samþykktum félagsins skal fara með tillögur um slit á félaginu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þarf atkvæði sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að slík ákvörðun sé gild. Hluthafafundur sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Að öðru leyti skulu slit, skipting eða samruni útgefanda við annað félag fara fram í samræmi við XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

### 4.3.12 Skattamál

Hér á eftir fer almenn samantekt á tilteknum atriðum er varða skattlagningu tekna sem stafa frá fjárfestingu í hlutabréfum, nánar tiltekið arðstekna og söluhagnaðar, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt (tekjuskattslög).

Skattlagning teknanna fer eftir gildandi tekjuskattslögum hverju sinni, en þau geta tekið breytingum frá því sem nú er. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar hjá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í hlutabréfum í útgefanda kann að hafa í för með sér, þ.m.t. áhrifa erlendra lagareglna og áhrifa tvísköttunarsamninga Íslands við önnur ríki. Samantektin hér að neðan tekur til laga sem gilda á dagsetningu þessarar lýsingar. Samantektin tekur ekki á skattalegum afleiðingum þegar hlutabréf eru hluti af eignasafni.

Hlutabréf í útgefanda eru stimpilsgjaldskyld og greiðir útgefandi stimpilgjöld af þeim bréfum sem kunna að vera gefin út. Stimpilgjöld hafa þegar verið greidd af öllum útgefnum hlutum í N1 hf.

Félaginu er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum til innlendra hluthafa, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Staðgreiðsluskatturinn sem haldið er eftir skal miðast við viðeigandi skatthlutfall þess sem tekur við arðgreiðslunni. Ef staðgreiðsluskatturinn sem haldið er eftir er hærri en álagningin mun Ríkisskattstjóri endurgreiða mismuninn í kjölfar álagningar. Gagnvart íslenskum aðilum, öðrum en þeim sem eru undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts, er litið á staðgreiðsluna sem fullnaðargreiðslu.

Útgefandi ábyrgist gagnvart fjárfestum að halda eftir afdráttarskatti af arði sem greiddur er innlendum og erlendum aðilum.

Í tilviki einstaklinga telst arður sem ekki myndast í tengslum við atvinnurekstur viðkomandi til fjármagnstekna sbr. C-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Á dagsetningu lýsingar þessarar er fjármagnstekjuskattshlutfall 20%. Enginn frádráttur er heimill.

Arðgreiðslur til skattskyldra lögaðila teljast að fullu til tekna hjá viðkomandi skattaðila og eru skattlagðar í almennu tekjuskattshlutfalli viðkomandi. Einkahlutafélögum, hlutafélögum og samlagshlutafélögum, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, er heimilt að draga frá tekjuskattstofni sínum fjárhæð sem nemur móttekinni arðgreiðslu.

Söluhagnaður hlutabréfa telst almennt til skattskyldra tekna. Söluhagnaður er reiknaður sem mismunur á söluverði og meðalkaupverði allra hluta af sömu tegund og í sama flokki, að teknu tilliti til kostnaðar við söluna.

Í tilviki einstaklinga telst söluhagnaður hlutabréfa til fjármagnstekna. Á dagsetningu lýsingar þessarar er fjármagnstekjuskattshlutfall 20%. Einstaklingar geta nýtt tap af sölu hlutabréfa á móti hagnaði af sölu hlutabréfa innan sama almanaksárs en tap getur ekki verið flutt milli ára til að mæta skattlagningu á söluhagnaði hlutabréfa síðar.

Hjá skattskyldum lögaðilum telst söluhagnaður hlutabréfa að fullu til tekna hjá viðkomandi. Einkahlutafélögum, hlutafélögum og samlagshlutafélögum, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, er heimilt að draga frá tekjuskattstofni sínum fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði.

Tekjur sem aðili með skattalega heimilisfesti utan Íslands aflar hér á landi eru framtals- og skattskyldar á Íslandi. Viðkomandi getur þó átt rétt á takmörkun eða undanþágu frá álögðum skatti á grundvelli tvísköttunarsamnings, sé hann til staðar milli Íslands og þess ríkis þar sem viðkomandi er með skattalega heimilisfesti. Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við um ríflega 30 ríki. Samningarnir eru alla jafna í samræmi við fyrirmynd tvísköttunarsamnings frá OECD (OECD Model Tax Convention on Income and on Capital).

Aðili sem hyggst nýta sér réttindi skv. tvísköttunarsamningi skal skila inn staðfestingu á skattalegu heimilisfesti sem gefið er út af viðeigandi opinberum aðila í hinu samningsríkinu. Telja skal tekjurnar fram í framtali hér á landi og vísa til viðeigandi réttinda í tvísköttunarsamningi.

Arðstekjur og söluhagnaður aðila með skattalega heimilisfesti utan Íslands sæta staðgreiðslu hér á landi, sbr. A-lið 2. gr. laga nr. 45/1987. Seljanda eða millilið á borð við verðbréfamiðlanir fjármálastofnana er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af söluandvirði. Greiðanda arðs er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum. Skatthlutfallið er nú 20%.

Ef við á geta aðilar sótt um endurgreiðslu og/eða undanþágu frá staðgreiðsluskyldu samkvæmt viðeigandi ákvæðum tvísköttunarsamnings. Það er alltaf skilyrði fyrir undanþágu að fyrir liggi staðfesting á skattalegri heimilisfesti sem gefin er út af viðeigandi opinberum aðila í heimilisfestisríki.

Félögum með takmarkaða ábyrgð (og tilteknum öðrum sambærilegum formum af félögum) innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem afla arðstekna eða mynda söluhagnað, sem hefur sætt staðgreiðsluskatti á Íslandi, er heimilt að skila inn skattframtali á Íslandi og nýta sér frádráttarheimild líkt og lýst er hér að framan, og fá endurgreiðslu oftekinnar staðgreiðslu við álagningu næsta árs.

# 5. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 26. nóvember 2013, sem varðar og birt er í tengslum við almennt útboð á hlutum í N1 hf. og umsókn um töku allra útgefinna hluta í N1 hf. til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Hvortveggja fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 og tilskipun 2010/73/ESB um lýsingar og undirgerðir þeirra hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, þ.e. reglugerðar nr. 837/2013 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum I og III við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006. Verðbréfalýsingin uppfyllir ákvæði III. viðauka sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í verðbréfalýsingu fyrir hluti. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi í samræmi við 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Lýsingin er á íslensku og er birt á Íslandi. Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 26. nóvember 2013 og má nálgast á vef félagsins, www.n1.is/fjarfestatengsl. Einnig verður frá 29. nóvember 2013 hægt að nálgast innbundin eintök í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi og hjá Arion banka hf. í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Lýsing útgefanda, dagsett 26. nóvember 2013, inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda, sem og upplýsingar um þau réttindi sem fylgja verðbréfunum. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsingu þessa, dagsetta 26. nóvember 2013, og er þeim ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð og geta breyst frá dagsetningu undirritaðrar lýsingar og fram að þeim degi þegar verðbréfin eru tekin til viðskipta. Ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum, koma fram á þessu tímabili, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda, sem dagsett er 26. nóvember 2013, má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila útboðs, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkaði eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum N1 og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum í útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af lýsingunni skal hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðeigandi landa. Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af lýsingunni skal hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan. Útgefandi, seljendur eða umsjónaraðilar eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila.

Verði hlutabréf, gefin út af N1, tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., þá lýtur N1 sem útgefandi upplýsingaskyldu frá þeim tíma á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, birtir tilkynningar opinberlega og lýtur reglum NASDAQ OMX Iceland hf. Núgildandi Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009, kveða m.a. á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma, og að upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar

forsendur og aðstæður sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfanna beri að birta eins fljótt og unnt er. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til FME í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, auk þess sem þær skulu vera sendar til NASDAQ OMX Iceland hf. í eftirlitsskyni í samræmi við reglur NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga. N1 mun birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni www.n1.is/fjarfestatengsl.

## 5.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli er vakin á hugsanlegum hagsmunaárekstrum aðila sem sitja í stjórn N1 fyrir tilstilli stórra hluthafa, en þeir eru raktir í útgefandalýsingu félagsins dagsettri 26. nóvember 2013, kafla *4.4.2 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar*.

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. kunna að hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutum í N1 hf. og ósk um að hlutir í N1 verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.:

- Íslandsbanki hf. á 17,3% hlutafjár í N1 hf., er annar af tveimur seljendum í útboðinu og býður þar 10% eignarhlut í útgefanda, en áskilur sér rétt til að auka það í allt að 13% hlut.
- Eigin viðskipti Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. hafa gert samning við útgefanda um viðskiptavakt á hlutum útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og verður hún framkvæmd fyrir reikning viðkomandi banka gegn þóknun frá útgefanda.
- Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með töku á hlutum útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., þar með talið umsjón með gerð lýsingar, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og fær þóknun frá seljendum fyrir þá þjónustu. Annar söluaðili útboðsins er verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf. og fær þóknun frá seljendum fyrir þá þjónustu. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. veitti útgefanda ráðgjöf við gerð áreiðanleikakönnunar í aðdraganda útgáfu N1 á þessari lýsingu, umsóknar félagsins um töku á hlutabréfum til viðskipta og almenns útboðs, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Íslandsbanki hf. er lánveitandi N1 hf., en fyrirtækjasvið bankans annast þau viðskipti.
- Íslandsbanki hf. er viðskiptabanki útgefanda og annast fyrirtækjasvið og viðskiptabankasvið bankans þau viðskipti.
- Aðrar deildir bankanna tveggja, sem annast viðskipti við útgefanda, eru markaðsviðskipti fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. og markaðir Íslandsbanka hf.

Arion banka hf. og/eða Íslandsbanka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16 gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Bankarnir fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um reglur Arion banka hf. annars vegar og hins vegar reglur Íslandsbanka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en þær er að finna á vefslóðinni http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Reglur-og-samthykktir/Hagsmunaarekstrar/2011-11-15_Hagsmunaárekstrar.pdf og http://islandsbanki.is/library/Skrar/hagsmunareglur.pdf, og að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í lýsingu þessari.

Hér á eftir fara upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra:

*Arion banki hf. býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu fyrir stóran hóp viðskiptavina. Í slíkri viðskiptastarfsemi getur sú staða óhjákvæmilega komið upp að hagsmunir viðskiptavina Arion banka hf. fara ekki saman við hagsmuni Arion banka hf. (þ.m.t. hagsmunir starfsmanna eða aðila tengdum bankanum); og/eða hagsmuni annarra viðskiptavina Arion banka hf. Komi þessi staða upp mun bankinn grípa til allra skynsamlegra leiða til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar leiði af sér tjón fyrir viðskiptavini. Hjá Arion banka hf. er skriflegt fyrirkomulag, bæði kerfislegt og stjórnunarlegt, til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu falið í sér raunverulega hættu á tjóni fyrir einn eða fleiri viðskiptavini bankans. Arion banki hf. fylgir ákveðnu fyrirkomulagi til að hafa stjórn á og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Fyrirkomulagið miðast við að tryggja að starfsfólk og félög innan Arion banka hf. geri sér grein fyrir hættunni á hagsmunaárekstrum, vinni sjálfstætt og leitist við að vernda hagsmuni viðskiptavina. Þetta felur í sér: skilvirkt ferli til stýringar á flæði upplýsinga; sérstaka yfirumsjón með starfsfólki, sem hefur það meginhlutverk að þjónusta viðskiptavini vegna hagsmuna sem mögulega gætu stangast á við aðra ríka hagsmuni (þ.m.t. hagsmuni Arion banka hf.); aðskilnað milli starfsfólks sem starfar og þiggur laun/þóknun á mismunandi sviðum bankans þar sem hagsmunaárekstrar gætu myndast;*

*úrræði til að koma í veg fyrir eða takmarka að einstaklingur geti haft óeðlileg áhrif á hvernig þjónusta er veitt eða starfsemi fer fram; og úrræði til að koma í veg fyrir eða stjórna aðkomu utanaðkomandi starfsmanna þar sem slík aðkoma getur komið í veg fyrir virka stjórn á hagsmunaárekstrum. Ef ljóst er að þær ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sem Arion banki hf. grípur til eru ekki fullnægjandi svo fyrirbyggja megi með nægjanlegri vissu hættu á tjóni á hagsmunum viðskiptavina, mun Arion banki hf. greina frá með skýrum hætti um eðli og/eða orsakir hagsmunaárekstra áður en viðskipti fara fram.*

Hér á eftir fara upplýsingar um stefnu Íslandsbanka hf. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum:

*Íslandsbanki hf. (hér eftir nefndur „Íslandsbanki") er fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfaviðskipta, sem veitir fjölbreytta fjármálaþjónustu. Bankinn ber ábyrgð á því að stjórn hans og starfsmenn hagi starfi sínu í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur og að gerðar séu allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi bankans. Íslandsbanki hefur sett sér Stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og er markmið stefnunnar að sýna fram á að bankinn, stjórn og starfsmenn fari að lögum og reglum sem gilda um starfsemi hans og geri allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra til að tryggja trúverðugleika í viðskiptum bankans og viðskiptavina. Í stefnunni er gerð grein fyrir þeim aðstæðum í starfsemi bankans sem valdið geta hagsmunaárekstrum sem skaðað geta hagsmuni viðskiptavina. Skal bankinn greina þá hagsmunárekstra sem komið geta upp: milli bankans og viðskiptavinar; og milli viðskiptavina innbyrðis. Þá er gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og hvernig tekið skuli á því komi þeir upp. Til þess að ná markmiði stefnu þessarar leitast bankinn við að: greina og tiltaka þær aðstæður sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér verulega hættu á að hagsmunir viðskiptavina skaðist; skrá verkferla og tilgreina verklag sem bankanum ber að fylgja og gera ráðstafanir í því skyni að hafa stjórn á slíkum hagsmunaárekstrum; og viðhalda virkum kerfum til þess að koma í veg fyrir að viðskiptavinir verði fyrir skaða vegna hagsmunaárekstra sem greindir hafa verið. Hagsmunaárekstrar geta skapast þegar bankinn veitir viðskiptavinum sínum fjárfestingaþjónustu sem getur haft í för með sér ávinning fyrir bankann eða aðra viðskiptavini hans og leiðir til þess, eða getur leitt til þess, að veruleg hætta skapist á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist. Ekki er alltaf um hagsmunaárekstra að ræða þótt bankinn njóti ávinnings ef viðskiptavinir hans verða ekki fyrir skaða. Þeir sem stefnan nær til skulu kappkosta að greina og koma í veg fyrir að aðstæður skapist sem valdið geta hagsmunaárekstrum. Þegar til staðar eru aðstæður sem geta mögulega haft í för með sér hagsmunaárekstra milli bankans og viðskiptavinar ber bankanum að láta hagsmuni viðskiptavinarins ganga fyrir eigin hagsmunum. Bankinn gerir ýmsar ráðstafanir í því skyni að greina og hafa stjórn á þeim hagsmunaárekstrum sem kunna að vera til staðar innan bankans. Slíkar ráðstafanir geta verið mismunandi eftir því um hvaða viðskiptasvið og tegund þjónustu er að ræða. Bankinn notar meðal annars svokallaða Kínamúra til að koma í veg fyrir að innherjaupplýsingar eða trúnaðarupplýsingar berist á milli einstakra eininga og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi bankans. Þar sem ráðstafanir bankans veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina bankans sé nægjanlega gætt skal upplýsa viðkomandi viðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskiptasambands er stofnað milli bankans og viðskiptavinarins ef unnt er, að öðrum kosti áður en viðeigandi viðskipti eiga sér stað.*

## 5.2 Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda", „N1", eða „félagsins" í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til N1 hf., kennitala 540206-2010, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, nema annað megi skilja af samhengi textans. N1 hf. er lögformlegt heiti útgefandans og viðskiptaheiti.

Vísun til „hlutanna" eða „hlutabréfanna" í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefinna hlutabréfa N1 hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í flokki hlutabréfa með auðkennið N1 og ISIN-númerið IS0000020584, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „lýsingarinnar" í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til lýsingar útgefanda, dagsettrar 26. nóvember 2013, sem er birt í tengslum við almennt útboð á hlutum í N1 hf. og umsókn um töku allra útgefinna hluta í N1 hf. til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 26. nóvember 2013. Framangreind skjöl má finna á vef félagsins, www.n1.is/fjarfestatengsl.

Vísun til „seljenda", í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf., kennitala 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík; og Íslandsbanka hf., kennitala 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „seljanda" í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til annars seljenda, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „umsjónaraðila“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til fyrirtækjaráðgjafar fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, ef ráðið verður af samhengi textans að átt sé við umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „umsjónaraðila“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka hf., kennitala 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, ef af samhengi textans verður ráðið að átt sé við umsjónaraðila með útboði, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „söluaðila“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til umsjónaraðila ásamt verðbréfamiðlunar Íslandsbanka hf., nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „NASDAQ OMX Iceland hf.“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., erlent aukaheiti NASDAQ OMX Iceland hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Aðalmarkaðar“ í þessari verðbréfalýsingu, skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar NASDAQ OMX Iceland hf., sem er skipulegur verðbréfamarkaður, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „króna” eða skammstöfunina „kr.” í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Vísanir til tiltekinna klukkutíma í þessari verðbréfalýsingu skulu túlkaðar sem tilvísanir til tímasetninga að íslenskum staðartíma.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

## 5.3 Ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, hefur umsjón með því ferli að fá hluti í N1 hf. tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur unnið að gerð verðbréfalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá seljendum og frá útgefanda. Þar á meðal er hún byggð á beinum og óbeinum upplýsingum úr lögfræðilegri, fjárhagslegri og skattalegri áreiðanleikakönnun. Lýsingin er m.a. byggð á endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2010, 2011 og 2012, endurskoðuðum árshlutareiningi fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2013, og óendurskoðuðum árshlutareikningum fyrir tímabilin 1. janúar – 30. september árin 2011, 2012 og 2013, auk óendurskoðaðra árshlutareikninga fyrir hvern fjórðung á því tímabili sem framangreindir reikningar taka til, sem jafnframt innihalda samanburðartímabil.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kennitala 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, hefur umsjón með almennu útboði á hlutum í N1 hf. sem lýst er í verðbréfalýsingu þessari og efnt er til í tengslum við framangreint ferli.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hafði umsjón með gerð áreiðanleikakannana í aðdraganda útgáfu N1 á þessari lýsingu, umsóknar félagsins um töku á hlutabréfum til viðskipta og almenns útboðs. Eftirfarandi áreiðanleikakannanir voru framkvæmdar í júní 2013 og náðu þær til starfsemi félagsins aftur til 1. janúar 2010 auk einstakra efnisþátta sem náðu allt aftur til ársins 2006. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Juris slf., kennitala 580411-0610, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Könnunin tók til uppbyggingar félagsins, félagaréttartengdra atriða, frjáls nauðasamnings sem gerður var um félagið í júní 2011, nýlegrar fjárhagslegrar endurskipulagningar, regluverks, heimilda og leyfa og samskipta við opinbera aðila, samninga, fasteigna og lausafjár, leiguréttinda, starfsmannamála, hugverkaréttinda og upplýsingatækni, dómsmála og annars ágreinings, fjármögnunar, umhverfismála og samkeppnismála, auk annarra atriða. Skattaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Nordik lögfræðiþjónusta slf., kennitala 590505-0560, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík. Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Deloitte FAS ehf., kennitala 620607-0100, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

## 5.4 Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda

Fjárhagsupplýsingar í öðrum kafla verðbréfalýsingar þessarar varða óendurskoðaðan árshlutareikning N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar – 30. september 2013, endurskoðaðan ársreikning N1 hf. fyrir árið 2012 og óendurskoðaðan árshlutareikning N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar – 30. september 2012. Ernst & Young ehf., kennitala 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað ársreikning fyrir árið 2012 og árshlutareikning N1 hf. fyrir tímabilið sem lauk 30. júní 2013. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Vegna endurskoðunar ársreiknings N1 hf. fyrir árið 2012 og árshlutareiknings N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 30. júní 2013 var það álit Ernst & Young ehf. að ársreikningurinn og árshlutareikningurinn gæfu glögga mynd af afkomu félagsins á viðkomandi tímabili, efnahag þess í lok tímabils og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir voru samþykktir af Evrópusambandinu. Áritun framangreindra reikninga var án athugasemda. Ernst & Young ehf. staðfestir að fjárhagsupplýsingar í öðrum kafla verðbréfalýsingar þessarar eru í samræmi við endurskoðaðan ársreikning og óendurskoðaða árshlutareikninga.

Reykjavík, 26. nóvember 2013

Fyrir hönd Ernst & Young ehf.

***Jóhann Unnsteinsson***

löggiltur endurskoðandi

## 5.5 Yfirlýsing seljenda

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf., kennitala 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Framtakssjóðs Íslands slhf., sem væntanlegs seljanda í almennu útboði á hlutum í N1 hf., að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingar um útboðið, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika þeirra.

Reykjavík, 26. nóvember 2013

Fyrir hönd FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf.

| | |
|---|---|
| ***Þorkell Sigurlaugsson*** | ***Brynjólfur Bjarnason*** |
| formaður stjórnar | framkvæmdastjóri |

Bankastjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka hf., kennitala 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Íslandsbanka hf., sem væntanlegs seljanda í almennu útboði á hlutum í N1 hf., að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingar um útboðið, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika þeirra.

Reykjavík, 26. nóvember 2013

Fyrir hönd Íslandsbanka hf.

| | |
|---|---|
| ***Birna Einarsdóttir*** | ***Jón Guðni Ómarsson*** |
| bankastjóri | framkvæmdastjóri fjármálasviðs |

## 5.6 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri N1 hf., kennitala 540206-2010, Dalsvegi 10-14, 201 Kópavogi, lýsa því yfir fyrir hönd N1 hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem verðbréfalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Kópavogi, 26. nóvember 2013

Fyrir hönd N1 hf.

| | |
|---|---|
| ***Margrét Guðmundsdóttir*** | ***Eggert Benedikt Guðmundsson*** |
| formaður stjórnar | forstjóri |

# *Útgefandalýsing*

Nóvember 2013

Arion banki

*Efnisyfirlit*


1. Áhættuþættir ... 2
   1.1 Efnahags- og stjórnmálaumhverfi ... 2
   1.2 Áhættustýring félagsins og innra eftirlit ... 4
   1.3 Gengisáhætta ... 4
   1.4 Olíuverðsáhætta ... 6
   1.5 Lausafjáráhætta ... 6
   1.6 Vaxta- og fjármögnunaráhætta ... 7
   1.7 Lánsáhætta ... 7
   1.8 Lagaleg áhætta ... 8
   1.9 Rekstraráhætta ... 13
   1.10 Uppbygging á eignarhaldi útgefanda ... 16
2. Samandregnar fjárhagsupplýsingar ... 18
3. Upplýsingar um útgefandann ... 22
   3.1 Útgefandi ... 22
   3.2 Lagaumhverfi ... 22
   3.3 Ágrip af sögu N1 ... 22
   3.4 Starfsemi og starfssvið ... 23
   3.5 Helstu markaðir ... 27
4. Stjórnarhættir, stjórn, lykilstjórnendur og endurskoðendur ... 29
   4.1 Stjórnarhættir ... 29
   4.2 Stjórn útgefanda ... 31
   4.3 Lykilstjórnendur ... 34
   4.4 Aðrar upplýsingar um stjórn og lykilstjórnendur ... 36
   4.5 Viðskipti við tengda aðila ... 37
   4.6 Endurskoðendur ... 38
5. Hluthafar og hlutafé ... 39
   5.1 Hluthafar ... 39
   5.2 Hlutafé ... 40
   5.3 Réttindi hluthafa ... 40
   5.4 Þróun hlutafjár ... 42
6. Fjárhagsyfirlit 1.1.2010 – 30.9.2013 ... 43
   6.1 Þróun, horfur og fjárhagsleg markmið ... 43
   6.2 Fjárhagsyfirlit fyrstu níu mánuði áranna 2011-2013 ... 44
   6.3 Fjárhagsyfirlit fjárhagsáranna 2010-2012 ... 51
   6.4 Rekstraryfirlit hvers ársfjórðungs 1. janúar 2011 - 30. september 2013 ... 61
   6.5 Lykiltölur ... 63
7. Tilkynning til fjárfesta ... 64
   7.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar ... 65
   7.2 Skilgreiningar og tilvísanir ... 67
   7.3 Gildistími og aðgengi að lýsingu ... 69
   7.4 Skjöl til sýnis ... 69
   7.5 Upplýsingar frá þriðja aðila ... 69
   7.6 Ráðgjafar ... 70
   7.7 Yfirlýsing endurskoðenda útgefandans ... 70
   7.8 Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda ... 71
8. Samþykktir N1 hf. ... 72
9. Árs- og árshlutareikningar N1 hf. 1.1.2010 - 30.9.2013 ... 77

# 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem N1 hf., kt. 540206-2010, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi (einnig nefnt „N1“, „útgefandinn“, „félagið“ í útgefandalýsingu þessari) er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um félagið og þá atvinnugrein sem það starfar innan og gætu haft áhrif á virði verðbréfa útgefnum af félaginu.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum sem N1 hf. gefur út er mikilvægt að fjárfestar kynni sér og leggi sjálfstætt mat á allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu félagsins sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari og viðeigandi verðbréfalýsingu útgefanda og samantekt. Sérstaklega er fjárfestum bent á að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflum um áhættuþætti og gætu haft veruleg áhrif á N1 og fjárfestingar í verðbréfum útgefnum af félaginu.

Ekki er hægt með neinni vissu að meta líkur þess að einhver tiltekinn atburður eigi sér stað, áhrif hans eða hvort hann geti haft keðjuverkandi áhrif og þannig orðið til þess að aðrir atburðir komi til sem valdið geta félaginu eða hluthöfum þess tjóni.

Hver og einn neðangreindra áhættuþátta gæti haft ítrekuð áhrif á rekstur og efnahag N1 og þar með á verðmæti verðbréfa útgefnum af félaginu. Ekki er hægt að segja til um umfang eða tímamörk slíkra áhrifa.

Umfjöllun um þá áhættuþætti sem útgefandi álítur að skipti máli fyrir útgefanda og verðbréfin sem lýsing þessi tekur til, svo meta megi áhættu sem tengist útgefandanum, atvinnugrein hans og verðbréfum, er að finna í köflum um áhættuþætti í útgefandalýsingu þessari og viðeigandi verðbréfalýsingu útgefandans. Þessi kafli, *1 Áhættuþættir,* inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um útgefandann og atvinnugrein hans, en þeim er ekki skipað í röð eftir mikilvægi. Kaflinn *1 Áhættuþættir* í viðeigandi verðbréfalýsingu inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem útgefandi telur skv. bestu vitund eiga sérstaklega við um verðbréfin svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

## 1.1 Efnahags- og stjórnmálaumhverfi

### 1.1.1 Gengisfall krónunnar 2008 og fjárhagsleg endurskipulagning 2011

Aðstæður í íslensku stjórnmála- og efnahagslífi tóku miklum breytingum haustið 2008 í kjölfar hruns stærstu fjármálastofnana landsins og gengishruns íslensku krónunnar. Árin á undan hafði mikið verið um lántökur íslenskra fyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum og fyrir vikið hækkuðu skuldir margra fyrirtækja verulega við gengisfall krónunnar. Þær hækkanir hafa að einhverju leyti gengið til baka í kjölfar Hæstaréttardóma sem lúta að ólögmæti hluta þeirra lána sem tengd voru erlendum gjaldmiðlum. Markaðsvirði fjölmargra hlutabréfa- og skuldabréfaflokka félaga sem viðskipti voru með á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi hrundi af völdum fjármálakreppunnar árið 2008.

Í lok árs 2010 voru skuldir N1 rúmlega 22 ma.kr. og höfðu þá hækkað úr 14,7 ma.kr. í árslok 2007. Eigið fé var neikvætt um 5,2 ma.kr. og ljóst að félagið þurfti að leita samkomulags við kröfuhafa sína. Að auki var til að dreifa ábyrgðum utan efnahags vegna móðurfélags þess o.fl. Unnt var að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins án aðkomu dómstóla og formlegu nauðasamningsferli á grundvelli gjaldþrotaskiptalaga þar sem einhugur ríkti meðal kröfuhafa félagsins um skuldaskil við félagið sem raskaði ekki daglegum rekstri þess né hafði áhrif á viðskiptasambönd við birgja og aðra viðskiptamenn félagsins. Eigendaskipti urðu að félaginu samhliða fjárhagslegri endurskipulagningu þess eftir svokallaðan frjálsan nauðasamning 24. júní 2011 þar sem kröfuhafar yfirtóku eignarhaldið. Hluthafafundur N1 þann dag samþykkti að færa hlutafé félagsins niður að fullu og að hækka hlutafé félagsins um 1.000.000.000 kr. að nafnverði til uppgjörs á þekktum skuldum við lánadrottna félagsins samkvæmt svokölluðum frjálsum nauðasamningi félagsins og til að efna kaupsamning við Umtak fasteignafélag ehf. Félagið tók einnig lán hjá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. að fjárhæð samtals 8,5 ma.kr.

Gengisfall krónunnar haustið 2008 varð til þess að innleidd voru gjaldeyrishöft. Gjaldeyrishöftin takmarka m.a. möguleika erlendra fjárfesta til að innleysa íslenska fjármálagerninga sem þeir fjárfestu í áður en gjaldeyrishöftin voru sett. Hins vegar gilda ekki jafn strangar reglur um nýjar fjárfestingar erlendra aðila, þar sem gildandi gjaldeyrisreglur bjóða upp á útgönguleið úr slíkum fjárfestingum. Enn fremur er íslenskum fjárfestum óheimilt að ráðast í nýfjárfestingar erlendis skv. núgildandi reglum. Breytingar á gjaldeyrishöftunum geta haft áhrif á framboð og eftirspurn eftir íslenskri krónu og þar með á gengi hennar. Losun eða afnám gjaldeyrishaftanna gæti

til að mynda haft áhrif á starfsemi félagsins ef slíkar aðgerðir leiða til þess að erlendir aðilar selji eignir sínar í íslenskum krónum eða að vextir verði hækkaðir til þess að koma í veg fyrir gengislækkun krónunnar.

Stærstur hluti tekna félagsins er af innlendri starfsemi og því háður þróun og aðstæðum í íslensku efnahagslífi. Hið mikla gengisfall krónunnar haustið 2008 hækkaði verulega innkaupsverð félagsins á eldsneyti og öðrum endursöluvörum sem félagið kaupir erlendis frá, sem eitt og sér hefur hækkað útsöluverð félagsins. Gengisfall haustið 2008 leiddi að sama skapi til mikillar verðbólgu innanlands, sem m.a. hafði veruleg neikvæð áhrif á kaupmátt. Atvinnuleysi jókst úr 2–3% á árunum fyrir hrun í 5–8,7% árin 2010–2012.[1] Þessi þróun íslenska hagkerfisins hefur haft neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi flestra fyrirtækja þar sem kaupmáttur viðskiptavina hefur minnkað með tilheyrandi samdrætti í eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Við slíkar aðstæður kunna fólk og fyrirtæki að velja eða neyðast til að leita leiða til að draga úr notkun sinni á eldsneyti ásamt öðrum vörum og þjónustu sem félagið selur, en slík breyting á eftirspurn eftir vörum og þjónustu félagsins getur bæði haft áhrif á selt magn og framlegðarhlutfall. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að félagið hugi vel að hagkvæmni í reksti.

### 1.1.2 Stjórnmálaumhverfi

Ákvarðanir stjórnvalda, sem m.a. geta stýrst af þróun stjórnmála á Íslandi eða einstökum pólitískum atburðum, geta haft bein eða óbein áhrif á starfsemi N1. Enn fremur lýtur félagið fjölda mismunandi laga og reglugerða og geta breytingar á mikilvægum sviðum ráðist af stjórnmálaumhverfinu á hverjum tíma.

Þar ber hæst ákvarðanir stjórnvalda varðandi skatta, vörugjöld og tolla af eldsneyti, svo og varðandi breytingu á gjaldeyrishöftum og aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á gengi íslensku krónunnar. Einnig geta breytingar á lögum eða reglugerðum er varða samkeppnismál, skipulagsmál og opnunartíma ráðist á pólitískum vettvangi. Það er ekki á færi N1 að draga úr eða stýra þessum áhættuþáttum og því er nauðsynlegt að fjárfestar gefi þeim gaum áður en þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í hlutabréfum félagsins.

### 1.1.3 Skattar

Félagið hefur orðið fyrir áhrifum af breytingum á íslenskri skattalöggjöf og líklegt er að frekari breytingar í framtíðinni muni hafa áhrif á rekstur þess. Frá hruni íslensku bankanna í október 2008, gengishruni krónunnar á sama tíma og þeim mikla samdrætti hagkerfisins sem fylgdi í kjölfarið hefur skattbyrði íslenskra fyrirtækja og heimila þyngst. Vörugjöld sem ríkið leggur ofan á innkaupsverð félagsins á bensíni hafa til að mynda hækkað um rúm 63% frá árinu 2007. Tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja hefur verið hækkaður, en tekjuskattur fyrirtækja er nú 20%, auk þess sem sértækir skattstofnar hafa verið lagðir á fyrirtæki og heimili. Þessir þættir hafa bæði áhrif á verðlagningu félagsins og eftirspurn viðskiptavina og geta þannig haft áhrif á fjárhagslega afkomu félagsins. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkissjóðs fyrir árið 2014 er þó gert ráð fyrir skattalækkunum, en þar er m.a. lagt til að launatengd gjöld fyrirtækja lækki um 0,1 prósentustig 2014 og samtals um 0,34 prósentustig til ársins 2016, og að miðþrep í tekjuskatti einstaklinga lækki um 0,8 prósentustig. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir 3% hækkun á eldsneytissköttum um næstu áramót, en þar er um að ræða hækkun á krónutölugjöldum. Frumvarpið er talið hafa óveruleg áhrif til aukningar á kaupmætti ráðstöfunartekna heimila eða um 0,3%.[2]

Félaginu er ekki kunnugt um að nokkur skattrannsókn sé í gangi á félaginu sjálfu eða hlutdeildarfélögum þess sem gæti haft veruleg áhrif á fjárhag þess. Eins og gildir um öll önnur félög er hugsanlegt að skattagögn félagsins verði tekin til athugunar á síðari stigum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, sem gæti haft áhrif á rekstur þess. Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Félagið og skattyfirvöld gætu verið ósammála um hvernig skuli farið með hinar ýmsu fjárhagslegu ráðstafanir sem gerðar eru innan félagsins í skattalegu tilliti. Félagið telur að það uppfylli öll viðeigandi lög og reglur um skatta og á því ekki von á að skattyfirvöld geri kröfur á hendur því vegna meðferðar þess á tekjum eða öðrum fjárhagslegum atriðum.

### 1.1.4 Verðbólguáhætta

Verðbólga getur haft áhrif á rekstur félagsins, eins og fyrr segir. Víðtæk notkun verðtryggingar á Íslandi getur valdið hækkunum á ýmsum rekstrarkostnaði auk þess sem verðbólga eykur þrýsting á launahækkanir og hækkar

[1] Hagstofa Íslands – Talnaefni – Laun, tekjur og vinnumarkaður. *Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003–2013.* www.hagstofa.is/Pages/637.
[2] Fjármála- og efnahagsráðuneytið, www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/fjarlog/nr/17268

skuldir ef félagið hefur valið að taka verðtryggð lán tengd vísitölu neysluverðs en félagið er ekki með verðtryggða fjármögnun í dag. Ekki er hægt að fullyrða að félagið geti mætt slíkum kostnaðarverðshækkunum eða auknum fjármagnskostnaði að fullu með verðbreytingum. Verðbólga hefur einnig áhrif á kaupmátt viðskiptavina og þannig á eftirspurn eftir vörum og þjónustu félagsins.

#### 1.1.5 Kjarasamningar

Almennir kjarasamningar eru lausir nú í lok nóvember og liggja nýir samningar ekki fyrir. Við slíkar aðstæður er ávallt óvissa um launaþróun næstu missera, auk þess sem hætta getur verið á verkfallsaðgerðum sem hamlað geta starfsemi fyrirtækja og jafnvel stöðvað að hluta eða öllu leyti um lengri eða skemmri tíma. Gera má ráð fyrir að komandi samningar muni valda nokkrum launahækkunum hjá N1 sem mögulega getur verið erfitt að velta út í verðlagið. Til að mæta því er mikilvægt að félagið hugi vel að hagkvæmni í reksti. Kjarasamningar geta haft umtalsverð áhrif á efnahagsþróun næstu missera á eftir, einkum á verðbólgu og kaupmátt og þar með á eftirspurn viðskiptavina félagsins.

Í maí 2011 var skrifað undir kjarasamninga á almennum vinnumarkaði til tæplega þriggja ára. Heildarlaunakostnaður atvinnulífsins vegna samninganna var þá sagður hækka um 13% í heildina á samningstímanum, en launakostnaður fyrirtækja í ákveðnum greinum hækka meira. Samið var um almenna 11,4% launahækkun yfir samningstímabilið, sem kom fram í nokkrum áföngum. Frá því í maí 2011 hefur launavísitalan hækkað um 17,6% á meðan kaupmáttur hefur aðeins aukist um 7,4% á sama tíma sökum hækkandi verðlags. Erfitt getur verið að velta auknum launakostnaði út í verðlagið vegna forsenduákvæðis á borð við það sem er í þessum kjarasamningum, þess efnis að kaupmáttur aukist, verðlag haldist stöðugt, gengi krónunnar styrkist marktækt og að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum. Óvissa kom því ítrekað upp á samningstímanum um hvort forsvarsmenn verkalýðsfélaga eða fulltrúar atvinnulífsins myndu beita uppsagnarheimild samninganna vegna framangreindra forsendna, og í janúar 2013 var samningstíminn styttur um tvo mánuði.[3]

### 1.2 Áhættustýring félagsins og innra eftirlit

Hlutverk áhættustýringarstefnu N1 hf. er að skilgreina, meta og stýra helstu áhættuþáttum. Unnið er eftir áhættustýringarstefnu sem samþykkt var af stjórn félagsins 27. febrúar 2013. Stjórn N1 hefur falið endurskoðunarnefnd stjórnarinnar það hlutverk að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, áhættustýringu og öðrum eftirlitsaðgerðum. Forstjóri ber ábyrgð á áhættustýringu gagnvart stjórn félagsins og framkvæmdastjóri fjármálasviðs ber ábyrgð gagnvart forstjóra. Verksvið áhættunefndar félagsins, sem í sitja forstjóri, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, deildarstjóri áhættu- og fjárstýringar og innkaupastjóri eldsneytis, er að framfylgja stefnu félagsins, meta árangur og upplýsa stjórn með reglubundnum hætti. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs og deildarstjóri áhættu- og fjárstýringar bera ábyrgð á að dagleg framkvæmd sé í samræmi við stefnu félagsins. Leitast er við að hafa skipulag þeirra verkþátta er lúta að áhættustýringu sem einfaldast og í samræmi við önnur gildi félagsins. Almennt skal miða við frekar áhættufælna nálgun við stýringu á markaðsáhættu félagsins og að spákaupmennska með fjármálasamninga óháð undirliggjandi áhættu sé óheimil. Stunda skal virka áhættustýringu í þeim tilgangi að draga úr sveiflum í rekstri fyrirtækisins, verja framlegð og lágmarka fjármagnskostnað að teknu tilliti til áhættu. Markmið með virkri áhættustýringu er að halda áhættu innan vikmarka og lágmarka hana að teknu tilliti til kostnaðar við varnir eða fyrirbyggjandi aðgerðir. Árangur áhættustýringar getur haft talsverð áhrif á rekstrarafkomu félagsins.

Félagið kappkostar að halda fullnægjandi innra eftirliti á hinum ýmsu sviðum. Það felst í eftirliti með starfsemi félagsins í því skyni að fyrirbyggja og greina hugsanleg mistök, yfirsjón eða sviksemi birgja, starfsmanna og viðskiptavina. Hagdeild félagsins sinnir ákveðnu eftirliti á útsölustöðvum N1 með reglulegu eftirliti. Virk gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi N1 eru reglulega tekin út af ytri úttektaraðilum, s.s. SGS, Vottun hf. og Exxon Mobil. Það getur haft neikvæð áhrif á félagið ef eftirlit og öryggisráðstafanir reynast vera ófullnægjandi.

### 1.3 Gengisáhætta

Öll viðskipti félagsins í erlendum myntum mynda gengisáhættu en við mat á gengisáhættu félagsins er horft til greiðsluáhættu og uppgjörsáhættu.

[3] Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is; Samtök atvinnulífsins, www.sa.is

Greiðsluáhætta myndast vegna mismunar á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónu við innkaup annars vegar og sölu hins vegar. Greiðsluáhætta endurspeglast í birgðum og hefur áhrif á framlegð, hagnað og eigið fé. Kostnaðarverð birgða er fært í íslenskum krónum og byggir á reglunni fyrst inn – fyrst út, sem miðar við að félagið selji vörur úr birgðum í sömu röð og þær hafa verið keyptar inn í birgðir.

Uppgjörsáhætta felst í þeim eignum og skuldum félagsins sem bókfærðar eru í erlendum gjaldmiðlum og endurspeglast í gengisliðum í rekstrarreikningi. Uppgjörsáhætta félagsins er til komin vegna þess að uppgjörsmynt félagsins er íslensk króna, en hluti viðskiptakrafna, stærsti hluti viðskiptaskulda, auk hluta handbærs fjár og skuldabréfaeignar er í erlendum myntum og því myndast gengishagnaður eða gengistap og færist meðal fjármagnsliða í fjárhagsuppgjöri félagsins. Birgðir félagsins eru bókaðar í íslenskum krónum og hafa því ekki áhrif á uppgjörsáhættu, heldur greiðsluáhættu sem hefur áhrif á framlegð félagsins eins og fram kemur að framan.

Sú mynt sem mest áhrif hefur á gengismun félagsins er USD. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 lækkaði gengi USD/ISK um 7,7 kr. eða rúmlega 6% (og þar af um 5,5 kr. eða rúmlega 4% fyrstu sex mánuði ársins), en gengi innan tímabilsins sveiflaðist talsvert meira eða um 14,3 kr. Á árinu 2012 hækkaði gengi USD/ISK um 6 kr. eða um tæp 5%, en gengi innan ársins sveiflaðist talsvert meira eða um 12 kr.




*Gengi USD/ISK 1.1.2010-30.9.2013*

Í lok júní 2013 voru eignir í erlendri mynt um 923 m.kr. umfram skuldir, samanborið við 2.206 m.kr. í árslok 2012. Gengisáhætta félagsins í lok júní 2013 var að stærstum hluta vegna viðskiptakrafna í USD, en í árslok 2012 var hún að mestu leyti vegna viðskiptakrafna og handbærs fjár í USD. Styrking íslenskrar krónu um 10% gagnvart erlendri mynt hefði lækkað afkomu félagsins fyrir tekjuskatt um 92 m.kr. í lok júní 2013, samanborið við 221 m.kr. í árslok 2012, og 10% veiking krónunnar hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Gengistap gjaldmiðla nam 12 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2013, samanborið við 62 m.kr. gengishagnað á sama tíma árið áður en á árinu 2012 var gengishagnaður gjaldmiðla 129 m.kr.

Markmiðið er að stýra gengisáhættu með þeim hætti að hagur félagsins sé sem best tryggður. Dregið er úr gengisáhættu með lánum í erlendri mynt, framvirkum samningum og sérsamningum við stærstu viðskiptavini félagsins. Félagið horfir helst til þess að verja uppgjörsáhættu með því að selja gjaldeyri framvirkt, en þó í litlu magni undanfarin misseri. Á árinu 2012 hóf félagið að gera gjaldmiðlasamninga til að draga úr gengisáhættu, en um er að ræða framvirka samninga um sölu á USD til að verjast gengisáhættu vegna sölu í þeirri mynt. Þann 30. júní 2013 voru opnir gjaldmiðlasamningar að nafnverðsfjárhæð 6 milljónir USD. Samningarnir eru færðir á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Í lok tímabilsins var gangvirði neikvætt um 2,3 m.kr. Samningarnir eru færðir meðal annarra skammtímaskulda. Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.Langstærsti hluti innflutnings er í USD vegna kaupa á olíu af erlendum birgjum, en salan er hins vegar að stórum hluta í ISK. Félagið býr við nettó útflæði í gjaldeyri þar sem hærra hlutfall gjalda en tekna er í erlendri mynt. Sala í ISK á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 nam 60% af heildarsölu (samanborið við 59% sama tímabil 2012), sala í USD var 39% (sama hlutfall fyrstu sex mánuði 2012) og sala í öðrum myntum nam 1% (samanborið við 2% sama tímabil árið áður).

## 1.4 Olíuverðsáhætta

Olíuverðsáhætta er skilgreind sem sú áhætta að heimsmarkaðsverð á olíu þróist á óhagstæðan hátt fyrir félagið, sem leiði til fjárhagslegs taps og erfiðari samkeppnisstöðu. Áhættan myndast vegna mismunar á heimsmarkaðsverði olíu við innkaup og sölu sem hefur bein áhrif á framlegð félagsins. Stýring verðáhættu felur í sér að draga úr afkomusveiflum og verjast óhagstæðri þróun í samræmi við áhættustýringarstefnu félagsins, ná áætlaðri framlegð og rekstrarhagnaði, verja sjóðstreymi félagsins og verja samkeppnisstöðu. Dregið er úr verðáhættu með framvirkum samningum og samningum við stærstu viðskiptavini félagsins. Verðáhætta er til staðar í þann tíma sem biðtími birgða varir.

Veltuhraði vörubirgða (þ.e. vörunotkun á ársgrundvelli / vörubirgðir í lok tímabils) var 8,44 í árslok 2012, 7,94 í lok fyrsta ársfjórðungs 2013, 8,64 í lok fyrri hluta árs 2013 og 10,56 í lok fyrstu níu mánaða 2013. Veltuhraði vörubirgða var til samanburðar 7,64 í árslok 2011, 6,48 í lok fyrsta ársfjórðungs 2012, 6,84 í lok fyrri hluta árs 2012 og 7,48 í lok fyrstu níu mánaða 2012. Vegna árstíðabundinna sveiflna í rekstri félagsins eru birgðir í lágmarki í árslok og hærri á öðrum og þriðja ársfjórðungi heldur en á fyrsta og fjórða ársfjórðungi. Birgðir eru í hámarki að vori og yfir sumartímann þegar sala er mest á þjónustustöðvum félagsins og þar er félagið óvarið fyrir verðáhættu. Aukinn veltuhraði birgða N1 á árinu 2013 miðað við sambærileg tímabil árið áður skýrist að stærstum hluta af sölu Bílanausts, en vörubirgðir þess og vörusala eru ekki hluti af birgðum og sölu í rekstrar- og efnahagsreikningi i N1 hf. árið 2013.

Sveiflukennt heimsmarkaðsverð endurspeglast í örum verðbreytingum á þjónustustöðvum félagsins. Heimsmarkaðsverð hækkaði lítið frá upphafi til loka árs 2012 en innan ársins voru miklar breytingar. Til dæmis hækkaði heimsmarkaðsverð á bensíni um 4% yfir árið en verð sveiflaðist um 24% innan árs. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 lækkaði heimsmarkaðsverð á bensíni um 3% en sveiflaðist um 13% innan tímabilsins.




*Heimsmarkaðsverð á tonn 1.1.2010-30.9.2013, hráolía, bensín, dísel*

## 1.5 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er skilgreind sem sú áhætta að félagið eigi hugsanlega ekki til nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum. Stýring lausafjáráhættu felst í því að tryggja að nægilegt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa við allar skuldbindingar félagsins og að sem best jafnvægi sé á milli skuldbindinga og vænts sjóðstreymis. Þetta er tryggt annars vegar með handbæru fé og hins vegar með skammtímalánum. Hluti af lausafjárstýringu er jafnframt að leitast við að hámarka arðsemi, sem getur falist í að ráðstafa lausu fé til skamms tíma til greiðslu skammtímaskulda eða til ávöxtunar í bankainnistæðum eða ríkisverðbréfum. Fylgst er daglega með lausafjárstöðu.

Fjárbinding er mest yfir sumarmánuðina þegar birgðir og kröfur eru í hámarki en félagið hefur aðgang að lánalínu ef handbært fé er ekki nægilegt. Á árinu 2012 var dregið á lánalínu frá apríl til ágúst. Lausafjárstaða félagsins var sterk í árslok 2012, en þá var handbært fé 2,5 ma.kr.og félagið jafnframt með 3 ma.kr. lánalínu ódregna. Lausafjárstaða félagsins hefur styrkst enn frekar á árinu 2013 og hefur ekki verið dregið á lánalínu þess á fyrstu níu mánuðum ársins, en í lok september 2013 var handbært fé félagsins 6,1 ma.kr. (þar af 2,2 ma.kr.

ráðstafað í byrjun október til greiðslu virðisaukaskatts og aðflutningsgjalda) og lánalína sem nemur 4 ma.kr. var óádregin.

## 1.6 Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Félagið býr við vaxtaáhættu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Vaxtaform skulda og eigna félagsins eru breytilegir vextir, fastir vextir og verðtryggðir vextir. Greiðsluáhætta vegna vaxta er tvíþætt, verðbólguáhætta og hækkun breytilegra vaxta. Félagið endurfjármagnaði allar skuldir sínar við lánastofnanir í lok september 2013 en um er að ræða langtímalán og lánalínu vegna birgðafjármögnunar. Félagið telur að þessir nýju lánasamningar lækki fjármagnskostnað félagsins um í kringum 100 m.kr. á ársgrundvelli. Langtímalánasamningur félagsins, til fjármögnunar á fasteignum og rekstri félagsins, er að fjárhæð 7.000 m.kr. og er til 15 ára, en lánið er óverðtryggt með 85 punkta álagi á tveggja mánaða REIBOR vexti (vextir á millibankamarkaði með krónur, skv. Seðlabanka Íslands). Undantekning á þessu var fyrsta mánuð lánstímans þegar lánið bar 6,60% ársvexti, en frá 1. nóvember sl. voru vextir þess ákvarðaðir 7,00% á ársgrunni til næstu tveggja mánaða þar á eftir, samanborið við 8,5% breytilega óverðtryggða vexti á eldri langtímalánum félagsins. Birgðafjármögnun félagsins er í formi lánalínu (yfirdráttar) að fjárhæð 1.000 m.kr. í íslenskum krónum og 25 milljónum USD, en félagið hefur ekki dregið á lánalínu sína það sem af er árinu 2013. Fjárhagsleg skilyrði sem gerð eru til félagsins í lánasamningunum eru mæld við birtingu hvers ársreiknings og hefur félagið þá sex mánuði til að bæta úr ef það uppfyllir ekki skilyrði.

Þann 30. september síðastliðinn höfðu tveggja mánaða REIBOR vextir hækkað um 0,05 prósentustig, en á árinu 2012 hækkuðu þeir um 1,3 prósentustig. Næmigreining í lok janúar 2013 sýndi að lækkun (eða hækkun) á vöxtum um eitt prósentustig hefði hækkað (eða lækkað) afkomu félagsins fyrir tekjuskatt um 75 milljónir króna. Miklar vaxtahækkanir geta því haft talsverð áhrif á afkomu félagsins og eigið fé. Félagið leitast því við að velja hagkvæmt hlutfall fastra og breytilegra vaxta m.v. þær væntingar sem stjórnendur félagsins hafa, en auk þess getur félagið leitast við að lágmarka áhrif neikvæðrar vaxtaþróunar með notkun vaxtaafleiðna innan settra heimilda skv. áhættustýringarstefnu félagsins.




*Tveggja mánaða Reibor vextir 1.1.2010-30.9.2013*

## 1.7 Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á því að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptavinur eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Áhættan er einkum vegna viðskiptakrafna en einnig vegna annarra krafna. Lánsáhætta ræðst einkum af aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í en það eru samgöngur, sjávarútvegur og verktakar. Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti og er leitast við að lágmarka áhættu þar sem horft er til fjárhagsstöðu, lánshæfismats og starfsemi einstakra viðskiptavina auk stöðu atvinnugreina stærstu viðskiptavina. Greining viðskiptakrafna eftir aldri krafna og atvinnugreinaflokkum

viðskiptavina er birt í skýringum við endurskoðuð fjárhagsuppgjör félagsins (sjá skýringu 32 í árshlutareikningi fyrstu sex mánaða 2013 og ársreikningi 2012 í níunda kafla þessarar útgefandalýsingar).

Í lok júní 2013 námu viðskiptakröfur 4,8 ma.kr. en 79% þeirra voru ógjaldfallnar og voru um 33% viðskiptakrafna vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins. Í árslok 2012 námu viðskiptakröfur 4,2 ma.kr., 84% ógjaldfallnar og var staða 30 stærstu viðskiptavina 43%. Staða stærsta viðskiptavinarins nam 7% viðskiptakrafna útgefanda í lok júní 2013, samanborið við 19% í lok árs 2012, en munur þar á skýrist einkum af breyttum viðskiptakjörum sem m.a. fólu í sér styttri gjaldfrest. Gjaldfærð virðisrýrnun viðskiptakrafna á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 nam 17 m.kr., en 67 m.kr. á árinu 2012.

## 1.8 Lagaleg áhætta

### 1.8.1 Gildandi lög, reglugerðir og leyfi

N1 hf. er hlutafélag, skráð og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Starfsemi félagsins lýtur fjölmörgum lögum og reglugerðum og heyrir hún undir eftirlit fjölmargra stjórnvalda. Á það jafnt við um kjarnastarfsemi félagsins og starfsemi afgreiðslustöðva þess um land allt. Breytingar á þeim lögum sem gilda um félagið, eða ný lög sem sett eru um starfsemi þess, gætu haft fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið og áhrif á hvernig það hagar starfsemi sinni. Starfsemi félagsins er þess eðlis að nauðsynlegt er að afla ýmissa leyfa og heimilda frá þar til bærum yfirvöldum. Ef tilskilin leyfi eru ekki endurnýjuð með tilskildum hætti, eru afturkölluð eða þeim breytt á einhvern hátt, þá kann það að hafa fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið.

Á yfirstandandi ári voru sett ný lög, nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi. Markmið þeirra er að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti. Þar er söluaðila eldsneytis gert að tryggja að á árinu 2014 verði a.m.k. 3,5% af heildarorkugildi eldsneytis á ökutæki af endurnýjanlegum uppruna og gert ráð fyrir að hlutfallið hækki í 5% árið 2015. Þessi lagabreyting mun væntanlega hafa einhvern aukinn kostnað í för með sér fyrir N1.

Fellur starfsemi félagsins undir eftirfarandi sérlög núgildandi: Efnalög nr. 61/2013; lög nr. 93/1995 um matvæli; lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rétt er að geta þess að starfsemi félagsins féll undir lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, en þau lög voru felld úr gildi með nýjum efnalögum nr. 61/2013 sem öðluðust gildi 17. apríl 2013, að undanskildum 62.-64. gr. laganna, sem öðlast gildi 31. desember 2013. Ekki er ráðgert að þau lög, sem fela í sér nýmæli á mörgum sviðum, hafi afgerandi áhrif á rekstur félagsins, en þó má gera ráð fyrir einhverjum breytingum í réttarframkvæmd. Til viðbótar framangreindu hefur félaginu verið veitt leyfi á grundvelli laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og áfengislaga nr. 75/1998, allt eftir því hvort tóbak eða áfengi er selt á viðkomandi afgreiðslustöð. Stjórnvöld hafa gefið út leyfi til handa einstökum starfsstöðvum. Starfsemi N1 lýtur ýmsum opinberum reglugerðum, en þær sem eiga sérstaklega við þá tegund rekstrar sem N1 stundar eru eftirfarandi: Reglugerð 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni; reglugerð 365/2008 um söfnun gagna um innflutning, geymslu og sölu á eldsneyti; reglugerð 560/2007 um fljótandi eldsneyti; reglugerð 809/1999 um olíuúrgang; reglugerð 806/1999 um spilliefni; reglugerð 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi i landi; auglýsing Neytendastofu nr. 1248/2011 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum; lög nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald o.fl.; reglugerð 984/2000 um flutning á hættulegum farmi.

Gjaldeyrishöftin sem eru við lýði á Íslandi hafa nokkur áhrif á rekstur félagsins. Losun gjaldeyrishafta gæti haft sveiflur í för með sér á gengi krónunnar, sem gæti haft áhrif á afkomu og eigið fé félagsins.

### 1.8.2 Samkeppni

Starfsemi félagsins heyrir undir samkeppnislög nr. 44/2005 og eftirlit Samkeppniseftirlitsins sem framfylgir boðum og bönnum þeirra laga og getur íhlutun þess haft fjárhagsleg áhrif á útgefanda.

N1 á í stöðugri samkeppni í starfsemi sinni og gæti hún leitt til verðlækkana, hærri markaðskostnaðar, meiri fjárfestinga en áætlanir gera ráð fyrir og minni markaðshlutdeildar, sem aftur getur haft neikvæð áhrif á arðsemi félagsins. Ef ekki er keppt við samkeppnisaðila í verði, vöruúrvali, gæðum og þjónustu gæti það haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu. Nýir samkeppnisaðilar hafa komið inn á markaðinn og náð fótfestu og því er ljóst að möguleiki á nýrri og/eða aukinni samkeppni er fyrir hendi.

Þar með talin er samkeppni í formi staðkvæmdarvara við það eldsneyti sem félagið selur nú, en þróun á aflgjöfum og farartækjum gæti innan tiltölulega skamms tíma gert notkun á öðrum aflgjöfum almennari en nú er. Dæmi um slíka orkugjafa sem gjarnan eru nefndir sem vistvænir, eru metan, vetni og lífdísilolía. Í yfir áratug

hafa tvinnbílar verið á almennum markaði, en þar er um að ræða bíla sem bæði hafa rafhreyfil og bensín- eða dísilvél sem aflgjafa og þessi misserin eru að koma á göturnar fyrstu fjöldaframleiddu rafbílarnir frá ýmsum bílaframleiðendum.

Hörð samkeppni gæti m.a. haft í för með sér að félagið telji sig knúið til að breyta viðskiptamódeli sínu til að verja samkeppnisstöðu sína. Einn af grundvöllum viðskiptamódels félagsins snýr að því að mikilvægustu vörur sem félagið selur séu fáanlegar og þannig verðlagðar að félagið geti selt þær með hagnaði til viðskiptavina sinna.

Félagið gerir ekki einkakaupasamninga nema í kjölfar útboðs eða formlegrar verðkönnunar, þar sem öllum aðilum á markaði er gert mögulegt að keppa um viðskiptin, enda eru einkakaupasamningar sem koma til með þeim hætti ekki andstæðir samkeppnislögum.

Í júní 2013 var N1 upplýst um að hafin væri markaðsrannsókn á íslenska eldsneytismarkaðinum á grundvelli c-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.[4] Var N1 jafnframt afhent tilkynning um markaðsrannsóknina ásamt rannsóknaráætlun og beiðni um ítarlegar upplýsingar. Í tilkynningu kom fram að markaðsrannsóknin beinist að því að meta hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem mögulega koma í veg fyrir, takmarka eða kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, almenningi til tjóns. En c-liður 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga heimilar Samkeppniseftirlitinu að grípa til ýmisskonar aðgerða til að ryðja úr vegi samkeppnishindrunum, jafnvel þótt þær stafi ekki af brotum á samkeppnislögum. Markaðsrannsóknin er gerð í kjölfar formarkaðsgreiningar Samkeppniseftirlitsins á nokkrum mörkuðum, sem Samkeppniseftirlitið tilkynnti N1 um í september 2012, sem var lögð til grundvallar því hvaða markaðir yrðu rannsakaðir í markaðsrannsókn. Var N1 tilkynnt í september 2012 að áherslur Samkeppniseftirlitsins væru: almennt um starfsemi félagsins, hvernig verð á vörum er ákvarðað, helstu samkeppnishindranir, samstarf aðila/keppinauta á markaði og framtíðarsýn félagsins.

Í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins í júní síðastliðnum var m.a. óskað eftir eftirfarandi: Almennar upplýsingar um félagið, m.a. viðskiptaupplýsingar, upplýsingar um fjárhagslega endurskipulagningu og hvaða viðskiptaupplýsingar N1 afhendir einkaaðilum, hagsmunaaðilum og opinberum aðilum; innflutningur, m.a. sjónarmið um samkeppni, fyrirkomulag gagnvart erlendum birgjum, upplýsingar og samningar við aðila á sama markaði; birgðageymsla og dreifing innanlands, m.a. sjónarmið um samkeppni í birgðageymslu og dreifingu; lýsing á aðgangshindrunum og samningar; smásölustarfsemi, m.a. lýsing á helstu hindrunum á markaði og hvernig smásöluverð eldsneytis er ákveðið, vöktun upplýsinga um verð og samkeppni; rekstrarlegar upplýsingar, m.a. sundurgreining á tekjum, innkaupsverðmæti og birgðastöðu, innkaupsverð og kostnaðarsamsetning; sjónarmið um samkeppni, m.a. lýsingu á þróun markaðar frá árinu 2004 og uppbygging markaðar.

Samkeppniseftirlitið lýsti því yfir að verðhækkanir verði sérstaklega kannaðar. Þá verði kannað hvort eftirfarandi atriði koma í veg fyrir eða skaði samkeppni: Aðgangs- og vaxtahindranir tengdar kostnaði við byggingu birgðastöðva; eignarhald á olíubirgðastöðvum; stefna sveitarfélaga um að reisa ekki nýjar bensínstöðvar nema samsvarandi fjöldi sé lagður niður; samstarf, eignarhald og stjórnunartengsl fyrirtækja; verðbreytingar og hlutverk flutningsjöfnunarsjóðs.

Mun markaðsrannsókn fara fram með þeim hætti að Samkeppniseftirlitið safnar upplýsingum sem afhentar verða á grundvelli upplýsingabeiðni sem send hefur verið öllum aðilum málsins. Er gert ráð fyrir að upplýsingaöflun verði lokið í lok árs 2013. Verður í kjölfarið leitað eftir sjónarmiðum frá forsvarsmönnum þeirra fyrirtækja er starfa á íslenska eldsneytismarkaðnum, viðskiptavinum og samtökum þeirra, opinberum aðilum og öðrum aðilum sem að mati eftirlitsins geta varpað skýrara ljósi á þær samkeppnisaðstæður sem rannsóknin lýtur að. Þá verður jafnframt litið til umsagna er berast um rannsóknaráætlun. Gerir Samkeppniseftirlitið ráð fyrir að vinna við frummatsskýrslu eigi sér svo stað á fyrsta ársfjórðungi 2014 og hún verði send til umsagnar á 2.-3. ársfjórðungi 2014. Í kjölfar þess kunni svo að vera gefið út andmælaskjal í tengslum við frumskýrslu, sbr. 3. mgr. 8. gr. reglna nr. 490/2013 um markaðsrannsóknir Samkeppniseftirlitsins, en þar verður tekin afstaða til þess hvort Samkeppniseftirlitið telji að taka þurfi íþyngjandi ákvörðun í kjölfar markaðsrannsóknarinnar.

Erfitt er að segja til um mögulegar afleiðingar rannsóknar á þessu stigi þar sem þetta er í fyrsta sinn sem markaðsrannsókn verður framkvæmd á grundvelli c-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga. N1 hefur stöðu aðila í rannsókninni, en skýrt er kveðið á um að markaðsrannsókn beinist ekki gegn einstökum fyrirtækjum í upphafi. Ljóst er hins vegar að um allsherjarrannsókn er að ræða á markaðnum sem lýtur að öllum stigum hans, eignarhaldi og samvinnu. Heimildir Samkeppniseftirlitsins samkvæmt ákvæðinu eru víðtækar og í lögskýringargögnum með ákvæðinu er tekið sem dæmi að beiting skipulagsbreytinga geti komið til álita sé fyrirtæki í slíkri yfirburðarstöðu á markaði að tilvist þess í óbreyttu formi geti útilokað eða takmarkað að verulegu leyti samkeppni. Rétt er þó að árétta að í ákvæðinu er því vísað til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og

[4] http://www.samkeppni.is/samkeppnisreglur/markadsrannsokn/

tiltekið að Samkeppniseftirlitið geti beitt nánar tilteknum úrræðum í réttu hlutfalli við það brot sem hefur verið framið eða þær aðstæður eða þá háttsemi sem þykja vera til staðar. Er þetta í samræmi við þann yfirlýsta tilgang löggjafans að gæta verði hófs við beitingu jafn íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar. Er því ljóst að ríkar skyldur eru lagðar á stjórnvald áður en gripið yrði til slíkra úrræða.

Eins og fram kemur í c-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga þá er um að ræða mögulegt inngrip í markaði án þess að um brot sé að ræða. Þetta þýðir að sektarákvörðun samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga myndi ekki koma til álita nema ef einhver brot kæmu í ljós við rannsókn en í tilkynningu frá Samkeppniseftirlitinu kom fram að gefi markaðsrannsókn tilefni til rannsókna á mögulegum brotum á bannreglum samkeppnislaga þá muni Samkeppniseftirlitið hefja nýja og sjálfstæða rannsókn á þeim lagagrunni.

Úrskurðir Samkeppniseftirlits[5] sem varða N1 beint eða eldsneytismarkaðinn sem N1 starfar á og varða þar með félagið óbeint:

- Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2013, samruni Efstasunds Holding og Bílanausts.
  - Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna þessa samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.
- Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012, lóðrétt samráð SORPU bs., Metans hf., N1 og Orkuveitu Reykjavíkur um ákvörðun smásöluverðs á metangasi.
  - Samkeppniseftirlitið hafði til skoðunar ólögmætt samráð SORPU bs., Metans hf., N1 og Orkuveitu Reykjavíkur um ákvörðun smásöluverðs á metangasi á útsölustöðvum N1, áður Olíufélagsins hf. Hafði N1 frumkvæði að því að upplýsa Samkeppniseftirlitið um tilvist samningsins og óskaði eftir niðurfellingu á mögulegum sektum á grundvelli reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 890/2005 um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólögmætt samráð fyrirtækja. Sneru hin fyrirtækin sér síðan til Samkeppniseftirlitsins og luku málinu með sátt við eftirlitið. N1 uppfyllti skilyrði reglnanna og fékk sekt sína í málinu fellda niður. Hin félögin luku málinu með sátt gagnvart Samkeppniseftirlitinu þar sem þau féllust á að greiða stjórnvaldssektir að samanlagðri fjárhæð 9 millj. kr. og sæta skilyrðum í því skyni að örva samkeppni á mörkuðum tengdri sölu á metangasi.
- Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2012, samruni Olíuverslunar Íslands hf., Samherja hf. og FISK-Seafood ehf.
  - Samruni Olíuverzlunar Íslands hf. (Olís), Samherja hf. (Samherja) og FISK-Seafood ehf. (FISK) fól í sér þátttöku síðarnefndu félaganna í fjárhagslegri endurskipulagningu Olís. Keyptu félögin 37,5% hlut hvort fyrir sig í Olís og gat þar með stofnast til sameiginlegra yfirráða þeirra yfir Olís. Að mati Samkeppniseftirlitsins var nauðsynlegt að setja samrunanum skilyrði vegna þeirra vandkvæða sem leitt geta af sameiginlegu eignarhaldi Samherja og FISK og lúta m.a. að stjórnarsetu keppinauta í Olís. Lauk málinu með sátt aðila við Samkeppniseftirlitið, þar sem samrunaaðilar féllust á að gangast undir þau skilyrði sem birt eru í ákvörðunarorðum.
- Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2012, kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á hlutum í N1 hf.
  - Með kaupum á 55% hlutafjár í N1 öðlaðist Framtakssjóður Íslands yfirráð yfir félaginu. Vegna þeirra samkeppnislegu vandkvæða sem samruninn hafði í för með sér taldi Samkeppniseftirlitið tilefni til íhlutunar. Lauk málinu með sátt aðila 29. maí 2012, þar sem samrunaaðilar gengust undir skilyrði sem birt eru í ákvörðunarorðum. Í máli þessu var ekki um að ræða brot á samkeppnislögum, heldur taldi Samkeppniseftirlitið ástæðu til íhlutunar á grundvelli laganna og setti því samrunanum skilyrði.
- Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2010, undanþága samstarfs Atlantsolíu ehf. og Skeljungs hf. við flutning og áfyllingu á olíu.
  - Samkeppniseftirlitið veitti Atlantsolíu ehf. og Skeljungi hf. undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga frá bannákvæði 10. gr. laganna til samstarfs um flutning Skeljungs á

[5] http://www.samkeppni.is/urlausnir/akvardanir

olíu í eigu Atlantsolíu milli Reykjavíkur og Akureyrar og áfyllingu í tanka félagsins á Akureyri. Undanþágan var tímabundin og gilti til 14. maí 2010.

- Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2008, kaup BNT ehf. á helmingshlut í Bevís ehf.
  - Að mati Samkeppniseftirlitsins fólu kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og féll samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði ákvæðisins eru uppfyllt. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þessa var mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.
- Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2006, kaup Bílanausts hf. á Olíufélaginu hf.
  - Hinn 13. mars 2006 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning þar sem fram kemur að Bílanaust hf. hafi keypt allan hlut í Olíufélaginu hf. Af upplýsingum sem fram koma í tilkynningunni er ljóst að samlegðaráhrifa samrunans mun fyrst og fremst gæta í þeirri smávöru sem tengist bifreiðum og seldar eru á bensínstöðvum Olíufélagsins, þ.e. smurolíur, bílahreinsivörur, verkfæri og litlir bílavarahlutir eins og perur, kerti og öryggi. Samrunafélögin munu því styrkja stöðu sína á þessum sviðum viðskipta við samrunann. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif og taldi því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.
- Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 21/2004, ólögmætt samráð Kers hf., Olíuverslunar Íslands hf., Skeljungs hf. og Bensínorkunnar ehf.
  - Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 21/2004, ólögmætt samráð Kers hf., Olíuverslunar Íslands hf., Skeljungs hf. og Bensínorkunnar ehf.: Samkeppnisstofnun hóf í desember 2001 rannsókn á ætluðu ólögmætu samráði olíufélaganna og hvort það hefði brotið í bága við 10. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993. Á grundvelli rannsóknarinnar tók samkeppnisráð ákvörðun í október 2004, þar sem komist var að niðurstöðu um að félögin hefðu brotið gegn fyrrgreindu ákvæði með yfirgripsmiklu og óslitnu samráði á heildarmarkaði fyrir sölu á olíuvörum hér á landi á tímabilinu 1993 til 2001. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu var félögunum gert að greiða sektir til ríkissjóðs.
  - Úrskurður Áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004: Félögin skutu framangreindri ákvörðun nr. 21/2004 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áfrýjunarnefndin staðfesti helstu niðurstöður Samkeppnisráðs en taldi þó að ekki hefði verið tekið tillit til allra forsendna við sektarákvörðun og voru sektir því lækkaðar.
  - Hæstaréttarmál nr. 142/2007, Skeljungur, Olíuverzlun Íslands og Ker gegn Reykjavíkurborg og nr. 143/2007, Skeljungur, Olíuverzlun Íslands og Ker gegn Strætó: Reykjavíkurborg leitaði tilboða í nokkrum tilvikum vegna kaupa á olíuvörum fyrir fyrirtæki í sinni eigu. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafði í úrskurði sínum nr. 3/2004 komist að þeirri niðurstöðu að félögin hefðu haft samráð meðal annars um útboðsverð til Reykjavíkurborgar í umræddum útboðum. Þau hefðu auk þess stýrt sameiginlega viðskiptunum og síðan skipt á milli sín framlegð af þeim. Hafi þessi hegðun þeirra falið í sér ólögmætt samráð og brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Féllst Hæstiréttur á að tjón hefði verið að minnsta kosti þreföld sú fjárhæð sem Skeljungur tók að sér að greiða hvoru hinna félaganna og voru skaðabætur dæmdar í samræmi við það.
  - Mál Hæstaréttar nr. 309/2007, Ker gegn Sigurði Hreinssyni: S krafðist skaðabóta vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir við kaup á bensíni á tímabilinu frá 1995-2001 vegna ólögmæts verðsamráðs Kers við hin olíufélögin Í dómi Hæstaréttar sagði að ágreiningslaust væri að með samráðinu hefði Ker brotið gegn 10. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993 og að samráð hefði meðal annars tekið til verðlagningar á bensíni. Tilgangur samráðsins hefði verið að hækka tekjur hans með því að selja bensín á hærra verði en annars hefði verið og voru með vísan til þess dæmdar bætur að álitum.
  - Mál Hæstaréttar nr. 244/2009, Ker, Olíuverzlun Íslands og Skeljungur gegn Vestmannaeyjabæ: Vestmannaeyjabær krafðist skaðabóta vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir vegna ólögmæts samráðs félaganna um verð sem félögin buðu fyrir

eldsneyti í útboði á árinu 1997. Í málinu þóttu nægar líkur leiddar að því að félögin hefðu valdið Vestmannaeyjabæ tjóni svo að skaðabótaskyldu þeirra varðaði. Var fallist á aðalkröfu, en þar sem hluti kröfunnar var talinn fyrndur var hún lækkuð sem því nam.

- Mál Hæstaréttar nr. 245/2009, Skeljungur, Ker og Olíuverzlun Íslands gegn Dala-Rafni: Dala-Rafn krafði olíufélögin skaðabóta vegna tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir við kaup á eldsneyti á árunum 1996 til 2001 vegna ólögmæts samráðs þeirra. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að Dala-Rafn hefði ekki sýnt fram að félögin hefðu haft samráð um verðlagningu gasolíu til útgerðarmanna, en hefði þess í stað að mestu látið við það sitja að draga almennar ályktanir af ákvörðun samkeppnisráðs. Til þess að félögin gætu borið skaðabótaskyldu yrði hann að leiða í ljós að félögin hefðu haft samráð annaðhvort beinlínis um viðskipti við hann eða almennt um verðlagningu á þeim vörum sem hann keypti af einhverju þeirra á umræddu tímabili. Sú sönnun hafi ekki tekist og voru félögin því sýknuð.

- Hæstaréttarmál nr. 437/2012, Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið gegn Keri, Olíuverslun Íslands og Skeljungi: Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að mál sem höfðuð voru til ógildingar á ákvörðun áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004 væru haldin annmörkum. Í fyrsta lagi var talið að skort hafi á að í héraðsstefnum væri lýst þeim atvikum sem þyrfti að lýsa til að samhengi málsástæðna félaganna þriggja yrði ljóst, en í stefnunum hafði lýsing málsatvika einskorðast við gang rannsóknar stjórnvalda og málsmeðferðar fyrir þeim og lítið sem ekkert verið vikið að efni úrlausna þeirra. Í öðru lagi var talið að málsástæðum væri ekki réttilega lýst í stefnum félaganna. Í þriðja lagi var vísað til bókunar félaganna þriggja undir meðferð málsins í héraði, sem fyrir Hæstarétti var skýrð á þann veg að með henni hefðu félögin fallið frá málsástæðu um að lýsing atvika í úrlausnum samkeppnisyfirvalda væri röng að því er varðaði dómkröfur félaganna um niðurfellingu eða lækkun stjórnvaldssekta á hendur þeim. Í fjórða lagi varð ekki annað ráðið af lýsingu málsástæðna félaganna í hinum áfrýjaða dómi en að þau hefðu í flestum atriðum borið sömu atriði fyrir sig til stuðnings dómkröfum sínum, en sú var ekki raunin eftir héraðsdómsstefnum hvers félags. Að öllu þessu virtu varðaði málið sjálfkrafa frávísun frá héraðsdómi.

- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 226/2013, Íslenska ríkið gegn Keri, Olíuverslun Íslands og Skeljungi: Íslenska ríkið krafðist skaðabóta vegna tjóns sem það taldi sig hafa orðið fyrir vegna ólögmæts samráðs félaganna í útboðum í maí og október 1996. Öllum tilboðum var hafnað í útboðinu, en Í taldi að samráðið hefði leitt til þess að ekki varð sú lækkun á innkaupsverði á olíuvörum sem að hefði verið stefnt með útboðunum. Hæstiréttur féllst á að fyrningu kröfunnar hefði verið slitið við málshöfðun 29. desember 2011. Líta yrði svo á að skaðabótakrafan hefði orðið gjaldkræf þegar einstök viðskipti hefðu átt sér stað, en ekki þegar upplýsingar um hið ólögmæta samráð fengust. Væru allar kröfur sem ættu rætur að rekja til viðskipta sem áttu sér stað fyrir 29. desember 2001, eða tíu árum fyrir höfðun málsins, fyrndar. Þar að auki var ekki talið sannað að samráð olíufélaganna í útboðunum 1996 hefði leitt til tjóns í viðskiptum stofnana. Voru félögin því sýknuð.

- Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 23/1995, kaup Olíufélagsins hf. og Hydro Texaco AS á hlutum í Olíuverslun Íslands hf. og stofnun Olíudreifingar ehf.
    - Samkeppnisráð taldi að um samruna væri að ræða í skilningi 18. gr. samkeppnislaga og setti honum skilyrði sem m.a. kveða á um hömlur varðandi stjórnarsetu, trúnað og tilkynningaskyldu um allar breytingar til samkeppnisyfirvalda.

### 1.8.3 Ákvarðanir Neytendastofu

Í eftirtöldum ákvörðunum Neytendastofu hefur N1 verið talið brotlegt gegn lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu:

- Ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2013, auglýsingar N1 um 3% minni eyðslu.
- Ákvörðun Neytendastofu nr. 42/2012, markaðssetning N1 á afslætti í formi peninga og punktasöfnunar við kaup á eldsneyti.

- Ákvörðun Neytendastofu nr. 22/2012, auglýsingar N1 ehf. í tilefni Krúserdags.
- Ákvörðun Neytendastofu nr. 29/2009, auglýsingar N1 hf. með fullyrðingu um fimm króna afslátt af eldsneytisverði í Sparitilboði N1.

Aðrar ákvarðanir Neytendastofu síðastliðin fimm ár, sem varða eldsneytismarkaðinn sem N1 starfar á:

- Ákvörðun Neytendastofu nr. 1/2013, auglýsingar Skeljungs hf. um „6 kr. sparnað með Shell V-Power".
- Ákvörðun Neytendastofu nr. 46/2012, auglýsingar ÓB um söfnun 6.000 króna á ári í formi vildarpunkta með notkun ÓB-lykils.
- Ákvörðun Neytendastofu nr. 33/2010, auglýsingar Bensínorkunnar ehf. með fullyrðingum um ódýrasta eldsneytið á Íslandi.

#### 1.8.4 Málaferli og ágreiningsmál

Hvorki eru í gangi né hafa verið í gangi síðastliðna tólf mánuði einstök stjórnsýslu-, dóms-, eða gerðardómsmál sem geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi félagsins.

Bent er á umfjöllun í kafla *1.8.2 Samkeppni*, annars vegar um úrskurði Samkeppniseftirlitsins er varða N1 og hins vegar um markaðsrannsókn á íslenska eldsneytismarkaðinum á grundvelli c-liðar 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sem Samkeppniseftirlitið hóf í júní 2013. Framangreindur liður samkeppnislaga heimilar Samkeppniseftirlitinu að grípa til ýmisskonar aðgerða til að ryðja úr vegi samkeppnishindrunum, jafnvel þótt þær stafi ekki af brotum á samkeppnislögum.

#### 1.8.5 Verðbréfalöggjöf

Ef verðbréf útgefin af félaginu eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. þarf félagið að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur á verðbréfamarkaði á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, reglum FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar eru út af NASDAQ OMX Iceland hf. Ef félagið myndi brjóta framangreind lög eða reglur gæti það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir félagið. Brot gætu leitt til þess að eftirlitsaðilar veittu félaginu áminningu og beittu það jafnvel fjársektum. Enn fremur gætu slík brot haft neikvæð áhrif á orðspor félagsins og þar með leitt til verðlækkunar á hlutabréfum þess. Alvarleg brot á umræddum lögum og reglum gætu leitt til þess að Fjármálaeftirlitið eða NASDAQ OMX Iceland hf. tæki hlutabréf félagsins úr viðskiptum.

### 1.9 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta sem geta farið úrskeiðis í starfsemi félagsins. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna ásamt tækni og skipulagi sem beitt er, þ.e. að innri kerfi félagsins reynist ófullnægjandi eða gölluð. Dregið hefur verið úr rekstraráhættu meðal annars með viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með lánsviðskiptum og úttektum á fylgni við lög, þjálfun starfsfólks, innleiðingu á virkum verkferlum og reglum um afritatökur upplýsingakerfa. Þá eru unnar markvissar rekstraráætlanir og mánaðarleg uppgjör og frávik frá samþykktum áætlunum greind.

#### 1.9.1 Samningsáhætta og mikilvægir samningar

Á félaginu hvílir samningsbundin skylda til að uppfylla ýmis ákvæði fjármögnunarsamninga. Ef félagið yrði ófært um að standa við skuldbindingar sínar, eða hætti af einhverjum ástæðum að gera það, ættu lánveitendur rétt á að rifta umræddum samningum, sem gæti haft í för með sér gjaldfellingu lána og neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið ef endurfjármögnun reyndist óhagstæð eða ómöguleg. Gjaldfellingarheimildir lána snúa að hefðbundnum vanefndarákvæðum, t.d. vanefndum á samningsbundnum greiðslum, og brotum á fjárhagsskilmálum, sbr. umfjöllun í kafla *1.5 Lausafjáráhætta*.

Flestir samningar N1 um sölu, innkaup, umboð, dreifingu og önnur sambærileg efni eru byggðir á langtíma viðskiptasamböndum og er ýmist um að ræða undirritaða skriflega samninga eða samkomulag sem staðfest er með öðrum hætti, svo sem hefð, tölvupósti eða munnlegu samkomulagi. Framlegð eða rekstrarafkoma N1 ræðst

ekki af viðskiptum við einn einstakan viðskiptavin félagsins. Rekstrarniðurstaða félagsins byggist ekki á neinum einum einstökum samningi, en samningar og viðskiptasambönd félagsins við stærstu birgja eru mikilvæg fyrir reksturinn.

### 1.9.2 Vörumerki

Félagið á fjölda vörumerkja sem það telur sig hafa tryggt sér eignarrétt yfir. Það gæti haft áhrif á rekstur félagsins ef það gæti af einhverjum ástæðum ekki reitt sig áfram á slíkan rétt. Áhrifin á rekstur félagsins gætu til dæmis falist í því að nauðsynlegt væri að fjárfesta í nýju vörumerki, með tilheyrandi kostnaði við að endurmerkja útsölustaði og þróa nýtt markaðsefni.

### 1.9.3 Fasteignir og leiguhúsnæði

Félagið á sjálft þær fasteignir sem hýsa þá kjarnastarfsemi félagsins sem byggir á hentugum staðsetningum. Félagið ber þannig takmarkaða áhættu af því að geta ekki tryggt sér hentugt húsnæði undir starfsemi sína á hentugum svæðum á sanngjörnum kjörum. Undantekning væri þegar um er að ræða ný svæði sem félagið telur mikilvæg eða eldri svæði þar sem félagið myndi kjósa betri staðsetningar en það býr að í dag.

Félagið leigir frá sér hluta af fasteignum sínum, ýmist heildareign eða hluta af eign. Félagið ber því í slíkum tilvikum áhættu af því að mótaðili efni samninga. Einn af samningum félagsins um útleigu á húsnæði er við Tékkland ehf., félag í eigu aðila sem tengdir eru fyrrum eigendum N1 hf. Samningurinn er veltutengdur og miðað við núverandi rekstur leigjandans er hann óhagstæður fyrir N1 hf. Samningurinn er til ársins 2020. Félagið er ekki bundið af öðrum samningum við þessa fyrrum eigendur eða aðila þeim tengdum.

Félagið leigir fjórar fasteignir, sem hýsa höfuðstöðvar, vöruhús, verkstæði og verslun, en gildistími núverandi leigusamninga er til allt að 10 ára. Félagið ber því áhættu af því að geta endurleigt sömu fasteignirnar að leigutíma loknum eða aðrar fasteignir á jafn hagstæðan eða hagstæðari hátt bæði með tilliti til verðs og staðsetningar.

Félagið ber ábyrgð á að viðhald og/eða endurnýjun eigin húsnæðis sé fullnægjandi fyrir rekstur þess. Ef slíkum framkvæmdum er ekki sinnt sem skyldi eða ef gjaldfærsla og eignfærsla slíkra framkvæmda rúmast ekki innan áætlana félagsins, getur það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir félagið hvort heldur litið er til mistaka í áætlanagerð, kvaða opinberra aðila, þarfa eða væntinga viðskiptavina og starfsmanna.

Ýmis umhverfisáhrif, svo sem eldgos og jarðskjálftar, geta haft áhrif á möguleika útgefanda til að nota fasteignir sem félagið á eða leigir.

Fasteignir félagsins skiptast í eftirfarandi flokka: hús (39.503 fm), plön og lóðir (31.674 fm), þök og skyggni (3.225 fm) og geyma (861 fm).

### 1.9.4 Vátryggingar

N1 kaupir vátryggingar vegna starfsemi sinnar, s.s. brunatryggingu, ábyrgðartryggingu ökutækja, tryggingu vegna vörslu lausafjár á starfsstöðvum, vátryggingavernd fyrir starfsmenn, starfsábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur, tryggingu vegna almenns mengunartjóns og atvinnurekstrartryggingu, en sú síðastnefnda tryggir félagið m.a. gegn kröfum sem beint er gegn því vegna svokallaðrar bráðamengunar. Allt eldsneyti er flutt til Íslands skv. CIF flutningaskilmálum (ensk skammstöfun á hugtakinu „cost, insurance, freight“) til Íslands sem felur í sér að birgi félagsins ber kostnað af því að koma vöru til innflutningshafnar á Íslandi og ber ábyrgð á vörunni uns hún er komin til landsins, en N1 sem kaupandi tekur þar við vörunni og greiðir m.a. innflutningsgjöld. Aðrar vörur flytur félagið til landsins samkvæmt FOB flutningaskilmálum (ensk skammstöfun á hugtakinu „free on board“) sem felur í sér að seljandi ber kostnað af því að koma henni til útflutningshafnar erlendis og um borð í flutningaskip en þar tekur N1 sem kaupandi við ábyrgð á henni, greiðir fyrir flutning með skipinu ásamt öllum öðrum kostnaði sem fellur á innflutning vörunnar eftir að hún er komin um borð í skipið. Ver félagið sig gegn áhættu af sjóflutningi FOB-vara með kaupum á vátryggingum.

Þrátt fyrir ofangreint er ekki hægt að ábyrgjast að vátryggingar veiti fullkomna vörn gegn tjóni í öllum tilfellum sem ætlun félagsins er að tryggja sig fyrir. Þættir sem hafa áhrif á þetta eru sjálfsábyrgð vátryggingartaka, mögulegar undanþágur frá greiðslu tjónabóta eða takmarkanir á bótaskyldu. Af þessu leiðir að félagið gæti í einhverjum tilfellum sjálft þurft að bera kostnað vegna tjóna þar sem vátryggingarfjárhæð er takmörkuð eða bótaskylda ekki til staðar.

Bókfært virði fasteigna félagsins, skilta og geyma nam 8.633 m.kr. í lok september 2013 og bókfært virði innréttinga, véla, áhalda og tækja 1.963 m.kr. Á sama tíma nam fasteignamat fasteigna félagsins 4.928 m.kr. og brunabótamat 8.614 m.kr. Vátryggingarverðmæti áhalda, tækja og innréttinga nam 1.971 m.kr. og vörubirgða 2.075 m.kr. Hlutdeildarfélagið Olíudreifing ehf. tryggir þann hluta fljótandi vörubirgða sem er í vörslu þess. Þær birgðir eru hluti birgða í efnahagsreikningi N1, en eru ekki meðtaldar í framangreindu vátryggingarverðmæti.

### 1.9.5 Eldsneytistankar, dælur, upplýsingatækni og aðrir innviðir

Félagið vinnur með markvissum aðgerðum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar, m.a. með innleiðingu á formlegu umhverfisstjórnunarkerfi. Félagið fylgir alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 og fær óháðan aðila til að taka út og votta starfsstöðvar sínar. Sex starfsstöðvar N1 hafa þegar hlotið vottun og aðrar fimm eru í innleiðingarferli. Til að auka umhverfisvitund og öryggismál allra starfsmanna hefur N1 haldið sérstaka öryggisviku síðastliðin þrjú ár. Þá eru uppfærðar neyðar- og viðbragðsáætlanir, einkum tengdar umhverfi og öryggi rekstrar og starfsmanna. Í öðrum stöðlum sem fyrirtækið uppfyllir, svo sem frá Michelin og ExxonMobil, er einnig lögð rík áhersla á umhverfisstjórnun og meðhöndlun úrgangs.

Rekstur félagsins þarfnast sérhæfðra rekstrarfjármuna vegna birgðahalds og sölu á eldsneyti. Þar má helst nefna eldsneytistanka og eldsneytisdælur, sem hvorttveggja lýtur ströngum lagaskilyrðum hvað varðar mengunarvarnir. Bilanir þessara rekstrarfjármuna myndu hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins og sama gildir ef þeir uppfylla ekki kröfur heilbrigðisyfirvalda þannig að hömlur yrðu lagðar á notkun þeirra eða þeir hlytu ekki tilskilin leyfi frá yfirvöldum. Félagið gerir sér grein fyrir mikilvægi þessa fyrir rekstur félagsins og leggur því áherslu á nauðsynlegt eftirlit, viðhald og endurnýjun.

Rekstur félagsins þarfnast skilvirkra tölvukerfa. Bilanir í tölvukerfum félagsins, t.d. í tengslum við sölu- og viðskiptamannakerfi, greiðslukerfi og strikamerkjalesara, eldsneytisdælur eða í tengslum við aðfangakeðjuna, myndu hafa neikvæð áhrif á rekstur þess. Félagið gerir sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem tölvukerfi gegna í skilvirkum rekstri félagsins. Eftirlitsferlar eru til staðar hjá félaginu sem tryggja öryggi og skilvirkni tölvukerfa þess, en þannig er vélbúnaður vaktaður allan sólarhringinn, fylgst með álagi á vefþjónum og hugbúnaðarbilanir tilkynntar með rafrænum hætti ef þær koma upp.

Þótt N1 telji að starfsmenn þess sinni starfi sínu af heiðarleika og fagmennsku er starfsemi félagsins umfangsmikil sem leiðir til þess að til staðar er sú hætta á öllum stigum rekstrarins að sviksamleg háttsemi geti átt sér stað. En til að lágmarka þessa áhættu er félagið með eftirlit sem snýr að ýmsum þáttum í starfsemi félagsins.

### 1.9.6 Lykilstarfsmenn

Framtíðarþróun félagsins veltur á þekkingu, reynslu og einurð stjórnenda þess og annarra lykilstarfsmanna. Innan félagsins er yfirgripsmikil reynsla og þekking á íslenska eldsneytissölumarkaðinum. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef einn eða fleiri þessara lykilstarfsmanna hættu störfum hjá því, en sérstaklega ef margir þeirra myndu hverfa frá félaginu með stuttu millibili án þess að félagið stýrði þar för. Ef félagið getur ekki ráðið til sín nýja hæfa starfsmenn getur það haft neikvæð áhrif á getu þess til að þróa reksturinn áfram. Það er mikilvægt fyrir félagið að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk. Félagið leggur áherslu á að bjóða góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun, en ekki er víst að því takist ávallt að laða til sín og/eða halda í þá starfsmenn sem það þarfnast.

### 1.9.7 Stefnumótunaráhætta

Stefnumótunaráhætta er hættan á að viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum í rekstrarumhverfi leiði til rekstrartaps eða lækkunar gjaldþols. Viðskiptastefna félagsins mótast af skilgreindu hlutverki og markmiðum. Hætta er á að félaginu takist ekki að framkvæma yfirlýsta stefnu sína til hlítar, annað hvort vegna eigin mistaka eða vegna þess að reksturinn er næmur fyrir sveiflum gjaldmiðla, breytingum á heimsmarkaðsverði olíu og sveiflum í efnahagslífinu sem hafa áhrif á eftirspurn. Ef viðskiptastefna félagsins reynist röng eða er ekki komið á framfæri með skilvirkum hætti er hætta á að reksturinn bíði skaða af. Nauðsynlegt er að félagið skilji og stýri viðskiptaáhættu með réttum hætti til að ná fram langtímaávöxtun, hluthöfum til hagsbóta.

### 1.9.8 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er áhætta vegna þess skaða sem laskað orðspor útgefanda hjá neytendum, mótaðilum, starfsmönnum, hluthöfum og stjórnvöldum getur valdið félaginu. Hættan er sú að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um viðskiptahætti þess. Slík neikvæð umfjöllun getur komið upp ef félaginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða aðili tengdur félaginu er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til tekjuöflunar og haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu þess.

Mikilvægt er að öryggi og gæði á vörum félagsins séu fullnægjandi og er það nauðsynlegt til að viðhalda trausti viðskiptavina. Ef félagið bregst trausti viðskiptavina gæti það haft áhrif á stærð viðskiptavinahópsins og þar með fjárhagslega afkomu.

### 1.9.9 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Ársreikningar félagsins hafa frá og með árinu 2007 verið útbúnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Reikningsskilastaðlarnir eru endurskoðaðir með reglulegu millibili og breytingar á þeim gætu haft áhrif á reiknaðan hagnað félagsins.

## 1.10 Uppbygging á eignarhaldi útgefanda

Sextíu og sjö aðilar eru skráðir í hlutaskrá N1 hf. þann 25. nóvember 2013.

Stærsti hluthafi N1 hf. er FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. (einnig nefndur „FSÍ“ í útgefandalýsingu þessari), kt. 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík. Hann á 35,90% útgefinna hluta í félaginu og er eini aðilinn sem fer með 30% atkvæðisréttar í félaginu eða meira, sem eru skilgreind mörk yfirráða í félagi samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Í fyrirhuguðu almennu útboði á 25-28% áður útgefnum hlutum í N1, sem lýst er í verðbréfalýsingu dagsettri 26. nóvember 2013, áformar FSÍ að selja sem nemur 15% af útgefnum hlutum í N1 hf. Að útboðinu loknu gerir FSÍ því að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara með 20,90% atkvæðisréttar í N1 hf. og fara ekki með yfirráð í félaginu samkvæmt framangreindri skilgreiningu.

Seljendur munu falla frá útboðinu ef áskriftir fást ekki fyrir að lágmarki 10% hluta í félaginu. Komi til þess að eftirspurn fjárfesta reynist minni en sem nemur þeim 25% sem framboð seljenda segir til um, þá nemur möguleg lágmarksstærð útboðsins því 10% af útgefnum hlutum N1. Í slíku minna útboði en áformað er gæti FSÍ mögulega selt allt niður í 4-6% eignarhlut í N1 (eftir því hvernig eftirspurn fjárfesta skiptist milli einstakra hluta útboðsins) og að öðru óbreyttu farið með allt að 31,90% atkvæðisréttar að útboði loknu. Ef NASDAQ OMX Iceland hf. myndi í kjölfar slíks minna útboðs samþykkja að taka hlutabréf N1 hf. til viðskipta á Aðalmarkaði, gæti FSÍ farið með yfirráð í félaginu samkvæmt skilgreiningunni. Hluthafi sem fer með yfirráð í félagi þegar verðbréf þess eru tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er undanþeginn tilboðsskyldu samkvæmt 7. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en sú undanþága gildir þó ekki ef viðkomandi aðili missir yfirráðin en nær þeim að nýju.

Annar stærsti hluthafi N1 hf. er Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík. Hann fer með 17,35% útgefinna hluta, er annar tveggja seljenda í framangreindu útboði og áformar að selja þar sem nemur 10% af útgefnum hlutum í N1 hf. en áskilur sér rétt til að auka það í 13%. Að útboðinu loknu gerir bankinn því að öðru óbreyttu ráð fyrir að fara með 4,35-7,35% atkvæðisréttar í N1 hf. Komi til þess að útboðið verði minna, skv. framansögðu, þá gæti bankinn mögulega selt allt niður í 4-6% eignarhlut í N1 og að öðru óbreyttu farið með allt að 13,35% atkvæðisréttar að útboði loknu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um neinar söluhömlur eða söluskyldu á hlutum í N1 eftir að útboði lýkur, eða hvort og þá hvenær eða með hvaða hætti seljendur í útboðinu eða aðrir í hópi stærstu hluthafa N1 munu selja þá eignarhluti sem þeir munu eiga eftir að útboðinu lýkur.

Þriðji stærsti hluthafi N1 hf. er Lífeyrissjóður verslunarmanna, sem fer með 10,00% útgefinna hluta.

Aðrir hluthafar samanstanda af lífeyrissjóðum, verðbréfasjóðum, fjárfestingafélögum og einstaklingum sem að uppistöðu til eru fyrrum eigendur skuldabréfaflokksins ESSO 05 11 og samþykktu árið 2011 að skipta skuldabréfaeign sinni út fyrir hlutabréf í N1 hf. ásamt kauprétti að samtals 18% hluta í félaginu sem nýttur var í október 2013. Stærsti hluthafinn í þessum hópi er Stafir lífeyrissjóður með 5,29% hlut. Aðrir hluthafar fara með undir 5% beinum eignarhlut í N1, sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og laga nr. 2/1995 um hlutafélög, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti frá þeim tíma að hlutir eru teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Stærsti hluthafi útgefanda gæti, miðað við ofangreint eignarhald, haft veruleg áhrif á mál sem borin eru undir atkvæði hluthafa. Hann hefur einnig vald til að koma í veg fyrir breytingu á yfirráðum og gæti gripið til aðgerða sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á verðmæti hlutabréfa félagsins. Þetta á bæði við um eignarhald hans samkvæmt núverandi hlutaskrá og eignarhald eftir framangreindar breytingar sem eru fyrirhugaðar vegna útboðsins.

Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald eða samkomulag en að framan greinir, eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum. Útgefanda er því ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi sem geta leitt til annarra breytinga á yfirráðum yfir útgefanda en að ofan greinir. Upplýsingar varðandi stærstu hluthafa í félaginu er að finna í kaflanum *5.1 Hluthafar* í útgefandalýsingu, dagsettri 26. nóvember 2013.

## 2. SAMANDREGNAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

Samandregnar upplýsingar sem hér fara á eftir um fjárhag útgefanda eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningum N1 hf. fyrir árin 2010, 2011 og 2012, svo og óendurskoðuðum árshlutareikningi félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2013. Töflurnar sýna lykiltölur úr rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðstreymi félagsins fyrir framangreind tímabil. Ársreikningar N1 fyrir árin 2011 og 2012 og árshlutareikningur fyrstu sex mánaða 2013 voru endurskoðaðir og áritaðir af Ernst & Young ehf. án athugasemda. Ársreikningur fyrir árið 2010 var endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers ehf. án athugasemda en með ábendingu um fjárhagsstöðu félagsins á þeim tíma. Framangreind reikningsskil voru gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Eins og fram kemur í skýringu nr. 3 í ársreikningum félagsins fyrir árin 2012 og 2011 og skýringu nr. 2 í ársreikningi félagsins fyrir árið 2010 hefur framsetningu á reikningsskilum félagsins verið breytt á milli ára. Allar tölur hér að aftan miðast við framsetningu reikningsskila eins og hún er í ársreikningi félagsins fyrir árið 2012 og níu mánaða árshlutareikningi 2013. Varðandi frekari útskýringar á breytingu framsetningar er vísað til framangreindra reikninga félagsins í kafla *9. Árs- og árshlutareikningar N1 hf. 1.1.2010 - 30.9.2013*.

| **Rekstrarreikningur** (m.kr.) | **9M 2013** | **9M 2012** | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 45.557 | 46.748 | 60.061 | 54.701 | 45.816 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (38.445) | (38.966) | (50.287) | (45.294) | (37.253) |
| **Framlegð af vörusölu** | **7.112** | **7.782** | **9.774** | **9.408** | **8.563** |
| Aðrar rekstrartekjur | 277 | 148 | 197 | 186 | 193 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (2.827) | (3.000) | (4.057) | (3.910) | (3.645) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | (1.594) | (1.410) | (1.842) | (1.684) | (1.648) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.241) | (1.199) | (1.423) | (1.891) | (6.704) |
| | **(5.662)** | **(5.609)** | **(7.321)** | **(7.485)** | **(11.997)** |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | **1.727** | **2.321** | **2.650** | **2.108** | **(3.240)** |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (520) | (739) | (941) | (2.809) | (4.992) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | **1.207** | **1.582** | **1.709** | **(700)** | **(8.232)** |
| Fjármunatekjur | 218 | 161 | 278 | 330 | 823 |
| Fjármagnsgjöld | (505) | (524) | (713) | (398) | (1.133) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 134 | 86 | 75 | 371 | (1.533) |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 108 | 32 | 49 | (1) | 1 |
| | **(45)** | **(245)** | **(312)** | **302** | **(1.841)** |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 0 | 0 | 0 | 4.805 | (1.978) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **1.163** | **1.336** | **1.396** | **4.406** | **(12.051)** |
| Tekjuskattur | (351) | (244) | (236) | 130 | 227 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **811** | **1.092** | **1.161** | **4.536** | **(11.824)** |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | (17) | 2 | 30 | (27) | 0 |
| **Heildarhagnaður ársins** | **794** | **1.095** | **1.191** | **4.509** | **(11.824)** |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | 0,81 | 1,09 | 1,16 | 1,33 | (1,97) |

| **Efnahagsreikningur** *(m.kr.)* | **30.9.2013** | **30.9.2012** | **31.12.2012** | **31.12.2011** | **31.12.2010** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| Óefnislegar eignir | 415 | 476 | 460 | 521 | 577 |
| Rekstrarfjármunir | 10.596 | 10.633 | 10.590 | 11.115 | 3.864 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 1.427 | 1.272 | 1.311 | 1.206 | 1.303 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 241 | 141 | 132 | 91 | 94 |
| Skatteign | 0 | 173 | 227 | 243 | 113 |
| Skuldabréfaeign | 63 | 78 | 78 | 102 | 158 |
| **Fastafjármunir** | **12.743** | **12.774** | **12.798** | **13.277** | **6.110** |
| Birgðir | 4.853 | 6.942 | 5.955 | 5.930 | 4.982 |
| Viðskiptakröfur | 4.326 | 5.875 | 4.209 | 4.297 | 3.519 |
| Kröfur á tengda aðila | 34 | 57 | 23 | 54 | 9 |
| Aðrar skammtímakröfur | 1.444 | 916 | 2.276 | 578 | 543 |
| Handbært fé | 6.127 | 4.304 | 2.508 | 2.191 | 1.733 |
| **Veltufjármunir** | **16.784** | **18.093** | **14.971** | **13.050** | **10.787** |
| **Eignir** | **29.528** | **30.867** | **27.769** | **26.327** | **16.897** |
| **Eigið fé** | | | | | |
| Hlutafé | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 1.000 | 6.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 11.865 | 11.865 | 11.865 | 11.865 | 0 |
| Endurmatsreikningur | 413 | 470 | 444 | 485 | 617 |
| Þýðingamunur | (14) | (24) | 3 | -27 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | 2.044 | 1.107 | 1.202 | 0 | (11.803) |
| **Eigið fé** | **15.308** | **14.418** | **14.514** | **13.323** | **(5.186)** |
| **Skuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 6.650 | 7.367 | 7.253 | 7.820 | 0 |
| Aðrar skuldbindingar | 65 | 74 | 0 | 244 | 396 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 249 | 0 | 295 | 0 | 60 |
| **Langtímaskuldir** | **6.964** | **7.441** | **7.549** | **8.064** | **456** |
| Tekjuskattur til greiðslu | 279 | 0 | 220 | 0 | 0 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | 4.435 | 5.032 | 2.588 | 2.716 | 2.085 |
| Skuldir við lánastofnanir | 350 | 2.106 | 567 | 567 | 10.162 |
| Skuldabréfaútgáfa | 0 | 0 | 0 | 0 | 7.446 |
| Viðskiptaskuldir | 1.449 | 1.301 | 1.080 | 1.138 | 964 |
| Skuldir við tengda aðila | 179 | 38 | 47 | 59 | 325 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 244 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 319 | 532 | 1.204 | 460 | 645 |
| **Skammtímaskuldir** | **7.256** | **9.008** | **5.706** | **4.940** | **21.627** |
| **Skuldir samtals** | **14.220** | **16.449** | **13.255** | **13.004** | **22.083** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **29.528** | **30.867** | **27.769** | **26.327** | **16.897** |

| **Sjóðstreymisyfirlit** *(m.kr.)* | **9M 2013** | **9M 2012** | **2012** | ***2011** | ***2010** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 1.727 | 2.321 | 2.650 | 2.108 | (1.373) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi | | | | | |
| Skuldbindingar vegna frjálsra skráninga fasteigna | (6) | (1) | (74) | 218 | 0 |
| Aðrir liðir | (23) | 0 | (0) | 11 | 35 |
| | **1.699** | **2.320** | **2.576** | **2.337** | **(1.337)** |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, hækkun | 872 | (1.012) | (26) | (948) | 38 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur (hækkun) | (628) | (1.848) | 145 | (572) | (4) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir (lækkun) | 2.182 | 3.750 | (212) | 428 | 274 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | **2.427** | **890** | **(93)** | **(1.091)** | **307** |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 195 | 94 | 145 | 128 | 99 |
| Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda | (18) | (63) | (87) | (95) | (457) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | **4.302** | **3.241** | **2.541** | **1.279** | **(1.388)** |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir | 0 | 0 | 0 | (4) | 0 |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (1.211) | (308) | (1.160) | (530) | (443) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 1.939 | 96 | 105 | 33 | 46 |
| Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum | (2) | 0 | 0 | (7) | (31) |
| Seldir eignarhlutir í öðrum félögum | 1 | 4 | 8 | 2 | 0 |
| Lán til tengds aðila | (30) | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Innheimt frá tengdum aðila | 30 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Móttekinn arður | 0 | 0 | 2 | 33 | 17 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | **728** | **(208)** | **(1.045)** | **(474)** | **(410)** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | 7.000 | 0 | 0 | 0 | 19 |
| Afborganir langtímaskulda | (7.820) | (453) | (567) | (113) | (440) |
| Greidd vaxtagjöld langtímaskulda | (590) | (467) | (612) | (200) | (528) |
| Krafa/skuld við tengda aðila, breyting | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.682 |
| Greitt vegna nauðasamnings | 0 | 0 | 0 | (34) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **(1.410)** | **(921)** | **(1.179)** | **(346)** | **1.733** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **3.619** | **2.112** | **317** | **459** | **(65)** |
| Handbært fé í byrjun árs | 2.508 | 2.191 | 2.191 | 1.733 | 1.799 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | **6.127** | **4.304** | **2.507** | **2.191** | **1.733** |
| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | | (380) | (9.500) | |
| Seldir rekstrarfjármunir | | | 1.588 | 0 | |
| Aðrar skammtímakröfur | | | (1.588) | 0 | |
| Lækkun hlutafjár hlutdeildarfélags | | | 0 | 417 | |
| Útgefið eigið fé við fjárhagslega endurskipulagningu | | | 0 | 14.000 | |
| Ný langtímalán | | | 0 | 8.500 | |
| Uppgjör langtímaskulda | | | 0 | (17.860) | |
| Uppgjör víkjandi láns til hlutdeildarfélags | | | 0 | (417) | |
| Aðrar skammtímaskuldir | | | 380 | 0 | |

**Framsetning sjóðstreymis áranna 2010 og 2011, breytt frá áður birtum endurskoðuðum ársreikningum 2010 og 2011 til samræmis við framsetningu í ársuppgjöri samstæðu fyrir árið 2012 og árshlutareikning 2013.*

| Lykiltölur | 9M 2013 | | 9M 2012 | | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eldsneyti, seldir lítrar (þús.) | 302.861 | | 297.870 | | 377.552 | 370.230 | 366.199 |
| Framlegð/Sala | 15,6% | | 16,7% | | 16,3% | 17,2% | 18,7% |
| Launahlutfall (Launakostnaður/Sala) | 6,2% | | 6,4% | | 6,8% | 7,1% | 8,0% |
| Kostnaðarhlutfall (Rekstrarkostn.r/Sala) | 12,4% | | 12,0% | | 12,2% | 13,7% | 26,2% |
| EBITDA (EBITDA/Sala) | 3,8% | | 5,0% | | 4,4% | 3,9% | (7,1%) |
| EBITDA/Framlegð | 24,3% | | 29,8% | | 27,1% | 22,4% | (37,8%) |
| Veltuhraði birgða | 10,56 | * | 7,48 | * | 8,44 | 7,64 | 7,48 |
| Veltufjárhlutfall | 2,31 | | 2,01 | | 2,62 | 2,64 | 0,50 |
| Lausafjárhlutfall | 1,64 | | 1,24 | | 1,58 | 1,44 | 0,27 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA | 0,42 | * | 1,67 | * | 2,04 | 2,98 | (2,69) |
| Innra virði hlutafjár | 15,5 | | 14,4 | | 14,5 | 13,3 | (0,9) |
| Arðsemi eigin fjár | 7,3% | | 10,5% | * | 8,3% | 111,5% | (1.628,9%) |
| Eigið fé, m.kr. | 15.308 | | 14.418 | | 14.514 | 13.323 | (5.186) |
| Eiginfjárhlutfall | 51,8% | | 46,7% | | 52,3% | 50,6% | (30,7%) |

**Rekstrartölur eru reiknaðar á ársgrundvelli, byggt á níu mánaða tímabilinu*
***EBITDA undangenginna tólf mánaða*

# 3. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

## 3.1 Útgefandi

| | |
|---|---|
| *Lögheiti* | N1 hf. |
| *Viðskiptaheiti* | N1 |
| *Kennitala* | 540206-2010 |
| *Lögform* | Hlutafélag, skráð og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. |
| *Eigendur* | Hluthafar félagsins eru 67 talsins. Fjórir hluthafar eiga 5% eða stærri eignarhlut í félaginu, en þeir eru FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. (35,90%), Íslandsbanki hf. (17,35%), Lífeyrissjóður verzlunarmanna (10,00%) og Stafir lífeyrissjóður (5,29%). |
| *Útistandandi hlutafé* | 1.000.000.000 hlutir, hver 1 króna að nafnverði. |
| *Eigin hlutir* | N1 hf. á ekki hluti í N1 hf. |
| *Heildarhlutafé* | 1.000.000.000 útgefnir hlutir, hver 1 króna að nafnverði. |
| *Auðkenni hluta hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf.* | N1 |
| *ISIN-númer* | IS0000020584 |
| *Höfuðstöðvar og lögheimili* | Dalvegur 10-14, 201 Kópavogur, Ísland |
| *Heimasíða* | www.n1.is |
| *Tölvupóstfang* | n1@n1.is |
| *Símanúmer* | +354 440 1000 |
| *Fjárhagsdagatal* | Vika 9 2014 Birting ársreiknings 2013<br>Vika 15 2014 Aðalfundur 2014 |

## 3.2 Lagaumhverfi

N1 starfar í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Starfsemi félagsins fellur m.a. undir efnalög nr. 61/2013, lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsemi N1 lýtur ýmsum opinberum reglum og eru helstu starfsstöðvar félagsins háðar leyfisveitingu opinberra aðila. Varðandi umfjöllun í tengslum við lagaumhverfi félagsins er vísað til kafla *1.8 Lagaleg áhætta* í útgefandalýsingu þessari.

Í rekstri félagsins ber félaginu að fylgja Samkeppnislögum nr. 44/2005, en varðandi umfjöllun í tengslum við Samkeppnislög og eftirlit Samkeppniseftirlitsins sem framfylgir boðum og bönnum þeirra laga, er vísað til kafla *1.8.2 Samkeppni* í útgefandalýsingu þessari.

## 3.3 Ágrip af sögu N1

Árið 1889 var Det Danske Petroleums Aktieselskab (DDPA) stofnað í Danmörku. Þar sem Ísland var á þessum tíma mjög háð innflutningi frá Danmörku hóf DDPA innflutning á steinolíu. DDPA opnaði skrifstofu á Íslandi

1908 og stofnaði dótturfélag árið 1913. Sama ár var Hið íslenska steinolíufélag stofnað og tók það yfir starfsemi DDPA á Íslandi. Árið 1920 var fyrsta bensínstöð þess félags opnuð. Skömmu eftir seinni heimstyrjöldina var Hið íslenska steinolíufélag í nokkrum kröggum og var þá ákveðið að nokkur samvinnufélög ásamt öðrum tækju yfir starfsemi þess. Í þeim tilgangi var Olíufélagið hf. stofnað árið 1946. Helstu stofnendur Olíufélagsins voru SÍS (Samband íslenskra samvinnufélaga), Skúli Thorarensen, Olíusamlag Keflavíkur, Olíusamlag Vestmannaeyja, önnur samvinnufélög og útgerðaraðilar. Árið 1994 voru hlutabréf Olíufélagsins tekin til viðskipta á Verðbréfaþingi Íslands sem síðar varð Kauphöll Íslands og ber nú jafnframt heitið NASDAQ OMX Iceland. Árið 2002 var nafni Olíufélagsins hf. breytt í Ker hf. og Olíufélagið ehf. stofnað í lok árs 2001 um rekstur félagsins er tók til sölu á fljótandi eldsneyti en Ker hf. stóð eftir sem eignarhaldsfélag um hluti í Olíufélaginu ehf. og öðrum félögum ásamt fasteignum sem færðar voru í sérstakt félag með skiptingu Kers hf. sama ár. Ker hf. var afskráð úr Kauphöll Íslands árið 2003 í kjölfar yfirtökutilboðs Vörðubergs hf. Árið 2006 var Olíufélagið ehf. selt BNB ehf. sem var stofnað 13. febrúar 2006 en nafni og félagsformi þess síðarnefnda var breytt í N1 hf. árið 2007 samhliða samruna nokkurra félaga innan samstæðunnar. Bílanaust hf., Funahöfði 13 ehf., Hjólbarðahöllin ehf., Hjólbarðaviðgerðin ehf., Hjólvest ehf., Ísdekk ehf., Kúlulegusalan ehf. og Radíóþjónusta Sigga Harðar ehf. voru sameinuð N1 hf. frá 1.1.2007. N1 hf. og Umtak fasteignafélag ehf., félag utan um fasteignir N1 hf., voru í fyrstu bæði í eigu BNT ehf., en 2007 fór Umtak í eigu Olíufélagsins ehf. sem N1 hf. átti 49% í og Hafsilfur ehf. og Hrómundur ehf. samtals 51%, en við fjárhagslega endurskipulagningu 2011 keypti N1 hf. allar fasteignir af Umtaki fasteignafélagi ehf. Samhliða fjárhagslegri endurskipulagningu eftir svokallaðan frjálsan nauðasamning 2011 yfirtóku kröfuhafar eignarhald á félaginu. Í árslok 2012 var rekstur N1 á sjö sérverslunum með varahluti, aukahluti í bíla, verkfæri, rekstrar- og iðnaðarvörur ásamt söludeild og tækniþjónustuverkstæði færður í nýstofnað dótturfélag, Bílanaust ehf., og var það selt í maí 2013.

## 3.4 Starfsemi og starfssvið

Tilgangur N1, samkvæmt 3. gr. samþykkta félagsins, er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Stjórn N1 ætlar félaginu það hlutverk að sjá fólki á ferð og fyrirtækjum fyrir eldsneyti, rekstrarvörum, veitingum og afþreyingu með öflugu dreifikerfi, markvissu vöruvali og persónulegri þjónustu. Stjórnin hefur sömuleiðis markað félaginu þá framtíðarsýn til næstu fimm ára að N1 sé fyrirmynd annarra fyrirtækja og í stöðugri framþróun með þátttöku allra starfsmanna. Gildi félagsins, sem stjórnin hefur sett því, eru virðing, einfaldleiki og kraftur, en starfsáætlun fyrir árin 2013-2014 leggur áherslu á leiðandi þjónustu, öfluga liðsheild, skilvirka verkferla og sterkan fjárhag.

N1 er eitt stærsta verslunar- og þjónustufyrirtæki landsins. Meginstarfsemi félagsins felst í sölu á eldsneyti og tengdum vörum. Félagið þjónar fólki og fyrirtækjum á þjónustustöðvum og fyrirtækjaverslunum sem staðsettar eru víðsvegar um landið, auk sjálfsagreiðslustöðva og sjálfsala félagsins. Þá selur félagið einnig vörur sínar og þjónustu beint til margra af stærstu fyrirtækjum landsins. Þá rekur N1 fjölmörg verkstæði, sem sinna hjólbarða- og smurþjónustu, sem og smærri viðgerðum. N1 leggur áherslu á að starfsfólk þekki hlutverk, stefnu og gildi fyrirtækisins og að það leggi ávallt metnað sinn í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.

### 3.4.1 Forstjóri og framkvæmdastjórn

Forstjóri félagsins er Eggert Benedikt Guðmundsson. Framkvæmdastjórn N1 er skipuð forstjóra og fimm framkvæmdastjórum sem hver ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra. Ábyrgð á sölu og þjónustu N1 er skipt niður á tvö tekjusvið, einstaklingssvið sem Ingunn Sveinsdóttir stýrir og fyrirtækjasvið sem Hinrik Bjarnason stýrir. Undir einstaklingssvið heyra þjónustustöðvar, sjálfsafgreiðslustöðvar, verkstæði, framkvæmdadeild, þjónustuver og viðskiptaþjónusta. Undir fyrirtækjasvið heyrir fyrirtækjaþjónusta og fyrirtækjaverslanir. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er Eggert Þór Kristófersson. Fjármálasvið ber ábyrgð á eldsneytisinnkaupum og vöruhúsi, upplýsingatækni, reikningshaldi, áhættu- og fjárstýringu, hagdeild og innheimtu, auk verðlagningar á eldsneyti og á eignarhlutum í félögum. Kolbeinn Finnsson fer fyrir starfsmannasviði, sem auk starfsmannamála ber ábyrgð á gæðamálum félagsins. Framkvæmdastjóri markaðssviðs er Halldór Harðarson.

### 3.4.2 Tekjusvið

Þjónustunet N1 nær til stórs hluta íslenskra neytenda og fyrirtækja á Íslandi, víðsvegar um landið. Það telur 112 útsölustaði á fljótandi eldsneyti, auk beinnar þjónustu við sjávarútveg um allt land og flugrekstraraðila á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli, svo og 10 fyrirtækjaverslanir og 10 þjónustuverkstæði.

*Þjónustunet N1*



Einstaklingssvið ber ábyrgð á þjónustu félagsins við einstaklinga. Í því felst meðal annars rekstur þjónustustöðva félagsins sem eru 29 talsins, en þar af eru 15 undir merki Nestis, og 25 sjálfsafgreiðslustaða eldsneytis, en auk þess á félagið eldsneytissjálfsala á 58 stöðum sem reknir eru af umboðsmönnum. Í eldsneytissölu til einstaklinga og annarra á neytenda- eða smásölumarkaði er staðsetning útsölustaða einn af lykilþáttum og hefur félagið yfir að ráða góðum staðsetningum á höfuðborgarsvæðinu og öðrum mikilvægum svæðum á landinu, svo sem Borgarnesi, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Fimm stærstu þjónustustöðvar félagsins m.t.t. sölutekna eru á Ártúnshöfða og Bíldshöfða í Reykjavík, við Lækjargötu í Hafnarfirði, við Háholt í Mosfellsbæ og á Selfossi.

Bílaþjónusta fellur einnig undir einstaklingssvið, en þar er um að ræða rekstur tíu þjónustuverkstæða, sölu á felgum og dekkjum og dekkjahótel. Verkstæði félagsins eru sérhæfð í hjólbarðaþjónustu, smurþjónustu og smáviðgerðum. Auk þessa fer einstaklingssvið fyrir þjónustuveri félagsins. Einnig ber sviðið ábyrgð á framkvæmdadeild og viðskiptaþróun, stoðdeildum sem vinna þvert á allt fyrirtækið.

Fyrirtækjasvið N1 ber ábyrgð á þjónustu og sölu á vörum félagsins til fyrirtækja. Það annast beina sölu til innlendra og erlendra fyrirtækja á eldsneyti, smurefnum, rekstrarvörum, vinnufatnaði og fjölbreyttri þjónustu

sem N1 hefur upp á að bjóða. Að auki annast fyrirtækjasvið rekstur átta fyrirtækjaverslana víðsvegar um landið, auk tveggja verslana sem reknar eru í umboðssölu. Verslanirnar styðja við þjónustu og vöruframboð N1 þar sem viðskiptavinir geta nálgast smurolíur, fatnað og ýmiskonar efna- og rekstrarvörur. Með víðfemu þjónustuneti um land allt leggur N1 áherslu á að geta þjónustað öll fyrirtæki hratt og örugglega, en fyrirtækjasvið N1 hefur að leiðarljósi að bjóða viðskiptavinum góða og persónulega þjónustu.

Helstu viðskiptavinir Fyrirtækjasviðs N1 eru útgerðir og fiskvinnslur, flugfélög, verktaka, vöru- og fólksflutningafyrirtæki, ferðaþjónustu- og iðnfyrirtæki og bændur. Einnig annast N1 skipaþjónustu víðsvegar um heiminn í gegnum alþjóða skipaþjónustu ExxonMobil. N1 á 49% eignarhlut í Malik Supply A/S í Danmörku sem var stofnað 1989 sem sjálfstætt starfandi fyrirtæki í þjónustu við olíugeirann. Meginmarkmið þess er að útvega olíu, smurefni og aðrar vörur og þjónustu fyrir fiskveiðiflotann í Grænlandshafi og Norður-Atlantshafi, en það sinnir einnig verslunar- og flutningaflotanum. Malik þjónustar skipin bæði á hafi úti og við hafnir víðsvegar um heim.

Á árinu 2012 voru um 7.700 fyrirtæki í viðskiptum við N1. Flest þeirra nýta sér útsölustaði einstaklingssviðs og þar með talinn er mikill hluti þeirra stórnotenda sem fyrirtækjasvið sinnir. Sölunet N1 er þannig ein samofin heild sem þjónustar viðskiptavini félagsins á þeim vettvangi sem viðskiptavininum hentar hverju sinni.

Félagið gefur út N1-kortið, vildar- og tryggðarkort, sem færir viðskiptavinum ávinning af reglulegum viðskiptum við N1, en ávinningurinn felst annars vegar í punktasöfnun sem nýtist sem inneign við síðari viðskipti og sérstök punktatilboð þar með talin, en hins vegar í beinum afsláttarkjörum af vörum og þjónustu. Hver punktur jafngildir einni krónu í viðskiptum við N1 en með reglulegum tilboðum gefst tryggum viðskiptavinum kostur á að margfalda virði punktanna sinna. Á árinu 2012 söfnuðu korthafar alls um 190 milljóna punkta inneign með viðskiptum við félagið og nýttu 145 milljónir punkta. N1 kortið er greiðslukort, en hægt er að tengja það við kreditkort eða debetkort eða velja reikningsviðskipti. Í dag eru korthafar um 90 þúsund með aukakortum, en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt og þá mest meðal yngra fólks. Félagið hefur í auknum mæli fært sig í beina og persónulega sölu og markaðssetningu til korthafa sinna.

*29 N1 þjónustustöðvar í eigu og rekstri félagsins ásamt 83 N1 sjálfsafgreiðslustöðvum*



*Dælur við hafnir og flugeldsneyti*



### 3.4.3 Dreifing og birgðahald

N1 útvistar dreifingu og hluta af birgðahaldi á fljótandi eldsneyti til Olíudreifingar ehf. sem félagið á 60% eignarhlut í á móti Olíuverslun Íslands hf. sem á 40%. Meginstarfsemi Olíudreifingar ehf. er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti fyrir eigendur sína og hefur Olíudreifing ehf. yfirtekið starfsemi N1 á þessum sviðum, að undanskilinni dreifingu á fljótandi eldsneyti á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli. Félagið rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Verkstæðin sjá um viðhald og uppbyggingu á eignum félagsins og á tæknibúnaði þjónustustöðva. Starfsmenn félagsins eru 130 talsins á 34 starfsstöðum víðsvegar um landið. Verktakar annast auk þess dreifingu á 10 stöðum. Félagið á og rekur m.a. um 60 tankbíla, vörubíla og dráttarbíla auk um 50 smærri bíla, 37 birgðastöðvar með samtals 210 milljón lítra geymarými og 500 tonna

afgreiðslubát. Félagið á auk þessa umboðsverslunina G. Hannesson að fullu. Samkvæmt íhlutun samkeppnisyfirvalda frá árinu 1995 fer N1 ekki með yfirráð yfir Olíudreifingu ehf. þrátt fyrir að eiga meirihluta í félaginu, heldur er Olíudreifingu ehf. gert að hafa stjórnarmenn óháða N1. Umsvif N1 hafa hins vegar veruleg áhrif á starfsemi Olíudreifingar ehf. og beitir félagið samkvæmt því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutar síns í Olíudreifingu ehf.[6]

Innkaupaferli N1 á eldsneyti er með þeim hætti að félagið gerir samning við birgja til eins árs í senn. Innkaup á eldsneyti geta annars vegar verið með þeim hætti að það sé keypt í heilförmum eða hins vegar að það sé keypt af birgðum birgis í tollvörugeymslu. Sá háttur hefur verið á innkaupum N1 á eldsneyti síðustu árin. Tollvörugeymsla eldsneytis er hjá Olíudreifingu ehf. og eru birgðir N1 geymdar í tönkum Olíudreifingar ehf. Tollvörugeymslur Olíudreifingar ehf. eru á fimm stöðum á landinu, Reykjavík, Akureyri, Neskaupstað, Reyðarfirði og í Helguvík. Bensín, díselolía, flotaolía og flotadíselolía er geymd á fyrstnefndu fjórum stöðunum en þotueldsneyti í Helguvík. Svartolía er flutt inn í sérstökum skipum og geymd í Reykjavík og á nokkrum öðrum stöðum meðfram strandlengju landsins. Ef birgi á eldsneytið í tollvörugeymslu kaupir N1 eldsneyti af birgjanum vikulega. Olíudreifing ehf. dreifir eldsneytinu fyrir N1 frá birgðastöðvum sínum, annað hvort með tankbílum eða skipi.

N1 rekur vöruhús fyrir aðrar vörur en eldsneyti á Bíldshöfða 9 og Klettagörðum 13 í Reykjavík, sem samtals eru 15.000 fm. Fyrir lok ársins 2013 mun félagið flytja allan vöruhúsarekstur sinn í Klettagarða 13 sem er um 10.000 fm. Þar munu starfa um 40 starfsmenn. Einnig er félagið með samning um vöruhúsaþjónustu fyrir Bílanaust ehf. í Klettagörðum 13.

### 3.4.4 Markaðs- og samfélagsmál

Í stuðningi sínum við samfélagið leggur N1 áherslu á forvarnar- og íþróttastarf, með því að styrkja barna- og unglingastarf íþróttafélaga víða um land. N1 mótið á Akureyri er stærsta árlega knattspyrnumót landsins með hátt á annað þúsund þátttakendum á aldrinum 10 til 12 ára, auk þjálfara, liðsstjóra og foreldra. Mótið setur því mikinn svip á höfuðstað Norðurlands í fjóra daga um mánaðamótin júní/júlí ár hvert. Félagið er aðalbakhjarl N1 Reykjavíkurskákmótsins 2013 og 2014. Íslensk börn og ungmenni fá þar tækifæri til að tefla á alþjóðlegu stórmóti með mörgum bestu skákmönnum heims. N1 tekur einnig þátt í samstarfi við skátana um ýmis verkefni, ýmsum tilfallandi söfnunum á landsvísu, stuðningi við Mæðrastyrksnefnd og samstarfi við hin ýmsu félög í háskólaumhverfinu á Íslandi.

N1 er í fararbroddi við innleiðingu á umhverfisvænum orkugjöfum, en félagið býður metangas á stöð sinni við Bíldshöfða. Þá býður félagið biodísel á átta þjónustustöðvum sínum, en þar er m.a. um að ræða innlenda framleiðslu sem unnin er úr lífrænum úrgangi sláturhúsa.

### 3.4.5 Starfsmanna- og gæðamál

Hjá N1 er lögð áhersla á að hjá félaginu starfi metnaðarfullt fólk með mikla þjónustulund sem vinnur að því að uppfylla mismunandi þarfir viðskiptavina félagsins. N1 hvetur starfsfólk til að eflast og vaxa í starfi með því að vera virkir þátttakendur í fræðslustarfi félagsins. Félagið rekur N1 skólann, þar sem öllum starfsmönnum félagsins er boðin starfstengd fræðsla og þjálfun, en fræðsluþörfin er metin árlega, bæði í starfsmannasamtölum og sérstakri þarfagreiningu. Starfsmenn eiga þess einnig kost að sækja námskeið sem miða að því að bæta persónulega færni þeirra í starfi og einkalífi. N1 skólinn starfrækir einnig Stjórnendaskóla N1 sem hefur það markmið að efla faglega þekkingu og færni stjórnenda félagsins. Á vormisseri 2011 fóru allir stjórnendur starfsstöðva, sem og deildastjórar og framkvæmdastjórar N1, í gegnum námskeiðsröð í samvinnu við Háskólann í Reykjavík. Veturinn 2012-2013 sátu allir vakstjórar þjónustustöðva sjö námskeið á vegum skólans.

Framistöðumat og starfsmannasamtöl byggja á gildum N1 og eru framkvæmd árlega til að meta árangur starfsmanna og efla þá í starfi. Tilgangurinn með þeim er að auka samskipti starfsmanns og yfirmanns þar sem þróun í starfi, markmiðasetning og mat á árangri eru aðalatriði. Frammistaða allra starfsmanna er með þessum hætti metin á markvissan hátt. Einnig er vinnustaðagreining lögð fyrir alla starfsmenn ár hvert. Markmið hennar er að mæla starfsánægju og viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis og eigin starfa. Niðurstöður hafa undanfarin ár verið jákvæðar.

N1 leggur áherslu á markvissa upplýsingagjöf til starfsfólks. Innri vefur N1, Torgið, er meginupplýsingaveitan, auk reglulegra starfsmannafunda þar sem fram fara skoðanaskipti og skilaboðum er komið á framfæri. Þá kemur fréttablað starfsmanna, Ásinn, út þrisvar til fjórum sinnum á ári. Hlutverk stjórnenda við upplýsingagjöf er

[6] www.odr.is

veigamikið, sérstaklega ef starfsmenn þeirra hafa ekki aðgang að tölvum við störf sín. Enn fremur er hver yfirmaður ábyrgur fyrir því að halda reglulega starfsmannafundi með sínu starfsfólki.

Starfsmenn félagsins voru 790 í 558 stöðugildum í lok október 2013. Flestir eru þeir á einstaklingssviði eða 653 í 428 stöðugildum, starfsmenn fyrirtækjasviðs eru 47 í 43 stöðugildum, á fjármálasviði starfar 71 í 69 stöðugildum en þar af eru 42 stöðugildi í vöruhúsi, á starfsmannasviði eru 12 í 12 stöðugildum, starfsmenn markaðssviðs eru 5 í 5 stöðugildum og auk forstjóra er einn starfsmaður í einu stöðugildi á skrifstofu forstjóra. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda er breytilegur hjá félaginu yfir árið og endurspeglar árstíðabundna sveiflu í rekstri félagsins, en yfir sumarmánuðina fjölgar starfsfólki og stöðugildum með tímabundnum ráðningum bæði vegna afleysinga og vegna aukinna umsvifa á einstaklingssviði.

Nokkur fækkun hefur orðið á síðustu 12 mánuðum þegar litið er til heilsársstarfa, en stærsta einstaka skýringin er sú að rekstur Bílanausts var færður í sérstakt dótturfélag fyrir ársbyrjun og selt í maí síðastliðinn og samfara þeim breytingum fækkaði starfsmönnum og stöðugildum N1 um tæplega 80. Á móti kom fjölgun starfa á einstaklingssviði á fyrri hluta ársins 2013 við að N1 tók við rekstri þjónustustöðvar í Borganesi, en sambærileg fækkun varð nú í lok október við hagræðingaraðgerðir sem m.a. fólu í sér lokun á söluturni í Reykjanesbæ og styttingu á opnunartíma valinna þjónustustöðva. Í lok september 2012 voru starfsmenn félagsins til samanburðar 848 í 634 stöðugildum. Í ársbyrjun 2013 voru starfsmenn félagsins 663 í 559 stöðugildum. Meðalfjöldi stöðugilda hjá N1 var 663 árið 2012, samanborið við 672 árið 2011 og 664 árið 2010.

Um 2/3 starfsmanna (og stöðugilda) hjá N1 eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu og um þriðjungur á landsbyggðinni. Kynjahlutföll hjá félaginu voru þannig að tæpur 2/3 starfsmanna eru karlar en konur vel rúmur þriðjungur. Hjá N1 er rekin jafnréttisstefna sem felur í sér að mismunun er óheimil vegna kyns, en einnig vegna m.a. kynþáttar, trúar- eða stjórnmálaskoðana, kynhneigðar eða þjóðernis, en jafnréttisstefnunni er m.a. ætlað að tryggja að mannauður félagsins nýtist sem best og markmið hennar er m.a. að stuðla að eflingu menntunar og starfsþróunar, styrkja stöðu einstaklingsins, gera honum kleift að nýta hæfileika sína í starfi og bæta vellíðan og starfsanda. Starfsmannavelta félagsins hefur verið um 40% á ári frá 2010 til 2013, en hún er að langstærstum hluta á einstaklingssviði.

Félagið vinnur með markvissum aðgerðum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar, m.a. með innleiðingu á formlegu umhverfisstjórnunarkerfi. Félagið fylgir alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 og fær óháðan aðila til að taka út og votta starfsstöðvar sínar. Sex starfsstöðvar N1 hafa þegar hlotið vottun og fimm til viðbótar eru í innleiðingarferli. Til að auka umhverfisvitund og öryggi allra starfsmanna hefur N1 haldið sérstaka öryggisviku síðastliðin þrjú ár. Þá eru uppfærðar neyðar- og viðbragðsáætlanir, einkum tengdar umhverfi og öryggi rekstrar og starfsmanna. Í öðrum stöðlum sem fyrirtækið uppfyllir, svo sem frá Michelin og ExxonMobil, er einnig lögð rík áhersla á umhverfisstjórnun og meðhöndlun úrgangs.

## 3.5 Helstu markaðir

Um 80% af tekjum N1 eru af sölu á eldsneyti og um 20% af sölu á öðrum vörum. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 var þessi skipting 79% / 21% en á sama tímabili 2012 var hún 80% / 20% og voru tekjur af rekstri Bílanausts þar innifaldar. Framlegð sölutekna félagsins skiptist þannig á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 að 54% hennar var af eldsneyti en 46% af öðrum vörum, samanborið við 51% / 49% á sama tímabili 2012. Árið 2012 var 53% framlegðar af eldsneyti, 51% árið 2011 og 49% árið 2010.

N1 starfar á samkeppnismarkaði um sölu á eldsneyti á Íslandi. Helstu samkeppnisaðilar félagsins eru þau þrjú önnur félög sem selja eldsneyti á Íslandi, en það eru Olíuverslun Íslands hf. undir merkjum Olís og ÓB, Skeljungur hf. undir merkjunum Shell og Orkan, og Atlantsolía ehf. Markaðshlutdeild N1 á eldsneytismarkaðnum var um 47% árið 2012 að mati stjórnenda félagsins, um 46% árið 2011 og um 45% árið 2010. Aukin hlutdeild er einkum til komin vegna meiri sölu til stórnotenda en þar ræður mestu mikil aukning í flugvélaeldsneytissölu til Icelandair sem er langstærsti viðskiptavinur félagsins. Icelandair endurnýjaði í ársbyrjun 2013 innkaupasamning sinn við N1 í kjölfar útboðs. Þrátt fyrir umfang viðskipta Icelandair við N1 hafa þau ekki afgerandi áhrif á framlegð eða rekstrarafkomu N1. Telja stjórnendur félagsins að markaðshlutdeild N1 á eldsneytismarkaði án flugvélaeldsneytis hafi verið um 37,8% á árinu 2012, 38,0% á árinu 2011 og 37,8% árið 2010. Á móti dróst sala á bensíni og dísel saman á tímabilinu sem endurspeglar minni eftirspurn neytenda almennt bæði vegna efnahagsástandsins og vegna sparneytnari farartækja, en einnig hefur markaðshlutdeild N1 heldur gefið eftir á smásölumarkaði. Er það mat stjórnenda félagsins að markaðshlutdeild N1 í sölu á bensíni hafi verið 31% árið 2012, 32% árið 2011 og 31% árið 2010. Mat á markaðshlutdeild byggir á gögnum frá Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara, sem starfræktur er skv. samnefndum lögum nr. 103/1994.

Sala á eldsneyti skiptist milli mismunandi tegunda eldsneytis. Olíunotkun á Íslandi í öllum flokkum eldsneytis er áætluð að hafa verið um 669 þús. tonn á árinu 2012. Nokkur samdráttur hefur verið á undanförnum árum, eða um 10,3% frá árinu 2005 til ársins 2012 og er það einkum vegna minni notkunar fiskiskipa og tækja við verktakastarfsemi. Um 40% af olíunotkun á Íslandi er vegna bifreiða og tækja eða um 272 þúsund tonn árið 2012. Sú notkun hefur dregist saman um 22% frá árinu 2007. Innlendi fiskiskipaflotinn er með um 21% af olíunotkun landsins, en sú notkun hefur dregist saman um 21% frá árinu 2007, einkum vegna minnkandi veiða á fjarlægum miðum og minni loðnuveiði. Ef millilandanotkun er tekin með er notkun skipa um 33% af heildarolíunotkun. Um 23% af olíunotkun landsins er til flugvéla eða um 155 þús. tonn árið 2012. Er það um 7% samdráttur frá árinu 2007.

*Olíunotkun á Íslandi árin 2005-2020*




Orkustofnun vinnur eldsneytisspá reglulega. Síðasta spá er frá árinu 2008, en hún hefur verið uppfærð af stofnuninni miðað við forsendur og tölur frá 2012. Í þeirri spá er gert ráð fyrir að olíunotkun verði 756 þúsund tonn 2020, 804 þúsund tonn árið 2030, 842 þúsund tonn árið 2040 og 781 þúsund tonn árið 2050. Gert er ráð fyrir í eldsneytisspá Orkustofnunnar að nokkur breyting verði á notkun olíu milli flokka. Þannig er gert ráð fyrir að hlutfall bifreiða og tækja fari úr 40% heildarnotkunar árið 2012 í 23% árið 2050, en á móti að notkun flugvéla fari úr 23% af heildarnotkun í um 44% árið 2050.[7]

Félagið rekur einnig verslanir á fyrirtækjamarkaði, selur m.a. bílavörur og hreinlætisvörur, ásamt því að reka hjólbarða-, smurþjónustu og þvottastöðvar. Samkeppnisaðilar félagsins eru því fjölmargir og mismunandi eftir helstu vöruflokkum.

**Helstu samkeppnisaðilar N1 eftir vöruflokkum**

| | |
|---|---|
| Eldsneyti | Olíuverslun Íslands (Olís og ÓB), Skeljungur (og Orkan og Atlantsolía |
| Smurolía | Olíuverslun Íslands, Skeljungur, Bílanaust, Kemí, Poulsen, Stilling, Ísfell, o.fl. |
| Hjólbarðar | Sólning, Klettur, Dekkjahöllin, Brimborg, Bílabúð Benna o.fl. |
| Fatnaður og öryggisvörur | Byko, Húsasmiðjan, Sjóklæðagerðin, Dynjandi, Hegas, Hexa, Björnklædder, o.fl. |
| Matvara* | Olíuverslun Íslands, Skeljungur, Hagkaup (24 tíma búðir), Samkaup, 10-11, o.fl. |

*Einungis átt við þjónustustöðvar, klukkubúðir og söluturna

[7] http://www.os.is/media/eldsneyti/Eldsneytisspa-2012.pdf

# 4. STJÓRNARHÆTTIR, STJÓRN, LYKILSTJÓRNENDUR OG ENDURSKOÐENDUR

## 4.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir N1 hf. eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar svo og leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012.

Í núgildandi samþykktum N1 hf., sem dagsettar eru 7. maí 2013, er kveðið á um nafn félagsins, heimili og tilgang í kafla 1, hlutafé félagsins í kafla 2, hluthafafundi í kafla 3, um stjórn og forstjóra í kafla 4, um reikningshald og endurskoðun í kafla 5 og um breytingu samþykkta og félagsslit í kafla 6.

Gildandi starfsreglur stjórnar voru samþykktar á stjórnarfundi þann 9. apríl 2013. Reglurnar eru settar samkvæmt ákvæðum í 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 4. mgr. 18. gr. samþykkta félagsins.

Gildandi starfskjarastefna N1 var samþykkt á aðalfundi félagsins, 7. maí 2013, en hún nær til allra helstu þátta í starfs- og launakjörum stjórnarmanna félagsins, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda N1. Starfskjarastefnan kveður m.a. á um að umbun til stjórnarmanna sé ákveðin á aðalfundi félagsins, stjórn hafi svigrúm til að bjóða samkeppnishæf laun, gætt skuli að jafnréttissjónarmiðum og að kaupréttarsamningar skuli lagðir fyrir hluthafafund til samþykktar.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda, innan þeirra takmarka sem samþykktir félagsins og lög setja. Aðalfund skal halda fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Til hluthafafunda skal boða þegar stjórn félagsins telur þess þörf sem og ef endurskoðandi félagsins eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni. Til hluthafafunda skal boða með þriggja vikna fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara í samræmi við samþykktir félagsins og 88 gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Til hluthafafunda skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblöðum og skal fundarefnis getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef til hans er boðað samkvæmt samþykktum félagsins.

Rétt til þátttöku á hluthafafundum N1 hafa allir hluthafar, endurskoðandi félagsins og forstjóri. Endurskoðendum félagsins er jafnframt skylt að mæta á aðalfund félagsins. Stjórn félagsins getur boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þyrfti álits þeirra eða aðstoðar. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Hluthafa er heimilt að láta umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð sem eigi má gilda lengur en eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafafundur skal haldinn á heimili félagsins nema önnur staðsetning sé nauðsynleg af sérstökum ástæðum, sbr. 83. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í samræmi við 11. gr. samþykkta félagsins og ákvæði 80. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 er kveðið á um að stjórn félagsins sé heimilt að halda hluthafafund með rafrænum hætti, annaðhvort að hluta eða öllu leyti. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund að hluta eða öllu leyti og ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi tök á því að fjalla um málið sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði jöfn er málið fallið. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Tryggt skal við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- eða varastjórn, að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða um kynjahlutföll við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- eða varastjórn, þá er stjórnarkjörið ógilt og skal það endurtekið í samræmi við 17. gr. samþykkta félagsins. Stjórn skal setja sér starfsreglur í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í starfsreglum skal m.a. mælt fyrir um verkskiptingu stjórnar, boðun stjórnarfunda og tilhögun á boðun varamanna, samskipti og meðferð upplýsinga, mat á hæfi stjórnarmanna við ákvarðanatöku, skipan undirnefnda og annað það sem rétt er að festa í reglur til að stuðla að farsælu starfi stjórnar. Stjórn félagsins kýs sér formann og varaformann. Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra í samræmi við samþykktir félagsins og lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórnarformanni er skylt að boða til fundar að kröfu eins stjórnarmanns eða forstjóra. Stjórn félagsins ræður forstjóra fyrir félagið og ákvarðar starfskjör hans. Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið.

Núverandi stjórn félagsins skipa Margrét Guðmundsdóttir formaður, Kristinn Pálmason varaformaður, Helgi Magnússon, Hreinn Jakobsson og Kristín Guðmundsdóttir. Varamaður er Kristján Ágústsson. Annar varamaður var kosinn Martha Eiríksdóttir sem sagði sig úr varastjórn í ágúst sl. vegna annarra starfa og er gert ráð fyrir að ekki verði skipaður varamaður í hennar stað fyrr en við stjórnarkjör á næsta aðalfundi félagsins.

Stjórnin telur stjórnarhætti félagsins uppfylla skilyrði leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út í mars 2012, með þeirri undantekningu að stjórnin víkur frá tilmælunum að því leyti að hún hefur ekki skipað tilnefningarnefnd, stjórnarháttayfirlýsingin inniheldur ekki greiningu á umhverfisþáttum og félagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru til að skilja þróun, árangur og stöðu félagsins auk þess sem stjórnarháttayfirlýsingin inniheldur ekki upplýsingar um helstu þætti í árangursmati stjórnar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um breytingar á þeim þáttum þar sem vikið er frá tilmælum.

Stjórnin telur að ákvæðum framangreindra tilmæla um óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þar segir að meirihluti stjórnarmanna skuli vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og að minnsta kosti tveir stjórnarmenn skuli vera óháðir stórum hluthöfum félagsins. Í stjórn N1 eru allir núverandi stjórnarmenn óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Tveir stjórnarmenn eru óháðir stórum hluthöfum N1 en það eru þær Margrét Guðmundsdóttir og Kristín Guðmundsdóttir. Kristinn Pálmason starfar hjá FSÍ sem á 35,90% eignarhlut í N1, Helgi Magnússon er varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem á 10,00% eignarhlut í N1 og Hreinn Jakobsson er stjórnarformaður Reiknistofu bankanna en Íslandsbanki á 17,35% eignarhlut í N1 og 30,0% eignarhlut í Reiknistofu bankanna.

Núverandi endurskoðunarnefnd félagsins var skipuð af stjórninni þann 29. maí 2013. Það er skoðun stjórnar að ákvæðum tilmælanna um óhæði nefndarmanna í endurskoðunarnefnd sé fullnægt. Þar er kveðið á um að nefndarmenn skuli vera óháðir endurskoðanda og endurskoðunarfélagi félagsins og meirihluti nefndarmanna skuli vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Allir nefndarmenn endurskoðunarnefndar eru óháðir endurskoðanda og endurskoðendum N1. Í endurskoðunarnefnd stjórnar sitja Ólafur Nilsson formaður nefndarinnar sem er ótengdur félaginu og Kristín Guðmundsdóttir stjórnarmaður N1 en þau eru bæði óháð félaginu og stórum hluthöfum þess svo og Hreinn Jakobsson stjórnarmaður N1, en hann er eins og hér að framan segir háður Íslandsbanka hf. Endurskoðunarnefnd N1 skal leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Nefndin skal hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings N1 (og samstæðureiknings ef við á), setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtæki, meta óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og hafa eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis. Stjórnin hefur einnig falið endurskoðunarnefnd að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, áhættustýringu og öðrum eftirlitsgerðum. Unnið er eftir áhættustýringarstefnu sem samþykkt var af stjórn félagsins 27. febrúar 2013.

Núverandi starfskjaranefnd var skipuð þann 27. júní 2013 og er það skoðun stjórnar að ákvæðum tilmælanna um óhæði nefndarmanna í starfskjaranefnd sé fullnægt. Þar er kveðið á um að nefndarmenn skuli vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Í starfskjaranefnd stjórnar eiga sæti Margrét Guðmundsdóttir formaður, sem er óháð félaginu og stórum hluthöfum þess, auk Kristins Pálmasonar og Helga Magnússonar en eins og fyrr segir er Kristinn háður FSÍ og Helgi háður Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn um starfskjör stjórnarmanna og stjórnenda félagsins og ráðgefandi um starfskjarastefnu sem tekin skal til endurskoðunar ár hvert og lögð fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin jafnframt fylgjast með að starfskjör æðstu stjórnenda séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa stjórn skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Auk þess er það meðal annars á ábyrgð nefndarinnar að hafa eftirlit með að starfskjarastefnu sé framfylgt, að laun og starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni og taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd þess.

Regluvörður N1 er skipaður af stjórn félagsins. Sigrún Helga Jóhannsdóttir, lögmaður hjá Advel, er regluvörður félagsins og Kristinn Hallgrímsson, lögmaður hjá Advel, er staðgengill regluvarðar. Regluvörður hefur umsjón með því að reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 sem settar eru á grundvelli 132. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 sé framfylgt hjá félaginu.

Á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl má finna yfirlýsingu um stjórnarhætti þess. Þar er einnig að finna gildandi samþykktir félagsins, starfskjarastefnu, starfsreglur stjórnar, samandregnar upplýsingar um stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda, framkvæmdastjórn og endurskoðendur samstæðunnar, endurskoðaða ársreikninga síðustu þriggja rekstrarára og fjárhagsdagatal ársins.

## 4.2 Stjórn útgefanda

***Formaður stjórnar***

| | |
|---|---|
| *Nafn* | **Margrét Guðmundsdóttir** |
| *Fæðingardagur* | 16. janúar 1954 |
| *Starfsstöð* | N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi |
| *Starfsreynsla* | Forstjóri Icepharma hf. frá nóvember 2005,framkvæmdastjóri Austurbakka frá maí 2005 til sameiningar félagsins við Icepharma 1. janúar 2006, framkvæmdastjóri smásölusviðs Skeljungs 1995-2005, framkvæmdastjóri m.a. fyrirtækjasviðs, upplýsingatæknisviðs, starfsmannasviðs og almannatengsla hjá Kuwait Petroleum (Danmark) A/S 1986-1995, skrifstofustjóri hjá Dansk ESSO (síðar Statoil) 1982-1986, aðstoðarframkvæmdastjóri AIESEC International Brussel 1978-1979. |
| *Menntun* | Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1978, Cand. merc. frá Copenhagen Business Schoool 1981, stjórnendamenntun frá CEDEP/Insead í Frakklandi 1990. |
| *Fyrst kjörin* | 24. júní 2011 |
| *Stjórnarseta* | Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Delfí ehf. (meðstjórnandi), Paradís ehf. (stjórnarformaður), Icepharma hf. (meðstjórnandi/framkvæmdastjóri), Lyfjaþjónustan ehf. (varamaður), Eignarhaldsfélagið Lyng ehf. (meðstjórnandi/framkvæmdastjóri).<br><br>Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Reiknistofa bankanna hf. (meðstjórnandi), Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. (meðstjórnandi). |

***Varaformaður stjórnar***

| | |
|---|---|
| *Nafn* | **Kristinn Pálmason** |
| *Fæðingardagur* | 8. apríl 1980 |
| *Starfsstöð* | N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi |
| *Starfsreynsla* | Fjárfestingastjóri hjá FSÍ (Framtakssjóði Íslands) slhf. frá 2011, verkefnastjóri hjá Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. 2009-2011, sérfræðingur í endurskipulagningu eigna hjá NBI hf. 2008-2009, ýmis sérfræðistörf á fyrirtækjasviði og hjá fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. 2002-2008, þar af fjögur ár í útibúi bankans í London. |
| *Menntun* | Msc.-gráða í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík 2010, Bsc.-próf í viðskiptafræði frá sama skóla 2003. |
| *Fyrst kjörinn* | Kjörinn varamaður í stjórn frá 12. júlí 2012 en skipaður í aðalstjórn 27. júní 2013. |
| *Stjórnarseta* | Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Invent Farma ehf. (meðstjórnandi), Promens hf. (varamaður), Advania hf. (meðstjórnandi).<br><br>Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Fjarskipti hf. (varamaður), Plastprent ehf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi), Eignarhaldsfélagið Fjarskipti hf. (varamaður), Holtavegur 10 ehf. (meðstjórnandi/varamaður), Parlogis ehf. (meðstjórnandi), SED05 ehf. (varamaður). |

***Stjórnarmaður***

| | |
|---|---|
| *Nafn* | **Helgi Magnússon** |
| *Fæðingardagur* | 14. janúar 1949 |
| *Starfsstöð* | N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi |
| *Starfsreynsla* | Framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Hörpu ehf. frá stofnun árið 2001, framkvæmdastjóri Hörpu hf. / Hörpu Sjafnar hf. 1992-2005, ritstjóri Frjálsrar verslunar 1988-1992, rak eigin endurskoðunarskrifstofu 1977-1987, starfaði á endurskoðunarskrifstofu Sigurðar Stefánssonar 1970-1977. Formaður Samtaka iðnaðarins 2006-2012. |
| *Menntun* | Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1974, löggiltur endurskoðandi 1975. |
| *Fyrst kjörinn* | 12. júlí 2012 |
| *Stjórnarseta* | Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Lífeyrissjóður verzlunarmanna (varaformaður), Hreyfing ehf. (meðstjórnandi), Skipti hf. (meðstjórnandi), Húsasmiðjan ehf. (stjórnarformaður), Efnavörur ehf. (stjórnarmaður/framkvæmdastjóri/ stjórnarformaður), Hreyfing-Fasteignir ehf. (stjórnarformaður), Hótel Bláa lónið ehf. (stjórnarformaður), BLUE LAGOON international ehf. (stjórnarformaður), Bláa Lónið Heilsuvörur ehf. (stjórnarformaður/ meðstjórnandi), Eldvörp ehf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi), Bláa Lónið hf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi), Íþrótta- og sýningahöllin hf. (meðstjórnandi), Fasteignafélagið Laugardalur ehf. (meðstjórnandi), Saffron Holding ehf. (varamaður), Enox World Holdings ehf. (stjórnarformaður), Eignarhaldsfélag Hörpu ehf. (stjórnarmaður/framkvæmdastjóri), Marel hf. (meðstjórnandi), Varðberg ehf. (stjórnarmaður/framkvæmdastjóri), Eignarhaldsfélag Hofgarðar ehf. (stjórnarmaður).<br><br>Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Samtök iðnaðarins (formaður), Samtök atvinnulífsins (meðstjórnandi í stjórn og framkvæmdastjórn), Hreyfing Eignarhaldsfélag ehf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi), AB 68 ehf. (stjórnarmaður/framkvæmdastjóri), Hörputónar ehf. (stjórnarmaður), Sjöfn ehf. (stjórnarmaður), EoruAsia Silu International ehf. (stjórnarformaður), Hraunsetrið ehf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi), Flügger ehf. (stjórnarformaður), Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. (meðstjórnandi). |

***Stjórnarmaður***

| | |
|---|---|
| *Nafn* | **Hreinn Jakobsson** |
| *Fæðingardagur* | 15. apríl 1960 |
| *Starfsstöð* | N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi |
| *Starfsreynsla* | Framkvæmdastjóri Fjárstreymis ehf. frá nóvember 2012, starfandi stjórnarformaður Sirius IT Holding A/S í Danmörku ásamt dótturfélögum Sirius IT A/S í Danmörku, Sirius IT AB í Svíþjóð og Sirius IT AS í Noregi 2006-2010, framkvæmdastjóri Anza hf. 2006-2007, forstjóri Skýrr hf. 1997-2006, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Íslands 1993-1997 og aðstoðarframkvæmdastjóri 1989-1993, forstöðumaður vöruþróunar- og markaðsdeildar hjá Iðnlánasjóði 1985-1989. |
| *Menntun* | Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1985, MVC frá EVCA í Brussel 1995. |
| *Fyrst kjörinn* | 24. júní 2011 |

| | |
|---|---|
| *Stjórnarseta* | Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Reiknistofa bankanna hf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi), Fjárstraumur ehf. (stjórnarmaður/framkvæmdastjóri) og Fjárstreymi ehf. (stjórnarmaður).<br><br>Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Anza hf (framkvæmdastjóri), Síminn DK ApS (meðstjórnandi), Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (varamaður). |

***Stjórnarmaður***

| | |
|---|---|
| *Nafn* | **Kristín Guðmundsdóttir** |
| *Fæðingardagur* | 27. ágúst 1953 |
| *Starfsstöð* | N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi |
| *Starfsreynsla* | Sjálfstæður ráðgjafi frá árinu 2011 og framkvæmdastjóri KG slf., forstjóri Skipta hf. 2011, fjármálastjóri Símans hf. og Skipta hf. 2003-2010, fjármálastjóri Granda hf. 1994-2002, forstöðumaður reikningshalds og áætlana í Íslandsbanka 1990-1994, forstöðumaður fjármálasviðs Iðnaðarbanka Íslands hf. 1985-1990, innri endurskoðandi bankans 1980-1985, skrifstofustjóri Grensásútibús bankans 1974-1979. |
| *Menntun* | Cand. oecon í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1980. |
| *Fyrst kjörin* | 24. júní 2011 |
| *Stjórnarseta* | Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Farice ehf. (meðstjórnandi/varamaður), KG slf. (stjórnarformaður og framkvæmdastjóri), Straumur fjárfestingarbanki hf. (varaformaður stjórnar).<br><br>Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Landssími Íslands ehf. (meðstjórnandi), Gaukshöfði ehf. (varamaður), Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík ses. (meðstjórnandi), Skjá miðlar ehf. (stjórnarformaður), Síminn hf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi/framkvæmdastjóri), Míla ehf. (stjórnarformaður/meðstjórnandi), Skipti hf. (framkvæmdastjóri), Tæknivörur ehf. (varamaður), AGH ehf. (stjórnarmaður) og LF3 ehf. / Fasteignafélagið Jörfa ehf. (meðstjórnandi), Sparisjóður Vestmannaeyja (stjórnarformaður), Síminn DK ApS (meðstjórnandi). |

***Varamaður í stjórn***

| | |
|---|---|
| *Nafn* | **Kristján Ágústsson** |
| *Fæðingardagur* | 1. maí 1972 |
| *Starfsstöð* | N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi |
| *Starfsreynsla* | Starfsmaður FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf frá árinu 2013, í einkabankaþjónustu Banque Haviland S.A. 2009-2013, einkabankaþjónustu Kaupthing Luxembourg S.A. 2005-2008, verðbréfamiðlari hjá Íslandsbanka hf. 1999-2005. |
| *Menntun* | B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 2000, próf í verðbréfamiðlun 2002 |
| *Fyrst kjörinn* | 24. júlí 2013 |
| *Stjórnarseta* | Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Á ekki við.<br><br>Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Á ekki við. |

***Formaður endurskoðunarnefndar***

| | |
|---|---|
| *Nafn* | **Ólafur Nilsson** |
| *Fæðingardagur* | 4. september 1937 |
| *Starfsstöð* | N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi |
| *Starfsreynsla* | Einn af stofnendum Endurskoðunar hf. árið 1975, sem síðar varð KPMG hf. Framkvæmdastjóri 1975-1988, stjórnarmaður frá stofnun til 2001 og þar af stjórnarformaður 1988-2001. Lét af störfum 2004. Skattrannsóknarstjóri 1967-1975, rak eigin endurskoðunarskrifstofu 1964-1967, starfsmaður Endurskoðunarstofu Björns Steffensens & Ara Ó. Thorlacius 1956-1964. |
| *Menntun* | Verslunarpróf frá V.Í. 1956 og löggiltur endurskoðandi 1964. |
| *Fyrst kjörinn* | 24. júní 2011 |
| *Stjórnarseta* | Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Múlakot 1 Fljótshlíð ehf. (meðstjórnandi), Aðflug ehf. (framkvæmdastjóri/meðstjórnandi) og Útflug ehf. (framkvæmdastjóri/meðstjórnandi).<br><br>Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: K 54 ehf. (meðstjórnandi), Valló ehf. (meðstjórnandi). |

## 4.3 Lykilstjórnendur

***Forstjóri***

| | |
|---|---|
| *Nafn* | **Eggert Benedikt Guðmundsson** |
| *Fæðingardagur* | 30. nóvember 1963 |
| *Starfsstöð* | N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi |
| *Starfsreynsla* | Forstjóri N1 hf. frá september 2012, forstjóri HB Granda hf. 2005-2012, markaðsstjóri HB Granda hf. 2004-2005, viðskiptaþróunarstjóri Philips Electronics (Koninklijke Philips N.V.) í Kaliforníu 2000-2004, vöruþróunarstjóri Philips í Belgíu 1997-2000, verkfræðingur hjá Íslenska járnblendifélaginu hf. 1990-1995. |
| *Menntun* | Dipl.-Ing. í rafmagnsverkfræði frá háskólanum í Karlsruhe 1990 og MBA frá IESE í Barcelona 1997. |
| *Stjórnarseta* | Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Leikfélag Reykjavíkur (varaformaður), SVÍV ses. (meðstjórnandi).<br><br>Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Bílanaust ehf. (stjórnarformaður), IceCod á Íslandi ehf. (meðstjórnandi), Norðanfiskur ehf. (meðstjórnandi), HB Grandi hf. (framkvæmdastjóri), Háskólinn í Reykjavík ehf. (meðstjórnandi/varamaður), Salar Islandica ehf. (stjórnarformaður). |

***Framkvæmdastjóri fjármálasviðs***

| | |
|---|---|
| *Nafn* | **Eggert Þór Kristófersson** |
| *Fæðingardagur* | 29. desember 1970 |
| *Starfsstöð* | N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi |

*Starfsreynsla* Framkvæmdastjóri fjármálasviðs N1 frá júní 2011, framkvæmdastjóri Sjávarsýnar ehf. 2009-2011, framkvæmdastjóri eignastýringar Glitnis banka hf. á Íslandi og Finnlandi 2008, framkvæmdastjóri rekstrarfélags verðbréfasjóða Íslandsbanka hf. / Glitnis banka hf. 2005-2008, yfirmaður skuldabréfastöðu Íslandsbanka-FBA hf. / Íslandsbanka hf. 2000-2004, forstöðumaður sölu og þjónustu Lánasýslu ríkisins 1997-1999, ráðgjafi einstaklingsþjónustu VÍB hf. 1995-1997.

*Menntun* Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1995, próf í verðbréfaviðskiptum 2002.

*Stjórnarseta* Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Bílanaust ehf. (meðstjórnandi), EGO ehf. (stjórnarformaður), Naust ehf. (varamaður), Hjólbarðahöllin ehf. (varamaður), Gúmmívinnustofan ehf. (varamaður), Nítró ehf. (stjórnarmaður), Olíustöðin Helguvík ehf. (varamaður), Malik supply A/S (stjórnarformaður), Nordic Marine Oil A/S (stjórnarformaður).

Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: N1 hf. (starfandi framkvæmdastjóri til bráðabirgða tvo mánuði 2012), Imagine Investments ehf. (varamaður), HEKT ehf. (stjórnarmaður/framkvæmdastjóri), EV Holding ehf. (stjórnarmaður), Tölvuþjónustan SecurStore ehf. (varamaður), Gasfélagið ehf. (varamaður), Fjallasýn ehf. (varamaður), Íslandssjóðir (stjórnarformaður/framkvæmda-stjóri).

***Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs***

*Nafn* **Ingunn Elín Sveinsdóttir**

*Fæðingardagur* 9. desember 1958

*Starfsstöð* N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi

*Starfsreynsla* Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs frá 2012, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs 2010-2012, framkvæmdastjóri neytendasviðs 2006-2010, útibússtjóri hjá Íslandsbanka 2000-2006, viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka hf. 1997-2000, fjármálastjóri Áburðarverksmiðju ríkisins 1991-1997.

*Menntun* Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1991.

*Stjórnarseta* Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Staðarflöt ehf. (stjórnarformaður), Lyfja hf. (meðstjórnandi), EGO ehf. (meðstjórnandi), Staðarskáli ehf. (meðstjórnandi).

Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Landsbréf hf. (meðstjórnandi), Lyftuleigan ehf. (varamaður), St. Magnússon ehf. (varamaður), Brimvör ehf. (varamaður), Fjárvakur-Icelandair Shared Services ehf. (meðstjórnandi), Netbókhald.is ehf. (varamaður).

***Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs***

*Nafn* **Hinrik Örn Bjarnason**

*Fæðingardagur* 15. september 1972

*Starfsstöð* N1, Dalvegi 10-14, 200 Kópavogi

*Starfsreynsla* Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs frá janúar 2013, framkvæmdastjóri Eimskips í Þýskalandi 2009-2013, yfirmaður erlends sjávarútvegsteymis Landsbanka Íslands hf. 2007-2008, forstöðumaður útflutningssviðs Samskipa hf. 2003-2007, sölustjóri hjá SÍF 1999-2003.

*Menntun* Cand. oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1998.

| | |
|---|---|
| *Stjórnarseta* | Seta í stjórnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Á ekki við.<br>Fyrrum seta í stjórnum annarra eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram) á síðustu fimm árum: Á ekki við. |

## 4.4 Aðrar upplýsingar um stjórn og lykilstjórnendur

### 4.4.1 Hæfi

Stjórnarmenn og framangreindir lykilstjórnendur hafa á síðastliðnum fimm árum ekki verið sakfelldir vegna svikamála og ekki verið dæmdir vanhæfir til að starfa sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda, né heldur sætt opinberri ákæru eða viðurlögum lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsaðila á tímabilinu. Þeir hafa ekki verið framkvæmdastjórar, stjórnendur eða umsjónarmenn fyrirtækja sem hafa orðið gjaldþrota eða farið í skipta- eða slitameðferð á síðastliðnum fimm árum, að öðru leyti en greint er frá hér á eftir. Bent er á að framkvæmdastjóri fjármálasviðs N1 var stjórnarmaður og framkvæmdastjóri HEKT ehf. og stjórnarmaður EV Holding ehf. þegar bæði félög voru úrskurðuð gjaldþrota 28. apríl 2011. Bent er á að stjórnarformaður N1 sat í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON) þann 21. mars 2009 þegar Fjármálaeftirlitið vék stjórn SPRON frá og skipaði skilanefnd yfir bankann.

### 4.4.2 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Kristinn Pálmason, varaformaður stjórnar N1, er starfsmaður hjá FSÍ sem er stærsti hluthafi N1 og annar af tveimur seljendum í fyrirhuguðu almennu útboði sem lýst er í verðbréfalýsingu félagsins dagsettri 26. nóvember 2013. Samkeppniseftirlitið setti eignarhaldi FSÍ á N1 skilyrði með ákvörðun nr. 12/2012 þar sem það taldi tilefni til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005. Skilyrðin kveða m.a. á um að við skipan stjórnar N1 skuli stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði félagsins með því að þeir sem FSÍ skipar í stjórn N1 skuli vera óháðir eigendum FSÍ og að stjórnarmenn sem sitja í stjórn N1 fyrir tilstuðlan eignarhlutar FSÍ í N1 skuli ekki vera tengdir keppinautum N1 eða stærstu viðskiptavinum. Helgi Magnússon, stjórnarmaður N1, er varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem er þriðji stærsti hluthafi N1. Hreinn Jakobsson, stjórnarmaður N1, er formaður stjórnar Reiknistofu bankanna hf. en Íslandsbanki hf., sem er næststærsti hluthafi N1 og annar af tveimur seljendum í hinu fyrirhugaða almenna útboði, á 30% eignarhlut í Reiknistofu bankanna hf. Hjá öðrum stjórnarmönnum N1 og framangreindum lykilstjórnendum eru engir hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa fyrir N1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna og/eða lykilstjórnenda N1.

### 4.4.3 Tekjur og hlunnindi stjórnarmanna og lykilstjórnenda

Upplýsingar um tekjur og hlunnindi stjórnarmanna og lykilstjórnenda á síðastliðnu fjárhagsári eru tilgreindar í töflu hér á eftir. Þar er einnig tilgreind hlutafjáreign þeirra í N1 og önnur réttindi tengd hlutabréfum í félaginu þann 25. nóvember 2013.

Ekki eru útistandandi neinir afleiðusamningar við félagið tengdir hlutabréfum í N1 hf. Engar ákvarðanir hafa verið teknar af stjórn félagsins eða hluthafafundi varðandi veitingu kaup- eða sölurétta á hlutum í félaginu eða gerð annarra afleiðusamninga tengdum hlutafé félagsins, hvorki til starfsmanna þess né annarra.

Starfssamningar félagsins við lykilstjórnendur innihalda engin óvenjuleg ákvæði og eru í samræmi við hefðbundna samninga. Stjórn félagsins hefur samþykkt kaupaukakerfi fyrir forstjóra og framkvæmdastjóra sem tekur gildi frá næstu áramótum og miðar árangurstengdar greiðslur við rekstrarárangur en þær geta að hámarki numið 3-4 mánaðarlaunum árlega. Í ráðningarsamningum lykilstjórnenda eru ákvæði um bann við störfum fyrir samkeppnisaðila í 12-24 mánuði eftir starfslok hjá félaginu. Uppsagnarfrestur lykilstjórnenda er tólf mánuðir nema hjá fjármálastjóra átján mánuðir. Félagið hefur ekki lagt greiðslur til hliðar vegna lífeyrisframlags, starfsloka eða svipaðra hlunninda til viðbótar við það sem lög gera ráð fyrir. Hluti lykilstjórnenda nýtur samkvæmt starfssamningum sínum sérstaks lífeyrisframlags umfram kjarasamninga og er það greitt mánaðarlega inn á séreignarsparnað viðkomandi.

Aðalfundur 7. maí 2013 samþykkti að stjórnarlaun almennra stjórnarmanna yrðu 275.000 kr. á mánuði, stjórnarlaun varaformanns yrðu 412.500 kr. á mánuði en 550.000 kr. fyrir stjórnarformann, stjórnarlaun varamanna í stjórn yrðu 50.000 kr. fyrir hvern fund sem varamaður í stjórn sækir, greiddar verði 50.000 kr. á

mánuði til hvers nefndarmanns í endurskoðunarnefnd stjórnar nema 100.000 kr. til formanns nefndarinnar og að greiddar verði 30.000 kr. á mánuði til hvers nefndarmanns í starfskjaranefnd nema 60.000 kr. á mánuði til formanns þeirrar nefndar.

| | **Greiðslur frá N1 fyrir fjárhagsárið 2012** | **Réttindi tengd hlutum í N1 25. nóvember 2013** | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *(Greiðslur í þús.kr.)* <br> *(Réttindi í fjölda hluta)* | *Laun, hlunnindi og kaupaukar* | *Eign í eigin nafni* | *Réttindi í eigin nafni* | *Eign fjárhagslega tengdra aðila* | *Réttindi fjárhagslega tengdra aðila* |
| *Stjórn og varamenn:* | | | | | |
| Margrét Guðmundsdóttir | 4.800 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Kristinn Pálmason* | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Helgi Magnússon | 1.500 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hreinn Jakobsson | 3.300 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Kristín Guðmundsdóttir | 3.300 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Kristján Ágústsson* | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| *Fyrrverandi aðal- og varamenn í stjórn:* | | | | | |
| Martha Eiríksdóttir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Þór Hauksson* | 3.000 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Jóhann Hjartarson | 3.849 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Jóhannes Karl Sveinsson | 1.200 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| *Lykilstjórnendur:* | | | | | |
| Eggert Benedikt Guðmundsson** | 19.372 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eggert Þór Kristófersson | 26.388 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Ingunn Elín Sveinsdóttir | 23.565 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hinrik Örn Bjarnason** | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| *Fyrrverandi forstjóri:* | | | | | |
| Hermann Guðmundsson | 39.825 | 0 | 0 | 0 | 0 |

* Greitt er til FSÍ vegna stjórnarsetu Þórs Haukssonar, Kristins Pálmasonar og Kristjáns Ágústssonar
** Eggert Benedikt Guðmundsson hóf störf í september 2012, Hinrik Örn Bjarnason hóf störf í janúar 2013

## 4.5 Viðskipti við tengda aðila

Til tengdra aðila N1 hf. teljast stórir hluthafar í félaginu, dótturfélög þess, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn félagsins og stjórnendur svo og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra. Skilgreining þessi er byggð á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS24.

Viðskipti eiga sér nú stað milli félagsins og hlutdeildarfélaga og eru hluti af daglegum rekstri þeirra.

Viðskipti við tengda aðila á tímabilinu frá 1. janúar 2010 til 30.9.2013 og staða krafna eða skulda gagnvart tengdum aðilum í lok hvers árs og í lok fyrstu níu mánaða 2013 eru tekin saman í eftirfarandi töflu en sundurliðun á launum og hlunnindum stjórnar og stjórnenda fyrir árið 2012 er sýnd í töflu hér að framan. Viðskipti við aðra tengda aðila voru óveruleg á þessu tímabili og verðlagning á slíkum viðskiptum er sambærileg við önnur viðskipti félagsins

**Viðskipti N1 hf. við tengda aðila**

| *(m.kr.)* | *2013/30.9.2013* | *2012/31.12.2012* | *2011/31.12.2011* | *2010/31.12.2010* |
|---|---|---|---|---|
| Keypt þjónusta af hlutdeildarfélögum | 942 | 1.152 | 1.574 | 1.306 |
| Seld þjónusta til hlutdeildarfélaga | 1.486 | 935 | 696 | 700 |
| Húsaleigugjöld greidd fyrrv. hlutdeildarfélagi | 0 | 0 | 0 | 776 |
| Skuldabréfaeign á hlutdeildarfélag | 35 | 45 | 32 | 0 |
| Kröfur á hlutdeildarfélag í lok tímabils | 34 | 22 | 53 | 9 |
| Skuldir við hlutdeildarfélag í lok tímabils | 179 | 47 | 59 | 325 |
| Vaxtatekjur frá stórum hluthöfum | 9 | 33 | 24 | 0 |
| Vaxtagjöld til stórra hluthafa | 191 | 697 | 349 | 0 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Seld þjónusta til stórra hluthafa | 10 | 12 | 11 | 0 |
| Keypt fasteign af stórum hluthafa (Íslandsbanka) | 0 | 950 | 0 | 0 |
| Kröfur á stóra hluthafa í lok tímabils | 1 | 1 | 1 | 0 |
| Innlán hjá stórum hluthafa (Íslandsbanka) í lok tímabils | 352 | 2.501 | 2.185 | 0 |
| Hámarksstaða skammtímaskuldar við stóran hluthafa (Íslandsbanka) á tímabilinu | 0 | 1.209 | 1.000 | 0 |
| Skammtímaskuld við stóran hluthafa (Íslandsbanka) í lok tímabils | 0 | 380 | 0 | 0 |
| Tekin langtímalán hjá stórum hluthöfum (Arion banka og Íslandsbanka) á tímabilinu | 7.000 | 0 | 8.500 | 0 |
| Uppgreidd langtímalán frá stórum hluthafa (Íslandsbanka) á tímabilinu | (2.917) | 0 | 0 | 0 |
| Langtímalán frá stórum hluthafa (Íslandsbanka) í lok tímabils | 7.000 | 3.050 | 3.271 | 0 |
| Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda samtals | 162 | 164 | 129 | 138 |
| Lán til starfsmanna félagsins í lok tímabils | 26 | 55 | 72 | 89 |

Breyting milli tímabila á seldri þjónustu til hlutdeildarfélaga skýrist árið 2012 einkum af aukinni sölu til Malik Supply A/S en 2013 ræður mestu sala á öllum birgðum Bílanausts við stofnun þess félags rétt um síðustu áramót, auk þess sem heildsala var á ákveðnum vörum tengdum Bílanausti þar til í maí 2013. Breyting milli tímabila á vaxtagjöldum til stórra hluthafa ræðst af því að langtímalán frá tengdum aðila var tekið um mitt ár 2011 og nýting á lánalínu félagsins var mismikil milli tímabila. Breyting á innlánum hjá stórum hluthafa milli tímabila skýrist af því að skipt er við fleiri aðila. Breyting milli tímabila á hámarksstöðu skammtímaskuldar við stóran hluthafa ræðst af því að árið 2013 hefur félagið ekki þurft að nýta lánalínu.

## 4.6 Endurskoðendur

Í samþykktum N1 er kveðið á um það að á aðalfundi félagsins skuli kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Þremur vikum fyrir aðalfund félagsins skal birta ársreikning, skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðanda. Endurskoðandi skoðar fjárhagsuppgjör félagsins og öll viðeigandi fjárhagsgögn fyrir hvert rekstrarár og hefur í þeim tilgangi aðgengi að öllum gögnum félagsins. Endurskoðendur eru ekki valdir úr hópi stjórnarmanna félagsins eða starfsmanna þess.

Ernst & Young ehf., kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, er og hefur verið endurskoðunarfélag N1 frá og með fjárhagsárinu 2011. Jóhann Unnsteinsson löggiltur endurskoðandi, kt. 120259-3269, hefur endurskoðað og/eða áritað árs-/árshlutareikninga félagsins fyrir hönd Ernst & Young ehf. Jóhann er meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda. Engin hlutabréf útgefin af N1 eða tengdar afleiður eru í eigu Ernst & Young ehf. eða fulltrúa þeirra sem annast endurskoðun félagsins.

Ársreikningur fyrir árið 2010 var endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík. Gunnar Þór Ásgeirsson löggiltur endurskoðandi, kt. 041167-3199, endurskoðaði og áritaði reikninginn fyrir hönd PricewaterhouseCoopers ehf. Gunnar Þór er meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda.

Þóknun N1 til endurskoðenda síðastliðin þrjú og hálft ár er tilgreind í töflu hér að neðan. Þóknanir á árinu 2010 og þóknun 2011 fyrir endurskoðun rann til PricewaterhouseCoopers ehf. En þóknun fyrir könnun árshlutareikninga árið 2011 og þóknanir 2012-2013 runnu til Ernst & Young ehf.

| **Þóknun til endurskoðenda** *(þús.kr.)* | **9M 2013** | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|---|---|
| Endurskoðun ársreikninga | 7.889 | 13.973 | 10.890 | 7.979 |
| Könnun/endurskoðun árshlutareikninga | 9.362 | 2.477 | 6.049 | 112 |
| Önnur þjónusta | 311 | 510 | 0 | 653 |
| **Samtals** | **17.562** | **16.960** | **16.939** | **8.745** |

# 5. HLUTHAFAR OG HLUTAFÉ

## 5.1 Hluthafar

Sextíu og sjö aðilar eru skráðir í hlutaskrá N1 hf. þann 25. nóvember 2013.

**Hlutaskrá N1 hf. 25. nóvember 2013**

| *Hluthafi* | *Tegund fjárfestis* | *Fjöldi hluta* | *Hlutfallsleg eign* |
|---|---|---|---|
| FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. | Eignarhaldsfélag | 359.013.442 | 35,90% |
| Íslandsbanki hf. | Fjármálastofnun | 173.548.441 | 17,35% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Lífeyrissjóður | 100.000.000 | 10,00% |
| Stafir lífeyrissjóður | Lífeyrissjóður | 52.850.060 | 5,29% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | Lífeyrissjóður | 49.995.553 | 5,00% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | Lífeyrissjóður | 39.366.577 | 3,94% |
| Stapi lífeyrissjóður | Lífeyrissjóður | 35.429.920 | 3,54% |
| Gildi – lífeyrissjóður | Lífeyrissjóður | 30.132.461 | 3,01% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | Lífeyrissjóður | 21.483.764 | 2,15% |
| Festa – lífeyrissjóður | Lífeyrissjóður | 18.149.593 | 1,81% |
| **10 stærstu samtals** | | **879.969.811** | **88,00%** |
| Íslandssjóðir hf., úrval | Verðbréfasjóður | 17.178.685 | 1,72% |
| Lífeyrissjóður Verkfræðinga | Lífeyrissjóður | 14.565.633 | 1,46% |
| Eignarhaldsfél. um kauprétt v/ ESSO0511 slhf. | Eignarhaldsfélag | 11.805.697 | 1,18% |
| Íslandssjóðir hf., sjóður 1 | Verðbréfasjóður | 11.082.455 | 1,11% |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | Lífeyrissjóður | 11.022.641 | 1,10% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | Lífeyrissjóður | 9.989.603 | 1,00% |
| Sjávarsýn ehf. | Eignarhaldsfélag | 8.098.717 | 0,81% |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | Lífeyrissjóður | 4.723.989 | 0,47% |
| Íslandssjóðir hf., sjóður 11 | Verðbréfasjóður | 3.409.986 | 0,34% |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | Lífeyrissjóður | 3.149.326 | 0,31% |
| **20 stærstu samtals** | | **974.996.543** | **97,50%** |
| 47 aðrir hluthafar samtals | | 25.003.457 | 2,50% |
| **Virkir hlutir samtals** | | **1.000.000.000** | 100,00% |
| N1 hf. | Eigin hlutir | 0 | 0,00% |
| **Útgefnir hlutir samtals** | | **1.000.000.000** | 100,00% |

Stærsti hluthafinn í N1 hf. er FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf.,sem fer með 35,90% útgefinna hluta. Hann hyggst selja 15% í fyrirhuguðu almennu útboði á 25-28% áður útgefnum hlutum í N1 og minnka eign sína í félaginu í 20,90%. Nánari umfjöllun varðandi mögulegt eignarhald FSÍ í kjölfar útboðsins er að finna í kafla *1.10 Uppbygging á eignarhaldi útgefanda*. Einnig er bent á upplýsingar um skilmála útboðsins í þriðja kafla verðbréfalýsingar útgefanda dagsettri 26. nóvember 2013. Sjóðurinn var stofnaður árið 2009 og var þá lagt upp með að líftími hans yrði um 10 ár. Auk eignarhlutarins í N1 á FSÍ 75% eignarhlut í Advania hf., 7% eignarhlut í Icelandair hf., 100% í Icelandic Group, 100% í IG Investments, 49,5% í Promens hf. og 38% eignarhlut í Invent Farma ehf. Í árslok 2012 námu heildareignir FSÍ 29,6 milljörðum kr. en á yfirstandandi ári hefur hann greitt 5,6 ma.kr. arð til hluthafa. FSÍ er í eigu sextán lífeyrissjóða sem samtals eiga um 72% í sjóðnum, Landsbankans hf. sem er stærsti einstaki eigandi með um 27,5% eignarhlut og Vátryggingafélags Íslands hf. með 0,5%. Meðal lífeyrissjóðanna eru stærstir Lífeyrissjóður verzlunarmanna með 20% eignarhlut og Gildi – lífeyrissjóður með 10%. Flestir þessara lífeyrissjóða eiga bæði beinan eignarhlut í N1 og óbeinan í gegnum eign sína í FSÍ. Lífeyrissjóðirnir sem standa að FSÍ ráða samtals yfir um 64% af heildareignum lífeyrissjóða á Íslandi.

Annar stærsti hluthafi N1 hf. er Íslandsbanki hf. sem fer með 17,35% eignarhlut. Hann hyggst selja 10% í fyrirhuguðu almennu útboði á hlutum í N1 en áskilur sér rétt til að selja allt að 13% í útboðinu og minnka þannig

eign sína í félaginu niður í 4,35-7,35%. Nánari umfjöllun varðandi mögulegt eignarhald bankans í kjölfar útboðsins er að finna í kafla *1.10 Uppbygging á eignarhaldi útgefanda*. Einnig er bent á upplýsingar um skilmála útboðsins í þriðja kafla verðbréfalýsingar útgefanda dagsettri 26. nóvember 2013. Bankinn er íslenskur viðskiptabanki, stofnaður árið 2008 og eru 95% hans í eigu kröfuhafa Glitnis banka hf. en 5% í eigu íslenska ríkisins. Heildareignir bankans námu 822,9 milljörðum kr. þann 30.6.2013.

Þriðji stærsti hluthafi N1 hf. er Lífeyrissjóður verzlunarmanna sem fer með 10,00% eignarhlut. Stærð sjóðsins nam í árslok 2012 um 402 milljarða kr. hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Aðrir hluthafar samanstanda af lífeyrissjóðum, verðbréfasjóðum, fjárfestingafélögum og einstaklingum sem að uppistöðu til eru fyrrum eigendur skuldabréfaflokksins ESSO 05 11 og samþykktu í tengslum við frjálsan nauðasamning N1 hf. árið 2011 að skipta skuldabréfaeign sinni út fyrir hlutabréf í N1 hf. ásamt kauprétti að samtals 18% eignarhlut í félaginu sem nýttur var í október 2013 á verðinu 14,15 kr./hlut en seljendur voru FSÍ og Íslandsbanki hf. Stærsti hluthafinn í þessum hópi er Stafir lífeyrissjóður með 5,29% eignarhlut. Aðrir hluthafar fara með undir 5% beinum hlut í N1 sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Annar stærsti hluthafinn í þessum hópi er Almenni lífeyrissjóðurinn með tæplega 5% eignarhlut en hann er rétt undir flöggunarmörkum.

Útgefandanum er ekki kunnugt um annað eignarhald í N1 hf. en að framan greinir eða að félaginu sé stjórnað af öðrum aðilum en að framan greinir. Útgefandanum er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu. Hagsmunir minnihlutaeigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykkta félagsins og laga nr. 2/1995 um hlutafélög, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti frá þeim tíma að hlutir eru teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

## 5.2 Hlutafé

Útgefið hlutafé N1 hf. nemur 1.000.000.000 krónum og er hver hlutur í félaginu 1 króna að nafnverði. Allir útgefnir hlutir hafa þegar verið greiddir.

Ekki er í gildi heimild til stjórnar félagsins að hækka eða að lækka hlutafé.

Engir hlutir í N1 hf. eru í eigu félagsins sjálfs. Fyrirliggjandi er heimild til stjórnar til kaupa á eigin bréfum félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, sem veitir henni heimild til að kaupa allt að 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Heimildin takmarkast þó við að kaupverð hlutanna samsvari aldrei hærra gengi en 10% yfir og ekki lægra en 10% undir bókfærðu innra virði hlutafjár félagsins í síðasta ársreikningi eða árshlutareikningi, eftir því sem við á hverju sinni. Heimildin gildir í átján mánuði frá samþykki hennar sem var á aðalfundi félagsins þann 7. maí 2013.

Framangreint hefur að öðru leyti staðið óbreytt það sem af er yfirstandandi fjárhagsári sem hófst 1. janúar 2013 og lýkur 31. desember 2013.

## 5.3 Réttindi hluthafa

Allir útgefnir hlutir í N1 hf. tilheyra sama flokki og eru jafn rétthair. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda umfram það sem leiðir af lögum og má því selja og veðsetja hlutina nema annað leiði af lögum.

Hlutabréf fyrir eignarhlutum í N1 hf. eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst í verðbréfamiðstöð. Aðeins reikningsstofnanir og aðrir aðilar sem gert hafa aðildarsamning við Verðbréfaskráningu hafa heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni.

Eigandi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema hluturinn hafi verið skráður á hans nafn í hlutaskrá útgefandans í kerfi Verðbréfaskráningar. Eigendur hlutanna eiga rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forkaupsrétt að aukningarhlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi

við hlutafjáreign nema lög og samþykktir kveði á um aðra skipan. Ekki má skylda hluthafa til að sæta innlausn hlutar síns nema til komi heimild samkvæmt lögum.

### 5.3.1 Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í N1 hf. Hluthafi getur með skriflegu og dagsettu umboði veitt umboðsmanni sínum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundum ræður afl atkvæða úrslitum allra venjulegra mála nema öðruvísi sé mælt í samþykktum félagsins eða lögum. Verði atkvæði jöfn við kosningar í félaginu skal hlutkesti ráða úrslitum. Í samræmi við 22. gr. samþykkta félagsins skal ákvörðun um breytingu samþykkta tekin á löglegum hluthafafundi eða aukafundi og þarfnast samþykkis minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykkis hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Tryggt skal við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- eða varastjórn, að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða um kynjahlutföll við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- eða varastjórn, þá er stjórnarkjörið ógilt og skal það endurtekið í samræmi við 17. gr. samþykkta félagsins.

### 5.3.2 Arður

Stjórn N1 hefur mótað sér stefnu varðandi fjármagnsskipan félagsins og arðgreiðslur. Samkvæmt henni mun stjórnin meðal annars miða arðstillögur sem lagðar verða fyrir hluthafafundi við að a.m.k. 50% af hagnaði hvers árs verði greidd til hluthafa í formi arðs og stefna að því að eiginfjárhlutfall félagsins verði yfir 40%. Félagið greiddi ekki arð vegna fjárhagsáranna 2010 til 2012 en samkvæmt lánasamningum félagsins voru arðgreiðslur óheimilar fram að því að hlutabréf í félaginu væru tekin til viðskipta í kauphöll. Félagið endurfjármagnaði langtímaskuldir sínar í lok september 2013 og ekki er um að ræða bann við arðgreiðslum í núverandi lánaskilmálum félagsins en skilyrði gert um að lágmarki 35% eiginfjárhlutfall.

Á aðalfundi skal tekin fyrir ákvörðun um hvernig fara skuli með tap eða hagnað félagsins á reikningsárinu. Útgefandi er einnig bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laganna er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en sex mánuðum frá samþykki úthlutunar.

Hlutafélög hafa heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Verði umsókn útgefanda um töku hlutabréfa hans til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkt mun félagið fylgja tilmælum NASDAQ OMX Iceland hf. samkvæmt lið 2.13 í viðauka við *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga* frá 1. desember 2009. Samkvæmt tilmælunum skal í tilkynningu um arðgreiðslu m.a. tilkynna um arðsréttindadag, arðleysisdag og útborgunardag arðs. Hlutafélög sem skráð eru á skipulegan verðbréfamarkað skulu birta opinberlega slíka tilkynningu fyrir aðalfund. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga en samkvæmt lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

### 5.3.3 Hækkun eða lækkun hlutafjár

Hluthafafundur einn getur samþykkt hækkun hlutafjár í félaginu og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þess eða 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Ef einhver hinna eldri hluthafa nýtir ekki áskriftarrétt sinn að fullu eiga aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar.

Hluthafafundur getur ákveðið að víkja frá forgangsrétti hluthafa enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað. Slík ákvörðun þarfnast samþykkis minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða.

## 5.4 Þróun hlutafjár

Hér á eftir eru tilteknar þær hækkanir og lækkanir sem gerðar hafa verið á hlutafé N1 hf. frá 1. janúar 2010. Hlutafé í upphafi tímabils var 6.000.000.000 kr. að nafnverði og giltu hömlur á meðferð hlutafjár. Hluthafafundur N1 sem haldinn var þann 24. júní 2011 samþykkti að færa hlutafé félagsins niður að fullu, þ.e. úr 6.000.000.000 kr. í 0 kr. Hluthafafundurinn samþykkti einnig að hækka hlutafé félagsins um 1.000.000.000 kr. að nafnverði, annars vegar um 610.885.249 kr. til uppgjörs á þekktum skuldum við lánadrottna félagsins samkvæmt svokölluðum frjálsum nauðasamningi félagsins og hins vegar um 389.114.751 kr. til að efna kaupsamning við Umtak fasteignafélag ehf. Í framangreindum samningum félagsins og kröfuhafa var gangvirði eiginfjár 14,0 ma.kr. og gengi hlutabréfanna reiknaðist skv. því á 14 kr./hlut.

# 6. FJÁRHAGSYFIRLIT 1.1.2010 – 30.9.2013

Hér fer á eftir umfjöllun um þróun rekstrar, efnahags og sjóðstreymis N1 hf. frá ársbyrjun 2010 til loka september 2013. Vakin er athygli fjárfesta á því að aftast í þessum kafla er farið yfir rekstur félagsins á hverjum ársfjórðungi á framangreindu tímabili. Fremst í þessum kafla er umfjöllun forsvarsmanna félagsins um þróunina frá lokum septembermánaðar yfirstandandi árs og horfur.

Upplýsingar í þessum kafla, um fjárhag útgefanda, eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningum N1 hf. fyrir árin 2010, 2011 og 2012, endurskoðuðum árshlutareikningi félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013 og óendurskoðuðum árshlutareikningi félagsins fyrir fyrstu níu mánuði 2013, auk óendurskoðaðra árshlutareikninga félagsins frá og með fyrsta fjórðungi 2011 til og með þriðja ársfjórðungi 2013. Ársreikningar N1 fyrir árin 2011 og 2012 svo og árshlutareikningur fyrstu sex mánaða 2013 voru endurskoðaðir og áritaðir af Ernst & Young ehf. án athugasemda. Ársreikningur fyrir árið 2010 var endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers ehf. án athugasemda en með ábendingu um fjárhagsstöðu félagsins á þeim tíma. Framangreind reikningsskil voru gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Eins og fram kemur í skýringu nr. 3 í ársreikningum félagsins fyrir árin 2012 og 2011 og skýringu nr. 2 í ársreikningi félagsins fyrir árið 2010 hefur framsetningu á reikningsskilum félagsins verið breytt á milli ára. Tölur hér á eftir miðast við framsetningu reikningsskila eins og hún er í ársreikningi félagsins fyrir árið 2012 og níu mánaða árshlutareikningi 2013 nema annað sé tekið fram. Varðandi frekari útskýringar á breytingu framsetningar er vísað til endurskoðaðra reikninga félagsins í kafla *9. Árs- og árshlutareikningar N1 hf. 1.1.2010 - 30.9.2013*.

Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér vel framangreinda ársreikninga 2010-2012 og árshlutareikninga fyrstu sex og níu mánaða ársins 2013, sem alla að finna í níunda kafla þessarar útgefandalýsingar, og þar með talið að lesa allar skýringar, m.a. lýsingar á reikningsskilaaðferðum.

## 6.1 Þróun, horfur og fjárhagsleg markmið

Engar mikilvægar breytingar hafa orðið á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda frá 30. september 2013 utan þess sem endurspeglast í árstíðabundinni sveiflu félagsins sem gerir að verkum að júlí- og ágústmánuðir eru mjög stórir fyrir félagið, bæði m.t.t. veltu og framlegðar. Bent er á að utanaðkomandi aðstæður geta haft áhrif á reikninga félagsins. Stjórnendum N1 er ekki kunnugt um neinar stjórnvalds-, efnahags-, fjárhags-, peningamála- eða pólitískar stefnur eða aðgerðir sem hafa eða gætu haft veruleg bein eða óbein efnisleg áhrif á rekstur félagsins. Rétt er að benda á markaðsrannsókn sem Samkeppniseftirlitið hóf á íslenska eldsneytismarkaðnum í júní 2013 en nánar er greint frá henni í fyrsta kafla þessarar útgefandalýsingar.

Félagið endurfjármagnaði allar skuldir sínar við lánastofnanir í lok september 2013 en um er að ræða langtímalán og lánalínu vegna birgðafjármögnunar. Félagið telur að þessir nýju lánasamningar lækki fjármagnskostnað félagsins um í kringum 100 m.kr. á ársgrundvelli. Langtímalánasamningur félagsins, til fjármögnunar á fasteignum og rekstri félagsins, er að fjárhæð 7.000 m.kr. og er til 15 ára en lánið er óverðtryggt með 85 punkta álagi á tveggja mánaða REIBOR-vexti (vextir á millibankamarkaði með krónur, skv. Seðlabanka Íslands) sem nú eru 6,15% á ársgrunni og núverandi vextir félagsins 7,00% en breytilegir óverðtryggðir samanborið við 8,5% breytilega óverðtryggða vexti á eldri langtímalánum félagsins. Veðandlag lánsins eru fasteignir og tækjabúnaður félagsins. Helstu skilmálar lánsins eru að félagið skuldbindur sig til að gangast ekki undir frekari fjárhagslegar skuldbindingar nema þær séu sérstaklega heimilaðar í lánaskilmálum lánsins, en þær eru til dæmis skuldbindingar sem eru hluti af daglegum og venjubundnum rekstri félagsins, leiga á rekstrartækjum og fasteignum, vaxtaberandi veltufjármögnun að upphæð 500 m.kr. og skuldbindingar samkvæmt afleiðusamningum vegna áhættustýringar. Sérstök fjárhagsleg skilyrði eru um að eiginfjárhlutfall sé yfir 35%, lausafjárhlutfall hærra en 1 og hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda á móti EBITDA síðustu 12 mánaða sé lægra en 5. Félagið er mælt við birtingu hvers ársreiknings m.t.t. framangreindra skilyrða í árslok og hefur þá sex mánuði til að bæta úr ef það uppfyllir ekki skilyrði. Birgðafjármögnun félagsins er í formi lánalínu (yfirdráttar) að fjárhæð 1.000 m.kr. í íslenskum krónum (ISK) og 25 milljónir bandaríkjadala (USD). Veðandlag lánalínu eru olíubirgðir og aðrar birgðir félagsins á hverjum tíma og getur lánalínan að hámarki numið 80% af verðmæti birgða. Sömu skilyrði varðandi fjárhag félagsins gilda um lánalínu félagsins og tiltekin eru í langtímaláninu.

Á hverjum tíma hefur heimsmarkaðsverð á olíu og gengi ISK gagnvart öðrum gjaldmiðlum, einkum USD, veruleg áhrif á reksturinn en helstu áhrifavaldar í þróun heimsmarkaðsverðs eru í venjulegu árferði aðgengi að olíulindum, árstíðabundnar eftirspurnarsveiflur, milliríkjadeilur og efnahagslegar aðstæður á stærstu olíumörkuðum heimsins. Gengi ISK endurspeglast annars vegar af innri áhrifum í íslenska efnahagskerfinu og hins vegar í alþjóðlegu umhverfi svo sem gjaldmiðlakrossi USD og EUR.

Sveiflur í heimsmarkaðsverði olíu hafa veruleg áhrif á rekstur félagsins en andstætt því sem margir virðast telja þá er hátt heimsmarkaðsverð óhagstætt fyrir rekstur félagsins. Vegna hækkandi heimsmarkaðsverðs undanfarinna ára hefur mikil áhersla verið lögð á sparneytnari ökutæki, auk þess sem verðið hefur hvatt til minni keyrslu, en hvorttveggja leiðir til minni eldsneytisnotkunar. Innanlands er það svo fleira en gengi ISK sem hefur áhrif á rekstur félagsins, en veður hefur til að mynda áhrif á ferðalög innanlands. Þannig gerði til að mynda hagstætt veðurfar á suðvesturhorninu sumarið 2012 það að verkum að Íslendingar óku talsvert minna innanlands en árin á undan. Aðrir þættir sem jafnframt hafa áhrif eru aukning erlendra ferðamanna undanfarin ár sem spáð er að haldi áfram í náinni framtíð svo og sveiflur í sjávarútvegi sem vegur þungt í rekstri en minnkandi veiði og takmörkun á kvóta hefur neikvæð áhrif á N1.

Stefnumótunarvinna félagsins og framkvæmdaáætlun næstu missera miðar m.a. að því að einfalda viðskiptalíkan N1 í framtíðinni ásamt því að einfalda þjónustu- og vöruframboð svo og verkferla félagsins á næstu misserum. Eitt skref í þessu ferli var tekið með sölu Bílanausts ehf. á öðrum ársfjórðungi 2013. Félagið horfir til hagræðingarmöguleika og telur sig eiga nokkuð inni, m.a. með bættri stýringu á innkaupum til að auka veltuhraða birgða og hækka framlegðarstig birgða en einföldun á vöruvali er einn liður í því. Nú þegar hefur nokkuð verið hagrætt í lagermálum á árinu 2013 en þar liggja miklir hagsmunir, enda félagið með mikla fjárbindingu í birgðum auk þess sem biðtími birgða magnar upp verðáhættu félagsins. Félagið var með fjórar starfstöðvar vítt og breitt um bæinn sem voru sameinaðar í nýju vöruhúsi að Klettagörðum 13 sem keypt var árið 2012 og selt aftur en félagið leigir nú húsnæðið til 10 ára. Þessari breytingu er ætlað að stuðla að betra utanumhaldi birgða.

Stjórn N1 hefur mótað sér þá stefnu varðandi fjármagnsskipan og arðgreiðslur að a.m.k. 50% af hagnaði ársins verði greidd til hluthafa og að eiginfjárhlutfall verði yfir 40%. Miðað er við að arðsemi eigin fjár verði um 12% miðað við núverandi ávöxtunarkröfu fjárfesta til ríkisskuldabréfa, EBITDA félagsins vaxi að jafnaði um 3-5% á ári og hlutfallið milli hagnaðar fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) og framlegðar af vörusölu, eins og þessir liðir koma fram í uppgjörum félagsins, verði í framtíðinni á bilinu 27-30%. Jafnframt er miðað við að fjárfestingar fari ekki yfir 500 m.kr. á ári, vaxtaberandi skammtímaskuldir séu undir 4.000 m.kr. og langtímaskuldir félagsins fari undir 5.000 m.kr. Áætlað er að á árinu 2013 verði rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir um 2,2-2,3 ma.kr. fyrir kostnað við ráðgjöf vegna sölu Bílanausts og fyrirhugaðrar kauphallarskráningar félagsins sem samanlagt er gert ráð fyrir að nemi um 300 m.kr. á árinu. Það er nokkuð undir því markmiði sem stjórnin setti félaginu til framtíðar varðandi hlutfall EBITDA af framlegð og hefur rekstur félagsins á undanförnum árum að jafnaði ekki uppfyllt þetta viðmið á EBITDA-hlutfalli. Varðandi stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslur er rétt að benda á að félaginu er aldrei heimilt að greiða meiri arð en sem nemur óráðstöfuðu eigin fé sem í lok september 2013 nam rúmlega tveimur milljörðum kr. en eiginfjárhlutfall myndi að öðru óbreyttu fara niður í um 48% ef slík arðsfjárhæð yrði greidd út. Eiginfjárhlutfall félagsins færi við slíkar aðstæður ekki niður í 40% nema til kæmi aukin skuldsetning sem næmi um 10 milljörðum kr. eða kaup félagsins á eigin hlutum.

Í byrjun nóvember 2013 tók félagið tilboði í fasteignina að Bíldshöfða 9. Í kauptilboðinu er fyrirvari um að kaupandi fái fjármögnun fyrir lok nóvember frá fjármálastofnun. Bókfært virði fasteignarinnar er um 1.000 m.kr. og ef salan gengur eftir verða áhrif hennar á rekstur félagsins óveruleg. Áætlað er að afskriftir félagsins verði um 715 m.kr. árið 2014.

Handbært fé og skuldabréfaeign félagsins þann 30. september 2013 nam 6.190 m.kr. en í byrjun október greiddi félagið 2.189 m.kr. í virðisaukaskatt og aðflutningsgjöld. Eign í hlutdeildarfélögum, öðrum félögum, kröfum á tengda aðila, ásamt fasteigninni að Bíldshöfða 9, námu samtals 2.693 m.kr. Að teknu tilliti til þessa voru nettó vaxtaberandi skuldir félagsins 485 m.kr. í byrjun október.

## 6.2 Fjárhagsyfirlit fyrstu níu mánuði áranna 2011-2013

### 6.2.1 Rekstur 1. janúar til 30. september árin 2011, 2012 og 2013

Hér á eftir fer umfjöllun um rekstrarreikning N1 fyrir fjárhagstímabilin 1. janúar til 30. september árin 2011, 2012 og 2013. Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarafkomu N1 fyrir framangreind tímabil. Bent er á að rekstur sem um áramótin 2012/13 var fluttur í sérstakt dótturfélag, Bílanaust ehf., er ekki innifalinn í rekstrarreikningi útgefanda á árinu 2013 og var seldur á öðrum ársfjórðungi 2013.

| *(m.kr.)* | **9M 2013** | **9M 2012** | **9M 2011** |
|---|---|---|---|
| Sala | 45.557 | 46.748 | 42.213 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (38.445) | (38.966) | (34.943) |
| **Framlegð af vörusölu** | **7.112** | **7.782** | **7.270** |
| Aðrar rekstrartekjur | 277 | 148 | 139 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (2.827) | (3.000) | (2.904) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | (1.594) | (1.410) | (1.297) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.241) | (1.199) | (1.296) |
| | (5.662) | (5.609) | (5.497) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | **1.727** | **2.321** | **1.913** |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (520) | (739) | (440) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | **1.207** | **1.582** | **1.473** |
| Fjármunatekjur | 218 | 161 | 225 |
| Fjármagnsgjöld | (505) | (524) | (252) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 134 | 86 | 40 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 108 | 32 | 250 |
| | **(45)** | **(245)** | **262** |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 0 | 0 | 4.822 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **1.163** | **1.336** | **6.557** |
| Tekjuskattur | (351) | (244) | (463) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **811** | **1.092** | **6.094** |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | (17) | 2 | 43 |
| **Heildarhagnaður ársins** | **794** | **1.094** | **6.137** |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | 0,81 | 1,09 | 1,46 |

*Árshlutareikningur N1 fyrir fyrstu níu mánuði áranna 2013, 2012 og 2011 er óendurskoðaður. Líkt og kemur fram í skýringu 3 með ársreikningi N1 fyrir árið 2011 var framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu breytt árið 2011 og telja stjórnendur samstæðunnar að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstri hennar í heild.*

***Rekstrarreikningur 1.1.2013-30.9.2013, 1.1.2012-30.9.2012 og 1.1.2011-30.09.2011***

Sala fyrstu níu mánuði ársins 2013 var 45.557 m.kr. samanborið við 46.748 m.kr. sölu á sama tímabili árið 2012 og nam samdráttur í sölu 2,5% á milli ára. Fyrstu níu mánuði ársins 2011 nam salan 42.213 m.kr. Sala á eldsneyti var 36.829 m.kr. á tímabilinu miðað við 37.692 m.kr. sölu á sama tímabili árið 2012 og 33.695 m.kr. árið 2011. Er það 2,3% samdráttur milli áranna 2013 og 2012 og 11,7% aukning milli áranna 2012 og 2011.

Kostnaðarverð seldra vara var 38.445 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2013 sem er 1,3% lækkun frá sama tímabili árið 2012 þegar það var 38.966 m.kr. Kostnaðarverð seldra vara var 34.943 m.kr. á sama tímabili árið 2011.

Framlegð af vörusölu var því 7.112 m.kr. á tímabilinu eða 15,6% af vörusölu, samanborið við framlegð upp á 7.782 m.kr. á sama tímabili árið 2012 eða 16,6% af vörusölu og 7.270 m.kr. á sama tímabili 2011 eða 17,2% af vörusölu. Samdráttur í framlegð milli tímabilanna 2013 og 2012 var 8,6% en framlegðarhlutfallið lækkaði um 1% milli ára. Lækkun í framlegð milli tímabilanna 2012 og 2011 var 3,3% en framlegðarhlutfallið lækkaði um 0,6% milli ára. Framlegð af sölu eldsneytis var 3.974 m.kr. á tímabilinu 2013 miðað við 4.087 m.kr. framlegð á sama tímabili 2012 og 3.751 m.kr. árið 2011. Er það lækkun um 2,8% milli áranna 2013 og 2012 en lækkun um 8,9% milli áranna 2012 og 2011. Sambærilegar tölur fyrir aðrar vörur eru 3.138 m.kr. fyrir árið 2013, 3.695

m.kr. árið 2012 og 3.519 m.kr. árið 2011, sem er 15,1% samdráttur milli áranna 2013 og 2012 og 0,05% milli áranna 2012 og 2011.

Aðrar rekstrartekjur voru 277 m.kr. á tímabilinu árið 2013 samanborið við 148 m.kr. árið 2012 sem er aukning um 87,2% en aðallega er um að ræða leigutekjur. Aðrar rekstrartekjur voru 139 m.kr. á tímabilinu árið 2011.

Laun og annar starfsmannakostnaður var 2.827 m.kr. fyrstu níu mánuðina árið 2013 sem er lækkun um 5,8% frá sama tímabili árið 2012 þegar hann var 3.000 m.kr. Fyrstu níu mánuði ársins 2011 voru laun og annar starfsmannakostnaður 2.904 m.kr.

Sölu- og dreifingarkostnaður var 1.594 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2013 samanborið við 1.410 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2012, sem er aukning um 13,0% milli ára. Fyrstu níu mánuði ársins 2011 var sölu- og dreifingarkostnaður félagsins 1.297 m.kr. Sölu- og dreifingarkostnaður samanstendur af dreifingar-, markaðs- og viðhaldskostnaði. Dreifingarkostnaður fyrstu níu mánuði ársins 2013 var 1.109 m.kr. miðað við 1.041 m.kr. á sama tímabili árið 2012 sem sem er hækkun um 6,5%. Á sama tímabili árið 2011 var dreifingarkostnaður félagsins 931 m.kr. Markaðskostnaður fyrir tímabilið hækkar um 27,3% milli áranna 2013 og 2012 en hann var 253 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 miðað við 198 m.kr. á sama tímabili 2012. Á sama tímabili árið 2011 var markaðskostnaður 258 m.kr. Viðhaldskostnaður var 232 m.kr. á tímabilinu árið 2013 miðað við 171 m.kr. á sama tímabili árið 2012, sem er 36,2% hækkun milli tímabila. Árið 2011 var viðhaldskostnaður 108 m.kr. á tímabilinu.

Annar rekstrarkostnaður var 1.241 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 samanborið við 1.199 m.kr. á sama tímabili árið 2012 sem er hækkun um 3,5%. Árið 2011 var annar rekstrarkostnaður 1.296 m.kr.

Rekstrarkostnaður var því samanlagt 5.662 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2013, samanborið við 5.609 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2012. Hækkun rekstrarkostnaðar er því 0,9% milli tímabilana. Sem hlutfall af sölu var rekstrarkostnaður 12,4% á fystu níu mánuðum ársins 2013 samaborið við 12,0% á sama tímabili árið 2012. Árið 2011 var rekstrarkostnaður félagsins samanlagt 5.497 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins. Sem hlutfall af sölu ársins var rekstrarkostnaðurinn því 13,0% fyrstu níu mánuði ársins 2011.

Hagnaður N1 fyrir afskriftir og fjármagnsliði fyrstu níu mánuði ársins 2013 var því 1.727 m.kr. samanborið við 2.321 m.kr. árið 2012 sem er 25,6% lækkun milli ára. Fyrstu níu mánuði ársins 2011 var hagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði 1.913 m.kr.

Afskriftir og virðisrýrnun voru 520 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2013 samanborið við 739 m.kr. á sama tímabili árið 2012 og 440 m.kr. á sama tímabili 2011.

Fjármunatekjur félagsins voru 218 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2013 samanborið við 161 m.kr. á sama tímabili árið 2012 og 225 m.kr. á sama tímabili 2011. Fjármagnsgjöld félagsins voru 505 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2013 samanborið við 524 m.kr. sama tímabil ársins 2012 og 252 m.kr. fyrstu níu mánuði 2011.

Félagið á 60% hlut í Olíudreifingu ehf. en félagið hefur ekki yfirráð yfir Olíudreifingu ehf. sem er því ekki flokkað sem dótturfélag N1. Ástæða þessa að samkeppnisyfirvöld settu félaginu þau skilyrði að stjórnarmenn Olíudreifingar þyrftu að vera óháðir N1. Umsvif N1 hafa hins vegar veruleg áhrif á starfsemi Olíudreifingar ehf. og beitir N1 samkvæmt því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhluta síns í Olíudreifingu.

Áhrif hlutdeildarfélaga voru 134 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 en 86 m.kr. á sama tímabili árið 2012 og 250 m.kr. á sama tímabili árið 2011. Gangvirðisbreyting hlutabréfa var um 108 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2013 samanborið við 32 m.kr. á sama tímabili árið 2012 og 40 m.kr. sama tímabil 2011.

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2011 hafði fjárhagsleg endurskipulagning félagsins jákvæð áhrif á rekstur þess að fjárhæð 4.822 m.kr.

Fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins lauk með frjálsum nauðasamningi á fyrri hluta ársins 2011. Kröfuhafar félagsins tóku félagið yfir en hlutafé fyrri hluthafa var afskrifað að fullu. Uppgjör skulda með útgáfu eigin fjár var fært í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, nánar tiltekið túlkunina IFRIC 19. Samkvæmt henni skal eigið fé sem gefið er út til uppgjörs skulda fært á gangvirði við upphaf skráningar í bókhald. Í samningum félagsins og kröfuhafa var gangvirði eigin fjár 14,0 ma.kr. Mismunur á gangvirði útgefins eigin fjár og annars endurgjalds annars vegar og bókfærðar stöðu þeirra skulda sem gerðar eru upp hins vegar er færður í rekstur. Ein af forsendum nauðasamnings var að félagið keypti fasteignir Umtaks fasteignafélags ehf. Fjárhagsleg áhrif endurskipulagningarinnar á rekstur fyrstu níu mánuði áranna 2012, 2011 og 2010 voru eftirfarandi:

| | 9M 2013 | 9M 2012 | 9M 2011 |
|---|---|---|---|
| Keyptar fasteignir | 0 | 0 | 9.500 |
| Tekin ný lán | 0 | 0 | (8.500) |
| Greitt með útgáfu hlutafjár | 0 | 0 | (14.000) |
| Uppgerðar skuldir | 0 | 0 | 17.860 |
| Rekstrarleg áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 0 | 0 | 4.860 |
| | | | |
| Önnur áhrif endurskipulagningar | 0 | 0 | (38) |
| **Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar samtals** | **0** | **0** | **4.822** |

Hagnaður N1 fyrir tekjuskatt var því 1.163 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins 2013 en 1.336 m.kr. á sama tímabili árið 2012 og 6.557 m.kr. á sama tímabili árið 2011. Tekjuskattur félagsins var 351 m.kr. á tímabilinu samanborið við um 244 m.kr. á sama tímabili árið 2012 og 463 m.kr. á sama tímabili árið 2011.

Hagnaður fyrstu níu mánuði ársins 2013 var því 811 m.kr. samanborið við 1.092 m.kr. hagnað fyrstu níu mánuði ársins 2012 og 6.094 m.kr. hagnað fyrstu níu mánuði ársins 2011.

Þegar tillit hefur verið tekið til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags fæst að heildarhagnaður félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 var 794 m.kr., 1.095 m.kr. árið 2012 og 6.137 m.kr. árið 2011.

### 6.2.2 Efnahagur N1 30. september 2011, 30. september 2012 og 30. september 2013

Meðfylgjandi tafla sýnir efnahagsreikning N1 30. september 2013, 30. september 2012 og 30. september 2011.

| *(m.kr.)* | 30.9.2013 | 30.9.2012 | 30.9.2011 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 415 | 476 | 536 |
| Rekstrarfjármunir | 10.596 | 10.633 | 13.305 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 1.427 | 1.272 | 1.599 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 241 | 141 | 138 |
| Skatteign | 0 | 173 | 0 |
| Skuldabréfaeign | 63 | 78 | 91 |
| **Fastafjármunir** | **12.743** | **12.773** | **15.669** |
| Birgðir | 4.853 | 6.942 | 5.745 |
| Viðskiptakröfur | 4.326 | 5.875 | 6.030 |
| Kröfur á tengda aðila | 34 | 57 | 9 |
| Aðrar skammtímakröfur | 1.444 | 916 | 1.032 |
| Handbært fé | 6.127 | 4.304 | 2.776 |
| **Veltufjármunir** | **16.785** | **18.094** | **15.592** |
| **Eignir** | **29.528** | **30.867** | **31.261** |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.000 | 1.000 | 1.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 11.865 | 11.865 | 13.000 |
| Endurmatsreikningur | 413 | 470 | 496 |
| Þýðingarmunur | (14) | (24) | 43 |
| Óráðstafað eigið fé | 2.044 | 1.107 | 412 |
| **Eigið fé** | **15.308** | **14.418** | **14.951** |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 6.650 | 7.367 | 7.933 |
| Aðrar skuldbindingar | 0 | 74 | 828 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 65 | 0 | 0 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 249 | 0 | 0 |
| **Langtímaskuldir** | **6.964** | **7.441** | **8.761** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tekjuskattur til greiðslu | 279 | 0 | 0 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | 4.435 | 5.031 | 4.490 |
| Skuldir við lánastofnanir | 350 | 2.106 | 1.167 |
| Viðskiptaskuldir | 1.449 | 1.301 | 1.264 |
| Skuldir við tengda aðila | 179 | 38 | 113 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 244 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 319 | 532 | 516 |
| **Skammtímaskuldir** | **7.256** | **9.008** | **7.549** |
| **Skuldir samtals** | **14.220** | **16.449** | **16.310** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **29.528** | **30.867** | **31.261** |

### *Eignir*

Heildareignir félagsins þann 30. september 2013 námu 29.528 m.kr. og höfðu aukist um 1.759 m.kr. eða 6,3% frá 31. desember 2012 þegar heildareignir félagsins námu 27.769 m.kr. Þann 30. september 2012 voru heildareignir 30.867 m.kr. og 31.261 m.kr. þann 30. september 2011.

Rekstrarfjármunir námu 10.596 m.kr. þann 30. september 2013 og höfðu hækkað um 6 m.kr. frá 31. desember 2012 þegar rekstrarfjármunir félagsins voru bókfærðir á 10.590 m.kr. Þann 30. september 2012 voru rekstrarfjármunir félagsins bókfærðir á 10.633 m.kr. og 13.305 m.kr. þann 30. september 2011. Bókfært virði fasteigna, skilta og geyma í eigu N1 nam 8.663 m.kr. þann 30. september 2013 en var á sama tíma árið 2012 8.954 m.kr. og 11.686 m.kr. þann 30. september 2011. Bókfært virði innréttinga, véla, áhalda og tækja N1 nam 1.963 m.kr. þann 30. september 2013 samanborið við 1.679 m.kr. á sama tíma árið 2012. Þessi liður nam 1.619 m.kr. í lok september 2011.

Óefnislegar eignir félagsins voru voru metnar á 415 m.kr. þann 30. september 2013 og höfðu þá lækkað um 45 m.kr. frá 31. desember 2012 þegar þær voru 460 m.kr. Í lok september 2012 voru þær metnar á 476 m.kr. og 536 m.kr. á sama tíma árið 2011. Um er að ræða hugbúnað, sem metinn var á 251 m.kr. þann 30. september 2013, og vörumerki, sem metin voru á 164 m.kr. á sama tíma. Hugbúnaður er afskrifaður um 10% árlega en vörumerki 5%.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum voru bókfærðir á 1.427 m.kr. þann 30. september 2013 og höfðu þá hækkað um 116 m.kr. frá 31. desember 2012 þegar þeir voru bókfærðir á 1.311 m.kr. Í lok september 2012 voru þeir metnar á 1.272 m.kr en þann 30. september 2011 voru eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum bókaðir á 1.599 m.kr. N1 á 60% eignarhlut í Olíudreifingu ehf. en er ekki með yfirráð yfir félaginu, sem er því ekki flokkað sem dótturfélag N1. Er það vegna þess að samkeppnisyfirvöld ákváðu að félagið yrði að hafa stjórnarmenn óháða N1. Umsvif N1 hafa hins vegar veruleg áhrif á starfsemi Olíudreifingar og beitir samkvæmt því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutar síns í félaginu.

Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum voru metnir á 241 m.kr. í lok september 2013, 132 m.kr. þann 31. desember 2012, 141 m.kr. í lok september 2012 og 138 m.kr. í lok september 2011. Stærsta bókfærða eign félagsins í öðru félagi er 0,3% eignarhlutur í Icelandair Group hf.

Fastafjármunir félagsins voru samtals 12.743 m.kr. þann 30. september 2013 sem er 55 m.kr. lækkun frá 31. desember 2012 þegar fastafjármunir félagsins voru 12.798 m.kr. Þann 30. september 2012 voru fastafjármunir félagsins 12.774 m.kr. Fastafjármunir félagsins voru hins vegar 15.670 m.kr. í lok september 2011.

Birgðir voru 4.853 m.kr. í lok september 2013, 5.955 m.kr. í árslok 2012, 6.942 m.kr. í lok september 2012 en 5.745 m.kr. í lok september 2011. Þann 30. september 2013 skiptust birgðir þannig að 3.201 m.kr. var eldsneyti og 1.652 m.kr. aðrar vörur. Á sama tíma árið 2012 var skipting birgða félagsins þannig að 4.055 voru eldsneyti og 2.887 m.kr. aðrar vörur. Þann 30. september 2011 voru eldsneytisbirgðir félagsins 2.761 m.kr. og aðrar vörur 2.984 m.kr. Veltuhraði vörubirgða (þ.e. vörunotkun á ársgrundvelli / vörubirgðir í lok tímabils) var 10,6 í lok fyrstu níu mánaða 2013, samanborið við 7,5 þann 30. september 2012. Aukinn veltuhraði birgða N1 á árinu 2013 miðað við sambærileg tímabil árið áður skýrist að stærstum hluta af sölu Bílanausts, en vörubirgðir þess og vörusala eruekki hluti af birgðum og sölu í rekstrar- og efnahagsreikningi N1 hf. árið 2013.

Viðskiptakröfur félagsins voru 4.326 m.kr. þann 30. september 2013, 4.209 m.kr. þann 31. desember 2012, 5.875 m.kr. þann 30. september 2012 og 6.030 m.kr. 30. september 2011. Vegna árstíðabundinna sveiflna í rekstri félagsins, þá eru viðskiptakröfur hærri á 2. og 3. ársfjórðungi, heldur en á 1. og 4. ársfjórðungi. Um 34,2% af stöðu viðskiptakrafna þann 30. september 2013 var vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins samanborið við 44,6% á sama tíma árið 2012 og 42,9% 2011. Biðtími viðskiptakrafna félagsins (þ.e. viðskiptakröfur í lok árs / sala á ársgrundvelli) var 26 dagar þann 30. september 2013, samanborið við 34 þann 30. september 2012.

Aðrar skammtímakröfur voru 1.444 m.kr. þann 30. september 2013, 2.276 m.kr. þann 31. desember 2012, 916 m.kr. á sama tíma 2012 og 1.032 m.kr. í lok september 2011. Aðrar skammtímakröfur skiptast þannig að fyrirframgreiddur kostnaður var 429 m.kr. (265 m.kr. þann 31. desember 2012 og 147 m.kr. þann 30. september 2012), inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera voru 756 m.kr. (315 m.kr. þann 31. desember 2012 og 694 m.kr. þann 30. september 2012) og aðrar skammtímakröfur voru 259 m.kr. (108 m.kr. þann 31. desember 2012 og 75 m.kr. þann 30. september 2012). Þann 31. desember 2012 var óinnheimt söluandvirði fasteigna 1.588 m.kr.

Handbært fé var 6.127 m.kr. í lok september 2013, 2.508 m.kr. þann 31. desember 2012, 4.304 m.kr. á sama tíma 2012 og 2.776 m.kr. í lok september 2011.

Veltufjármunir félagsins voru því 16.785 m.kr. þann 30. september 2013 og höfðu því hækkað um 1.814 m.kr. frá 31. desember 2012. Þann 30. september 2012 voru veltufjármunir félagsins 18.093 m.kr. þannig að veltufjármunir lækkuðu um 1.308 m.kr. milli 30. september 2012 og 2013 eða um 7,2%. Er það einkum lækkun birgða og viðskiptakrafna sem skýrir þá lækkun. Veltufjármunir voru 15.592 m.kr. þann 30. september 2011.

***Skuldir***

Heildarskuldir N1 námu 14.220 m.kr. þann 30. september 2013 sem er hækkun um 962 m.kr. frá 31. desember 2012 þegar þær voru 13.255 m.kr. Heildarskuldir félagsins voru 16.449 m.kr. þann 30. september 2012 og 16.311 m.kr. á sama tíma árið 2011.

Langtímaskuldir félagsins voru 6.964 m.kr. 30. september 2013 sem er lækkun um 585 m.kr. frá 31. desember 2012 þegar þær voru 7.549 m.kr. Þann 30. september 2012 voru langtímaskuldir félagsins 7.441 m.kr. og 8.762 m.kr. sama tíma árið 2011. Þann 30. september 2013 var tekjuskattsskuldbinding félagsins 65 m.kr. en ekki var um að ræða tekjuskattsskuldbindingu í árslok 2012 eða 30. september 2012 og 2011. Þann 30. september 2013 voru fyrirfram innheimtar tekjur félagsins 249 m.kr. en um er að ræða frestaðan söluhagnað vegna sölu fasteignarinnar að Klettagörðum 13. Félagið seldi eignina í lok desember 2012 og nam söluhagnaður 303 m.kr. að teknu tilliti til skuldbindingar félagsins um endurbætur á húsnæðinu. Samhliða sölunni leigði félagið fasteignina til baka til 10 ára með heimild til að kaupa hana aftur eftir 5 ár eða í lok leigutíma á framreiknuðu söluverði. Leigusamningurinn flokkast sem rekstrarleigusamningur. Í ljósi þess að söluverð var umfram gangvirði eignarinnar er mismuni söluverðs og gangverðs dreift línulega á leigutíma eignarinnar. Frestaður söluhagnaður í lok tímabilsins er því færður til skuldar sem fyrirfram innheimtar tekjur meðal langtímaskulda, eins og fram kemur hér að framan (249 m.kr. þann 30. september 2013 miðað við 295 m.kr. í árslok 2012) og 30 m.kr. meðal annarra skammtímaskulda (33 m.kr. í árslok 2012).

Skammtímaskuldir félagsins voru 7.256 m.kr. 30. september 2013, 5.706 m.kr. þann 31. desember 2012, 9.008 m.kr. 30. september 2012 og 7.549 m.kr. á sama tíma 2011.

Tekjuskattur til greiðslu var 279 m.kr. þann 30. september 2013 og 220 m.kr. þann 31. desember 2012. Ekki var um að ræða skuld vegna tekjuskatts þann 30. september 2012 og 2011.

Aðrar skuldir við hið opinbera en tekjuskattur til greiðslu voru 4.435 m.kr. þann 30. september 2013, samanborið við 5.032 m.kr. á sama tíma árið 2012. Þessar skuldir samanstanda af ógreiddum virðisaukaskatti og tolli af innflutningi, olíugjaldi, bensíngjaldi, kolefnisgjaldi og öðrum opinberum gjöldum. Þessar skuldir stóðu í 4.490 m.kr. í lok september 2011, en hækkun milli áranna 2011 og 2012 má skýra með hækkun opinberra gjalda og hærri birgðastöðu.

Skammtímaskuldir við lánastofnanir voru 350 m.kr. þann 30. september 2013, samanborðið við 2.106 m.kr. á sama tíma árið 2012. Skammtímaskuldir við lánastofnanir stóðu í 1.167 m.kr. þann 30. september 2011. Þann 30. september 2013 var lánalína félagsins óádregin en þann 30. september 2012 var félagið með ádregna lánalínu upp á 1.539 m.kr. en þann 30. september 2011 var ádregin lánalína félagsins upp á 600 m.kr.

Viðskiptaskuldir félagsins voru 1.449 m.kr. þann 30. september 2013 samanborið við 1.127 m.kr. á sama tíma 2012. Þann 30. september 2011 voru viðskiptaskuldirnar 1.074 m.kr. Skuldir við tengda aðila voru 179 m.kr. þann 30. september 2013, 38 m.kr. á sama tíma árið 2012 og 113 m.kr. árið 2011. Fyrirfram innheimtar tekjur voru 244 m.kr. í lok 3. ársfjórðungs 2013, 199 m.kr. á sama tíma árið 2012 og 190 m.kr. árið 2011. Aðrar skammtímaskuldir félagsins voru 319 m.kr. þann 30. september 2013, 506 m.kr. 2012 og 516 m.kr. árið 2011.

Breyting var gerð á framsetningu skuldbindingar vegna vildarpunkta og inneignakorta („innkorta“) í árshlutareikningi félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013 og eru tölur um viðskiptaskuldir, fyrirfram innheimtar tekjur og aðrar skammtímaskuldir á tímabilinu 1. janúar til 30. september árin 2013, 2012 og 2011 í samræmi við nýja framsetningu.

*Eigið fé*

Eigið fé félagsins var 15.308 m.kr. þann 30. september 2013 samanborið við 14.514 m.kr. þann 31. desember 2012, 14.418 m.kr. þann 30. september árið 2012 og 14.950 m.kr. þann 30. september árið 2011. Hækkunina má skýra með hækkun á óráðstöfuðu eigin fé.

### 6.2.3 Sjóðstreymi N1 1. janúar til 30. september árin 2011, 2012 og 2013

Meðfylgjandi tafla sýnir sjóðstreymi N1 á tímabilinu 1. janúar til 30. september árin 2013, 2012 og 2011

| *(m.kr.)* | **9M 2013** | **9M 2012** | **9M 2011** |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 1.727 | 2.321 | 1.913 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | (6) | 1 | 1 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | (23) | 0 | 0 |
| | **1.699** | **2.320** | **1.912** |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | 872 | (1.012) | (719) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur (hækkun) | (628) | (1.848) | (2.792) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir (lækkun) | 2.182 | 3.750 | 3.076 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | **2.427** | **890** | **(435)** |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 195 | 94 | 84 |
| Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda | (18) | (63) | (88) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | **4.302** | **3.241** | **1.474** |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir | 0 | 0 | (4) |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (1.211) | (308) | (367) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 1.939 | 96 | 33 |
| Keyptir/seldir eignarhlutir í öðrum félögum | (1) | 4 | (7) |
| Lán til tengds aðila | (30) | 0 | 0 |
| Innheimt frá tengdum aðila | 30 | 0 | 0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | **728** | **(208)** | **(345)** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | 7.000 | 0 | 0 |
| Afborganir skulda við lánastofnanir | (7.820) | (453) | 0 |
| Greidd vaxtagjöld af skuldum við lánastofnanir | (590) | (467) | 0 |
| Afborganir annarra skuldbindinga | 0 | 0 | (52) |
| Greitt vegna nauðasamnings | 0 | 0 | (34) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **(1.410)** | **(920)** | **(86)** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **3.619** | **2.112** | **1.043** |
| Handbært fé í byrjun árs | 2.508 | 2.191 | 1.733 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | **6.127** | **4.304** | **2.776** |
| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:** | | | |
| Keyptir fasteignir | | | (9.500) |
| Útgefið hlutafé við fjárhagslega endurskipulagningu | | | 14.000 |
| Ný langtímalán | | | 8.500 |
| Uppgjör langtímaskulda | | | (17.860) |

*Árlegt sjóðstreymisyfirlit tímabilið 1. janúar til 30. september 2013, 2012 og 2011*

Handbært fé frá rekstri nam 4.302 m.kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2013 samanborið við 3.241 m.kr. sama tímabil 2012 og 1.474 m.kr. árið 2011. Sjóðstreymi tímabilsins árið 2011 einkenndist af fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

Mikil árstíðasveifla er í rekstrartengdum eignum og skuldum félagsins. Þannig eru birgðir, viðskiptakröfur og skuldir yfirleitt í hámarki um mitt ár. Breytingar á birgðum félagsins á fyrstu 9 mánuðum ársins 2013 voru 872 m.kr. til lækkunar samanborið við hækkun á birgðum upp á 1.012 m.kr. á sama tímabili árið 2012. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2011 lækkuðu birgðir hins vegar um 719 m.kr. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímaskuldir hækkuðu um 628 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 samanborið við 1.848 m.kr. árið 2012 og 2.792 m.kr. árið 2011. Viðskiptaskuldir hækkuðu um 2.182 á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 en um 3.750 m.kr. árið 2012 og 3.076 m.kr. árið 2011.

Fjárfestingahreyfingar voru 728 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 2013, neikvæðar um 208 m.kr. árið 2012 og 345 m.kr. árið 2011. Kaup N1 á fasteignum af Umtaki fasteignafélagi á árinu 2011 fyrir 9.500 m.kr. voru án greiðsluáhrifa og hafa því ekki áhrif á sjóðstreymi félagsins.

Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins 1. janúar til 30. september voru neikvæðar um 1.410 m.kr. 2013 en neikvæðar um 921 m.kr. 2012 og 86 m.kr. 2011. Félagið endurfjármagnaði langtímalán sín á tímabilinu og því eru nýjar langtímaskuldir 7.000 m.kr. og afborganir af skuldum við lánastofnanir 7.820 m.kr. Einungis var um afborganir og greidd vaxtagjöld langtímalána að ræða á tímabilinu árið 2012, en á tímabilinu árið 2011 var ekki um að ræða neinar afborganir langtímalána sem höfðu sjóðstreymisáhrif, einungis greiðslur vegna frjáls nauðasamnings og annarra skuldbindinga. Samkvæmt samkomulagi kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu var ákveðið að miðað skyldi við að allar vaxtaberandi skuldir, að frátöldu víkjandi láni frá tengdum aðila, skyldi ekki bera vexti frá 1. janúar 2011 til 30. júní 2011. Vaxtagjöld sem ella hefðu fallið til á fyrstu sex mánuðum ársins hefðu numið 428,5 m.kr. Verðbætur og gengismunur á sama tímabili hefði numið 197,9 m.kr.

Þann 30. september 2013 var handbært fé félagsins 6.127 m.kr. og hækkaði um 2.508 m.kr. frá 31. desember 2012. Þann 30. september 2012 var handbært fé félagsins 4.304 m.kr. og 2.776 m.kr. þann 30. september 2011.

## 6.3 Fjárhagsyfirlit fjárhagsáranna 2010-2012

### 6.3.1 Rekstur 2010-2012

Hér á eftir fer umfjöllun um rekstrarreikning N1 fyrir rekstrarárin 2010-2012. Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarafkomu N1 rekstrarárin 2010-2012. Á þessum árum er í uppgjöri félagsins rekstur sem um áramótin 2012/2013 var fluttur í sérstakt dótturfélag, Bílanaust ehf., sem selt var á öðrum ársfjórðungi 2013.

| *(m.kr.)* | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|---|
| Sala | 60.061 | 54.701 | 45.816 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (50.287) | (45.294) | (37.253) |
| **Framlegð af vörusölu** | **9.774** | **9.408** | **8.563** |
| Aðrar rekstrartekjur | 197 | 186 | 193 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (4.057) | (3.910) | (3.645) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | (1.842) | (1.684) | (1.648) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.423) | (1.891) | (6.704) |
| | (7.321) | (7.485) | (11.997) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | **2.650** | **2.108** | **(3.240)** |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (941) | (2.809) | (4.992) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | **1.709** | **(700)** | **(8.232)** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 278 | 330 | 823 |
| Fjármagnsgjöld | (713) | (398) | (1.133) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 75 | 371 | (1.533) |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 49 | (1) | 1 |
| | **(312)** | **302** | **(1.841)** |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 0 | 4.805 | (1.978) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **1.396** | **4.406** | **(12.051)** |
| Tekjuskattur | (236) | 130 | 227 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | **1.161** | **4.536** | **(11.824)** |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | 30 | (27) | 0 |
| **Heildarhagnaður ársins** | **1.191** | **4.509** | **(11.824)** |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | 1,16 | 1,33 | (1,97) |

Líkt og kemur fram í skýringu 3 með ársreikningi N1 fyrir árið 2011 var framsetningu á rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu breytt árið 2011 og telja stjórnendur félagsins að breytt framsetning sýni gleggri mynd af rekstrinum í heild. Leigugjöld eru nú færð með öðrum rekstrarkostnaði en voru áður sérgreind. Var þetta gert í kjölfar kaupa félagsins á fasteignum sem það notar í rekstri sínum af Umtaki fasteignafélagi ehf. Markaðskostnaður er nú hluti sölu- og dreifingarkostnaðar en var áður færður meðal annars rekstrarkostnaðar. Þá eru laun og annar starfsmannakostnaður nú sérgreindur en áður voru þessi gjöld færð með sölu- og dreifingarkostnaði. Afskrift viðskiptavildar var áður færð meðal fjárhagslegrar endurskipulagningar en er nú færð meðal afskrifta og virðisrýrnunar. Afskrift kröfu á móðurfélag var áður færð meðal fjárhagslegrar endurskipulagningar en er nú færð með öðrum kostnaði. Einnig voru gerðar breytingar á framsetningu á gangvirðisbreytingu afleiðusamninga sem áður kom fram meðal vaxtagjalda en er nú færð með fjárhagslegri endurskipulagningu og er því gengishagnaður færður meðal fjármunatekna. Einnig var framsetningu fjármunatekna og fjármagnsgjalda breytt á þann veg að þessir liðir eru nú sýndir brúttó en voru áður sýndir nettó. Það er mat stjórnenda að breytt framsetning gefi gleggri mynd af rekstri félagsins. Breytt framsetning fyrrgreindra liða hafði ekki áhrif á afkomu ársins 2010 en hafði eftirfarandi áhrif á einstaka liði rekstrarreiknings ársins 2010:

| **Einstakir rekstrarliðir 2010** *(m.kr.)* | **Skv. árs-reikningi 2010** | **Breyting v/ framsetningar** | **Samanburðartölur í ársreikningi 2011** |
|---|---|---|---|
| Laun og annar starfsmannakostnaður | - | (3.645) | (3.645) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | (5.022) | 3.373 | (1.648) |
| Annar rekstrarkostnaður | (4.110) | (2.593) | (6.704) |
| Leigugjöld | (997) | 997 | - |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (507) | (4.485) | (4.992) |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | (2.878) | 2.878 | - |
| Fjármunatekjur | - | 823 | 823 |
| Fjármagnsgjöld | - | (1.133) | (1.133) |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | - | 1 | 1 |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | (5.760) | 3.782 | (1.978) |
| | (19.275) | 0 | (19.275) |

### *Rekstrarreikningur 2012, 2011 og 2010*

Sala ársins 2012 var 60.061 m.kr. samanborið við 54.701 m.kr. sölu árið 2011 og nam aukningin 9,8% á milli ára. Sala ársins 2010 var 45.816 m.kr.

Kostnaðarverð seldra vara var 50.287 m.kr. árið 2012 sem er 11,0% hækkun frá árinu 2011 þegar það var 45.294 m.kr. Hækkun milli áranna 2011 og 2010 var 21,6% en árið 2010 var kostnaðarverð seldra vara 37.253 m.kr.

Framlegð af vörusölu var því 9.774 m.kr. árið 2012 eða 16,3% af vörusölu, en framlegðin nam 9.408 m.kr. árið 2011 eða 17,2% af vörusölu. Aukning í framlegðinni milli áranna var 3,9% í krónum talið en

framlegðarhlutfallið lækkaði um 0,9% milli ára. Árið 2010 var framlegð félagsins af vörusölu 8.563 m.kr. eða 18,7% af vörusölu. Aukning í framlegð milli áranna 2011 og 2010 var því 9,9% en framlegðarhlutfallið lækkaði um 1,5% milli áranna. Framlegð af sölu eldsneytis var 5.155 m.kr. árið 2012 miðað við 4.835 m.kr. framlegð árið 2011 og 4.179 m.kr. árið 2010. Er það hækkun um 6,6% milli áranna 2012 og 2011 en hækkun um 15,7% milli áranna 2011 og 2010. Sambærilegar tölur fyrir aðrar vörur eru 4.619 m.kr. fyrir árið 2012, 4.573 m.kr. árið 2011 og 4.384 m.kr. árið 2010, sem er 1,0% aukning milli áranna 2012 og 2011 og 4,3% milli áranna 2011 og 2010.

Aðrar rekstrartekjur voru 198 m.kr. árið 2012 samanborið við 186 m.kr. árið 2011 sem er aukning um 6,5% en aðallega er um að ræða leigutekjur. Aðrar tekjur voru 193 m.kr. árið 2010.

Laun og annar starfsmannakostnaður var 4.057 m.kr. árið 2012 sem er aukning um 3,8% frá árinu 2011 þegar hann var 3.910 m.kr. Árið 2010 voru laun og annar starfsmannakostnaður félagsins 3.645 m.kr. Sem hlutfall af sölu hafa laun og annar starfsmannakostnaður lækkað úr 8,0% árið 2010 í 6,8% árið 2012.

Sölu- og dreifingarkostnaður var 1.842 m.kr. árið 2012 en 1.684 m.kr. árið 2011, sem er aukning um 9,4% milli ára. Árið 2010 var sölu- og dreifingarkostnaður félagsins 1.648 m.kr. Sölu og dreifingarkostnaður félagsins skiptist í dreifingarkostnað, markaðskostnað og viðhaldskostnað. Dreifingarkostnaður lækkaði verulega árið 2011 vegna magnbreytinga í tegundum sem eru dýrar í dreifingu. Þannig var dreifingarkostnaður 1.312 m.kr. árið 2012, 1.194 m.kr. árið 2011 og 1.226 m.kr. árið 2010. Markaðskostnaður árið 2012 var 265 m.kr., 326 m.kr. árið 2011 og 271 m.kr. árið 2010. Viðhaldskostnaður hækkaði um 101 m.kr. milli áranna 2011 og 2012 þegar hann var 265 m.kr. en 164 m.kr. árið 2011. Árið 2010 var viðhaldskostnaður 151 m.kr. Sölu- og dreifingarkostnaður félagsins hefur lækkað úr 3,6% af sölu og 19,2% af framlegð árið 2010 í 3,1% af sölu og 18,8% af framlegð árið 2012.

Annar rekstrarkostnaður lækkaði verulega, en hann var 1.423 m.kr. árið 2012 og 1.891 m.kr. árið 2011 sem er 24,8% lækkun milli ára. Árið 2010 var annar rekstrarkostnaður félagsins 6.704 m.kr. Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun annars rekstrarkostnaðar félagsins.

| **Annar kostnaður** | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---:|---:|---:|
| Skrifstofur- og stjórnunarkostnaður | 271 | 332 | 295 |
| Rekstur húsnæðis | 398 | 369 | 359 |
| Skuldbinding vegna frjálsrar skráninga fasteigna | (74) | 218 | 0 |
| Leigugjöld | 231 | 226 | 997 |
| Tölvu- og hugbúnaður | 211 | 208 | 205 |
| Afskriftir og niðurfærsla viðskiptakrafna | 67 | 97 | 4.556 |
| Annar kostnaður | 320 | 441 | 292 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 1.423 | 1.891 | 6.704 |

Framangreinda lækkun má skýra meðal annars með lækkun á skuldbindingu vegna frjálsrar skráningar fasteigna, en árið 2011 var gjaldfærður kostnaður upp á 218 m.kr. vegna skuldbindingar félagsins á fasteignum vegna frjálsrar skráningar. Árið 2012 voru tekjufærðar til baka 74 m.kr. af þessari upphæð og er skuldbindingin þar með greidd að fullu. Samkvæmt samkomulagi kröfuhafa árið 2011 um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins var ákveðið að leiga að fjárhæð 550 m.kr. skyldi ekki reiknuð af fasteignum sem félagið leigði þá af Umtaki fasteignafélagi ehf., á tímabilinu 1. janúar 2011 til 30. júní 2011. Á árinu 2010 leigði félagið fasteignir sínar auk þess sem krafa á fyrrverandi móðurfélag N1 að fjárhæð 4.320 m.kr. tapaðist.

Rekstrarkostnaður var því samanlagt 7.321 m.kr. árið 2012, samanborið við 7.485 m.kr. árið 2011 og 11.997 m.kr. árið 2010. Lækkun rekstrarkostnaðar er því 2,2% milli áranna 2012 og 2011 en 37,6% milli áranna 2011 og 2010. Sem hlutfall af sölu var rekstrarkostnaður 12,2% árið 2012, 13,7% árið 2011 og 26,2% árið 2010.

Hagnaður N1 fyrir afskriftir og fjármagnsliði árið 2012 var því 2.650 m.kr. samanborið við 2.108 m.kr. árið 2011 sem er 25,7% aukning milli ára. Árið 2010 var tap félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði 3.240 m.kr.

Afskriftir og virðisrýrnun var 941 m.kr. árið 2012 samanborið við 2.809 m.kr. árið 2011. Þessa miklu lækkun má skýra með mikilli virðisrýrnun rekstrarfjármuna árið 2011, en þá var hún 1.988 m.kr. Ekki var um virðisrýrnun að ræða árið 2012. Virðisrýrnunarpróf á fasteignum félagsins í árslok 2011 byggðist á mati á rekstrarvirði félagsins miðað við forsendur stjórnenda þess, einkum varðandi framtíðartekjuvöxt, framlegð rekstrar og meðalávöxtunarkröfu fjármagns (WACC). Notast var við spá til 5 ára en gert ráð fyrir föstum tekjuvexti og framlegð eftir það. Lykilforsendur í matinu voru árlegur 2,9-10,0% tekjuvöxtur til næstu fimm ára og

árlegur1,8% tekjuvöxtur eftir lok spátímabils, 27,2-32,0% EBITDA sem hlutfall af framlegð á spátímabilinu og 13,6% vegin ávöxtunarkrafa fjármagns. Árið 2010 voru afskriftir og virðisrýrnun félagsins 4.992 m.kr. Skýring á hárri afskrift og virðisrýrnun ársins 2010 er gjaldfærsla 4.485 m.kr. virðisrýrnunar á viðskiptavild félagsins.

Fjármunatekjur félagsins voru 278 m.kr. árið 2012 samanborið við 330 m.kr. árið 2011 sem er lækkun um 16% sem skýra má með minni gengishagnaði gjaldmiðla. Fjármunatekjur félagsins voru 823 m.kr. árið 2010 sem skýra má neð 619 m.kr. gengishagnaði gjaldmiðla og hærri vaxtatekjum af kröfum. Fjármagnsgjöld félagsins voru 713 m.kr. árið 2012 samanborið við 398 m.kr. árið 2011 og 1.133 m.kr. árið 2010. Samkvæmt samkomulagi kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu var ákveðið að miðað skyldi við að allar vaxtaberandi skuldir, að frátöldu víkjandi láni frá tengdum aðila, skyldi ekki bera vexti frá 1. janúar 2011 til 30. júní 2011. Vaxtagjöld sem ella hefðu fallið til á fyrstu sex mánuðum ársins hefðu numið 429 m.kr. Verðbætur og gengismunur á sama tímabili hefði numið 198 m.kr.

Félagið á 60% eignarhlut í Olíudreifingu ehf. en félagið hefur ekki yfirráð yfir Olíudreifingu ehf. sem er því ekki flokkað sem dótturfélag N1. Það er vegna þess að samkeppnisyfirvöld ákváðu að félagið yrði að hafa stjórnarmenn óháða N1. Umsvif N1 hafa hins vegar veruleg áhrif á starfsemi Olíudreifingar ehf. og beitir N1 samkvæmt því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhluta síns í Olíudreifingu.

Áhrif hlutdeildarfélaga voru um 75 m.kr. árið 2012 en 371 m.kr. árið 2011 sem má að mestu leyti skýra með verri afkomu Olíudreifingar ehf. árið 2012. Árið 2011 fékk félagið leiðréttingu á höfuðstól lána sinna upp á um 278 m.kr. auk þess sem rekstrarhagnaður félagsins var betri en á árinu 2012. Árið 2010 voru áhrif hlutdeildarfélaga -1.533 m.kr. Skýring á tapi hlutdeildarfélaga á árinu 2010 er mikið tap Olíufélagsins ehf. en það félag átti tæplega helming í Umfangi fasteignafélagi ehf. sem skilaði miklu tapi á árinu. Eigið fé Umtaks fasteignafélags ehf. var neikvætt við fjárhagslega endurskipulagningu N1.

Athuga þarf að breyting varð á skilgreiningu félagsins á hlutdeildarfélögum milli áranna 2010 og 2011 og voru tvö félög flutt frá liðnum gangvirðisbreytingar hlutabréfa undir áhrif hlutdeildarfélaga. Breytingin hafði engin rekstrarleg áhrif, einungis var um að ræða tilflutning milli liða.

Gangvirðisbreyting hlutabréfa var um 49 m.kr. árið 2012 samanborið við -1 m.kr. árið 2011 og 1 m.kr. árið 2010. N1 á 0,3% eignarhlut í Icelandair Group hf. og má skýra hækkun gangvirðis hlutabréfaeignar félagsins með hækkun á verði hlutabréfa þess félags. Samtals var bókfært virði eignarhlutar N1 í öðrum félögum um 132 m.kr. í árslok 2012, en af þeirri upphæð var bókfært virði eignarhlutar félagsins í Icelandair Group hf. um 128 m.kr.

Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins voru engin á rekstrarreikning þess árið 2012 en árið 2011 voru þau 4.805 m.kr. og -1.978 m.kr. árið 2010. Fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins lauk með frjálsum nauðasamningi þann 24. júní 2011. Fjárhagsleg áhrif endurskipulagningarinnar á rekstur áranna 2012, 2011 og 2010 voru eftirfarandi:

**Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar**

| *(m.kr.)* | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|---|
| Uppgjör afleiðusamninga | 0 | 0 | (1.978) |
| Keyptar fasteignir | 0 | 9.500 | 0 |
| Tekin ný lán | 0 | (8.500) | 0 |
| Greitt með útgáfu hlutafjár | 0 | (14.000) | 0 |
| Uppgerðar skuldir | 0 | 17.860 | 0 |
| Rekstrarleg áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 0 | 4.860 | (1.978) |
| Önnur áhrif endurskipulagningar | 0 | (56) | 0 |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar samtals | 0 | 4.805 | (1.978) |

Hagnaður N1 fyrir tekjuskatt var því 1.396 m.kr. árið 2012, 4.406 m.kr. árið 2011 en tap var á rekstri N1 fyrir tekjuskatt árið 2010 upp á 12.051 m.kr. Tekjuskattur félagsins var 236 m.kr. árið 2012 samanborið við um 130 m.kr. tekjufærslu árið 2011 og 227 m.kr. tekjufærslu árið 2010.

Hagnaður ársins 2012 var því 1.161 m.kr. samanborið við 4.536 m.kr. hagnað árið 2011 og 11.824 m.kr. tap árið 2010.

Heildarhagnaður ársins eftir þýðingarmun vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags var 1.191 m.kr. árið 2012 og 4.509 m.kr. 2011 en 11.824 m.kr. tap var árið 2010.

*Einskiptiskostnaður 2010-2012*

Töluverðar breytingar hafa orðið á efnahagsreikningi N1 undanfarin ár og nokkuð um einskiptiskostnað, en hvorttveggja gerir samanburð einstakra tímabila erfiðari.

Á árinu 2010 var annar rekstrarkostnaður 6.704 m.kr. Þar af nam afskrift kröfu á BNT ehf. 4.320 m.kr. Félagið afskrifaði viðskiptavild upp á 4.485 m.kr. á árinu 2010. Olíufélagið ehf., dótturfélag N1 hf. átti 49% í Umtaki fasteignafélagi ehf. Áhrif afkomu Umtaks í rekstrarreikningi N1 voru neikvæð um 1.468 m.kr. Á árinu 2010 greiddi félagið 771 m.kr. í leigu til Umtaks fasteignafélags ehf. Félagið samdi við Glitni um uppgjör skuldbindinga. Voru því gjaldfærðar 1.978 m.kr. sem áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Félagið keypti eignir fasteignafélagsins í júní 2011 en samkvæmt samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu greiddi félagið ekki leigu til Umtaks á árinu 2011. Í lok árs 2011 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á fasteignum sem félagið keypti á árinu af Umtaki fasteignafélagi ehf. sem leiddi til 1.988 m.kr. virðisrýrnunar. Félagið tekjufærði 4.805 m.kr. vegna samninga um fjárhagslega endurskipulagningu á árinu 2011.

Á árinu 2011 gjaldfærði félagið 218 m.kr. vegna áætlaðrar skuldbindingar vegna frjálsrar skráningar á fasteignum félagsins. Félagið greiddi á árinu 99 m.kr. vegna tengds félags, en þar af voru 95 m.kr. endurgreiddar á árinu 2012. Einskiptiskostnaður vegna ársins 2011 nam því í heild 317 m.kr.

Árið 2012 tekjufærði félagið 74 m.kr. vegna ofmats á skuldbindingu vegna frjálsrar skráningar húsnæðis. Félagið tekjufærði 95 m.kr. vegna tengds félags á árinu en um var að ræða áður gjaldfærðan kostnað frá árinu 2011. Félagið greiddi einnig 90 m.kr. í bætur vegna vanefnda á samningi um byggingu þjónustustöðvar á árinu. Á árinu 2012 færði félagið niður birgðir, sem hækkaði kostnaðarverð seldra vara um 234 m.kr. Einskiptiskostnaður vegna ársins 2012 nam því í heild 155 m.kr.

Starfsemi sem tengist sölu á varahlutum, aukahlutum í bíla og rekstarvörum tengdum bílum var flutt í sérstakt dótturfélag, Bílanaust ehf., um áramótin 2012/2013. Dótturfélagið var selt á öðrum ársfjórðungi, nálægt bókfærðu verði.

### 6.3.2 Efnahagur 2010-2012

Hér á eftir fer umfjöllun um efnahag N1 fyrir rekstrarárin 2010-2012. Á þessum árum er rekstur sem um áramótin 2011/2012 var fluttur í sérstakt dótturfélag, sem síðar var selt, í uppgjöri félagsins.

Meðfylgjandi tafla sýnir efnahagsreikning N1 31. desember 2012, 31. desember 2011 og 31. desember 2010.

| *(m.kr.)* | **31.12.2012** | **31.12.2011** | **31.12.2010** |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 460 | 521 | 577 |
| Rekstrarfjármunir | 10.590 | 11.115 | 3.864 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 1.311 | 1.206 | 1.303 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 132 | 91 | 94 |
| Skatteign | 227 | 243 | 113 |
| Skuldabréfaeign | 78 | 102 | 158 |
| **Fastafjármunir** | 12.798 | 13.277 | 6.110 |
| Birgðir | 5.955 | 5.930 | 4.982 |
| Viðskiptakröfur | 4.209 | 4.297 | 3.519 |
| Kröfur á tengda aðila | 23 | 54 | 9 |
| Aðrar skammtímakröfur | 2.276 | 578 | 543 |
| Handbært fé | 2.508 | 2.191 | 1.733 |
| **Veltufjármunir** | 14.971 | 13.050 | 10.787 |
| **Eignir** | **27.769** | **26.327** | **16.897** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.000 | 1.000 | 6.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 11.865 | 11.865 | 0 |
| Endurmatsreikningur | 444 | 485 | 617 |
| Þýðingarmunur | 3 | -27 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | 1.202 | 0 | (11.803) |
| **Eigið fé** | **14.514** | **13.323** | **(5.186)** |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 7.253 | 7.820 | 0 |
| Aðrar skuldbindingar | 0 | 244 | 396 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 295 | 0 | 60 |
| **Langtímaskuldir** | **7.549** | **8.064** | **456** |
| Tekjuskattur til greiðslu | 220 | 0 | 0 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | 2.588 | 2.716 | 2.085 |
| Skuldir við lánastofnanir | 567 | 567 | 10.162 |
| Skuldabréfaútgáfa | 0 | 0 | 7.446 |
| Viðskiptaskuldir | 1.080 | 1.138 | 964 |
| Skuldir við tengda aðila | 47 | 59 | 325 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.204 | 460 | 645 |
| **Skammtímaskuldir** | **5.706** | **4.940** | **21.627** |
| **Skuldir samtals** | **13.255** | **13.004** | **22.083** |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **27.769** | **26.327** | **16.897** |

### *Eignir*

Heildareignir félagsins þann 31. desember 2012 námu 27.769 m.kr. og höfðu hækkað um 1.441 m.kr. eða 5,5% frá 31. desember 2011 þegar heildareignir félagsins námu 26.327 m.kr. Þann 31. desember 2010 voru heildareignir 16.897 m.kr.

Rekstrarfjármunir námu 10.590 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 11.115 m.kr. í lok árs 2011 og 3.864 m.kr. þann 31. desember 2010. Skýra má mikla aukningu á rekstrarfjármunum á árinu 2011 með kaupum félagsins, í samræmi við samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins, á fasteignum Umtaks fasteignafélags. Keyptar voru fasteignir fyrir 9.500 m.kr. Bókfært virði fasteigna, skilta og geyma í eigu N1 nam 8.834 m.kr. þann 31. desember 2012 en var á sama tíma árið 2011 9.384 m.kr. og 2.238 m.kr. í lok árs 2010. Bókfært virði innréttinga, véla, áhalda og tækja N1 nam 1.756 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 1.730 m.kr. í lok 2011. Þessi liður nam 1.626 m.kr. í árslok 2010.

Óefnislegar eignir félagsins voru metnar á 460 m.kr. í árslok 2012, 521 m.kr. í lok árs 2011 og 577 m.kr. í árslok 2010. Um er að ræða hugbúnað sem metinn var á 287 m.kr. í árslok 2012 og vörumerki sem metin voru á 173 m.kr. á sama tíma. Hugbúnaður er afskrifaður um 10% árlega en vörumerki um 5%.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum voru bókfærðir á 1.311 m.kr. í árslok 2012 samanborið við 1.206 m.kr. í árslok 2011. Í árslok 2010 voru eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum bókaðir á 1.303 m.kr. N1 á 60% eignarhlut í Olíudreifingu ehf. en er ekki með yfirráð yfir félaginu, sem er því ekki flokkað sem dótturfélag N1. Er það vegna þess að samkeppnisyfirvöld ákváðu að félagið yrði að hafa stjórnarmenn óháða N1. Umsvif N1 hafa hins vegar veruleg áhrif á starfsemi Olíudreifingar og beitir N1 samkvæmt því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutar síns í félaginu.

| **Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum** *(m.kr.)* | **Eignar-hlutur** | **Bókfært 2012** | **Bókfært 2011** | **Bókfært 2010** |
|---|---|---|---|---|
| Olíudreifing ehf. | 60,0% | 862 | 818 | 948 |
| Malik Supply A/S | 49,0% | 417 | 354 | 335 |
| EAK ehf | 33,3% | 17 | 17 | 0 |
| Fjögur önnur félög | | 15 | 17 | 20 |
| Eignarhlutir samtals í árslok | | 1.311 | 1.206 | 1.303 |

Þær breytingar voru gerðar á flokkun félaga sem hlutdeildarfélaga árið 2011 að félagið EBK ehf. (meðal annarra félaga í töflu) og Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli EAK ehf. (sýnd sem EAK ehf. í töflu) voru færð úr flokknum eignarhlutir í félögum í hlutdeildarfélög. Hækkaði bókfært virði hlutdeildarfélaga við þetta um 22 m.kr. árið 2011 en eignarhlutir í öðrum félögum lækkuðu um sömu fjárhæð.

| **Rekstur og efnahagur hlutdeildarfélaga** *(m.kr.)* | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|---|
| Eignir | 5.956 | 5.930 | 5.781 |
| Skuldir | 3.851 | 3.995 | 3.654 |
| **Eigið fé** | **2.105** | **1.975** | **2.127** |
| Tekjur | 3.496 | 3.201 | 21.167 |
| Gjöld | 3.371 | 2.604 | 26.892 |
| Hagnaður/Tap | 125 | 597 | (5.725) |
| **Hlutdeild í hagnaði/tapi** | **75** | **371** | **(1.533)** |

Stærsti hluti verðmæta eignarhluta N1 í hlutdeildarfélögum er vegna Olíudreifingar ehf. og Malik Supply A/S og stærsti hluta eigna og skulda þeirra. Heildareignir Olíudreifingar ehf. í árslok 2012 voru 3.861 m.kr. og skuldir 2.363 m.kr. Að mati stjórnenda félagsins endurspeglar bókfært virði eignarhluta félagsins í hlutdeildarfélögum verðmæti félaganna.

Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum voru metnir á 132 m.kr. í árslok 2012, en 91 m.kr. í árslok 2011 og 94 m.kr. í árslok 2010. Stærsta bókfærða eign félagsins í öðru félagi er 0,3% eignarhlutur í Icelandair Group hf. og metin á 128 m.kr. í árslok 2012 en hafði þá hækkað um tæplega 50 m.kr. frá árslokum 2011. Sú breyting skýrir að stærstum hluta hækkun bókfærðs eignarhluta í öðrum félögum milli áranna 2011 og 2012.

Fastafjármunir félagsins voru samtals 12.798 m.kr. í árslok 2012 sem var 479 m.kr. lækkun frá árslokum 2011. Fastafjármunir félagsins voru hins vegar 6.110 m.kr. í árslok 2010 og má skýra þá miklu hækkun sem var á milli áranna 2010 og 2011 með kaupum félagsins á fasteignum af Umtaki fasteignafélagi.

Birgðir voru 5.955 m.kr. í árslok 2012, 5.930 m.kr. í árslok 2011 en 4.982 m.kr. í árslok 2010. Veltuhraði birgða var 8,44 á árinu 2012, 7,64 árið 2011 og 7,48 árið 2010. Birgðir félagsins greinast þannig (skýring 23 í ársreikningi fyrir árið 2012 og í ársreikningi fyrir árið 2011):

| **Birgðir** *(m.kr.)* | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|---|
| Eldsneyti | 3.655 | 3.139 | 2.263 |
| Aðrar vörur | 2.301 | 2.791 | 2.719 |
| Birgðir samtals | 5.956 | 5.930 | 4.982 |

Á árinu 2012 nam gjaldfærð lækkun annarra vara niður í hreint söluvirði 205 m.kr. miðað við 61 m.kr. árið 2011. Gjaldfærslan var færð meðal kostnaðarverðs seldra vara. Í lok árs 2012 nam niðurfærsla annarra vara 338 m.kr. Aukningu í birgðum má að mestu rekja til hærra olíuverðs og aukinna gjalda á eldsneyti, en ýmis opinber gjöld eru greidd við innflutning en ekki sölu s.s. vörugjald, kolefnisgjald og vegagjald. Viðskiptakröfur félagsins voru 4.209 m.kr. þann 31. desember 2012, 4.297 m.kr. þann 31. desember 2011 og 3.519 m.kr. 31. desember 2010. Um 43% af stöðu viðskiptakrafna í árslok 2012 voru vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins samanborið við 39% í árslok 2011 og 36% í árslok 2010. (Skýring 32 í ársreikningi fyrir árið 2012 og skýring 33 í ársreikningi fyrir árið 2011.)

| **Viðskiptakröfur** *(m.kr.)* | **31.12.2012** | **31.12.2011** | **31.12.2010** |
|---|---|---|---|
| Ógjaldfallið | 3.547 | 3.495 | 2.892 |
| Gjaldfallið innan 30 daga | 442 | 527 | 385 |
| Gjaldfallið fyrir 31-120 dögum | 148 | 188 | 134 |
| Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum | 72 | 87 | 108 |
| Samtals bókfært virði viðskiptakrafna | 4.209 | 4.297 | 3.519 |

Viðskiptakröfur sem hlutfall af tekjum hafa farið lækkandi, en hlutfallið var 7,8% í árslok 2010, 7,8% í árslok 2011 og 7,0% í árslok 2012. Biðtími viðskiptakrafna var 26 dagar í lok árs 2012, 29 dagar árið 2011 og 28 dagar árið 2010.

Aðrar skammtímakröfur voru 2.276 m.kr. í árslok 2012 og höfðu þá hækkað um 1.697 m.kr. frá árslokum 2011 þegar þær voru 578 m.kr. Aukninguna má skýra með óinnheimtu söluandvirði fasteigna að fjárhæð 1.588 m.kr., en fasteignirnar að Klettagörðum 13 og Funhöfða 13 voru seldar á árinu 2012. Aðrar skammtímakröfur voru 543 m.kr. í árslok 2010.

Handbært fé var 2.508 m.kr. í árslok 2012, 2.191 m.kr. í árslok 2011 og 1.733 m.kr. í árslok 2010.

Veltufjármunir félagsins voru því 14.971 m.kr. í árslok 2012 samanborið við 13.050 m.kr. í árslok 2011, sem er 14,7% hækkun milli ára. Veltufjármunir voru 10.787 m.kr. í árslok 2010. Veltufjármunir félagsins hafa því vaxið um tæp 39% á þessu tímabili.

***Skuldir***

Heildarskuldir N1 námu 13.255 m.kr. þann 31. desember 2012 en voru 13.004 m.kr. þann 31. desember 2011 og 22.083 m.kr. á sama tíma árið 2010.

Verulegar breytingar hafa orðið á skuldum félagsins á þessu tímabili, sérstaklega á árinu 2011 þegar fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins lauk með frjálsum nauðasamningi.

Langtímaskuldir félagsins voru 7.549 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 8.064 m.kr. í lok ársins 2011 en 456 á sama tíma árið 2010. Í árslok 2010 voru vaxtaberandi skuldir félagsins 18.004 m.kr. en þar sem stærsti hluti þeirra var á gjalddaga árið 2011 flokkuðust 17.608 m.kr. af þeim með skammtímaskuldum.

Í árslok 2011 voru aðrar skuldbindingar N1 244 m.kr. sem má að stærstum hluta skýra með skuldbindingu félagsins vegna frjálsrar skráningar fasteigna. Í árslok 2010 voru aðrar skuldbindingar félagsins 60 m.kr. en um var að ræða skuldbindingu vegna gashylkja sem greidd var upp á árinu 2011.

Skammtímaskuldir N1 voru 5.706 m.kr. í árslok 2012, 4.940 m.kr. í árslok 2011 og 21.627 m.kr. í árslok 2010. Eins og að framan getur þá varð mikil breyting á skuldum félagsins við lok fjárhagslegrar endurskipulagningar á árinu 2011. Skammtímaskuldir við lánastofnanir voru þannig 10.162 m.kr. í árslok 2010 en þar af var 9.731 m.kr. afborganir langtímalána á gjalddaga á árinu 2011. Einnig var skuldabréfaútgáfa að fjárhæð 7.446 m.kr. á gjalddaga á árinu 2011. Á árinu 2011 voru tekin ný lán að fjárhæð 8.500 m.kr. og gefið út nýtt hlutafé til að gera upp skuldir að upphæð 17.860 m.kr. Við þessa aðgerð lækkuðu skammtímaskuldir félagsins verulega og langtímalán þess jukust.

Aðrar skuldir við hið opinbera en tekjuskattur til greiðslu voru 2.588 m.kr. í árslok 2012 samanborið við 2.716 m.kr. á sama tíma árið 2011. Þessar skuldir samanstanda af ógreiddum virðisaukaskatti og tolli af innflutningi, olíugjaldi, bensíngjaldi, kolefnisgjaldi og öðrum opinberum gjöldum. Þessar skuldir stóðu í 2.085 m.kr. í árslok 2010.

Viðskiptaskuldir félagsins voru 910 m.kr. í árslok 2012 samanborið við 952 m.kr. í árslok 2011. Á sama tíma árið 2010 voru viðskiptaskuldirnar 800 m.kr. Viðskiptaskuldir sem hlutfall af tekjum hafa farið lækkandi og var 1,5% árið 2012 samanborið við 1,7% árin 2011 og 2010

Fyrirfram innheimtar tekjur voru 243 m.kr. árið 2012, 186 m.kr. árið 2011 og 164 m.kr. árið 2010.

Aðrar skammtímaskuldir félagsins voru 1.130 m.kr. í árslok 2012 samanborið við 460 m.kr. í árslok 2011. Aðrar skammtímaskuldir voru 644 m.kr. í árslok 2010.

Breyting var gerð á framsetningu skuldbindingar vegna vildarpunkta og inneignakorta („innkorta“) í árshlutareikningi félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013 og eru tölur um viðskiptaskuldir, fyrirfram innheimtar tekjur og aðrar skammtímaskuldir árin 2012, 2011 og 2010 í samræmi við nýja framsetningu.

***Eigið fé***

Eigið fé félagsins nam samtals 14.514 m.kr. þann 31. desember 2012 en nam 13.323 m.kr. þann 31. desember 2011. Eigið fé í árslok 2010 var neikvætt um 5.186 m.kr. Samkvæmt samþykktum félagsins nam heildarhlutafé þess 1.000 m.kr. að nafnverði í lok desember 2012. Eftirfarandi tafla sýnir breytingar á eigin fé frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2012.

*Eiginfjáryfirlit*

| *(m.kr.)* | **Hlutafé** | **Yfirverðs-reikningur hlutafjár** | **Lögbundinn varasjóður** | **Endurmats-reikningur** | **Þýðingar-munur** | **Óráðstafað eigið fé** | **Eigið fé samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé 1.1.2010** | **6.000** | | **2** | **617** | | **19** | **6.638** |
| Tap ársins og heildartap | | | | | | (11.824) | (11.824) |
| Bakfært framlag í lögb. varasjóð | | | (2) | | | 2 | 0 |
| **Eigið fé 1.1.2011** | **6.000** | **0** | **0** | **617** | **0** | **(11.803)** | **(5.186)** |
| Afskrifað hlutafé | (6.000) | | | | | 6.000 | 0 |
| Útgefið nýtt hlutafé | 1.000 | 13.000 | | | | | 14.000 |
| Hagnaður ársins | | | | | | 4.536 | 4.536 |
| Jöfnun taps | | (1.135) | | | | 1.135 | 0 |
| Þýðingarmunur v. starf-semi erl. hlutdeildarfél. | | | | | (27) | | (27) |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | (132) | | 132 | 0 |
| **Eigið fé 31.12.2011** | **1.000** | **11.865** | **0** | **485** | **(27)** | **0** | **13.323** |
| Hagnaður ársins | | | | | | 1.161 | 1.161 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | | | | 30 | | 30 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | (41) | | 41 | 0 |
| **Eigið fé 31.12.2012** | **1.000** | **11.865** | **0** | **444** | **3** | **1.202** | **14.514** |

Hlutafé félagsins að nafnverði 6.000 m.kr. var afskrifað að fullu í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins sem lauk á árinu 2011. Gefið var út nýtt hlutafé að nafnverði 1.000 m.kr. á genginu 14 kr. fyrir hvern hlut sem er 1 kr. að nafnverði og því færast 13.000 m.kr. á yfirverðsreikning hlutafjár á árinu 2011.

### 6.3.3 Sjóðstreymisyfirlit 2010-2012

| *(m.kr.)* | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 2.650 | 2.108 | (1.373) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi | | | |
| Skuldbindingar vegna frjálsra skráninga fasteigna | (74) | 218 | 0 |
| Aðrir liðir | (-1) | 11 | 35 |
| | 2.576 | 2.337 | (1.337) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, hækkun | (26) | (948) | 38 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur (hækkun) | 145 | (572) | (4) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir (lækkun) | (212) | 428 | 274 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | (93) | (1.091) | 307 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 145 | 128 | 99 |
| Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda | (87) | (95) | (457) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | **2.540** | **1.279** | **(1.388)** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir | 0 | (4) | 0 |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (1.160) | (530) | (443) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 105 | 33 | 46 |
| Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum | 0 | (7) | (31) |
| Seldir eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 2 | 0 |
| Móttekinn arður | 2 | 33 | 17 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | **(1.045)** | **(474)** | **(410)** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | 0 | 0 | 19 |
| Afborganir langtímaskulda | (567) | (113) | (440) |
| Greidd vaxtagjöld langtímaskulda | (612) | (200) | (528) |
| Krafa/skuld við tengda aðila, breyting | 0 | 0 | 2.682 |
| Greitt vegna nauðasamnings | 0 | (34) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | **(1.179)** | **(346)** | **1.733** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **317** | **459** | **(65)** |
| Handbært fé í byrjun árs | 2.191 | 1.733 | 1.799 |
| **Handbært fé í lok árs** | **2.507** | **2.191** | **1.733** |

| | | |
|---|---|---|
| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (380) | (9.500) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 1.588 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | (1.588) | 0 |
| Lækkun hlutafjár hlutdeildarfélags | 0 | 417 |
| Útgefið eigið fé við fjárhagslega endurskipulagningu | 0 | 14.000 |
| Ný langtímalán | 0 | 8.500 |
| Uppgjör langtímaskulda | 0 | (17.860) |
| Uppgjör víkjandi láns til hlutdeildarfélags | 0 | (417) |
| Aðrar skammtímaskuldir | 380 | 0 |

**Framsetningu sjóðstreymis 2010 og 2011 var breytt frá áður birtum endurskoðuðum ársreikningi 2010 og 2011, til samræmis við framsetningu í ársuppgjöri samstæðu fyrir árið 2012.*

***Árlegt sjóðstreymisyfirlit rekstrarárin 2012, 2011 og 2010***

Handbært fé frá rekstri nam 2.540 m.kr. rekstrarárið 2012 samanborið við handbært fé frá rekstri að fjárhæð 1.279 m.kr. árið 2011. Árið 2010 var handbært fé til rekstrar 1.388 m.kr. Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum skýrir að mestu breytinguna á handbæru fé frá rekstri milli áranna 2012 og 2011. Þannig hækkuðu birgðir um 948 m.kr. árið 2011 en um 26 m.kr. á árinu 2012. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur hækkuðu um 572 m.kr. árið 2011 en lækkuðu um 145 m.kr. árið 2012. Viðskiptaskuldir lækkuðu um 212 m.kr. árið 2012 en hækkuðu um 428 m.kr. árið 2011. Árið 2010 er það hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði og greidd vaxtagjöld af skammtímaskuldum sem skýra að mestu að handbært fé félagsins lækkaði.

Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 1.045 m.kr. árið 2012, 474 m.kr. árið 2011 og 410 m.kr. árið 2010. Skýra má bróðurpart aukningarinnar milli áranna 2012 og 2011 með fjárfestingu í rekstrarfjármunum, en keyptir rekstrarfjármunir voru 1.160 m.kr. árið 2012 samanborið við 530 m.kr. árið 2011 og 443 m.kr. árið 2010. Árið 2012 keypti N1 fasteign af Íslandsbanka hf. fyrir 950 m.kr. en þar af voru 380 m.kr. án greiðsluáhrifa og koma fram í sjóðstreymi ársins 2013. Kaup N1 á fasteignum af Umtaki fasteignafélagi á árinu 2011 fyrir 9.500 m.kr. voru án greiðsluáhrifa og hafa því ekki áhrif á sjóðstreymi félagsins.

Fjármögnunarhreyfingar ársins 2012 voru neikvæðar um 1.179 m.kr. og um 346 m.kr. árið 2011. Árið 2010 voru fjármögnunarhreyfingar ársins jákvæðar um 1.733 m.kr.

Samkvæmt samkomulagi kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu var ákveðið að miðað skyldi við að allar vaxtaberandi skuldir, að frátöldu víkjandi láni frá tengdum aðila, skyldu ekki bera vexti frá 1. janúar 2011 til 30. júní 2011. Vaxtagjöld sem ella hefðu fallið til á fyrstu sex mánuðum ársins hefðu numið 428,5 m.kr. Verðbætur og gengismunur á sama tímabili hefði numið 197,9 m.kr. Auk þess greiddi N1 einungis eina afborgun af langtímaláni sínu árið 2011 en félagið var endurfjármagnað um mitt ár 2011 við lok fjárhagslegrar endurskipulagningar þess.

Árið 2010 lækkuðu kröfur á tengda aðila um 2.682 m.kr. sem skýra jákvæðar fjármögnunarhreyfingar ársins. Um var að ræða kröfu á móðurfélag N1, BNT ehf.

Þann 31. desember 2012 var handbært fé 2.507 m.kr. og hækkaði um 317 m.kr. frá sama tíma árið áður þegar það var 2.191 m.kr. Þann 31. desember 2011 var handbært fé félagsins 2.191 m.kr. og hafði þá hækkað um 459 m.kr. frá sama tíma árið áður þegar það var 1.733 m.kr.

***Helstu fjárfestingar félagsins tímabilið 1. janúar 2010 – 30. september 2013***

Engar meiri háttar fjárfestingar áttu sér stað hjá félaginu á árinu 2010. Á árinu 2011 keypti N1 fasteignir Umtaks fasteignafélags ehf. fyrir 9.500 m.kr., í samræmi við samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Á árinu 2012 keypti félagið Klettagarða 13 af Íslandsbanka hf. fyrir 950 m.kr. og kostaði framkvæmdir á eigninni að fjárhæð 247 m.kr. en seldi hana aftur innan ársins til fasteignasjóðs fyrir 1.500 m.kr. og tók eignina á leigu til 10 ára. Á árinu 2013 seldi félagið dótturfélag sitt Bílanaust ehf. Félagið var selt nálægt bókfærðu verði. Stofnefnahagsreikningur Bílanausts ehf var um 1.134 m.kr. og var áætlað að ársvelta verði um 2.200 m.kr.

## 6.4 Rekstraryfirlit hvers ársfjórðungs 1. janúar 2011 - 30. september 2013

| ***Rekstraryfirlit 2011*** *(m.kr.)* | *1.ársfj. 2011* | *2.ársfj. 2011* | *3.ársfj. 2011* | *4.ársfj. 2011* |
|---|---|---|---|---|
| Sala | 9.881 | 14.687 | 17.646 | 12.488 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (8.11 | (12.035) | (14.789) | (10.351) |
| **Framlegð af vörusölu** | 1.762 | 2.652 | 2.857 | 2.137 |
| Aðrar rekstrartekjur | 47 | 46 | 46 | 46 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (885) | (1.061) | (958) | (1.006) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | (348) | (421) | (527) | (387) |
| Annar rekstrarkostnaður | (337) | (490) | (468) | (595) |
| | (1.57 | (1.972) | (1.954) | (1.988) |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 238 | 726 | 949 | 195 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (126) | (126) | (188) | (2.369) |
| Rekstrarhagnaður | 113 | 600 | 761 | (2.174) |

*2011 skýringar – einskiptiskostnaður:*
Félagið keypti í júní 2011 fasteignir Umtaks fasteignafélags ehf. og því hækka afskriftir rekstrarfjármuna eftir þau kaup. Á árinu 2011 var gjaldfærsla vegna tengds félags 99 m.kr. sem skiptist þannig að 8 m.kr. voru á öðrum ársfjórðungi, 61 m.kr. á þriðja ársfjórðungi og 30 m.kr. á 4. ársfjórðungi. Á fjórða ársfjórðungi 2011 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á fasteignum félagsins sem leiddi til 1.988 m.kr. virðisrýrnunar. Félagið gjaldfærði 218 m.kr. vegna frjálsrar skráningar fasteigna á 4. ársfjórðungi 2011.

| ***Rekstraryfirlit 2012*** *(m.kr.)* | *1.ársfj. 2012* | *2.ársfj. 2012* | *3.ársfj. 2012* | *4.ársfj. 2012* |
|---|---|---|---|---|
| Sala | 12.419 | 16.307 | 18.021 | 13.313 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (10.186) | (13.757) | (15.023) | (11.321 |
| **Framlegð af vörusölu** | 2.234 | 2.550 | 2.999 | 1.991 |
| Aðrar rekstrartekjur | 46 | 55 | 47 | 50 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (948) | (1.052) | (1.000) | (1.056) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | (396) | (471) | (543) | (432) |
| Annar rekstrarkostnaður* | (361) | (390) | (448) | (224) |
| | (1.705) | (1.913) | (1.991) | (1.712) |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 574 | 692 | 1.055 | 329 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (177) | (183) | (379) | (202) |
| Rekstrarhagnaður | 397 | 508 | 676 | 127 |

**Tölur fyrir annan, þriðja og fjórða ársfjórðung eru leiðréttar frá óendurskoðuðum uppgjörum vegna tilfærslu á markaðskostnaði úr öðrum kostnaði í sölu- og dreifingarkostnað. Heildarrekstrarkostnaður hvers ársfjórðungs er óbreyttur. Á öðrum ársfjórðungi færist 69 m.kr. kostnaður, 71 m.kr. á þriðja ársfjórðungi og 59 m.kr. á fjórða ársfjórðungi, samtals 199 m.kr.*

*2012 skýringar – einskiptiskostnaður:*

Félagið greiddi 90 m.kr. í bætur vegna vanefnda á samningi um byggingu þjónustustöðvar á þriðja ársfjórðungi. Annar rekstrarkostnaður hækkar um samsvarandi upphæð. Félagið tekjufærði 95 m.kr. vegna endurgreiðslu á útlögðum kostnaði tengds félags á fjórða ársfjórðungi. Annar rekstrarkostnaður lækkaði um samsvarandi upphæð. Félagið tekjufærði einnig 74 m.kr. á fjórða ársfjórðungi vegna ofmats á kostnaði vegna frjálsrar skráningar fasteigna félagsins. Niðurfærsla birgða hækkaði kostnaðarverð seldra vara um 25 m.kr. á öðrum ársfjórðungi, 20 m.kr. á þriðja fjórðungi og 160 m.kr. á þeim fjórða. Bókfærð birgðaniðurfærsla vegna sölu á félaginu Nítró var 29 m.kr. á fjórða ársfjórðungi.

| ***Rekstraryfirlit 2013*** *(m.kr.)* | *1.ársfj. 2013* | *2.ársfj. 2013* | *3.ársfj. 2013* | *4.ársfj. 2013* |
|---|---|---|---|---|
| Sala | 12.783 | 14.941 | 17.833 | |
| Kostnaðarverð seldra vara | (10.935) | (12.727) | (14.783 | |
| Framlegð af vörusölu | 1.848 | 2.214 | 3.050 | |
| Aðrar rekstrartekjur | 104 | 96 | 77 | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (874) | (1.010) | (943) | |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | (432) | (550) | (612) | |
| Annar rekstrarkostnaður | (367) | (462) | (411) | |
| | (1.673) | (2.022) | (1.966) | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 279 | 287 | 1.161 | |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (185) | (160) | (175) | |
| Rekstrarhagnaður | 94 | 127 | 986 | |

*2013 skýringar – einskiptiskostnaður:*

Félagið bókfærði 117 m.kr. kostnað á fyrstu níu mánuðum ársins 2013 vegna sölu Bílanausts og fyrirhugaðrar skráningar í kauphöll.

## 6.5 Lykiltölur

### 6.5.1 Lykiltölur 2010 – 2012

| | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| Eldsneyti, seldir lítrar (þús.) | 377.552 | 370.230 | 366.199 |
| Framlegð | 16,3% | 17,2% | 18,7% |
| Launahlutfall | 6,8% | 7,1% | 8,0% |
| Kostnaðarhlutfall | 12,2% | 13,7% | 26,2% |
| EBITDA | 4,4% | 3,9% | (7,1%) |
| EBITDA / Framlegð | 27,1% | 22,4% | (37,8%) |
| Veltuhraði birgða | 8,44 | 7,64 | 7,48 |
| Veltufjárhlutfall | 2,62 | 2,64 | 0,50 |
| Lausafjárhlutfall | 1,58 | 1,44 | 0,27 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA | 2,04 | 2,98 | (2,69) |
| Innra virði hlutafjár | 14,5 | 13,3 | (0,9) |
| Arðsemi eigin fjár | 8,3% | 111,5% | (1.628,9%) |
| Eigið fé, m.kr. | 14.514 | 13.323 | (5.186) |
| Eiginfjárhlutfall | 52,3% | 50,6% | (30,7%) |

### 6.5.2 Sögulegar lykiltölur 2004-2012

| *(m.kr.)* | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framlegð | 4.482 | 4.406 | 4.859 | 6.975 | 9.233 | 9.416 | 8.563 | 9.408 | 9.774 |
| EBITDAR | 1.319 | 1.398 | 1.610 | 1.581 | 3.408 | 3.456 | (2.243) | 2.552 | 2.807 |
| EBITDA | 885 | 933 | 1.074 | 874 | 2.460 | 2.455 | (3.240) | 2.108 | 2.650 |
| EBIT | 629 | 652 | 789 | 586 | 2.092 | 1.975 | (8.232) | (700) | 1.709 |
| Fjárfestingar* | 694 | 687 | 781 | 1.099 | 2.083 | 757 | 539 | 662 | 621 |

*Fjárfesting, sala eigna, söluhagnaður skv. ársreikningi leiðrétt fyrir einskiptisliðum, ásamt gjaldfærðu viðhaldi

| *% af framlegð* | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| EBITDAR | 29,4% | 31,7% | 33,1% | 22,7% | 36,9% | 36,7% | (26,2%) | 27,1% | 28,7% |
| EBITDA | 19,8% | 21,2% | 22,1% | 12,5% | 26,6% | 26,1% | (37,8%) | 22,4% | 27,1% |
| EBIT | 14,0% | 14,8% | 16,2% | 8,4% | 22,7% | 21,0% | (96,1%) | (7,4%) | 17,5% |

# 7. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 26. nóvember 2013, sem varðar og birt er í tengslum við almennt útboð á hlutum í N1 hf. og umsókn um töku allra útgefinna hluta í N1 hf. til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Hvorttveggja fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 og tilskipun 2010/73/ESB um lýsingar og undirgerðir þeirra hefur verið innleidd í íslenskan rétt með ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, þ.e. reglugerðar nr. 837/2013 um almennt útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, birtingu lýsinganna og dreifingu auglýsinga, allt með áorðnum breytingum. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum I og III við fylgiskjal I við reglugerð nr. 243/2006. Útgefandalýsingin uppfyllir ákvæði I. viðauka sem varðar lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma eiga fram í útgefandalýsingu fyrir hluti. Lýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi í samræmi við 52. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Lýsingin er á íslensku og er birt á Íslandi. Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 26. nóvember 2013 og má nálgast á vef félagsins, www.n1.is/fjarfestatengsl. Einnig verður frá 29. nóvember 2013 hægt að nálgast innbundin eintök í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi og hjá Arion banka hf. í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Markmiðið með því að fá hluti í N1 tekna til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. er að stuðla að auknum seljanleika og virkari verðmyndun með hluti í félaginu, dreifðu eignarhaldi og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavini og allan almenning.

Stjórn N1 hf. hefur óskað eftir að allir útgefnir hlutir í N1 hf. verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Í kjölfar þess að lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu á Íslandi mun NASDAQ OMX Iceland hf. fara yfir umsóknina og tilkynna opinberlega hvort hún verði samþykkt og þá að hlutirnir verði teknir til viðskipta. Tilkynningin mun einnig greina frá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með hlutina á hinum skipulega verðbréfamarkaði en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Stjórn útgefandans telur að félagið uppfylli öll skilyrði fyrir töku til viðskipta á Aðalmarkaði, utan skilyrða er varða hlutafjárdreifingu sem kveða á um að félög hafi a.m.k. 500 hluthafa sem hver á hlutabréf að verðmæti um a.m.k. 100.000 krónur og almennir hluthafar eigi samtals a.m.k. 25% hluta í félaginu. Með almennum fjárfesti er átt við fjárfesti sem ekki er innherji, aðili fjárhagslega tengdur innherja, móður- eða dótturfélag, aðili sem á meira en sem nemur 10% af hlutafé félagsins, eða aðili sem hefur skuldbundið sig til að losa sig ekki við hlut sinn í lengri tíma.

Fyrirhugað er að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um hlutafjárdreifingu með almennu útboði á þegar útgefnum hlutum í eigu FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf. og Íslandsbanka hf., sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettri 26. nóvember 2013. Það telst almennt útboð til íslenskra fjárfesta í skilningi 43. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Markmið seljenda með útboðinu er annars vegar að það geri N1 hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar og stuðla þannig að auknum seljanleika hlutanna og fjölbreyttari hluthafahópi, og hins vegar horfa seljendur til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði. Stærð útboðsins nemur 25-28% af útgefnum hlutum. Áskriftartímabil mun standa yfir 6.-9. desember 2013. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins muni liggja fyrir 11. desember 2013 og NASDAQ OMX Iceland hf. mun í kjölfarið birta endanlegt svar við umsókn útgefandans um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði kauphallarinnar. Gert er ráð fyrir að ákvörðun seljenda um úthlutun til fjárfesta í útboðinu (þ.e. staðfesting eða skerðing á áskriftum) geti átt sér stað 12. desember 2013 og er eindagi viðskiptanna þá ákvarðaður 17. desember 2013 en greiddir hlutir verða afhentir næsta virka dag eftir eindaga. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með hlutabréf N1 hf. á Aðalmarkaði kauphallarinnar gæti samkvæmt framansögðu orðið 19. desember 2013.

Seljendur munu falla frá útboðinu ef ekki fæst áskrift í útboðinu fyrir að lágmarki 10% af útgefnum hlutum í N1 hf., eða ef NASDAQ OMX Iceland hf. samþykkir ekki í síðasta lagi 31. janúar 2014 umsókn útgefanda um að hlutir í N1 hf. verði teknir til viðskipta. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að fresta eða falla frá útboðinu hvenær sem er fram að tilkynningu NASDAQ OMX Iceland hf. um að hlutir í N1 hf. verði teknir til viðskipta, ef

einhverjir atburðir eiga sér stað sem stjórnir seljenda telja gefa tilefni til þess, svo sem eitthvað sem varðar útboðið sjálft, útgefandann, seljanda eða ef sérlega neikvæð þróun verður á efnahagsumhverfi og verðbréfamarkaði á Íslandi.

Útgefandalýsing þessi, dagsett 26. nóvember 2013, inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skýran og greinargóðan hátt. Fjárfesting í verðbréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel lýsingu þessa, dagsetta 26. nóvember 2013 og má nálgast hana á vef félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl, og er þeim ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti. Upplýsingar í lýsingunni eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er dagsett og geta breyst frá því að lýsingin er staðfest og þar til viðskipti hefjast með hlutina á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., en ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varðar upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum, koma fram á þessu tímabili, skal útbúa viðauka við lýsinguna í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 108/2007 skulu fjárfestar sem þegar hafa samþykkt að kaupa eða skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðaukinn er birtur hafa rétt til að falla frá fyrrgreindu samþykki að lágmarki í tvo virka daga frá birtingu viðaukans.

Eftir birtingu lýsingarinnar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af N1 eða varða félagið.

Útgefandalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda, sem dagsett er 26. nóvember 2013, má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila útboðs, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkaði eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og fjárfesting á fjármálagerningum sem gefnir eru út af N1 eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum N1 og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingu útgefanda, dagsettri 26. nóvember 2013, skal ekki dreifa (hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt) til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Útgefandalýsingu þessari eða öðrum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal ekki dreifa á neinn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Útgefandi, seljendur eða umsjónaraðilar eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni.

Verði verðbréf gefin út af N1 tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., þá ber N1 frá þeim tíma ákveðna upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum, sbr. lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, birtir tilkynningar opinberlega og lýtur reglum NASDAQ OMX Iceland hf. Núgildandi *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga*, útgefnar af NASDAQ OMX Iceland hf. 1. desember 2009, kveða m.a. á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma og að upplýsingar um ákvarðanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfanna beri að birta eins fljótt og unnt er. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til FME í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, auk þess sem þær skulu vera sendar til NASDAQ OMX Iceland hf. í eftirlitsskyni í samræmi við reglur NASDAQ OMX Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga. Meðan hlutir í N1 eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni www.n1.is/fjárfestatengsl.

## 7.1 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli er vakin á hugsanlegum hagsmunaárekstrum aðila sem sitja í stjórn N1 fyrir tilstilli stórra hluthafa, en þeir eru raktir í kafla *4.4.2 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar*.

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. kunna að hafa í tengslum við fyrirhugað almennt útboð á hlutum í N1 hf. og ósk um að hlutir í N1 verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf:

- Íslandsbanki hf. á 17,35% hlutafjár í N1 hf., er annar af tveimur seljendum í útboðinu og býður þar 10% eignarhlut í útgefanda en áskilur sér rétt til að auka það í allt að 13% eignarhlut.
- Eigin viðskipti Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. hafa gert samninga við útgefanda um viðskiptavakt á hlutum útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og verður hún framkvæmd fyrir reikning viðkomandi banka gegn þóknun frá útgefanda.
- Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með töku á hlutum útgefanda til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., þar með talið umsjón með gerð lýsingar, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur umsjón með fyrirhuguðu almennu útboði, þ.m.t. markaðssetningu og sölu, í aðdraganda viðskipta með hluti útgefanda á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. og fær þóknun frá seljendum fyrir þá þjónustu. Annar söluaðili útboðsins er verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf. og fær hún þóknun frá seljendum fyrir þá þjónustu. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. veitti útgefanda ráðgjöf við gerð áreiðanleikakönnunar í aðdraganda útgáfu N1 á þessari lýsingu, umsóknar félagsins um töku á hlutabréfum til viðskipta og almenns útboðs, og fær þóknun frá útgefanda fyrir þá þjónustu.
- Íslandsbanki hf. er lánveitandi N1 hf. en fyrirtækjasvið bankans annast þau viðskipti.
- Íslandsbanki hf. er viðskiptabanki útgefanda og annast fyrirtækjasvið og viðskiptabankasvið bankans þau viðskipti.
- Aðrar deildir bankanna tveggja, sem annast viðskipti við útgefanda, eru markaðsviðskipti fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. og markaðir Íslandsbanka hf. vegna innlána og gjaldeyrisviðskipta.

Arion banka hf. og/eða Íslandsbanka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16 gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Bankarnir fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um reglur Arion banka hf. annars vegar og hins vegar reglur Íslandsbanka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en þær er að finna á vefslóðinni http://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Reglur-og-samthykktir/Hagsmunaarekstrar/2011-11-15_Hagsmunaárekstrar.pdf og http://islandsbanki.is/library/Skrar/hagsmunareglur.pdf, og að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þeirri lýsingu sem útgefandalýsing þessi er hluti af.

Hér á eftir fara upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra:

*Arion banki hf. býður fjölbreytt úrval vöru og þjónustu fyrir stóran hóp viðskiptavina. Í slíkri viðskiptastarfsemi getur sú staða óhjákvæmilega komið upp að hagsmunir viðskiptavina Arion banka hf. fara ekki saman við hagsmuni Arion banka hf. (þ.m.t. hagsmuni starfsmanna eða aðila tengdum bankanum); og/eða hagsmuni annarra viðskiptavina Arion banka hf. Komi þessi staða upp mun bankinn grípa til allra skynsamlegra leiða til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar leiði af sér tjón fyrir viðskiptavini. Hjá Arion banka hf. er skriflegt fyrirkomulag, bæði kerfislegt og stjórnunarlegt, til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem gætu falið í sér raunverulega hættu á tjóni fyrir einn eða fleiri viðskiptavini bankans. Arion banki hf. fylgir ákveðnu fyrirkomulagi til að hafa stjórn á, og koma í veg fyrir, hagsmunaárekstra. Fyrirkomulagið miðast við að tryggja, að starfsfólk og félög innan Arion banka hf. geri sér grein fyrir hættunni á hagsmunaárekstrum, vinni sjálfstætt og leitist við að vernda hagsmuni viðskiptavina. Þetta felur í sér: skilvirkt ferli til stýringar á flæði upplýsinga; sérstaka yfirumsjón með starfsfólki, sem hefur það meginhlutverk að þjónusta viðskiptavini vegna hagsmuna sem mögulega gætu stangast á við aðra ríka hagsmuni (þ.m.t. hagsmuni Arion banka hf.); aðskilnað milli starfsfólks sem starfar og þiggur laun/þóknun á mismunandi sviðum bankans þar sem hagsmunaárekstrar gætu myndast; úrræði til að koma í veg fyrir eða takmarka að einstaklingur geti haft óeðlileg áhrif á hvernig þjónusta er veitt eða starfsemi fer fram og; úrræði til að koma í veg fyrir eða stjórna aðkomu utanaðkomandi starfsmanna þar sem slík aðkoma getur komið í veg fyrir virka stjórn á hagsmunaárekstrum. Ef ljóst er að þær ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sem Arion banki hf. grípur til, eru ekki fullnægjandi svo fyrirbyggja megi með nægjanlegri vissu, hættu á tjóni á hagsmunum viðskiptavina, mun Arion banki hf. greina frá með skýrum hætti um eðli og/eða orsakir hagsmunaárekstra áður en viðskipti fara fram.*

Hér á eftir fara upplýsingar um reglur Íslandsbanka hf. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum:

*Íslandsbanki hf. (hér eftir nefndur „Íslandsbanki“) er fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfaviðskipta, sem veitir fjölbreytta fjármálaþjónustu. Bankinn ber ábyrgð á því að stjórn hans og starfsmenn hagi starfi sínu í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur og að gerðar séu allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi bankans. Íslandsbanki hefur sett sér Stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og er markmið stefnunnar að sýna fram á að bankinn, stjórn og starfsmenn fari að lögum og reglum sem gilda um starfsemi hans og geri allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra til að tryggja trúverðugleika í viðskiptum bankans og viðskiptavina. Í stefnunni er gerð grein fyrir þeim aðstæðum í starfsemi bankans sem valdið geta hagsmunaárekstrum sem skaðað geta hagsmuni viðskiptavina. Skal bankinn greina þá hagsmunárekstra sem komið geta upp: milli bankans og viðskiptavinar; milli viðskiptavina innbyrðis. Þá er gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og hvernig tekið skuli á því komi þeir upp. Til þess að ná markmiði stefnu þessarar leitast bankinn við að: greina og tiltaka þær aðstæður sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér verulega hættu á að hagsmunir viðskiptavina skaðist; skrá verkferla og tilgreina verklag sem bankanum ber að fylgja og gera ráðstafanir í því skyni að hafa stjórn á slíkum hagsmunaárekstrum; viðhalda virkum kerfum til þess að koma í veg fyrir að viðskiptavinir verði fyrir skaða vegna hagsmunaárekstra sem greindir hafa verið. Hagsmunaárekstrar geta skapast þegar bankinn veitir viðskiptavinum sínum fjárfestingaþjónustu sem getur haft í för með sér ávinning fyrir bankann eða aðra viðskiptavini hans og leiðir til þess, eða getur leitt til þess, að veruleg hætta skapist á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist. Ekki er alltaf um hagsmunaárekstra að ræða þótt bankinn njóti ávinnings ef viðskiptavinir hans verða ekki fyrir skaða. Þeir sem stefnan nær til skulu kappkosta að greina og koma í veg fyrir að aðstæður skapist sem valdið geta hagsmunaárekstrum. Þegar til staðar eru aðstæður sem geta mögulega haft í för með sér hagsmunaárekstra milli bankans og viðskiptavinar ber bankanum að láta hagsmuni viðskiptavinarins ganga fyrir eigin hagsmunum. Bankinn gerir ýmsar ráðstafanir í því skyni að greina og hafa stjórn á þeim hagsmunaárekstrum sem kunna að vera til staðar innan bankans. Slíkar ráðstafanir geta verið mismunandi eftir því um hvaða viðskiptasvið og tegund þjónustu er að ræða. Bankinn notar meðal annars svokallaða Kínamúra til að koma í veg fyrir að innherjaupplýsingar eða trúnaðarupplýsingar berist á milli einstakra eininga og til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi bankans. Þar sem ráðstafanir bankans veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina bankans sé nægjanlega gætt skal upplýsa viðkomandi viðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna áður en til viðskiptasambands er stofnað milli bankans og viðskiptavinarins ef unnt er, að öðrum kosti áður en viðeigandi viðskipti eiga sér stað.*

## 7.2 Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“, „N1“, eða „félagsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til N1 hf., kennitala 540206-2010, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, nema annað megi skilja af samhengi textans. N1 hf. er lögformlegt heiti útgefandans og viðskiptaheiti.

Vísun til „hlutanna“ eða „hlutabréfanna“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til allra útgefinna hlutabréfa N1 hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í flokki hlutabréfa með auðkennið N1 og ISIN-númerið IS0000020584, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „lýsingarinnar“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til lýsingar útgefanda dagsettrar 26. nóvember 2013, sem er birt í tengslum við almennt útboð á hlutum í N1 hf. og umsókn um töku allra útgefinna hluta í N1 hf. til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu, sem öll eru dagsett 26. nóvember 2013. Framangreind skjöl má finna á vef félagsins, www.n1.is/fjarfestar.

Vísun til „seljanda“, í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til FSÍ (Framtakssjóðs Íslands) slhf., kennitala 651109-0510, Lágmúla 9, 108 Reykjavík og Íslandsbanka hf., kennitala 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „umsjónaraðila“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til fyrirtækjaráðgjafar fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík ef ráðið verður af samhengi textans að átt sé við umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „umsjónaraðila“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlka sem tilvísun til fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka hf. kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, ef af samhengi textans verður ráðið að átt sé við umsjónaraðila með útboði, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „söluaðila“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til umsjónaraðila ásamt markaðsviðskiptum

fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. og miðlunar Íslandsbanka hf., nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „NASDAQ OMX Iceland hf.“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., erlent aukaheiti NASDAQ OMX Iceland hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Aðalmarkaðar“ í þessari útgefandalýsingu, skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar NASDAQ OMX Iceland hf. sem er skipulegur verðbréfamarkaður, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Verðbréfaskráningarinnar“ eða „Verðbréfaskráningar Íslands“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Verðbréfaskráningar Íslands hf., kennitala 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „SE“ eða „Samkeppniseftirlitsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til Samkeppniseftirlitsins á Íslandi, kennitala 410705-0600, Borgartúni 26, 125 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „króna” eða skammstöfunina „kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.” í þessari útgefandalýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

Eftirfarandi er skilgreining á nokkrum hugtökum sem varða rekstur og efnahag útgefanda og koma fyrir í lýsingu þessari:

| | |
|---|---|
| Framlegð | Sala að frádregnu kostnaðarverði seldra vara |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | Dreifingar-, markaðs- og viðhaldskostnaður |
| EBITDA | Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði |
| Launahlutfall | Hlutfall launakostnaðar af seldri vöru og þjónustu |
| Kostnaðarhlutfall | Hlutfall rekstrarkostnaðar af seldri vöru og þjónustu |
| Arðsemi eigin fjár | Hagnaður sem hlutfall af meðalstöðu eiginfjár |
| Eigið fé | Eignir umfram skuldir |
| Óráðstafað eigið fé | Uppsafnaður óráðstafaður hagnaður fyrri ára |
| Arðsemishlutfall | Eigið fé sem hlutfall af heildarfjármagni |
| Veltuhraði birgða | Vörunotkun sem hlutfall af vörubirgðum í lok tímabils |
| Biðtími viðskiptakrafna | Viðskiptakröfur í lok tímabils sem hlutfall af seldri vöru og þjónustu |
| Veltufjárhlutfall | Veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum |
| Lausafjárhlutfall | Veltufjármunir að frádregnum birgðum sem hlutfall af skammtímaskuldum |
| Nettó vaxtaberandi skuldir | Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé |
| Innra virði hlutafjár | Eigið fé sem hlutfall af útgefnu hlutafé |

## 7.3 Gildistími og aðgengi að lýsingu

Gildistími útgefandalýsingar þessarar sem dagsett er 26. nóvember 2013 er 12 mánuðir frá staðfestingu hennar. Útgefanda er heimilt að nota þegar staðfesta útgefandalýsingu á gildistíma hennar með annarri verðbréfalýsingu og samantekt líkt og nánar er kveðið á um í 49. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.

Aðgengi að útgefandalýsingu þessari verður tryggt meðan útgefandalýsingin er í gildi. Það verður gert með birtingu á vef félagsins, á slóðinni www.n1.is/fjarfestatengsl. Fjárfestar geta jafnframt óskað eftir lýsingunni (og útgefandalýsingunni þar með talinni) á prentuðu formi sér að kostnaðarlausu hjá útgefanda, umsjónaraðila með töku til viðskipta, seljendum í almennu útboði sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 26. nóvember 2013 og söluaðilum útboðsins.

## 7.4 Skjöl til sýnis

Eftirfarandi gögn eru hluti af útgefandalýsingu þessari, sett fram í kafla *8. Samþykktir N1 hf.* og kafla *9. Árs- og árshlutareikningar N1 hf. 1.1.2010 - 30.9.2013* og tiltekin sem skjöl til sýnis:

- Samþykktir N1 hf., dagsettar 7. maí 2013
- Óendurskoðaður árshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 30. september 2013
- Endurskoðaður árshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 30. júní 2013
- Endurskoðaður ársreikningur N1 hf. fyrir fjárhagsárið 2012 sem lauk 31. desember 2012
- Endurskoðaður ársreikningur N1 hf. fyrir fjárhagsárið 2011 sem lauk 31. desember 2011
- Endurskoðaður ársreikningur N1 hf. fyrir fjárhagsárið 2010 sem lauk 31. desember 2010

Meðan útgefandalýsingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til sem skjöl til sýnis hér að framan, en slíkt aðgengi er veitt með birtingu lýsingarinnar og aðgengi að lýsingunni tryggt á vef félagsins, www.n1.is/fjarfestar, og hjá útgefanda, umsjónaraðila með töku til viðskipta, seljendum í almennu útboði sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 26. nóvember 2013 og söluaðilum útboðsins.

## 7.5 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari sem aflað hefur verið frá Fjármálaeftirlitinu, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands hf., Olíudreifingu ehf., Orkustofnun og Samkeppniseftirlitinu eru fengnar úr opinberum gögnum viðkomandi aðila. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, lána- og verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, lífeyrissjóða, rekstrar- og vátryggingafélaga, kauphalla og fleiri aðila. Vefur Fjármálaeftirlitsins er á slóðinni www.fme.is.

Seðlabanki Íslands fer með stjórn peningamála á Íslandi og hefur með höndum margþætta starfsemi í þeim tilgangi. Hluti af því felst í að birta ýmsar hagtölur og rit tengd efnahagsmálum. Vefur Seðlabanka Íslands er á slóðinni www.sedlabanki.is.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Vefur Hagstofu Íslands er á slóðinni www.hagstofa.is.

Meginstarfsemi Olíudreifingar ehf. er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti fyrir eigendur sína N1 og Olíuverslun Íslands. Vefur Olíudreifingar ehf. er á slóðinni www.odr.is.

Orkustofnun starfar undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins samkvæmt lögum og reglugerð um Orkustofnun. Orkustofnun fer með stjórnsýslu í orkumálum og aflar þekkingar á nýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda auk þess að vinna að áætlanagerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar. Vefur Orkustofnunar er á slóðinni www.orkustofnun.is.

Samkeppniseftirlitinu ber að ná markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Vefur Samkeppniseftirlitsins er á slóðinni www.samkeppni.is.

## 7.6 Ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík hefur umsjón með því ferli að fá hluti í N1 hf. tekna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur unnið að gerð útgefandalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda. Þar á meðal er hún byggð á beinum og óbeinum upplýsingum úr lögfræðilegri, fjárhagslegri og skattalegri áreiðanleikakönnun. Lýsingin er m.a. byggð á endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2010, 2011 og 2012, endurskoðuðum árshlutareikning fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 30. júní 2013 og óendurskoðuðum árshlutareikningum fyrir tímabilin 1. janúar – 30. september árin 2011, 2012 og 2013, auk óendurskoðaðra árshlutareikningum fyrir hvern fjórðung á því tímabili sem framangreindir reikningar taka til, sem jafnframt innihalda samanburðartímabil.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, hefur umsjón með almennu útboði á hlutum í N1 hf. sem lýst er í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri 26. nóvember 2013 og efnt er til í tengslum við framangreint ferli.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hafði umsjón með gerð áreiðanleikakannana í aðdraganda útgáfu N1 á þessari lýsingu, umsóknar félagsins um töku á hlutabréfum til viðskipta og almenns útboðs. Eftirfarandi áreiðanleikakannanir voru framkvæmdar í júní 2013 og náðu þær til starfsemi félagsins aftur til 1. janúar 2010 auk einstakra efnisþátta sem náðu allt aftur til ársins 2006. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Juris slf., kennitala 580411-0610, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Könnunin tók til uppbyggingar félagsins, félagaréttartengdra atriða, frjáls nauðasamnings sem gerður var um félagið í júní 2011, nýlegrar fjárhagslegrar endurskipulagningar, regluverks, heimilda og leyfa og samskipta við opinbera aðila, samninga, fasteigna og lausafjár, leiguréttinda, starfsmannamála, hugverkaréttinda og upplýsingatækni, dómsmála og annars ágreinings, fjármögnunar, umhverfismála og samkeppnismála, auk annarra atriða. Skattaleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Nordik lögfræðiþjónustu slf., kennitala 590505-0560, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík. Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun var framkvæmd af Deloitte FAS ehf., kennitala 620607-0100, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

## 7.7 Yfirlýsing endurskoðenda útgefandans

Ernst & Young ehf., kennitala 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað ársreikning N1 hf. fyrir síðastliðin tvö fjárhagsár sem enduðu 31. desember 2011 og 31. desember 2012 sem og árshlutareikningi fyrstu sex mánaða ársins 2013 sem enduðu 30. júní 2013. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Árshlutareikningur N1 hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2013 sem enduðu 30. september 2013 er óendurskoðaður.

Vegna endurskoðunar árshlutareiknings N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 30. júní 2013 var það álit Ernst & Young ehf. að árshlutareikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir voru samþykktir af Evrópusambandinu. Vegna endurskoðunar ársreiknings N1 hf. fyrir árið 2012 var það álit Ernst & Young ehf. að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir voru samþykktir af Evrópusambandinu. Vegna endurskoðunar ársreiknings N1 hf. fyrir árið 2011 var það álit Ernst & Young ehf. að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir voru samþykktir af Evrópusambandinu. Áritanir framangreindra reikninga voru án athugasemda.

Ernst & Young ehf. staðfestir að fjárhagsupplýsingar í köflum 1.4-1.7, 2, 4.5-4.6 og 6 í útgefandalýsingu þessari sem varða þau reikningsskil sem undirritaður tiltekur hér að framan, eru í samræmi við framangreinda árshlutareikninga og ársreikninga með þeim frávikum að hluti fjárhagsupplýsinga fyrir árin 2011 og 2012 er settur fram í samræmi við breytta framsetningu áranna 2011 og 2012. Skýrt er frá framsetningarbreytingum í sjötta kafla útgefandalýsingarinnar.

Reykjavík, 26. nóvember 2013

Fyrir hönd Ernst & Young ehf.

***Jóhann Unnsteinsson***

löggiltur endurskoðandi

PricewaterhouseCoopers ehf., kennitala 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, endurskoðaði ársreikning N1 hf. fyrir árið 2010 sem endaði 31. desember 2010. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Vegna endurskoðunar ársreiknings N1 hf. fyrir árið 2010 var það álit PricewaterhouseCoopers ehf. að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir voru samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningi N1 hf. fyrir árið 2010 fylgdi ábending endurskoðanda þess efnis að án þess að gera fyrirvara við álit sitt, benti endurskoðandi á skýringu nr. 20 í ársreikningum og umfjöllun í skýrslu stjórnar um starfsemi á árinu 2010, þar sem greint var frá fjárhagsstöðu félagsins.

Undirritaður staðfestir að fjárhagsupplýsingar í köflum 1.4-1.7, 2, 4.5-4.6 og 6 í útgefandalýsingu þessari sem varða þau reikningsskil sem undirritaður tiltekur hér að framan, eru í samræmi við endurskoðaðan ársreikning, með þeim frávikum að hluti fjárhagsupplýsinga fyrir árið 2010 er settur fram í samræmi við breytta framsetningu í reikningum félagsins frá og með árinu 2011. Skýrt er frá framsetningarbreytingum í sjötta kafla útgefandalýsingarinnar.

Reykjavík, 26. nóvember 2013

***Gunnar Þór Ásgeirsson***

löggiltur endurskoðandi

## 7.8 Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda

Formaður stjórnar og forstjóri N1., kennitala 540206-2010, Dalsvegi 10-14, 201 Kópavogi, lýsa því yfir fyrir hönd N1 hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Kópavogi, 26. nóvember 2013

Fyrir hönd N1 hf.

| | |
|---|---|
| ***Margrét Guðmundsdóttir*** | ***Eggert Benedikt Guðmundsson*** |
| formaður stjórnar | forstjóri |

# 8. SAMÞYKKTIR N1 HF.

Hér á eftir fer afrit af gildandi samþykktum N1 hf. sem dagsettar eru 7. maí 2013.

Móttekið hjá RSK
-5. júní 2013
Fyrirtækjaskrá

# SAMÞYKKTIR FYRIR N1 HF.

## I. kafli
## Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess **N1 hf.**

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Dalvegi 10-14 í Kópavogi.

3. gr.

Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

## II. kafli
## Hlutafé félagsins

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 1.000.000.000 – krónur einn milljarður 00/100 – að nafnverði. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgang að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra í félaginu og innan tímamarka sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neytir einhver hluthafa ekki forgangsréttar síns og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Hluthafafundur getur með 2/3 hluta atkvæða ákveðið að víkja frá forgangi við hækkun hlutafjár, enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma. Stjórn félagsins hefur einnig val um að fella niður áskrift að hlutafé ef hluthafi efnir ekki greiðsluskyldu sína á gjalddaga. Skal stjórn þá heimilt að úthluta hlutafénu á ný eftir þeim reglum sem lög og samþykktir félagsins mæla fyrir um. Þar sem settum reglum sleppir hefur stjórn sjálfdæmi um úthlutun hlutafjárins.



Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Hlutafé er allt jafnrétthátt.

6. gr.

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu til félagsins fær hann útgefið rafbréf í verðbréfamiðstöð og eignaréttindi skráð yfir því og veitir það honum full réttindi, þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.

Félagsstjórn skal halda hlutaskrá í löggiltu formi. Eignarskráning í verðbréfamiðstöð skoðast fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og fullnægjandi grundvöllur skráningar í hlutaskrá.

Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

7. gr.

Heimilt er að selja og veðsetja hluti í félaginu án takmarkana nema annars sé getið í lögum.

Um sölu hluta til erlendra aðila gilda ákvæði íslenskra laga svo sem þau eru á hverjum tíma.

Eigendaskipti á hlutum, hvort sem verða við sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal þegar tilkynna til verðbréfamiðstöðvar og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt um og fært sönnur á eignarrétt sinn að hlutnum.

Gagnvart félaginu skal hlutaskrá skoðast fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna vanrækslu hluthafa á að tilkynna eigendaskipti eða breytingar á heimilisfangi.

8. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu.

Hluthöfum skal ekki skylt að sæta innlausn á hlutum sínum nema lög mæli svo fyrir.

9. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína í félaginu nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Félaginu er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum, forstjóra eða framkvæmdastjórum félagsins lán, né setja tryggingu fyrir þá. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána eða kaupa starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum í félaginu eða kaup á hlutum í félaginu fyrir slíka aðila svo sem lög og starfskjara- og kaupréttaráætlanir félagsins heimila.

10. gr.

Hluthöfum er skylt án sérstakrar skuldbindingar að hlíta samþykktum félagsins, bæði þeim sem nú eru og síðar kunna að verða settar á löglegan hátt. Hluthafar verða ekki, hvorki með samþykktum félagsins né með lagabreytingum skyldaðir til að auka hlutafjáreign sína.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggerningi. Á ákvæði þessu getur engin breyting orðið með neins konar samþykktum hluthafafunda.

## III. kafli
## Hluthafafundir

### 11. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda, innan þeirra takmarka sem samþykktir þessar og lög setja.

Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum.

Öllum hluthöfum skal heimilt að sækja hluthafafund, taka þar til máls og neyta atkvæðisréttar síns.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Endurskoðandi félagsins og forstjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt ekki séu þeir hluthafar.

Stjórn félagsins er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti, þar með talið greitt atkvæði, án þess að vera á fundarstað. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal um það sérstaklega getið í fundarboði og leiðbeiningar varðandi þátttöku veittar.

Skal hluthafi sem hyggst nýta sér rafræna þátttöku tilkynna skrifstofu félagsins þar um með skriflegum hætti eigi síðar en fimm dögum fyrir boðaðan hluthafafund. Tilkynningunni skulu fylgja skriflegar spurningar er varða dagskrá fundarins eða framlögð skjöl, óski þeir svara á fundinum.

Telji stjórn félagsins ekki vera fyrir hendi ástæður eða aðstæður til að bjóða upp á þátttöku með rafrænum hætti skal hluthöfum þó veittur kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Í fundarboði skal kveðið á um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund.

Að öðru leyti en hér er kveðið á um skal um rafræna þátttöku og/eða rafrænar atkvæðagreiðslur gilda ákvæði 80. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. lög nr. 89/2006.



### 12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda þegar hún telur þess þörf, sem og ef endurskoðandi félagsins eða hluthafar sem ráða yfir 1/10 hlutafjár í félaginu krefjast þess skriflega. Skulu þeir þá jafnframt senda stjórninni greinargerð um það hvers vegna þeir krefjast fundarins, og tilkynnir stjórnin hluthöfum fundarefni með fundarboðinu.

Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin skal stjórninni skylt að boða til fundar í síðasta lagi innan 14 daga frá því er henni berst slík krafa. Hafi félagsstjórnin ekki boðað til fundar innan þess tíma geta hluthafar krafist þess að fundur verði boðaður samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög.

13. gr.Til hluthafafundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblaði með þriggja vikna fyrirvara. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef réttilega er til hans boðað. Skal mæting miðast við afhenta atkvæðaseðla.

Þegar boðað er til hluthafafundar skal dagskrá, tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar, starfskjarastefna og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni koma fram ekki síðar en tveimur vikum fyrir fundinn. Stjórn skal kynna breytta dagskrá af þessu tilefni strax og tilefni gefst til. Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Löglega fram bornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum.

### 14. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágústmánaðar ár hvert.

Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og starfsemi á hinu liðna starfsári.
2. Endurskoðaður ársreikningur, ásamt athugasemdum endurskoðenda, lagður fram til staðfestingar.
3. Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, sem löglega eru fram bornar.
5. Kosin stjórn félagsins.
6. Kosnir endurskoðendur félagsins.
7. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
8. Starfskjarastefna félagsins kynnt og lögð fram til staðfestingar.
9. Önnur mál, löglega fram borin.

### 15. gr.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins samkvæmt samþykktum þessum, þ.á m. ákveða form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók. Í fundargerðarbók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðarbók eða fylgja henni. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðarbók. Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðarbók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins.

16. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutafjár í hlutafé.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða úrslitum allra venjulegra mála, nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum eða lögum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum.

## IV. kafli
## Stjórn félagsins o.fl.

17. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveim til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmannanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Tryggt skal við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- og/eða varastjórn, að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða um kynjahlutföll við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- eða varastjórn, þá er stjórnarkjörið ógilt. Þar til lögmæt kosning hefur farið fram með viðhlítandi kynjahlutfallsniðurstöðu þá situr áfram eldri aðal- og/eða varastjórn, eftir því sem við á. Endurtaka skal stjórnarkjör, að því marki sem nauðsynlegt er, á sama hluthafafundi, þegar upplýsingar um ófullnægjandi niðurstöður stjórnarkjörs liggja fyrir. Áður en stjórnarkjörið er endurtekið, að því marki sem nauðsynlegt er, þá skal gert fundarhlé og heimilt að tilnefna fleiri frambjóðendur til stjórnar af því kyni sem hallar á við fyrri kosninguna. Við endurtekið stjórnarkjör skulu þeir tveir einstaklingar af hvoru kyni sem flest atkvæði fá í stjórnarkjöri til aðalstjórnar teljast réttkjörnir og einnig sá er næstur þeim kemur að atkvæðamagni, ef nauðsynlegt var að endurtaka kjör til aðalstjórnar. Sama fyrirkomulag skal haft við kjör varastjórnar, ef hún er undir við endurtekið stjórnarkjör, nema hvað einn einstaklingur af hvoru kyni sem flest atkvæði fá í stjórnarkjöri til varastjórnar teljast réttkjörnir.

Í tilkynningu til hlutafélagaskrár þar sem niðurstaða stjórnarkjörs er tilkynnt skal sundurliða upplýsingar um hlutfall kynjanna í stjórn. Í sömu tilkynningu skulu jafnframt koma fram upplýsingar í sömu veru um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins, en stjórn skal sérstaklega gæta að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringjum fyrir upphaf aðalfundar, eða aukafundar þegar stjórnarkjör er þar á dagskrá. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfund sem þannig gefa kost á sér.



Á aðalfundi fara fram bundnar kosningar til stjórnar, þannig að kosið er um þá eina sem gefið hafa kost á sér með tilskyldum fyrirvara.

Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests. Ef ekki er bætt úr göllum á framboðstilkynningunni innan tilsetts frests úrskurðar félagsstjórn um gildi framboðs. Unnt er að skjóta niðurstöðu félagsstjórnar til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar hlutafélags skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

18. gr.

Félagsstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórnin ræður forstjóra félagsins og ákvarðar starfskjör hans. Félagsstjórn og forstjóri fara með stjórn félagsins.

Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Félagsstjórn skal setja sér starfsreglur í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög. Í starfsreglum skal m.a. mælt fyrir um verkaskiptingu stjórnar, boðun stjórnarfunda og tilhögun á boðun varamanna, samskipti og meðferð upplýsinga, mat á hæfi stjórnarmanna við ákvarðanatöku, skipan undirnefnda og annað það sem rétt er að festa í reglur til að stuðla að farsælu starfi stjórnar.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.

Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

19. gr.

Félagsstjórn skal kjósa sér formann og varaformann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

Formaður kveður til stjórnarfunda og sér til þess að allir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra. Stjórnarfund skal halda hvenær sem formaður telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða til stjórnarfunda að kröfu eins stjórnarmanns eða forstjóra. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess, að allir stjórnarmenn hafi tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Falli atkvæði jöfn er málið fallið.

Forstjóri á sæti á fundum félagsstjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

Haldin skal gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum, sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Sé einhver stjórnarmanna eða forstjóri ekki sammála ákvörðun stjórnar á viðkomandi rétt til þess að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina.

Ef kjörnar eru nefndir á vegum stjórnarinnar samkvæmt ákvæðum í starfsreglum skulu niðurstöður þeirra einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina en hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir um á annan veg í lögum.

20. gr.

Forstjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.

Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórnin hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal forstjóri hafa samráð við stjórnarformann, sé þess kostur, og síðan skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Forstjóri skal sjá um, að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum félagsins allar upplýsingar um rekstur þess sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## V. kafli
## Reikningshald, endurskoðun o.fl.

21. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma til eins árs í senn, til að rannsaka reikninga félagsins og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Skal endurskoðandi hafa aðgang að öllum bókum félagsins og skjölum í þeim tilgangi. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins. Um hæfi og hlutgengi endurskoðenda fer að öðru leyti að lögum.

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

## VI. kafli
## Breytingar á samþykktum, slit o.fl.

22. gr.

Samþykktum þessum má einungis breyta á löglegum aðalfundi eða aukafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki



hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 93. gr. hlutafélagalaga.

23. gr.

Um slit á félaginu, skiptingu þess eða samruna fer að gildandi lögum um hlutafélög.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum gildandi laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum sem við geta átt.

Þannig samþykkt í Kópavogi 12. júlí 2012

Þannig breytt í Kópavogi 7. maí 2013

# 9. ÁRS- OG ÁRSHLUTAREIKNINGAR N1 HF. 1.1.2010 - 30.9.2013

Hér á eftir fara eftirtaldir árs- og árshlutareikningar N1 hf.

- Óendurskoðaður árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 30. september 2013
- Endurskoðaður árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar 2013 til 30. júní 2013
- Endurskoðaður ársreikningur fyrir fjárhagsárið 2012 sem lauk 31. desember 2012
- Endurskoðaður ársreikningur fyrir fjárhagsárið 2011 sem lauk 31. desember 2011
- Endurskoðaður ársreikningur fyrir fjárhagsárið 2010 sem lauk 31. desember 2010

# N1 hf.

# Samandreginn árshlutareikningur

1. janúar til 30. september 2013

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

## Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Eiginfjáryfirlit | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8-11 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Óendurskoðaður árshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2013 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ársreikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstrartekjur félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins námu 45.834 millj. kr. sem er 2,3% lækkun frá sama tímabili árið áður. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri á tímabilinu 811 millj. kr. en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags er heildarhagnaður félagsins 794 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok september var 15.308 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.000 millj. kr.

## Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 67 talsins, en þeir voru 63 í upphafi ársins. Tíu stærstu hluthafar félagsins við undirritun árshlutareikningsins eru:

| | |
|---|---|
| Framtakssjóður Íslands slhf. | 35,9% |
| Íslandsbanki hf. | 17,4% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 10,0% |
| Stafir lífeyrissjóður | 5,3% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 5,0% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 3,9% |
| Stapi lífeyrissjóður | 3,5% |
| Gildi - lífyerissjóður | 3,0% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 2,1% |
| Festa - lífeyrissjóður | 1,8% |

Vísað er til árshlutareikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2013 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. september 2013 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2013.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2013 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 7. nóvember 2013

**Stjórn N1 hf.**

Margrét Guðmundsdóttir

Helgi Magnússon

Kristín Guðmundsdóttir

Hreinn Jakobsson

Kristinn Pálmason

**Forstjóri**

Eggert Benedikt Guðmundsson



# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. september 2013

| | Skýr. | Þriðji ársfjórðungur 2013 1.7.-30.9. | Þriðji ársfjórðungur 2012 1.7.-30.9. | Þrír ársfjórðungar 2013 1.1.-30.9. | Þrír ársfjórðungar 2012 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | | 17.833.219 | 18.021.131 | 45.557.129 | 46.748.009 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 14.782.619) | ( 15.022.569) | ( 38.444.963) | ( 38.965.678) |
| **Framlegð af vörusölu** | | 3.050.600 | 2.998.562 | 7.112.166 | 7.782.331 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 77.326 | 47.208 | 277.076 | 147.840 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | | ( 943.083) | ( 999.979) | ( 2.827.142) | ( 3.000.322) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | | ( 612.117) | ( 542.999) | ( 1.593.825) | ( 1.409.956) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 411.460) | ( 447.571) | ( 1.240.925) | ( 1.198.868) |
| | | ( 1.966.660) | ( 1.990.549) | ( 5.661.892) | ( 5.609.146) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 1.161.266 | 1.055.221 | 1.727.350 | 2.321.025 |
| Afskriftir | 7 | ( 174.811) | ( 379.043) | ( 519.851) | ( 739.428) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 986.455 | 676.178 | 1.207.499 | 1.581.597 |
| Fjármunatekjur | | 106.887 | 39.699 | 217.592 | 160.986 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 158.046) | ( 192.020) | ( 505.207) | ( 524.479) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 60.051 | 41.824 | 134.201 | 86.156 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | | 38.595 | 7.247 | 108.498 | 31.858 |
| | | 47.487 | ( 103.250) | ( 44.916) | ( 245.479) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 1.033.942 | 572.928 | 1.162.583 | 1.336.118 |
| Tekjuskattur | 6 | ( 351.134) | ( 104.578) | ( 351.162) | ( 243.640) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 682.808 | 468.350 | 811.421 | 1.092.478 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en verða síðar færðir í rekstrarreikning:** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | 6.900 | 4.284 | ( 17.267) | 2.473 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals** | | 6.900 | 4.284 | ( 17.267) | 2.473 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 689.708 | 472.634 | 794.154 | 1.094.951 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | | 0,68 | 0,47 | 0,81 | 1,09 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 30. september 2013

| | Skýr. | 30.9.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | | 415.335 | 460.484 |
| Rekstrarfjármunir | 7 | 10.596.233 | 10.589.982 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.427.460 | 1.310.526 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 241.018 | 131.549 |
| Skatteign | 8 | 0 | 227.426 |
| Skuldabréfaeign | | 63.400 | 77.889 |
| Fastafjármunir | | 12.743.446 | 12.797.856 |
| Birgðir | | 4.853.196 | 5.955.441 |
| Viðskiptakröfur | | 4.326.315 | 4.208.932 |
| Kröfur á tengda aðila | | 34.123 | 23.290 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 1.444.219 | 2.275.553 |
| Handbært fé | | 6.126.868 | 2.507.505 |
| Veltufjármunir | | 16.784.721 | 14.970.721 |
| **Eignir samtals** | | 29.528.167 | 27.768.577 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 11.865.427 | 11.865.427 |
| Endurmatsreikningur | | 413.104 | 443.752 |
| Þýðingarmunur | | ( 14.236) | 3.031 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.043.794 | 1.201.725 |
| Eigið fé | | 15.308.089 | 14.513.935 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 6.650.000 | 7.253.333 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 8 | 64.932 | 0 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 249.242 | 295.200 |
| Langtímaskuldir | | 6.964.174 | 7.548.533 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 279.136 | 220.332 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | | 4.434.913 | 2.588.252 |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 350.000 | 566.667 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.449.072 | 910.374 |
| Skuldir við tengda aðila | | 179.302 | 47.224 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 244.347 | 243.407 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 319.134 | 1.129.853 |
| Skammtímaskuldir | | 7.255.904 | 5.706.109 |
| Skuldir samtals | | 14.220.078 | 13.254.642 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 29.528.167 | 27.768.577 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.



# Eiginfjáryfirlit 30. september 2013

| | Hlutafé | Yfirverðsreikningur hlutafjár | Endurmatsreikningur | Þýðingarmunur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. september 2013** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2013 | 1.000.000 | 11.865.427 | 443.752 | 3.031 | 1.201.725 | 14.513.935 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 811.421 | 811.421 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | | | ( 17.267) | | ( 17.267) |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | ( 30.648) | | 30.648 | |
| Eigið fé 30.9.2013 | 1.000.000 | 11.865.427 | 413.104 | ( 14.236) | 2.043.794 | 15.308.089 |
| **1. janúar til 30. september 2012** | 0 | ( 0) | 0 | 0 | 0 | |
| Eigið fé 1.1.2012 | 1.000.000 | 11.865.427 | 484.617 | ( 26.792) | 0 | 13.323.252 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 1.092.478 | 1.092.478 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | | | 2.473 | | 2.473 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | ( 14.513) | | 14.513 | |
| Eigið fé 30.9.2012 | 1.000.000 | 11.865.427 | 470.104 | ( 24.319) | 1.106.991 | 14.418.203 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2013

| | 2013<br>1.1.-30.9. | 2012<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 1.727.350 | 2.321.025 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | ( 5.639) | ( 1.111) |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | ( 22.658) | 0 |
| | 1.699.053 | 2.319.914 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Birgðir, breyting | 872.245 | ( 1.012.067) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | ( 627.861) | ( 1.848.121) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | 2.182.168 | 3.750.067 |
| | 2.426.552 | 889.879 |
| Innborgaðir vextir | 194.649 | 94.205 |
| Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda | ( 18.233) | ( 62.914) |
| Handbært fé frá rekstri | 4.302.021 | 3.241.084 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | ( 1.210.528) | ( 308.422) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 1.939.214 | 96.266 |
| Keyptir eignarhlutir í félögum | ( 1.656) | 0 |
| Seldir eignarhlutir í félögum | 685 | 4.048 |
| Lán til tengds aðila | ( 30.000) | 0 |
| Innheimt lán frá tengdum aðila | 30.000 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 727.715 | ( 208.108) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Nýjar langtímaskuldir | 7.000.000 | 0 |
| Afborganir af skuldum við lánastofnanir | ( 7.820.000) | ( 453.333) |
| Greidd vaxtagjöld af skuldum við lánastofnanir | ( 590.373) | ( 467.291) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 1.410.373) | ( 920.624) |
| **Hækkun á handbæru fé** | 3.619.363 | 2.112.352 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 2.507.505 | 2.191.295 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 6.126.868 | 4.303.647 |

Skýringar á blaðsíðum 8 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.



# Skýringar

1. **Félagið**

N1 hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Stjórn N1 hf. samþykkti árshlutareikninginn 7. nóvember 2013

2. **Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Árshlutareikningur N1 hf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2012.

3. **Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrr öll tímabil sem koma fram í árshlutareikningnum.

**Breyting á framsetningu**

Framsetningu sjóðstreymisyfirlits hefur verið breytt frá sama tímabili á fyrra ári. Megin breytingin felst í því að greidd vaxtagjöld af skuldum við lánastofnanir eru nú færð meðal fjármögnunarhreyfinga en voru áður talin til rekstrarhreyfinga. Einnig hefst sjóðstreymisyfirlitið nú á hagnaði fyrir afskriftir og fjármagnsliði en áður hófst það á hagnaði tímabilsins. Það er mat stjórnenda félagsins að breytt flokkun gefi gleggri mynd af uppruna og ráðstöfun handbærs fjár. Framsetningu samanburðarfjárhæða í sjóðstreymisyfirliti hefur verið breytt til samræmis við framsetningu í ársreikningi félagsins fyrir árið 2012.

***Breyting samanburðafjárhæða***

Framsetningu samanburðarfjárhæða vegna sölu- og dreifingarkostnaðar annars vegar og annars rekstrarkostnaðar hins vegar hefur verið breytt frá árshlutareikningi vegna fyrstu níu mánaða ársins 2012. Ástæðan er sú, að í þeim árshlutareikningi var markaðskostnaður ranglega flokkaður en hann var þar færður meðal annars rekstrarkostnaðar í stað sölu- og dreifingarkostnaðar. Breytt framsetning hefur engin áhrif á afkomu tímabilsins né eigið fé í lok þess.

Breytingarnar á samanburðarfjárhæðum vegna sölu- og dreifingarkostnaðar og annars rekstrarkostnaðar greinast þannig:

| 1. janúar til 30. september | Samkvæmt árshluta-reikningi 2013 | Samkvæmt árshluta-reikningi 2012 |
|---|---|---|
| Sölu- og dreifingarkostnaður | ( 1.409.956) | ( 1.211.526) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 1.198.868) | ( 1.397.298) |
| Samtals | ( 2.608.824) | ( 2.608.824) |

4. **Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill**

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

5. **Mat og ákvarðanir**

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 6. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | | 2013<br>1.1.-30.9. | | 2012<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.162.583 | | 1.336.118 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,00% | 232.517 | 20,00% | 267.224 |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 0,26% | 3.030 | 0,05% | 659 |
| Óskattskyldar tekjur af eignahlutum | ( 4,39% ) | ( 50.985) | ( 1,80% ) | ( 24.002) |
| Leiðréttur skattútreikningur fyrri ára | 14,09% | 163.777 | 0,00% | 0 |
| Aðrar breytingar | 0,24% | 2.823 | ( 0,02% ) | ( 241) |
| Virkur tekjuskattur | 30,21% | 351.162 | 18,23% | 243.640 |

## 7. Rekstrarfjármunir og afskriftir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir, skilti og geymar | Innréttingar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Heildarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2012 | 11.880.365 | 3.856.337 | 15.736.702 |
| Viðbætur á árinu | 1.127.872 | 412.592 | 1.540.464 |
| Leiðrétt heildarverð vegna fyrri ára | 0 | 49.489 | 49.489 |
| Selt og niðurlagt á árinu | (1.200.467) | (136.238) | ( 1.336.705) |
| Heildarverð 1.1.2013 | 11.807.770 | 4.182.180 | 15.989.950 |
| Viðbætur á tímabilinu | 270.924 | 559.604 | 830.528 |
| Selt og niðurlagt á tímabilinu | (400.941) | (497.345) | ( 898.286) |
| Heildarverð 30.9.2013 | 11.677.753 | 4.244.439 | 15.922.192 |
| **Afskriftir** | | | |
| Afskrifað alls 1.1.2012 | 2.495.872 | 2.126.324 | 4.622.196 |
| Afskriftir ársins | 502.306 | 378.908 | 881.214 |
| Leiðréttar afskriftir vegna fyrri ára | 0 | 49.489 | 49.489 |
| Selt og niðurlagt á árinu | (24.423) | (128.508) | ( 152.931) |
| Afskrifað alls 1.1.2013 | 2.973.755 | 2.426.213 | 5.399.968 |
| Afskriftir tímabilsins | 238.999 | 235.703 | 474.702 |
| Selt og niðurlagt á tímabilinu | (168.439) | (380.272) | ( 548.711) |
| Afskrifað alls 30.9.2013 | 3.044.315 | 2.281.644 | 5.325.959 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð 1.1.2012 | 9.384.493 | 1.730.013 | 11.114.506 |
| Bókfært verð 1.1.2013 | 8.834.015 | 1.755.967 | 10.589.982 |
| Bókfært verð 30.9.2013 | 8.633.438 | 1.962.795 | 10.596.233 |

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

| | 2013<br>1.1.-30.9. | 2012<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 474.702 | 694.279 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 45.149 | 45.149 |
| Samtals afskriftir í rekstrarreikningi | 519.851 | 739.428 |





## 8. (Tekjuskattsskuldbinding) skatteign

(Tekjuskattsskuldbinding) skatteign greinist þannig á einstaka liði í lok tímabilsins:

| | 30.9.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 14.307 | 193.438 |
| Viðskiptakröfur | 11.059 | 8.302 |
| Frestaður söluhagnaður | 0 | 101.790 |
| Aðrir liðir | 562 | 15.712 |
| | 25.928 | 319.242 |
| **Skuldir** | | |
| Óefnislegar eignir | 72.903 | 60.861 |
| Gengismunur | 17.957 | 30.955 |
| | 90.860 | 91.816 |
| (Tekjuskattsskuldbinding) skatteign | (64.932) | 227.426 |

## 9. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi lán greinast þannig:

| | 30.9.2013 Vaxtakjör | 30.9.2013 Bókfært verð | 31.12.2012 Vaxtakjör | 31.12.2012 Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Óverðtryggð lán | 6,6% | 7.000.000 | 8,5% | 7.820.000 |
| Næsta árs afborganir | | (350.000) | | (566.667) |
| Langtímaskuldir við lánastofnanir | | 6.650.000 | | 7.253.333 |

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

| | 30.9.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Árið 2013 | 70.000 | 566.667 |
| Árið 2014 | 350.000 | 566.667 |
| Árið 2015 | 350.000 | 566.667 |
| Árið 2016 | 350.000 | 566.667 |
| Árið 2017 | 350.000 | 566.667 |
| Til greiðslu síðar | 5.530.000 | 4.986.667 |
| | 7.000.000 | 7.820.000 |

## 10. Veðsetningar, ábyrgðarskuldbindingar og aðrir skuldbindandi samningar

Félagið endurfjármagnaði langtímalán og lánalínu hjá Íslandsbanka hf. í lok september 2013. Lánalínan nemur 1.000 millj. kr. og 25 millj. USD. Félagið hefur ekki nýtt lánalínuna.

Íslandsbanki hf. er með allsherjarveð í helstu fasteignum, birgðum og viðskiptakröfum að fjárhæð 15.252 millj. kr. til tryggingar á langtímalánum og lánalínu félagsins.

Húsaleiguskuldbindingar félagsins námu 1.757 millj. kr. í lok september 2013.

## 11. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

| | 2013<br>1.1.-30.9. | 2012<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils: vörunotkun * / vörubirgðir í lok tímabilsins ..... | 10,56 | 7,48 |
| Söludagar í viðskiptakröfum: Viðskiptakröfur í lok tímabilsins / seldar vörur og þjónusta *..... | 26 | 34 |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu..... | 24,3% | 29,8% |
| Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu..... | 39,8% | 38,6% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu..... | 22,4% | 18,1% |
| Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu..... | 17,4% | 15,4% |
| | **30.9.2013** | **31.12.2012** |
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall: veltufjármunir / skammtímaskuldir..... | 2,31 | 2,62 |
| Lausafjárhlutfall: (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir..... | 1,64 | 1,58 |
| Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA ** ..... | 0,42 | 2,04 |
| Greiðsluhæfi: Frjálst sjóðsflæði / heildargreiðsla langtímaláns..... | 3,57 | 1,25 |
| Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn..... | 51,8% | 52,3% |
| Arðsemi eigin fjár: Afkoma tímabilsins * / eigin fé í upphafi tímabils..... | 7,3% | 8,3% |

* Rekstrartölur eru reiknaðar á ársgrundvelli.

** EBITDA síðastliðins árs.

## 12. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Í byrjun nóvember 2013 tók félagið tilboði í fasteignina að Bíldshöfða 9. Í kauptilboðinu er fyrirvari um að kaupandi fái fjármögnun fyrir lok nóvember frá fjármálastofnun. Ef salan gengur eftir verða áhrif hennar á rekstur félagsins óveruleg.

# N1 hf.

# Árshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2013

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

## Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 5 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Eiginfjáryfirlit | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

## Rekstur tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2013

Rekstrartekjur félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins námu 27.924 millj. kr. sem er 3,1% lækkun á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður tímabilsins 129 millj. kr., en heildarhagnaður tímabilsins 104 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 14.618 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að nafnvirði 1.000 millj. kr.

## Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 65 talsins, en þeir voru 63 í upphafi ársins. Tíu stærstu hluthafar félagsins við undirritun árshlutareikningsins eru:

| | |
|---|---|
| Framtakssjóður Íslands slhf. | 44,8% |
| Íslandsbanki hf. | 25,3% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 10,0% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 2,7% |
| Stafir lífeyrissjóður | 2,6% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 2,1% |
| Stapi lífeyrissjóður | 1,9% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 1,5% |
| Íslandssjóðir hf, sjóður 1- Skuld | 1,1% |
| Festa - lífeyrissjóður | 1,1% |

Samkvæmt lánasamningum eru arðgreiðslur óheimilar fram að skráningu félagsins á hlutabréfamarkað, sem er fyrirhuguð í árslok 2013. Vísað er til árshlutareikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

## Hlutafé og samþykktir

Skráð hlutafé félagsins nam 1.000 millj. kr. í lok tímabilsins. Hlutaféð er allt í einum flokki og njóta allir hlutir sömu réttinda.

## Stjórnunarhættir

Stjórn N1 hf. hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja góðum stjórnarháttum fyrirtækja. Í starfsreglum stjórnar er að finna skilgreiningu á valdsviði stjórnar og verksviði stjórnar gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, samskipti við hluthafa, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðir og innihald þeirra, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, ráðningu forstjóra, starfsskyldur stjórnar og forstjóra, eftirlitsskyldur stjórnar, reglur um endurskoðun og ársreikning. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur einstaklingum og eru tveir þeirra stjórnarmenn N1 hf. Í starfskjaranefnd sitja þrír stjórnarmenn og einn þeirra er formaður stjórnar N1 hf. Á tímabilinu voru haldnir 7 stjórnarfundir og 6 fundir í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og endurskoðunarnefndar hefur mætt á alla fundi.





## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2013, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2013.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögga mynd af þróun og árangri í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag rætt um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 17. september 2013

Stjórn N1 hf.

Margrét Guðmundsdóttir
Formaður

Helgi Magnússon

Kristín Guðmundsdóttir

Hreinn Jakobsson

Kristinn Pálmason

Forstjóri

Eggert Benedikt Guðmundsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í N1 hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi árshlutareikning N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu árshlutareiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að árshlutareikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í árshlutareikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á árshlutareikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu árshlutareikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórn og forstjóri nota við gerð árshlutareikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2013, efnahag þess 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir árshlutareikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogi 17. september 2013

Ernst & Young ehf.

Jóhann Unnsteinsson
löggiltur endurskoðandi



# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 30. júní 2013

| | | Annar ársfjórðungur | | Tveir ársfjórðungar | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| | Skýr | 1.4.-30.6. | 1.4.-30.6. | 1.1.-30.6. | 1.1.-30.6. |
| Sala | 8 | 14.941.044 | 16.307.498 | 27.723.910 | 28.726.878 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 12.727.014) | ( 13.757.457) | ( 23.662.344) | ( 23.943.109) |
| **Framlegð af vörusölu** | 9 | 2.214.030 | 2.550.041 | 4.061.566 | 4.783.769 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 95.558 | 54.697 | 199.750 | 100.632 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 10 | ( 1.010.178) | ( 1.052.413) | ( 1.884.059) | ( 2.000.343) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | 12 | ( 549.756) | ( 470.831) | ( 981.708) | ( 866.957) |
| Annar rekstrarkostnaður | 13 | ( 462.459) | ( 389.971) | ( 829.465) | ( 751.297) |
| | | ( 2.022.393) | ( 1.913.215) | ( 3.695.232) | ( 3.618.597) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 287.195 | 691.523 | 566.084 | 1.265.804 |
| Afskriftir | 14 | ( 160.091) | ( 183.129) | ( 345.040) | ( 360.385) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 127.104 | 508.394 | 221.044 | 905.419 |
| Fjármunatekjur | 15 | 64.200 | 33.245 | 110.705 | 121.287 |
| Fjármagnsgjöld | 15 | ( 155.439) | ( 183.966) | ( 347.161) | ( 332.459) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 20 | 21.305 | 7.621 | 69.903 | 44.332 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 21 | 30.249 | ( 2.246) | 74.150 | 24.611 |
| | | ( 39.685) | ( 145.346) | ( 92.403) | ( 142.229) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 87.419 | 363.048 | 128.641 | 763.190 |
| Tekjuskattur | 16 | ( 10.001) | ( 70.554) | ( 28) | ( 139.062) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 77.418 | 292.494 | 128.613 | 624.128 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | 4.532 | ( 27.632) | ( 24.168) | ( 1.811) |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals** | | 4.532 | ( 27.632) | ( 24.168) | ( 1.811) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 81.950 | 264.862 | 104.445 | 622.317 |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | 17 | 0,08 | 0,29 | 0,13 | 0,62 |

Samanburðarfjárhæðir 1.1 - 30.6.2012 eru óendurskoðaðar en hafa verið kannaðar af endurskoðendum félagsins
Rekstrarfjárhæðir annars ársfjórðungs 2013 og 2012 eru óendurskoðaðar

Skýringar á blaðsíðum 10 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2013

| | Skýr. | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 18 | 430.385 | 460.484 |
| Rekstrarfjármunir | 19 | 10.479.207 | 10.589.982 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 20 | 1.356.261 | 1.310.526 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 21 | 206.670 | 131.549 |
| Skatteign | 22 | 227.398 | 227.426 |
| Skuldabréfaeign | | 63.733 | 77.889 |
| Fastafjármunir | | 12.763.654 | 12.797.856 |
| Birgðir | 23 | 5.479.171 | 5.955.441 |
| Viðskiptakröfur | 24 | 4.799.627 | 4.208.932 |
| Kröfur á tengda aðila | 34 | 61.404 | 23.290 |
| Aðrar skammtímakröfur | 25 | 1.206.331 | 2.275.553 |
| Handbært fé | | 3.983.971 | 2.507.505 |
| Veltufjármunir | | 15.530.504 | 14.970.721 |
| **Eignir samtals** | | 28.294.158 | 27.768.577 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 26 | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 11.865.427 | 11.865.427 |
| Endurmatsreikningur | | 423.319 | 443.752 |
| Þýðingarmunur | | ( 21.137) | 3.031 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.350.771 | 1.201.725 |
| Eigið fé | | 14.618.380 | 14.513.935 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 27 | 6.913.333 | 7.253.333 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 256.795 | 295.200 |
| Langtímaskuldir | | 7.170.128 | 7.548.533 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 220.332 | 220.332 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | 28 | 3.373.807 | 2.588.252 |
| Skuldir við lánastofnanir | 27 | 566.667 | 566.667 |
| Viðskiptaskuldir | 29 | 1.468.956 | 910.374 |
| Skuldir við tengda aðila | 34 | 138.480 | 47.224 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 30 | 241.018 | 243.407 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 31 | 496.390 | 1.129.853 |
| Skammtímaskuldir | | 6.505.650 | 5.706.109 |
| Skuldir samtals | | 13.675.778 | 13.254.642 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 28.294.158 | 27.768.577 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.



# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2013

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Endurmats-reikningur | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2013** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2013 | 1.000.000 | 11.865.427 | 443.752 | 3.031 | 1.201.725 | 14.513.935 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 128.613 | 128.613 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | | | ( 24.168) | | ( 24.168) |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | ( 20.433) | | 20.433 | 0 |
| Eigið fé 30.6.2013 | 1.000.000 | 11.865.427 | 423.319 | ( 21.137) | 1.350.771 | 14.618.380 |
| **1. janúar til 30. júní 2012** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2012 | 1.000.000 | 11.865.427 | 484.617 | ( 26.792) | 0 | 13.323.252 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 624.128 | 624.128 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | | | ( 1.811) | | ( 1.811) |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | ( 14.512) | | 14.512 | 0 |
| Eigið fé 30.6.2012 | 1.000.000 | 11.865.427 | 470.105 | ( 28.603) | 638.640 | 13.945.569 |

Samanburðarfjárhæðir 1.1 - 30.6.2012 eru óendurskoðaðar en hafa verið kannaðar af endurskoðendum félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2013

| | 2013<br>1.1.-30.6. | 2012<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | 566.084 | 1.265.804 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | ( 5.230) | ( 829) |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | ( 15.106) | 0 |
| | 545.748 | 1.264.975 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | 246.270 | ( 1.072.466) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) | ( 864.805) | ( 3.020.013) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun | 1.111.849 | 3.974.672 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | 493.314 | ( 117.807) |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 114.193 | 68.952 |
| Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda | ( 10.402) | ( 13.207) |
| Handbært fé frá rekstri | 1.142.853 | 1.202.913 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | ( 933.451) | ( 197.042) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 1.938.515 | 95.766 |
| Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum | ( 1.656) | 0 |
| Seldir eignarhlutir í öðrum félögum | 685 | 0 |
| Lán til tengds aðila | ( 30.000) | 0 |
| Innheimt lán frá tengdum aðila | 30.000 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 1.004.093 | ( 101.276) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborganir skulda við lánastofnanir | ( 340.000) | ( 340.000) |
| Greidd vaxtagjöld af skuldum við lánastofnanir | ( 330.480) | ( 299.993) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 670.480) | ( 639.993) |
| **Hækkun á handbæru fé** | 1.476.466 | 461.644 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 2.507.505 | 2.191.295 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | 3.983.971 | 2.652.939 |

Samanburðarfjárhæðir 1.1 - 30.6.2012 eru óendurskoðaðar en hafa verið kannaðar af endurskoðendum félagsins

Skýringar á blaðsíðum 10 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.



# Skýringar

1. **Félagið**
N1 hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

2. **Grundvöllur reikningsskilanna**

a. **Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**
Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn N1 hf. samþykkti árshlutareikninginn 17. september 2013.

b. **Rekstrarhæfi**
Stjórnendur hafa metið rekstrarhæfi félagsins. Það er mat þeirra að áframhaldandi rekstur félagsins sé tryggður og það vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum í fyrirsjáanlegri framtíð. Af þeim sökum er árshlutareikningurinn settur fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

c. **Grundvöllur matsaðferða**
Árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum, afleiðusamningar og skuldabréfaeign eru færð á gangvirði.

d. **Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill**
Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

e. **Mat og ákvarðanir**
Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í árshlutareikningnum er að finna í skýringu 3.f.(iv) um flokkun leigusamninga, skýringu 23 um birgðir og skýringu 32 um niðurfærslu viðskiptakrafna.

3. **Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**
Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrr öll tímabil sem koma fram í árshlutareikningnum.

a. **Breyting á framsetningu**
Framsetningu sjóðstreymisyfirlits hefur verið breytt frá fyrra ári. Megin breytingin felst í því að greidd vaxtagjöld af skuldum við lánastofnanir eru nú færð meðal fjármögnunarhreyfinga en voru áður talin til rekstrarhreyfinga. Einnig hefst sjóðstreymisyfirlitið nú á hagnaði fyrir afskriftir og fjármagnsliði en áður hófst það á hagnaði tímabilsins. Það er mat stjórnenda félagsins að breytt flokkun gefi gleggri mynd af uppruna og ráðstöfun handbærs fjár. Framsetningu samanburðarfjárhæða í sjóðstreymisyfirliti hefur verið breytt til samræmis við framsetningu í ársreikningi félagsins fyrir árið 2012.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

a. Breyting á framsetningu, frh.:

*Breyting samanburðafjárhæða*

Framsetningu samanburðarfjárhæða vegna sölu- og dreifingarkostnaðar annars vegar og annars rekstrarkostnaðar hins vegar hefur verið breytt frá árshlutareikningi vegna fyrstu sex mánaða ársins 2012. Ástæðan er sú, að í þeim árshlutareikningi var markaðskostnaður ranglega flokkaður en hann var þar færður meðal annars rekstrarkostnaðar í stað sölu- og dreifingarkostnaðar. Breytt framsetning hefur engin áhrif á afkomu tímabilsins né eigið fé í lok þess.

Breytingarnar á samanburðarfjárhæðum vegna sölu- og dreifingarkostnaðar og annars rekstrarkostnaðar greinast þannig:

| 1. janúar til 30. júní | Samkvæmt árshluta-reikningi 2013 | Samkvæmt árshluta-reikningi 2012 |
|---|---|---|
| Sölu- og dreifingarkostnaður (sjá skýringu 12)............ | 866.957 | 727.211 |
| Annar rekstrarkostnaður (sjá skýringu 13)............ | 751.297 | 891.043 |
| Samtals............ | 1.618.254 | 1.618.254 |

Framsetningu skuldbindingar vegna vildarpunkta og inneignarkorta („innkorta“) hefur verið breytt frá fyrra ári. Vildarpuktar eru nú færðir sem hluti liðarins fyrirfram innheimtrar tekjur meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi, en voru áður færðir meðal annarra skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Skuldbinding vegna innkorta er nú flokkuð meðal fyrirfram innheimtra tekna meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi, en var áður færð sem aðrar skammtímaskuldir í efnahagsreikningi. Fyrirfram innheimtar tekjur vegna Klettagarða voru áður færðar meðal annarra skammtímaskulda en eru nú meðal fyrirfram innheimtra tekna.

b. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20 - 50% atkvæðaréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði. Fjárfesting félagsins felur í sér viðskiptavild sem verður til við kaupin, ef við á, að frádreginni virðisrýrnun, ef einhver er. Árshlutareikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður hlutfallslega til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara félaga.

c. Erlendir gjaldmiðlar

(i) **Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(ii) **Erlend hlutdeildarfélög**

Hlutdeild í afkomu erlendra hlutdeildarfélaga er færð á meðalgengi tímabilsins. Hlutdeild í eigin fé er færð miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlent hlutdeildarfélag er selt að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.





3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Fjármálagerningar

(i) **Fjáreignir og fjárskuldir**

Fjáreignir og fjárskuldir félagsins samanstanda af handbæru fé, eignarhlutum í öðrum félögum, skuldabréfaeign, viðskiptakröfum og öðrum kröfum, lántökum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þeir eru skráðir á viðskiptadegi, sem er dagurinn sem félagið verður aðili að samningsbundnum ákvæðum gerningsins. Þegar um er að ræða fjármálagerninga sem ekki verða færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning er tekið tillit til alls beins viðskiptakostnaðar við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar félagsins færðir með eftirfarandi hætti.

*Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur*

Eignarhlutir í öðrum félögum og skuldabréfaeign eru færð á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningur er flokkaður sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjárreign eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu hans í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eignarhlutir félagsins teljast fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstur. Gangvirðisbreytingar eignarhluta eru færðar á liðinn gangvirðisbreyting hlutabréfa í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu en gangvirðisbreytingar skuldabréfa meðal fjármunatekna.

*Lán og kröfur*

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af skuldabréfaeign, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

*Handbært fé*

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og skammtímaverðbréf sem eru á gjalddaga innan 90 daga frá kaupdegi og lítil óvissa um verðmæti þeirra.

*Fjárskuldir*

Fjárskuldir félagsins, aðrar en afleiðusamningar, eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Þær samanstanda af lántökum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

(ii) **Hlutafé**

Hlutafé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattáhrifum.

Við kaup á eigin hlutum er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

e. Óefnislegar eignir

(i) **Vörumerki**

Kostnaður við öflun vörumerkja er eignfærður og afskrifaður með jöfnum línulegum afskriftum á áætluðum nýtingartíma, að teknu tilliti til virðisrýrnunar ef við á, að hámarki á 20 árum.

(ii) **Hugbúnaður**

Eignfærð hugbúnaðarleyfi eru færð á kostnaðarverði að frádegnum uppsöfnuðum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður með jöfnum línulegum afskriftum á 10 árum.

f. Rekstrarfjármunir

(i) **Færsla og mat**

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartíma hverrar og einnar.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra rekstrartekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

(ii) **Kostnaður sem fellur til síðar**

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) **Afskriftir**

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu áætluðu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 33 ár |
| Skilti og geymar | 10 - 20 ár |
| Vélar, tæki, áhöld og bifreiðar | 5 - 15 ár |
| Innréttingar | 6 - 7 ár |

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

(iv) **Leigðar eignir**

Félagið er með fasteignir á leigu. Um er að ræða rekstrarleigu og því eru fasteignirnar ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Leigugreiðslur eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi þegar þær falla til. Þegar um er að ræða sölu og endurleigu þar sem söluverð er hærra en bókfært verð og gangverð er færslu söluhagnaðar frestað og hann færður til lækkunar á leigugjöldum yfir leigutímann. Frestaður söluhagnaður er færður til skuldar í efnahagsreikningi meðal fyrirfram innheimtra tekna.

g. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.





3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

h. Virðisrýrnun

(i) **Fjáreignir**

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna, sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir skráningu í bókhald benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

(ii) **Aðrar eignir**

Bókfært verð annarra eigna félagsins, að undanskilum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

i. Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Félagið greiðir föst iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, ef líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

k. Tekjur

(i) **Seldar vörur og þjónusta**

Tekjur af sölu á vörum í venjulegri starfsemi eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt. Tekjur eru almennt færðar við afhendingu enda flytjast áhætta og ávinningur að jafnaði til kaupanda um leið og afhending á sér stað.

(ii) **Vildarpunktakerfi**

Félagið er með vildarpunktakerfi þar sem viðskiptavinir sem eru með N1-kort safna punktum („N1-punktum“) þegar þeir kaupa vörur af félaginu. N1-punktur er fullgildur gjaldmiðill hjá félaginu, þ.e. einn punktur er jafngildi einnar krónu í öllum viðskiptum við N1 hf. Auk þess gefst korthöfum reglulega kostur á að margfalda virði punkta sinna með tilboðum á tilteknum vörum.

Þegar um er að ræða vörusölu sem felur í sér punktasöfnun er söluverðinu skipt á þann veg að gangvirði veittra punkta er fært til lækkunar á tekjum. Við útreikning á gangvirði veittra punkta, þ.e. þeim hluta tekna af vörusölunni sem er frestað, er lagt mat á hversu stór hluti punkta muni ekki verða nýttur en veittir ónýttir punktar fyrnast á þremur árum eða ef engir punktar eru nýttir í eitt ár. Skuldbinding vegna vildarpunkta er færð meðal fyrirfram innheimtra tekna í efnahagsreikningi.

(iii) **Aðrar rekstrartekjur**

Meðal annarra rekstrartekna færast umboðslaun, hagnaður af sölu eigna, leigutekjur og aðrar tekjur.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

k. Tekjur, frh.:

(iv) **Rekstrarleigutekjur**

Félagið leigir út hluta af húsnæði sínu til annarra fyrirtækja með rekstrarleigusamningum. Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum undir liðnum aðrar rekstrartekjur.

l. Gjöld

Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara felur í sér innkaupsverð seldra birgða ásamt flutningsgjöldum, vörugjöldum og tollum.

m. Rekstrarleigugjöld

Rekstrarleigugreiðslur eru vegna húsaleigu. Þær eru gjaldfærðar meðal annars rekstrarkostnaðar eftir því sem þær falla til, að teknu tilliti til frestaðs söluhagnaðar, sjá skýringu 3.f.(iv).

n. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar réttur til arðs hefur stofnast.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og lántökukostnaði af lánum og eru færð samkvæmt aðferð virkra vaxta. Gengismunur gjaldmiðla er færður nettó í rekstrarreikningi meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir því sem við á.

o. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema hann varði liði sem færðir eru beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á upgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára, ef við á.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í árshlutareikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

p. Hagnaður á hlut

Í árshlutareikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við veginn meðalfjölda virkra hluta á tímabilinu. Ekki hafa verið gerðir kaupréttarsamningar við starfsmenn eða gefnir út fjármálagerningar svo sem breytanleg skuldabréf sem kynnu að leiða til þynningar á hagnaði á hlut. Þynntur hagnaður á hlut er því sá sami og grunnhagnaður á hlut.

q. Nýir staðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Í byrjun árs tók gildi staðallinn IFRS 13 Gangvirðisbreytingar. IFRS 13 setur fram ramma um mat á gangvirði og skýringar vegna gangvirðis þegar slíks mats er krafist eða það heimilað samkvæmt IFRS. Staðalinn samræmir skilgreiningu á gangvirði sem það verð sem hefðbundin viðskipti með eign eða skyld myndu fara fram á á matsdegi. Staðalinn tekur jafnframt yfir og útvíkkar skýringarákvæði um mat á gangvirði í öðrum stöðlum, þar á meðal IFRS 7, Fjármálagerningar: skýringar. Innleiðing staðalsins hefur óveruleg áhrif á matsaðferðir eða skýringar í árshlutareikningi félagsins.





4. Ákvörðun gangvirðis

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði. Auk þess gera alþjóðlegir reikningsskilastaðlar kröfur um að upplýst sé í árshlutareikningnum um gangvirði fjáreigna og fjárskulda þó þessir liðir séu ekki færðir á gangvirði. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun gangvirðis eigna eða skulda að finna í skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

(i) **Eignarhlutir í öðrum félögum**

Þegar um er að ræða eignarhlut í félagi sem skráð er á virkum markaði er stuðst við skráð markaðsverð á reikningsskiladegi. Þegar um er að ræða óskráð bréf er gangvirði reiknað með notkun verðmatslíkana sem byggja á bókfærðri hlutdeild í eigin fé félaganna.

(ii) **Viðskiptakröfur og aðrar kröfur**

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi. Skammtímakröfur eru þó ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.

(iii) **Skuldir við lánastofnanir og aðrar fjárskuldir**

Gangvirði skulda við lánastofnanir, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi. Skammtímaskuldir eru þó ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.

5. Fjáreignir og fjárskuldir

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í ákveðna flokka. Flokkun fjáreigna og fjárskulda hefur áhrif á það hvernig viðkomandi fjármálagerningar eru metnir eftir upphaflega skráningu í bókhald. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er sem hér segir:

* Fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði
* Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði
* Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða flokki fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra:

| 30. júní 2013 | Tilgreint á gangvirði | Lán og kröfur | Aðrar fjárskuldir | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Eignir: | | | | |
| Handbært fé | | 3.983.971 | | 3.983.971 |
| Viðskiptakröfur | | 4.799.627 | | 4.799.627 |
| Kröfur á tengda aðila | | 61.404 | | 61.404 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 1.055.223 | | 1.055.223 |
| Skuldabréfaeign | 63.733 | | | 63.733 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 206.670 | | | 206.670 |
| | 270.403 | 9.900.225 | | 10.170.628 |
| Skuldir: | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | | 7.480.000 | 7.480.000 |
| Skuldir við hið opinbera | | | 3.373.807 | 3.373.807 |
| Viðskiptaskuldir | | | 1.468.956 | 1.468.956 |
| Skuldir við tengda aðila | | | 138.480 | 138.480 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | | 496.390 | 496.390 |
| | | | 12.957.633 | 12.957.633 |

5. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

31. desember 2012

| | Tilgreint á gangvirði | Lán og kröfur | Aðrar fjárskuldir | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | | |
| Handbært fé | | 2.507.505 | | 2.507.505 |
| Viðskiptakröfur | | 4.208.932 | | 4.208.932 |
| Kröfur á tengda aðila | | 23.290 | | 23.290 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 2.010.854 | | 2.010.854 |
| Skuldabréfaeign | 77.889 | | | 77.889 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 131.549 | | | 131.549 |
| | 209.438 | 8.750.581 | | 8.960.019 |
| **Skuldir:** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | | 7.820.000 | 7.820.000 |
| Skuldir við hið opinbera | | | 2.588.252 | 2.588.252 |
| Viðskiptaskuldir | | | 910.374 | 910.374 |
| Skuldir við tengda aðila | | | 47.224 | 47.224 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | | 1.129.853 | 1.129.853 |
| | | | 12.495.703 | 12.495.703 |

6. Stýring fjárhagslegar áhættu

*Yfirlit*

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins.

* Lánsáhætta
* Lausafjáráhætta
* Markaðsáhætta (verðáhætta, gengisáhætta og vaxtaáhætta)
* Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og stýra áhættunni. Tölulegar upplýsingar er að finna víða í árshlutareikningnum.

Áhættustýringarstefna félagsins var samþykkt af stjórn 27. febrúar 2013. Markmið félagsins með áhættustýringu er að lágmarka þá áhættu sem það býr við með því að greina áhættuna, meta viðmið og hafa eftirlit með henni.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á því að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálgerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og annarra krafna.

Lánsáhætta ræðst einkum af, aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í en það eru samgöngur, sjávarútvegur og verktakar. Um 33% af stöðu viðskiptakrafna í lok tímabilsins er vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins (árslok 2012:43%). Þar af nam staða stærsta viðskiptavinarins 7% (árslok 2012:19%).

Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti. Allir viðskiptavinir félagsins sem eru í lánaviðskiptum eru með lánamörk á viðskiptareikningi sem þeir geta ekki farið yfir. Lögaðilar þurfa almennt að leggja fram sjálfskuldarábyrgð eiganda sem nemur tveggja mánaða úttekt. Þetta á þó ekki við stærri aðila sem eru með gott lánshæfismat hjá CreditInfo.

Félagið færir niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Bæði er um að ræða sérstaka niðurfærslu vegna einstakra viðskiptamanna og almenna niðurfærslu. Við mat á virðisrýrnun vegna almennrar niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og almennu efnahagsástandi.





6. Stýring fjárhagslegar áhættu, frh.:

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið lendi í erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sem gerðar verða upp með handbæru fé eða öðrum fjáreignum. Markmið félagsins er að hafa ætíð nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum þegar þær falla til.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í lok tímabilsins. Stjórnendur félagsins telja það vera vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Endurgreiðslutími langtímalána er 15 ár. Félagið hefur einnig aðgang að 3 milljarða lánalínu til 2 ára.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta samanstendur af verðáhættu, vaxtaáhættu og gengisáhættu. Markmið félagsins er að stýra og takmarka markaðsáhættu við skilgreind mörk.

*Verðáhætta*

Veigamikil markaðsáhætta félagsins er verðáhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olíu en heimsmarkaðsverð hefur undanfarin ár verið afar sveiflukennt. Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði endurspeglast í örum verðbreytingum á þjónustustöðvum félagsins. Dregið er úr verðáhættu í sérsamningum við stærstu viðskiptavini félagsins.

*Gengisáhætta*

Öll viðskipti félagsins í erlendum myntum mynda gengisáhættu. Við mat á gengisáhættu er horft til greiðsluáhættu og uppgjörsáhættu. Markmiðið er að stýra gengisáhættu með þeim hætti að hagur félagsins sé sem best tryggður. Stærsti hluti innflutnings er kaup á olíu af erlendum birgjum í USD, en salan er að stórum hluta í ISK. Sala á fyrstu sex mánuðum ársins í ISK nam 60% af heildarsölu (6 mán 2012: 59%), USD 39% (6 mán 2012: 39%) og aðrar myntir 1% (6 mán 2012: 2%).

*Vaxtaáhætta*

Félagið býr við sjóðstreymisáhættu vegna vaxtabreytinga fjárskulda sem eru með breytilegum vöxtum. Eins og að framan greinir leitast félagið til að hafa ávallt nægt laust fé til að mæta fjárskuldbindingum sínum. Langtímalán félagsins er óverðtryggt og lánalínan einnig.

*Önnur verðáhætta*

Önnur verðáhætta sem kemur til vegna fjármálagerninga sem færðir eru á gangvirði er ekki veruleg því fjárfestingar félagsins í öðrum félögum og skuldabréfaeign er ekki verulegur hluti efnahagsreiknings eða 1,0% 30. júní 2013 (árslok 2012: 0,8%).

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi félagsins. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna, tækni og skipulag sem beitt er.

Til að draga úr rekstraráhættu hefur meðal annars verið komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, haft er eftirlit með lánsviðskiptum og fylgni við lög og þjálfun starfsfólks. Hluti af því að draga úr áhættu er rekstur N1-skólans þar sem starfsmenn fá viðeigandi þjálfun tengda störfum sínum fyrir félagið. Innleiddir hafa verið virkir verkferlar og reglur um afritatöku upplýsingakerfa. Þá eru unnar markvissar rekstraráætlanir og mánaðarleg uppgjör og frávik frá samþykktum áætlunum greind.

Áhættustýring

Á árinu 2012 hóf félagið að gera gjaldmiðlasamninga til að draga úr gengisáhættu. Um er að ræða framvirka samninga um sölu á USD til að verjast gengisáhættu vegna sölu í þeirri mynt. Þann 30. júní 2013 voru opnir gjaldmiðlasamningar að nafnverðsfjárhæð 6 millj. USD. Samningarnir eru færðir á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Í lok tímabilsins var gangvirði neikvætt um 2,3 millj. kr. Samningarnir eru færðir meðal annarra skammtímaskulda. Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

7. Starfsþáttayfirlit

Innri skýrslugjöf til lykilstjórnenda félagsins byggir bæði á tegundaskiptingu sölu og sölu eftir sviðum, sem eru einstaklingssvið og fyrirtækjasvið. Töluverð sala til viðskiptavina fyrirtækjasviðs fer þó fram á einstaklingssviði og er því rekstur sviðanna samofinn. Það er því mat stjórnenda félagsins að þrátt fyrir skiptingu í einstaklingssvið og fyrirtækjasvið sé aðeins um einn starfsþátt sé að ræða. Í skýringum 8 og 9 er gerð grein fyrir sölu og framlegð eftir tegundum.

Bílanaust

Í ársbyrjun 2013 var rekstur félagins á sviði varahluta og bílatengdra vara færður í sérstakt félag, Bílanaust ehf., sem var að fullu í eigu N1 hf. Eignir sem seldar voru í ársbyrjun til Bílanausts ehf. námu 1.005 millj. kr., þar af birgðir 724 millj. kr. Áætluð velta af þeirri starfsemi sem flutt var í Bílanaust ehf. var um 2.300 millj. kr. á árinu 2012, en áhrif á framlegð N1 hf. voru óveruleg. Á stjórnarfundi N1 hf. 7. maí 2013 var svo undirritaður kaupsamningur við Efstasund Holding ehf. um sölu á Bílanausti ehf.

8. Sala

| | 2013<br>1.1.-30.6. | 2012<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 21.969.319 | 22.944.359 |
| Aðrar vörur | 5.754.591 | 5.782.519 |
| Sala samtals | 27.723.910 | 28.726.878 |

9. Framlegð af vörusölu

| | | |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 2.176.083 | 2.439.211 |
| Aðrar vörur | 1.885.483 | 2.344.558 |
| Framlegð af vörusölu samtals | 4.061.566 | 4.783.769 |

10. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 1.531.173 | 1.604.080 |
| Lífeyrisiðgjöld | 141.006 | 148.251 |
| Önnur launatengd gjöld | 151.682 | 190.436 |
| Annar starfsmannakostnaður | 60.198 | 57.576 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður samtals | 1.884.059 | 2.000.343 |
| Starfsmannafjöldi að meðaltali í heilsársstörfum | 777 | 833 |
| Stöðugildi í lok tímabilsins umreiknuð í heilsársstörf | 579 | 651 |

11. Þóknanir til endurskoðenda félagsins

| | | |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 7.889 | 10.870 |
| Endurskoðun árshlutareiknings | 2.097 | 0 |
| Þóknanir til endurskoðenda samtals | 9.986 | 10.870 |

12. Sölu- og dreifingarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Dreifingarkostnaður | 663.105 | 618.203 |
| Markaðskostnaður | 180.322 | 139.747 |
| Viðhaldskostnaður | 138.281 | 109.007 |
| Sölu- og dreifingarkostnaður samtals | 981.708 | 866.957 |





13. Annar rekstrarkostnaður

| | 2013<br>1.1.-30.6. | 2012<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 188.934 | 132.002 |
| Rekstur húsnæðis | 205.207 | 201.930 |
| Leigugjöld | 121.454 | 114.269 |
| Tölvu- og hugbúnaður | 120.970 | 104.218 |
| Afskriftir og niðurfærsla viðskiptakrafna | 32.386 | 31.046 |
| Annar kostnaður | 160.514 | 167.832 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 829.465 | 751.297 |

14. Afskriftir

| | | |
|---|---|---|
| Afskriftir óefnislegra eigna | 30.099 | 30.099 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 314.941 | 330.286 |
| Afskriftir samtals | 345.040 | 360.385 |

15. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af handbæru fé | 59.904 | 16.424 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign | 13.313 | 7.306 |
| Vaxtatekjur af kröfum | 33.762 | 33.823 |
| Gengishagnaður gjaldmiðla | 0 | 61.737 |
| Arðstekjur | 3.726 | 1.997 |
| Fjármunatekjur samtals | 110.705 | 121.287 |

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld og verðbætur | 335.308 | 332.459 |
| Gengistap gjaldmiðla | 11.853 | 0 |
| Fjármagnsgjöld samtals | 347.161 | 332.459 |

16. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | | 2013<br>1.1.-30.6. | | 2012<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|
| Frestaður tekjuskattur | | 28 | | 139.062 |

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 128.641 | | 763.190 |
| Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall | 20,0% | 25.728 | 20,0% | 152.638 |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 3,8% | 4.936 | 0,0% | 213 |
| Óskattskyldar tekjur | ( 23,1% ) | ( 29.656) | ( 1,8% ) | ( 13.789) |
| Aðrar breytingar | ( 0,8% ) | ( 980) | 0,0% | 0 |
| Virkur tekjuskattur | 0,0% | 28 | 18,2% | 139.062 |

17. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa félagsins og vegins meðaltals hlutafjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem félagið hefur hvorki gert kaupréttarsamninga né gefið út skuldabréf eða tekið lán sem eru breytanleg í hlutabréf.

## 17. Hagnaður á hlut, frh.:

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

| | 30.6.2013 | 30.6.2012 |
|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 128.613 | 624.128 |
| Hlutafé í ársbyrjun | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | 0,13 | 0,62 |

## 18. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Hugbúnaður | Vörumerki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Heildarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2012 | 486.563 | 230.850 | 717.413 |
| Heildarverð 31.12.2012 | 486.563 | 230.850 | 717.413 |
| Heildarverð 30.6.2013 | 486.563 | 230.850 | 717.413 |
| **Afskriftir** | | | |
| Afskrifað 1.1.2012 | 150.560 | 46.170 | 196.730 |
| Afskriftir ársins | 48.657 | 11.542 | 60.199 |
| Afskrifað alls 31.12.2012 | 199.217 | 57.712 | 256.929 |
| Afskriftir tímabilsins | 24.328 | 5.771 | 30.099 |
| Afskrifað alls 30.6.2013 | 223.545 | 63.483 | 287.028 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð 1.1.2012 | 336.003 | 184.680 | 520.683 |
| Bókfært verð 31.12.2012 | 287.346 | 173.138 | 460.484 |
| Bókfært verð 30.6.2013 | 263.018 | 167.367 | 430.385 |
| Afskriftahlutföll | 10% | 5% | |

## 19. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir, skilti og geymar | Innréttingar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Heildarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2012 | 11.880.365 | 3.856.337 | 15.736.702 |
| Viðbætur á árinu | 1.127.872 | 412.592 | 1.540.464 |
| Leiðrétt heildarverð vegna fyrri ára | 0 | 49.489 | 49.489 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 1.200.467) | ( 136.238) | ( 1.336.705) |
| Heildarverð 31.12.2012 | 11.807.770 | 4.182.180 | 15.989.950 |
| Viðbætur á tímabilinu | 248.116 | 305.334 | 553.450 |
| Selt og niðurlagt á tímabilinu | ( 400.941) | ( 494.545) | ( 895.486) |
| Heildarverð 30.6.2013 | 11.654.945 | 3.992.969 | 15.647.914 |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | |
| Afskrifað 1.1.2012 | 2.495.872 | 2.126.324 | 4.622.196 |
| Afskriftir ársins | 502.306 | 378.908 | 881.214 |
| Leiðréttar afskriftir vegna fyrri ára | 0 | 49.489 | 49.489 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 24.423) | ( 128.508) | ( 152.931) |
| Afskrifað alls 31.12.2012 | 2.973.755 | 2.426.213 | 5.399.968 |
| Afskriftir tímabilsins | 165.753 | 149.188 | 314.941 |
| Selt og niðurlagt á tímabilinu | ( 168.439) | ( 377.763) | ( 546.202) |
| Afskrifað alls 30.6.2013 | 2.971.069 | 2.197.638 | 5.168.707 |





## 19. Rekstrarfjármunir, frh.:

| | Fasteignir, skilti og geymar | Innréttingar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð 1.1.2012 | 9.384.493 | 1.730.013 | 11.114.506 |
| Bókfært verð 31.12.2012 | 8.834.015 | 1.755.967 | 10.589.982 |
| Bókfært verð 30.6.2013 | 8.683.876 | 1.795.331 | 10.479.207 |
| Afskriftahlutföll | 3-10% | 6-20% | |

Félagið seldi í desember 2012 fasteign sína að Klettagörðum 13 og nam söluhagnaður 303 millj. kr. að teknu tilliti til skuldbindingar félagsins um endurbætur á húsnæðinu. Samhliða sölunni leigði félagið fasteignina til baka til 10 ára með heimild til að kaupa hana aftur eftir 5 ár eða í lok leigutíma á framreiknuðu söluverði. Leigusamningurinn flokkast sem rekstrarleigusamningur. Í ljósi þess að söluverð var umfram gangvirði eignarinnar er mismuni söluverðs og gangverðs dreift línulega á leigutíma eignarinnar. Frestaður söluhagnaður í lok tímabilsins er færður til skuldar sem fyrirfram innheimtar tekjur, 257 millj. kr. (árslok 2012: 295 millj. kr.) meðal langtímaskulda og 30 millj. kr. (árslok 2012: 33 millj. kr.) meðal skammtímaskulda.

### Vátryggingar og mat eigna

| Vátryggingaverð og fasteignamat rekstrarfjármuna nam í lok tímabilsins | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Fasteignamat fasteigna | 4.928.276 | 5.187.446 |
| Brunabótamat fasteigna | 8.613.679 | 8.775.137 |
| Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja og innréttinga | 1.970.765 | 2.394.138 |
| Vátryggingarverðmæti vörubirgða | 2.074.876 | 3.300.665 |

Hlutdeildarfélagið Olíudreifing ehf. tryggir þann hluta fljótandi vörubirgða sem er í vörslu þess. Þær birgðir eru hluti birgða í efnahagsreikningi félagsins, en eru ekki meðtaldar í ofangreindu vátryggingarverðmæti.

### Veðsettar eignir

Félagið hefur veðsett allar fasteignir til tryggingar á sambankaláni frá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. og er félaginu óheimilt samkvæmt þeim lánasamningi að veðsetja aðra rekstrarfjármuni.

Félagið er með lánalínu hjá Íslandsbanka hf. að fjárhæð 2.968 millj. kr. og eru birgðir og viðskiptakröfur að fjárhæð 3.585 millj. kr. að veði. Lánalínan er ekki nýtt í lok tímabilsins.

## 20. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| 30. júní 2013 | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Olíudreifing ehf. | 60,0% | 249.000 | 923.267 |
| Malik Supply A/S, Danmörku | 49,0% | 24.021 | 400.745 |
| EAK ehf. | 33,3% | 6.000 | 17.274 |
| Eignarhlutir í 4 hlutdeildarfélögum | - | 1.340 | 14.975 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals í lok tímabilsins | | | 1.356.261 |

Breyting á bókfærðu verði hlutdeildarfélaga á árinu:

| | |
|---|---|
| Bókfært verð í byrjun tímabilsins | 1.310.526 |
| Hlutdeild í afkomu | 69.903 |
| Þýðingarmunur | ( 24.168) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 1.356.261 |
| Heildareignir hlutdeildarfélaga | 6.063.360 |
| Heildarskuldir hlutdeildarfélaga | 3.668.318 |

20. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum, frh.:

| | |
|---|---|
| Tekjur hlutdeildarfélaga samtals (1.1 - 30.6) | 1.832.277 |
| Gjöld hlutdeildarfélaga samtals (1.1 - 30.6) | 1.716.468 |
| Hagnaður hlutdeildarfélaga samtals | 115.809 |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga samtals | 69.903 |

| 31. desember 2012 | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Olíudreifing ehf. | 60,0% | 249.000 | 861.696 |
| Malik Supply A/S, Danmörku | 49,0% | 24.021 | 416.581 |
| EAK ehf. | 33,3% | 6.000 | 17.274 |
| Eignarhlutir í 4 hlutdeildarfélögum | - | 1.340 | 14.975 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals í árslok | | | 1.310.526 |

Breyting á bókfærðu verði hlutdeildarfélaga á árinu:

| | |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.205.854 |
| Hlutdeild í afkomu | 74.849 |
| Þýðingarmunur | 29.823 |
| Bókfært verð í árslok | 1.310.526 |
| Heildareignir hlutdeildarfélaga | 5.956.249 |
| Heildarskuldir hlutdeildarfélaga | 3.850.521 |
| Tekjur hlutdeildarfélaga samtals (árið 2012) | 3.495.748 |
| Gjöld hlutdeildarfélga samtals (árið 2012) | 3.370.896 |
| Hagnaður hlutdeildarfélaga samtals | 124.852 |
| Hlutdeild í hagnaðI hlutdeildarfélaga samtals | 74.849 |

Félagið á 60% hlut í Olíudreifingu ehf. Félagið hefur ekki yfirráð yfir Olíudreifingu ehf. sem er því ekki dótturfélag félagsins. Það er vegna þess að samkeppnisyfirvöld ákváðu að félagið yrði að hafa stjórnarmenn óháða N1 hf. Umsvif N1 hf hafa hins vegar veruleg áhrif á starfsemi Olíudreifingar ehf. og beitir N1 hf. samkvæmt því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutar síns í félaginu.

21. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| 30. júní 2013 | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Icelandair Group hf. | 0,3% | 15.526 | 201.843 |
| Eignarhlutir í 14 öðrum félögum | | | 4.827 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals í lok tímabilsins | | | 206.670 |

| 31. desember 2012 | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Icelandair Group hf. | 0,3% | 15.526 | 127.627 |
| Eignarhlutir í 13 öðrum félögum | | | 3.922 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals í árslok | | | 131.549 |

Eignarhlutir í félögum eru færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrareikning sem „gangvirðisbreyting hlutabréfa“. Móttekinn arður er færður meðal fjármunatekna. Hlutabréf Icelandair Group hf. og TM hf. eru skráð í Kauphöll Íslands og er gangvirði þeirra í lok tímabilsins skráð markaðsverð þeirra. Gangvirði eignarhluta í öðrum félögum er metið með verðmatslíkönum sem byggja á bókfærðri hlutdeild í eigin fé félaganna.





22. Skatteign

Skatteign greinist þannig á einstaka liði:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| **Eign** | | |
| Rekstrarfjármunir | 157.564 | 193.438 |
| Viðskiptakröfur | 2.144 | 8.302 |
| Frestaður söluhagnaður | 57.401 | 101.790 |
| Yfirfæranlegt tap | 93.225 | 0 |
| Aðrir liðir | 0 | 15.712 |
| | 310.334 | 319.242 |
| **Skuld** | | |
| Óefnislegar eignir | 58.084 | 60.861 |
| Gengismunur | 17.790 | 30.955 |
| | 82.936 | 91.816 |
| Skatteign | 227.398 | 227.426 |

23. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 3.810.140 | 3.654.720 |
| Aðrar vörur | 1.669.031 | 2.300.721 |
| Birgðir samtals | 5.479.171 | 5.955.441 |

24. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Nafnverð viðskiptakrafna | 5.007.851 | 4.403.466 |
| Skuldabréfaeign | 56.478 | 71.892 |
| Niðurfærsla vegna viðskiptakrafna sem kunna að tapast | (264.702) | (266.426) |
| Bókfært verð viðskiptakrafna | 4.799.627 | 4.208.932 |

Í skýringu 32 er að finna frekari upplýsingar um virðisrýrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna.

25. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 151.108 | 264.699 |
| Inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera | 643.523 | 314.964 |
| Óinnheimt söluandvirði fasteigna | 0 | 1.588.000 |
| Aðrar skammtímakröfur | 411.700 | 107.890 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 1.206.331 | 2.275.553 |

26. Eigið fé

(i) **Hlutafé**

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.000 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

(ii) **Yfirverðsreikningur hlutafjár**

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar hafa lagt til félagsins umfram nafnverð hlutafjár, að frádregnum 1.135 millj. kr. sem notaðar hafa verið til að jafna tap.

26. Eigið fé, frh.:

(iii) **Endurmatsreikningur**

Á endurmatsreikning er færð hlutdeild félagsins í endurmati fasteigna hlutdeildarfélags.

(iv) **Þýðingarmunur**

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlends hlutdeildarfélags.

(v) **Óráðstafað eigið fé**

Hagnaður (tap) tímabilsins er fært til hækkunar (lækkunar) á óráðstöfuðu eigin fé. Arðgreiðslur eru færðar til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

27. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | 30.6.2013 | | 31.12.2012 | |
|---|---|---|---|---|
| | Vaxtakjör | Bókfært verð | Vaxtakjör | Bókfært verð |
| Óverðtryggt lán í ISK með breytilegum vöxtum | 8,50% | 7.480.000 | 8,50% | 7.820.000 |
| Næsta árs afborganir | | (566.667) | | (566.667) |
| Langtímaskuldir samtals | | 6.913.333 | | 7.253.333 |

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Árið 2013 | 226.667 | 566.667 |
| Árið 2014 | 566.667 | 566.667 |
| Árið 2015 | 566.667 | 566.667 |
| Árið 2016 | 566.667 | 566.667 |
| Árið 2017 | 566.667 | 566.667 |
| Til greiðslu síðar | 4.986.667 | 4.986.667 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 7.480.000 | 7.820.000 |

28. Skuldir við hið opinbera

Skuldir við hið opinbera samanstanda af ógreiddum virðisaukaskatti og tolli af innflutningi, olíugjaldi, bensíngjaldi, kolefnisgjaldi og öðrum opinberum gjöldum.

29. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 1.468.956 | 910.374 |
| Viðskiptaskuldir samtals | 1.468.956 | 910.374 |

30. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur greinast þannig:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Fyrirframinnheimtar tekjur vegna vildarpunkta | 170.127 | 169.495 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur vegna innkorta | 39.273 | 33.572 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur vegna Klettagarða | 30.211 | 33.052 |
| Aðrar fyrirframinnheimtar tekjur | 1.407 | 7.288 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur samtals | 241.018 | 243.407 |





31. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 135.100 | 177.510 |
| Ógreitt áfallið orlof | 260.173 | 239.338 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 97.825 | 103.398 |
| Framvirkir samningar | 2.317 | 0 |
| Skuldbinding vegna framkvæmda í Klettagörðum | 0 | 180.698 |
| Ógreitt vegna kaupa á rekstrarfjármunum | 0 | 380.000 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 975 | 48.909 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 496.390 | 1.129.853 |

32. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mesta mögulega tap félagsins vegna lánsáhættu fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eins og hér greinir í lok tímabilsins:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Skuldabréfaeign | 63.733 | 77.889 |
| Viðskiptakröfur | 4.799.627 | 4.208.932 |
| Kröfur á tengda aðila | 61.404 | 23.290 |
| Aðrar skammtímakröfur | 1.055.223 | 2.010.854 |
| Handbært fé | 3.983.971 | 2.507.505 |
| | 9.963.958 | 8.828.470 |

Um 33% af stöðu viðskiptakrafna í lok tímabilsins (árslok 2012: 43%) er vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins. Þar af nam staða stærsta viðskiptavinarins 7% (árslok 2012: 19%).

Aldursgreining viðskiptakrafna og virðisrýrnun

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í lok tímabilsins:

| 30.6.2013 | Nafnverð | Niðurfærsla | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Ógjaldfallið | 3.849.443 | ( 70.326) | 3.779.117 |
| Gjaldfallið innan 30 daga | 814.061 | ( 22.220) | 791.841 |
| Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum | 212.174 | ( 55.735) | 156.439 |
| Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum | 188.651 | ( 116.421) | 72.230 |
| | 5.064.329 | ( 264.702) | 4.799.627 |
| **31.12.2012** | | | |
| Ógjaldfallið | 3.600.120 | ( 53.064) | 3.547.056 |
| Gjaldfallið innan 30 daga | 463.100 | ( 20.956) | 442.144 |
| Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum | 215.363 | ( 67.530) | 147.833 |
| Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum | 196.775 | ( 124.876) | 71.899 |
| | 4.475.358 | ( 266.426) | 4.208.932 |

Virðisrýrnun krafna greinist þannig:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi tímabilsins | 266.426 | 277.127 |
| Endanlega tapaðar kröfur á tímabilinu | ( 19.177) | ( 77.276) |
| Gjaldfærð virðisrýrnun á tímabilinu | 17.453 | 66.575 |
| Staða í lok tímabils | 264.702 | 266.426 |

32. Fjármálagerningar, frh.:

Viðskiptakröfur félagsins greinast þannig í lok tímabils eftir atvinnugreinum:

| | Nafnverð | Sérgreind niðurfærsla | Almenn niðurfærsla | Bókfært verð í lok tímabilsins |
|---|---|---|---|---|
| **30. júní 2013** | | | | |
| Sjávarútvegur | 822.353 | ( 42.060) | ( 10.091) | 770.202 |
| Samgöngur | 488.690 | ( 25.720) | ( 5.997) | 456.973 |
| Verktakar | 582.335 | ( 71.155) | ( 7.145) | 504.035 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 2.461.183 | ( 59.575) | ( 34.250) | 2.367.358 |
| Erlend sala | 709.768 | 0 | ( 8.709) | 701.059 |
| | 5.064.329 | ( 198.510) | ( 66.192) | 4.799.627 |
| **31. desember 2012** | | | | |
| Sjávarútvegur | 681.164 | ( 45.165) | ( 7.862) | 628.137 |
| Samgöngur | 1.135.452 | ( 12.819) | ( 13.052) | 1.109.581 |
| Verktakar | 447.888 | ( 70.062) | ( 5.139) | 372.687 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 2.084.574 | ( 86.993) | ( 23.844) | 1.973.737 |
| Erlend sala | 126.280 | 0 | ( 1.490) | 124.790 |
| | 4.475.358 | ( 215.039) | ( 51.387) | 4.208.932 |

Lausafjáráhætta

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvenær samningsbundnar framtíðargreiðslur skulda félagsins falla til. Greiðsluflæðið innifelur áætlaða framtíðarvexti.

| | Innan árs | Eftir 1 - 2 ár | Eftir 3 - 5 ár | Eftir meira en 5 ár |
|---|---|---|---|---|
| **30. júní 2013** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 1.194.059 | 1.146.300 | 3.147.306 | 6.358.121 |
| Skuldir við hið opinbera | 3.373.807 | | | |
| Viðskiptaskuldir | 1.468.956 | | | |
| Skuldir við tengda aðila | 138.480 | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 496.390 | | | |
| | 6.671.692 | 1.146.300 | 3.147.306 | 6.358.121 |
| **31. desember 2012** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 1.219.386 | 1.170.518 | 3.219.957 | 6.906.389 |
| Skuldir við hið opinbera | 2.588.252 | | | |
| Viðskiptaskuldir | 910.374 | | | |
| Skuldir við tengda aðila | 47.224 | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.129.853 | | | |
| | 5.895.089 | 1.170.518 | 3.219.957 | 6.906.389 |

Langtímalán félagsins inniheldur fjárhagsleg skilyrði um eiginfjárhlutfall, greiðsluhæfi, fjárfestingar og skuldsetningu. Verði fjárhagsleg skilyrði ekki uppfyllt verður lánið greiðslukræft. Jafnframt hefur skuldsetning félagsins áhrif á vaxtaálag.





32. Fjármálagerningar, frh.:

Gengisáhætta

Áhætta félagsins vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir:

| | USD | EUR | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **30. júní 2013** | | | | |
| Skuldabréfaeign | 0 | 0 | 31.658 | 31.658 |
| Viðskiptakröfur | 1.127.198 | 26.907 | 77.826 | 1.231.931 |
| Handbært fé | 109.855 | 1.134 | 2.170 | 113.159 |
| Viðskiptaskuldir | ( 273.085) | ( 113.396) | ( 67.215) | ( 453.696) |
| Áhætta í efnahagsreikningi | 963.968 | ( 85.355) | 44.439 | 923.052 |
| **31. desember 2012** | | | | |
| Skuldabréfaeign | 0 | 0 | 33.360 | 33.360 |
| Viðskiptakröfur | 1.169.700 | 17.227 | 4.248 | 1.191.175 |
| Handbært fé | 1.186.923 | 220 | 1.655 | 1.188.798 |
| Viðskiptaskuldir | ( 24.331) | ( 93.983) | ( 89.440) | ( 207.753) |
| Áhætta í efnahagsreikningi | 2.332.293 | ( 76.536) | ( 50.178) | 2.205.579 |

Næmigreining

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum í lok tímabilsins myndi hafa hækkað (lækkað) afkomu félagsins fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir.

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| USD | ( 96.397) | ( 233.229) |
| EUR | 8.536 | 7.654 |
| Aðrar myntir | ( 4.444) | 5.018 |
| Samtals | ( 92.305) | ( 220.558) |

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart þessum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Vaxtaáhætta

Hækkun á vöxtum á uppgjörsdegi um eitt prósentustig (100 punkta) myndi lækka afkomu um 75 millj. kr. fyrir tekjuskatt vegna áhrifa á lántökur félagsins sem bera breytilega vexti. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Lækkun vaxta um eitt prósentustig myndi hafa sömu áhrif en í gagnstæða átt.

33. Rekstrarleigusamningar

Húsaleiguskuldbindingar

Félagið er með húsnæði á leigu frá ýmsum aðilum og er heildarskuldbinding vegna þess 1.830 millj. kr. til ársins 2020 (6 mán 2012: 820 millj. kr. til ársins 2020). Framtíðarleigugreiðslur greinast þannig í lok tímabilsins:

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Innan árs | 146.566 | 282.945 |
| Eftir 1 - 5 ár | 1.021.982 | 991.877 |
| Eftir meira en 5 ár | 661.820 | 777.820 |
| Samtals | 1.830.368 | 2.052.642 |

33. Rekstrarleigusamningar, frh.:

Húsaleigutekjur

Félagið leigir út húsnæði til ýmissa aðila. Sumir leigusamninganna eru ótímabundnir, en leigutími annarra samninga er á bilinu eitt til sautján ár. Leigutekjur fyrstu sex mánuði ársins 2013 voru 81 millj. kr. Áætlaðar leigutekjur tímabilsins 1. júlí til 31. desember 2013 eru 85 millj. kr. Leigusamningarnir eru flestir verðtryggðir. Heildarskuldbinding leigutaka án tillits til framtíðarverðbólgu er eins og greinir hér að neðan. Skuldbinding leigutaka vegna óbundinna samninga er aðeins reiknuð eitt ár fram í tímann.

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Innan árs | 84.528 | 180.612 |
| Eftir 1 - 5 ár | 285.944 | 222.739 |
| Eftir meira en 5 ár | 164.796 | 134.115 |
| Samtals | 535.268 | 537.466 |

34. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Til tengdra aðila félagsins teljast stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn félagsins og stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra.

Viðskipti við tengd félög

| Viðskipti við tengd félög greinast þannig: | 2013<br>1.1.-30.6. | 2012<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Keyptar vörur og þjónusta | 559.072 | 487.477 |
| Seldar vörur og þjónusta | 1.248.609 | 547.018 |

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Skuldabréfaeign | 33.250 | 44.918 |
| Kröfur í lok tímabilsins | 59.563 | 22.076 |
| Skuldir í lok tímabilsins | 138.480 | 47.224 |

Viðskipti við stóra hluthafa

Félagið er með langtímalán frá Íslandsbanka hf. og voru eftirstöðvar þess í lok tímabilsins 2.917 millj. kr (árslok 2012: 3.050 millj. kr).

| | 2013<br>1.1.-30.6. | 2012<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur frá hluthöfum | 3.428 | 13.304 |
| Vaxtagjöld til hluthafa | 128.194 | 328.740 |
| Seld þjónusta til hluthafa | 6.567 | 6.036 |

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Kröfur á hluthafa í lok tímabilsins | 1.841 | 1.214 |
| Innlán hjá hluthafa í lok tímabilsins | 272.646 | 2.500.897 |





34. Tengdir aðilar, frh.:

| Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda greinast þannig: | 2013<br>1.1.-30.6. | 2012<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Margrét Guðmundsdóttir, formaður stjórnar | 4.060 | 1.800 |
| Helgi Magnússon, stjórnarmaður | 1.550 | 0 |
| Hreinn Jakobsson, stjórnarmaður | 2.450 | 1.800 |
| Kristín Guðmundsdóttir, stjórnarmaður | 2.450 | 1.800 |
| Þór Hauksson, stjórnarmaður * | 3.863 | 1.800 |
| Jóhann Hjartarson, fyrrverandi formaður stjórnar | 0 | 3.600 |
| Jóhannes Karl Sveinsson, fyrrverandi stjórnarmaður | 0 | 1.200 |
| Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri | 23.306 | 0 |
| Hermann Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri | 0 | 18.041 |
| Framkvæmdastjórar, fimm (2012; fjórir) | 52.644 | 40.877 |
| Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda samtals | 90.323 | 70.918 |

* Greitt Framtakssjóði Íslands slhf vegna stjórnarsetu Þórs Haukssonar, starfsmann sjóðsins.

Engin lán hafa verið veitt stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins.

Viðskipti við aðra tengda aðila

Viðskipti við aðra tengda aðila voru mjög óveruleg á þeim tímabilum sem árshlutareikningurinn tekur til. Verðlagning á slíkum viðskiptum er sambærileg við önnur viðskipti félagsins.

Viðskipti við starfsmenn

Félagið hefur lánað starfsmönnum sínum vegna almennra vöruviðskipta og voru þau að fjárhæð 25 millj. kr. í lok júní 2013 (árslok 2012: 26 millj. kr.). Aðrar skuldir starfsmanna við félagið námu 4 millj. kr. í lok júní (árslok 2012: 28 millj. kr.).

35. Skuldbindingar og ábyrgðir

Félagið hefur veðsett allar fasteignir til tryggingar á sambankaláni frá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. og er félaginu óheimilt samkvæmt þeim lánasamningi að veðsetja aðra rekstrarfjármuni.

Félagið er með lánalínu hjá Íslandsbanka hf. að fjárhæð 2.968 millj. kr. og eru birgðir og viðskiptakröfur að fjárhæð 3.585 millj. kr að veði. Lánalínan er ekki nýtt í lok tímabilsins.

36. Kennitölur

| Helstu kennitölur félagsins: | 30.6.2013 | 30.6.2012 |
|---|---|---|
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils: vörunotkun * / vörubirgðir í lok tímabils | 8,64 | 6,84 |
| Söludagar í viðskiptakröfum: Viðskiptakröfur í lok tímabils / seldar vörur og þjónusta * | 32 | 40 |
| Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu | 13,9% | 26,5% |
| Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu | 46,4% | 41,8% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu | 24,2% | 18,1% |
| Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu | 20,4% | 15,7% |

| | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall: veltufjármunir / skammtímaskuldir | 2,39 | 2,62 |
| Lausafjárhlutfall: (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir | 1,55 | 1,58 |
| Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA | 1,84 | 2,04* |
| Greiðsluhæfi: Frjálst sjóðsflæði / heildargreiðsla langtímaláns | 3,23 | 1,25 |
| Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn | 51,7% | 52,3% |
| Arðsemi eigin fjár: Afkoma tímabilsins * / vegin meðalstaða eigin fjár | 1,8% | 8,3% |

* Rekstrartölur eru reiknaðar á ársgrundvelli.

37. Önnur mál

Í júní 2013 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að það hefði ákveðið að hefja markaðsrannsókn á íslenska eldneytismarkaðnum. Um er að ræða nýtt form rannsóknar, sem felur í sér athugun á því hvort grípa þurfi til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins beinist því ekki sérstaklega að félaginu sjálfu heldur eldsneytismarkaðnum í heild. Áætlað er að rannsókninni ljúki í lok árs 2014. Rannsóknin hafði hvorki áhrif á rekstur né fjárhagsstöðu N1 hf. á fyrri helmingi ársins 2013.

# N1 hf.
# Ársreikningur 2012

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

## Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 5 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Eiginfjáryfirlit | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

### Rekstur ársins 2012

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2012 námu 60.258 millj. kr. og jukust um 9,8% milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 1.173 millj. kr., en heildarhagnaður ársins 1.203 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok var 14.526 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að nafnvirði 1.000 millj. kr.

### Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok ársins voru 63 talsins, en þeir voru 66 í upphafi ársins. Þrír hluthafar eiga 10% eða meiri eignarhlut í félaginu en þeir eru:

| | |
|---|---|
| Framtakssjóður Íslands slhf. | 44,8% |
| Íslandsbanki hf. | 25,3% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 10,0% |

Samkvæmt lánasamningum eru arðgreiðslur óheimilar fram að skráningu félagsins á hlutabréfamarkað, sem er fyrirhuguð á árinu 2013. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

### Hlutafé og samþykktir

Skráð hlutafé félagsins nam 1.000 millj. kr. í lok ársins. Hlutaféð er allt í einum flokki og njóta allir hlutir sömu réttinda.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnarinnar að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.

### Stjórnunarhættir

Stjórn N1 hf. hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja góðum stjórnarháttum fyrirtækja. Í starfsreglum stjórnar er að finna skilgreiningu á valdsviði stjórnar og verksvið stjórnar gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, samskipti við hluthafa, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðir og innihald þeirra, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, ráðningu forstjóra, starfsskyldur stjórnar og forstjóra, eftirlitsskyldur stjórnar, reglur um endurskoðun og ársreikning. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur einstaklingum og eru tveir þeirra stjórnarmenn N1 hf. Í starfskjaranefnd sitja tveir stjórnarmenn og er annar formaður stjórnar N1 hf. Á árinu 2012 voru haldnir 17 stjórnarfundir og 8 fundir í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og endurskoðunarnefndar hefur mætt á alla fundi.



# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2012, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögga mynd af þróun og árangri í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2012 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Kópavogi, 27. febrúar 2013

**Stjórn N1 hf.**

Margrét Guðmundsdóttir
Formaður

Helgi Magnússon

Kristín Guðmundsdóttir

Hreinn Jakobsson

Þór Hauksson

**Forstjóri**

Eggert Benedikt Guðmundsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í N1 hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning N1 hf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórn og forstjóri nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

### Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogi 27. febrúar 2013

Ernst & Young ehf.

Jóhann Unnsteinsson
löggiltur endurskoðandi



# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| Sala | | 60.060.785 | 54.701.389 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 50.287.017) | ( 45.293.796) |
| **Framlegð af vörusölu** | 8 | 9.773.768 | 9.407.593 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 197.492 | 185.503 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 9 | ( 4.056.706) | ( 3.910.074) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | 11 | ( 1.841.658) | ( 1.683.950) |
| Annar rekstrarkostnaður | 12 | ( 1.422.669) | ( 1.890.951) |
| | | ( 7.321.033) | ( 7.484.975) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 2.650.227 | 2.108.121 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 13 | ( 941.413) | ( 2.808.550) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | | 1.708.814 | ( 700.429) |
| Fjármunatekjur | 14 | 277.628 | 330.475 |
| Fjármagnsgjöld | 14 | ( 713.482) | ( 398.102) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 20 | 74.849 | 370.952 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 21 | 48.642 | ( 961) |
| | | ( 312.363) | 302.365 |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 15 | 0 | 4.804.545 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 1.396.451 | 4.406.481 |
| Tekjuskattur | 16 | ( 235.591) | 129.753 |
| **Hagnaður ársins** | | 1.160.860 | 4.536.234 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | 29.824 | ( 26.792) |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals** | | 29.824 | ( 26.792) |
| **Heildarhagnaður ársins** | | 1.190.684 | 4.509.442 |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | 17 | 1,16 | 1,33 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 18 | 460.484 | 520.683 |
| Rekstrarfjármunir | 19 | 10.589.982 | 11.114.506 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 20 | 1.310.526 | 1.205.854 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 21 | 131.549 | 91.318 |
| Skatteign | 22 | 227.426 | 242.685 |
| Skuldabréfaeign | | 77.889 | 102.054 |
| Fastafjármunir | | 12.797.856 | 13.277.099 |
| Birgðir | 23 | 5.955.441 | 5.929.618 |
| Viðskiptakröfur | 24 | 4.208.932 | 4.297.163 |
| Kröfur á tengda aðila | | 23.290 | 53.774 |
| Aðrar skammtímakröfur | 25 | 2.275.553 | 578.356 |
| Handbært fé | | 2.507.504 | 2.191.295 |
| Veltufjármunir | | 14.970.720 | 13.050.206 |
| **Eignir samtals** | | 27.768.576 | 26.327.304 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 26 | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 11.865.427 | 11.865.427 |
| Endurmatsreikningur | | 443.752 | 484.617 |
| Þýðingarmunur | | 3.031 | ( 26.792) |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.201.725 | 0 |
| Eigið fé | | 14.513.935 | 13.323.252 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 27 | 7.253.333 | 7.820.000 |
| Aðrar skuldbindingar | 28 | 0 | 244.146 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 295.200 | 0 |
| Langtímaskuldir | | 7.548.533 | 8.064.146 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 220.332 | 0 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | 29 | 2.588.252 | 2.716.484 |
| Skuldir við lánastofnanir | 27 | 566.667 | 566.667 |
| Viðskiptaskuldir | 30 | 1.079.868 | 1.137.553 |
| Skuldir við tengda aðila | | 47.224 | 58.851 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 31 | 1.203.765 | 460.351 |
| Skammtímaskuldir | | 5.706.108 | 4.939.906 |
| Skuldir samtals | | 13.254.641 | 13.004.052 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 27.768.576 | 26.327.304 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



# Eiginfjáryfirlit árið 2012

| | Skýr. | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Endurmats-reikningur | Þýðingar-munur | (Ójafnað tap) óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Árið 2011** | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2011 | | 6.000.000 | | 616.601 | | ( 11.802.791) | ( 5.186.190) |
| Afskrift hlutafjár | | ( 6.000.000) | | | | 6.000.000 | 0 |
| Útgefið nýtt hlutafé | | 1.000.000 | 13.000.000 | | | | 14.000.000 |
| Hagnaður ársins | | | | | | 4.536.234 | 4.536.234 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | | | | ( 26.792) | | ( 26.792) |
| Jöfnun taps | | | ( 1.134.573) | | | 1.134.573 | 0 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | ( 131.984) | | 131.984 | 0 |
| Eigið fé 31.12.2011 | | 1.000.000 | 11.865.427 | 484.617 | ( 26.792) | 0 | 13.323.252 |
| **Árið 2012** | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2012 | | 1.000.000 | 11.865.427 | 484.617 | ( 26.792) | 0 | 13.323.252 |
| Hagnaður ársins | | | | | | 1.160.860 | 1.160.860 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | | | | 29.824 | | 29.824 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | ( 40.865) | | 40.865 | 0 |
| Eigið fé 31.12.2012 | | 1.000.000 | 11.865.427 | 443.752 | 3.032 | 1.201.725 | 14.513.936 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | | 2.650.227 | 2.108.121 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Skuldbinding vegna frjálsra skráninga fasteigna | | ( 73.988) | 218.000 |
| Aðrir liðir | | ( 433) | 10.565 |
| | | 2.575.806 | 2.336.686 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, hækkun | | ( 25.823) | ( 947.820) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 145.282 | ( 571.540) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 212.462) | 428.348 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 93.003) | ( 1.091.012) |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 144.729 | 127.963 |
| Greidd vaxtagjöld skammtímaskulda | | ( 87.376) | ( 94.760) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.540.156 | 1.278.877 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir | | 0 | ( 4.124) |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | ( 1.160.465) | ( 530.264) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 105.158 | 32.677 |
| Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum | | 0 | ( 7.052) |
| Seldir eignarhlutir í öðrum félögum | | 8.423 | 1.500 |
| Móttekinn arður | 20 | 1.997 | 32.769 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.044.887) | ( 474.493) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | ( 566.667) | ( 113.333) |
| Greidd vaxtagjöld langtímaskulda | | ( 612.393) | ( 199.514) |
| Greitt vegna nauðasamnings | | 0 | ( 33.500) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 1.179.060) | ( 346.347) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 316.209 | 458.037 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 2.191.295 | 1.733.258 |
| **Handbært fé í árslok** | | 2.507.504 | 2.191.295 |
| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | 15 | ( 380.000) | ( 9.500.000) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 1.588.000 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | ( 1.588.000) | 0 |
| Lækkun hlutafjár hlutdeildarfélags | 20 | 0 | 417.000 |
| Útgefið eigið fé við fjárhagslega endurskipulagningu | | 0 | 14.000.000 |
| Ný langtímalán | | 0 | 8.500.000 |
| Uppgjör langtímaskulda | | 0 | ( 17.860.085) |
| Uppgjör víkjandi láns við hlutdeildarfélag | | 0 | ( 417.000) |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 380.000 | 0 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 31 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



# Skýringar

1. **Félagið**

N1 hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

2. **Grundvöllur reikningsskilanna**

a. **Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn N1 hf. samþykkti ársreikninginn 27. febrúar 2013.

b. **Rekstrarhæfi**

Stjórnendur hafa metið rekstrarhæfi félagsins. Það er mat þeirra að áframhaldandi rekstur félagsins sé tryggður og það vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum í fyrirsjáanlegri framtíð. Af þeim sökum er ársreikningurinn settur fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

c. **Grundvöllur matsaðferða**

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum, afleiðusamningar og skuldabréfaeign eru færð á gangvirði.

d. **Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill**

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK) sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

e. **Mat og ákvarðanir**

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum er að finna í skýringu 3.f.(iv) um flokkun leigusamninga, skýringu 19 um endurheimtanlegt virði fasteigna, skýringu 20 um eignarhluti í hlutdeildarfélögum, skýringu 23 um birgðir og skýringu 32 um niðurfærslu viðskiptakrafna.

3. **Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. **Breyting á flokkun eignarhluta í félögum og framsetningu sjóðstreymisyfirlits**

Flokkun eignarhluta í tveimur félögum hefur verið breytt frá fyrra ári á þann veg að þau eru nú talin til hlutdeildarfélaga en voru áður færð meðal eignarhluta í öðrum félögum. Bókfært verð þeirra er 22 millj. kr. Breytt flokkun hefur engin áhrif á afkomu, heildareignir eða eigið fé félagsins. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis. Framsetningu sjóðstreymisyfirlits hefur verið breytt frá fyrra ári. Megin breytingin felst í því að greidd vaxtagjöld af langtímalánum eru nú færð meðal fjármögnunarhreyfing en voru áður talin til rekstrarhreyfinga. Það er mat stjórnenda félagsins að breytt flokkun gefi gleggri mynd af uppruna og ráðstöfun handbærs fjár.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

b. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20 - 50% atkvæðaréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði. Fjárfesting félagsins felur í sér viðskiptavild sem verður til við kaupin, ef við á, að frádreginni virðisrýrnun, ef einhver er. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður hlutfallslega til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara félaga.

c. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning. Á árinu 2012 hóf félagið að gera framvirka gjaldmiðlasamninga til að draga úr gengisáhættu í USD. Í árslok voru engir opnir gjaldmiðlasamningar hjá félaginu. Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum. Að öðru leyti voru markmið og stefna við áhættustýringu félagsins á árinu 2012 óbreytt frá fyrra ári.

(ii) Erlend hlutdeildarfélög

Hlutdeild í afkomu erlendra hlutdeildarfélaga er færð á meðalgengi ársins. Hlutdeild í eigin fé er færð miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlent hlutdeildarfélag er selt að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

d. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir og fjárskuldir

Fjáreignir og fjárskuldir félagsins samanstanda af handbæru fé, eignarhlutum í öðrum félögum, skuldabréfaeign, viðskiptakröfum og öðrum kröfum, lántökum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þeir eru skráðir á viðskiptadegi, sem er dagurinn sem félagið verður aðili að samningsbundnum ákvæðum gerningsins. Þegar um er að ræða fjármálagerninga sem ekki verða færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning er tekið tillit til alls beins viðskiptakostnaðar við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar félagsins færðir með eftirfarandi hætti.

*Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur*

Eignarhlutir í öðrum félögum og skuldabréfaeign eru færð á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningur er flokkaður sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu hans í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eignarhlutir félagsins teljast fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstur. Gangvirðisbreytingar eignarhluta eru færðar á liðinn gangvirðisbreyting hlutabréfa í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu en gangvirðisbreytingar skuldabréfa meðal fjármunatekna.

Á árinu 2012 hóf félagið að gera gjaldmiðlasamninga til að draga úr gengisáhættu. Um er að ræða framvirka samninga um sölu á USD til að verjast gengisáhættu vegna sölu í þeirri mynt. Í árslok voru engir opnir gjaldmiðlasamningar hjá félaginu. Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

Að öðru leyti voru markmið og stefna við áhættustýringu félagsins á árinu 2012 óbreytt frá fyrra ári.





3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Fjármálagerningar, frh.:

(i) Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

*Lán og kröfur*

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af skuldabréfaeign, viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

*Handbært fé*

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og skammtímaverðbréf sem eru á gjalddaga innan 90 daga frá kaupdegi og lítil óvissa um verðmæti þeirra.

*Fjárskuldir*

Fjárskuldir félagsins eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Þær samanstanda af lántökum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

(ii) Hlutafé

Hlutafé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattáhrifum.

Við kaup á eigin hlutum er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

e. Óefnislegar eignir

(i) Vörumerki

Kostnaður við öflun vörumerkja er eignfærður og afskrifaður með jöfnum línulegum afskriftum á áætluðum nýtingartíma, að teknu tilliti til virðisrýrnunar ef við á, að hámarki á 20 árum.

(ii) Hugbúnaður

Eignfærð hugbúnaðarleyfi eru færð á kostnaðarverði að frádegnum uppsöfnuðum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður með jöfnum línulegum afskriftum á 10 árum.

f. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.
Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartíma hverrar og einnar.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra rekstrartekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

f. Rekstrarfjármunir, frh.:

(iii) **Afskriftir**

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu áætluðu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 33 ár |
| Skilti og geymar | 10 - 20 ár |
| Vélar, tæki, áhöld og bifreiðar | 5 - 15 ár |
| Innréttingar | 6 - 7 ár |

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

(iv) **Leigðar eignir**

Félagið er með fasteignir á leigu. Um er að ræða rekstrarleigu og því eru fasteignirnar ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi. Leigugreiðslur eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi þegar þær falla til. Þegar um er að ræða sölu og endurleigu þar sem söluverð er hærra en bókfært verð og gangverð er færslu söluhagnaðar frestað og hann færður til lækkunar á leigugjöldum yfir leigutímann. Frestaður söluhagnaður er færður til skuldar í efnahagsreikningi meðal annarra skammtímaskulda.

g. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

h. Virðisrýrnun

(i) **Fjáreignir**

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna, sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir skráningu í bókhald benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

(ii) **Aðrar eignir**

Bókfært verð annarra eigna félagsins, að undanskilum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

i. Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Félagið greiðir föst iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.





3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, ef líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

k. Tekjur

(i) **Seldar vörur og þjónusta**

Tekjur af sölu á vörum í venjulegri starfsemi eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt. Tekjur eru almennt færðar við afhendingu enda flytjast áhætta og ávinningur að jafnaði til kaupanda um leið og afhending á sér stað.

(ii) **Vildarpunktakerfi**

Félagið er með vildarpunktakerfi þar sem viðskiptavinir sem eru með N1-kort safna punktum („N1-punktum“) þegar þeir kaupa vörur af félaginu. N1-punktur er fullgildur gjaldmiðill hjá félaginu, þ.e. einn punktur er jafngildi einnar krónu í öllum viðskiptum við N1 hf. Auk þess gefst korthöfum reglulega kostur á að margfalda virði punkta sinna með tilboðum á tilteknum vörum.

Þegar um er að ræða vörusölu sem felur í sér punktasöfnun er söluverðinu skipt á þann veg að gangvirði veittra punkta er fært til lækkunar á tekjum. Við útreikning á gangvirði veittra punkta, þ.e. þeim hluta tekna af vörusölunni sem er frestað, er lagt mat á hversu stór hluti punkta muni ekki verða nýttur en veittir ónýttir punktar fyrnast á þremur árum eða ef engir punktar eru nýttir í eitt ár. Skuldbinding vegna vildarpunkta er færð meðal viðskiptaskulda í efnahagsreikningi.

(iii) **Aðrar rekstrartekjur**

Meðal annarra rekstrartekna færast umboðslaun, hagnaður eða tap af sölu eigna, leigutekjur og aðrar tekjur.

(iv) **Rekstrarleigutekjur**

Félagið leigir út hluta af húsnæði sínu til annarra fyrirtækja með rekstrarleigusamningum. Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum undir liðnum aðrar rekstrartekjur.

l. Gjöld

Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara felur í sér innkaupsverð seldra birgða ásamt flutningsgjöldum, vörugjöldum og tollum.

m. Rekstrarleigugjöld

Rekstrarleigugreiðslur eru vegna húsaleigu. Þær eru gjaldfærðar meðal annars rekstrarkostnaðar eftir því sem þær falla til, að teknu tilliti til frestaðs söluhagnaðar, sjá skýringu 3.f.(iv).

n. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar réttur til arðs hefur stofnast.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og lántökukostnaði af lánum og eru færð samkvæmt aðferð virkra vaxta. Gengismunur gjaldmiðla er færður nettó í rekstrarreikningi meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir því sem við á.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

o. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema hann varði liði sem færðir eru beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á upgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára, ef við á.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

p. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við veginn meðalfjölda virkra hluta á árinu. Ekki hafa verið gerðir kaupréttarsamningar við starfsmenn eða gefnir út fjármálagerningar svo sem breytanleg skuldabréf sem kynnu að leiða til þynningar á hagnaði á hlut. Þynntur hagnaður á hlut er því sá sami og grunnhagnaður á hlut.

q. Nýir staðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið hafa gildi fyrir þau tímabil sem ársreikningurinn nær yfir. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2012, en heimilt er að taka upp fyrr. Ekki er talið að þessir staðlar og túlkanir muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

4. Ákvörðun gangvirðis

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði. Auk þess gera alþjóðlegir reikningsskilastaðlar kröfur um að upplýst sé í ársreikningnum um gangvirði fjáreigna og fjárskulda þó þessir liðir séu ekki færðir á gangvirði. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun gangvirðis eigna eða skulda að finna í skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

(i) **Eignarhlutir í öðrum félögum**

Þegar um er að ræða eignarhlut í félagi sem skráð er á virkum markaði er stuðst við skráð markaðsverð á reikningsskiladegi. Þegar um er að ræða óskráð bréf er gangvirði reiknað með notkun verðmatslíkana sem byggja á bókfærðri hlutdeild í eigin fé félaganna.

(ii) **Viðskiptakröfur og aðrar kröfur**

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi. Skammtímakröfur eru þó ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.

(iii) **Skuldir við lánastofnanir og aðrar fjárskuldir**

Gangvirði skulda við lánastofnanir, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi. Skammtímaskuldir eru þó ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.





5. Fjáreignir og fjárskuldir

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í ákveðna flokka. Flokkun fjáreigna og fjárskulda hefur áhrif á það hvernig viðkomandi fjármálagerningar eru metnir eftir upphaflega skráningu í bókhald. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er sem hér segir:

* Fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði
* Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði
* Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða flokki fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra:

| 31. desember 2012 | Tilgreint á gangvirði | Lán og kröfur | Aðrar fjárskuldir | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Eignir: | | | | |
| Handbært fé | | 2.507.504 | | 2.507.504 |
| Viðskiptakröfur | | 4.208.932 | | 4.208.932 |
| Kröfur á tengda aðila | | 23.290 | | 23.290 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 2.275.553 | | 2.275.553 |
| Skuldabréfaeign | 77.889 | | | 77.889 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 131.549 | | | 131.549 |
| | 209.438 | 9.015.279 | | 9.224.717 |
| Skuldir: | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | | 7.820.000 | 7.820.000 |
| Skuldir við hið opinbera | | | 2.588.252 | 2.588.252 |
| Viðskiptaskuldir | | | 1.079.868 | 1.079.868 |
| Skuldir við tengda aðila | | | 47.224 | 47.224 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | | 1.203.765 | 1.203.765 |
| | | | 12.739.109 | 12.739.109 |

| 31. desember 2011 | Tilgreint á gangvirði | Lán og kröfur | Aðrar fjárskuldir | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Eignir: | | | | |
| Handbært fé | | 2.191.295 | | 2.191.295 |
| Viðskiptakröfur | | 4.297.163 | | 4.297.163 |
| Kröfur á tengda aðila | | 53.774 | | 53.774 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 578.356 | | 578.356 |
| Skuldabréfaeign | 102.054 | | | 102.054 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 91.318 | | | 91.318 |
| | 193.371 | 7.120.588 | | 7.313.959 |
| Skuldir: | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | | 8.386.667 | 8.386.667 |
| Skuldir við hið opinbera | | | 2.716.484 | 2.716.484 |
| Viðskiptaskuldir | | | 1.137.553 | 1.137.553 |
| Skuldir við tengda aðila | | | 58.851 | 58.851 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | | 460.351 | 460.351 |
| | | | 12.759.906 | 12.759.906 |

6. Stýring fjárhagslegar áhættu

*Yfirlit*

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins.

* Lánsáhætta
* Lausafjáráhætta
* Markaðsáhætta (verðáhætta, gengisáhætta og vaxtaáhætta)
* Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og stýra áhættunni. Tölulegar upplýsingar er að finna víða í ársreikningnum.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að lágmarka þá áhættu sem það býr við með því að greina áhættuna, meta viðmið og hafa eftirlit með henni. Áhættustýringarstefna félagsins var samþykkt af stjórn 27. febrúar 2013.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á því að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálgerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna og annarra krafna.

Lánsáhætta ræðst einkum af, aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í en það eru samgöngur, sjávarútvegur og verktakar. Um 43% (2011: 39%) af stöðu viðskiptakrafna í árslok er vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins. Þar af nam staða stærsta viðskiptavinarins 19% (2011: 14%).

Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti. Allir viðskiptavinir félagsins sem eru í lánaviðskiptum eru með lánamörk á viðskiptareikningi sem þeir geta ekki farið yfir. Lögaðilar þurfa almennt að leggja fram sjálfskuldarábyrgð eiganda sem nemur tveggja mánaða úttekt. Þetta á þó ekki við stærri aðila sem eru með gott lánshæfismat hjá CreditInfo.

Félagið færir niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Bæði er um að ræða sérstaka niðurfærslu vegna einstakra viðskiptamanna og almenna niðurfærslu. Við mat á virðisrýrnun vegna almennrar niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og almennu efnahagsástandi.

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið lendi í erfiðleikum með að standa við fjárskuldbindingar sem gerðar verða upp með handbæru fé eða öðrum fjáreignum. Markmið félagsins er að hafa ætíð nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum þegar þær falla til.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í árslok 2012. Stjórnendur félagsins telja það vera vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Endurgreiðslutími langtímalána er 15 ár. Félagið hefur einnig aðgang að 3 milljarða lánalínu til 2 ára.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta samanstendur af verðáhættu, vaxtaáhættu og gengisáhættu. Markmið félagsins er að stýra og takmarka markaðsáhættu við skilgreind mörk.

*Verðáhætta*

Veigamikil markaðsáhætta félagsins er verðáhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olíu en heimsmarkaðsverð hefur undanfarin ár verið afar sveiflukennt. Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði endurspeglast í örum verðbreytingum á þjónustustöðvum félagsins. Dregið er úr verðáhættu í sérsamningum við stærstu viðskiptavini félagsins.





6. Stýring fjárhagslegar áhættu, frh.:

Lánsáhætta, frh.:

*Gengisáhætta*

Öll viðskipti félagsins í erlendum myntum mynda gengisáhættu. Við mat á gengisáhættu er horft til greiðsluáhættu og uppgjörsáhættu. Markmiðið er að stýra gengisáhættu með þeim hætti að hagur félagsins sé sem best tryggður. Stærsti hluti innflutnings er kaup á olíu af erlendum birgjum í USD, en salan er að stórum hluta í ISK. Sala í ISK er 59% (2011: 64%), USD 40% (2011: 34%) og aðrar myntir 1% (2011: 2%).

*Vaxtaáhætta*

Félagið býr við sjóðstreymisáhættu vegna vaxtabreytinga fjárskulda sem eru með breytilegum vöxtum. Eins og að framan greinir leitast félagið til að hafa ávallt nægt laust fé til að mæta fjárskuldbindingum sínum. Langtímalán félagsins er óverðtryggt og lánalínan einnig.

*Önnur verðáhætta*

Önnur verðáhætta sem kemur til vegna fjármálagerninga sem færðir eru á gangvirði er ekki veruleg því fjárfestingar félagsins í öðrum félögum og skuldabréfaeign er ekki verulegur hluti efnahagsreiknings eða 1,0% í árslok 2012 (2011: 1,2%).

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi félagsins. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna, tækni og skipulag sem beitt er.

Til að draga úr rekstraráhættu hefur meðal annars verið komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, haft er eftirlit með lánsviðskiptum og fylgni við lög og þjálfun starfsfólks. Hluti af því að draga úr áhættu er rekstur N1-skólans þar sem starfsmenn fá viðeigandi þjálfun tengda störfum þeirra fyrir félagið. Innleiddir hafa verið virkir verkferlar og reglur um afritatöku upplýsingakerfa. Þá eru unnar markvissar rekstraráætlanir og mánaðarleg uppgjör og frávik frá samþykktum áætlunum greind.

7. Starfsþáttayfirlit

Á árinu 2011 hófst vinna við endurskilgreiningu starfsþátta félagsins. Starfsþáttum félagsins var áður skipt í fyrirtækjasvið og neytendasvið. Ný framsetning starfsþátta mun grundvallast á breyttum áherslum í skýrslugjöf til lykilstjórnenda félagsins. Vegna skipulagsbreytinga undir lok ársins þar sem tiltekinn rekstur var færður í dótturfélag mun vinna við starfsþáttayfirlit þurfa að taka breytingum og af þeim sökum birtir félagið ekki starfsþáttayfirlit í þessum ársreikningi.

8. Framlegð af vörusölu

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 5.154.629 | 4.834.987 |
| Aðrar vörur | 4.619.139 | 4.572.606 |
| Framlegð af vörusölu samtals | 9.773.768 | 9.407.593 |

9. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Laun | 3.328.218 | 3.190.054 |
| Lífeyrisiðgjöld | 303.290 | 291.463 |
| Önnur launatengd gjöld | 310.618 | 320.866 |
| Annar starfsmannakostnaður | 114.580 | 107.691 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður samtals | 4.056.706 | 3.910.074 |
| Starfsmannafjöldi að meðaltali í heilsársstörfum | 663 | 672 |
| Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf | 559 | 580 |

## 10. Þóknanir til endurskoðenda félagsins

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 13.973 | 10.890 |
| Könnun árshlutareikninga | 2.477 | 6.049 |
| Önnur þjónusta | 510 | 0 |
| Þóknanir til endurskoðenda samtals | 16.960 | 16.939 |

## 11. Sölu- og dreifingarkostnaður

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Dreifingarkostnaður | 1.312.263 | 1.193.886 |
| Markaðskostnaður | 264.804 | 326.169 |
| Viðhaldskostnaður | 264.591 | 163.895 |
| Sölu- og dreifingarkostnaður samtals | 1.841.658 | 1.683.950 |

## 12. Annar rekstrarkostnaður

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 270.682 | 332.394 |
| Rekstur húsnæðis | 397.613 | 368.661 |
| Skuldbinding vegna frjálsra skráninga fasteigna | ( 73.988) | 218.000 |
| Leigugjöld | 230.644 | 225.855 |
| Tölvu- og hugbúnaður | 210.711 | 207.817 |
| Afskriftir og niðurfærsla viðskiptakrafna (sjá skýringu 32) | 66.575 | 96.791 |
| Annar kostnaður | 320.432 | 441.433 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 1.422.669 | 1.890.951 |

Samkvæmt samkomulagi kröfuhafa 2011 um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins var ákveðið að leiga að fjárhæð 550 millj. kr. skyldi ekki reiknuð af fasteignum sem félagið leigði af Umtaki fasteignafélagi ehf., frá 1. janúar 2011 til 30. júní 2011.

## 13. Afskriftir og virðisrýrnun

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Afskriftir óefnislegra eigna | 60.199 | 60.199 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 881.214 | 760.351 |
| Virðisrýrnun rekstrarfjármuna | 0 | 1.988.000 |
| Afskriftir og virðisrýrnun samtals | 941.413 | 2.808.550 |

## 14. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 58.653 | 30.672 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign | 12.066 | 26.748 |
| Vaxtatekjur af kröfum | 76.279 | 63.975 |
| Gengishagnaður gjaldmiðla | 128.631 | 207.080 |
| Arðstekjur | 1.999 | 2.000 |
| Fjármunatekjur samtals | 277.628 | 330.475 |

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld og verðbætur | 713.482 | 398.102 |
| Fjármagnsgjöld samtals | 713.482 | 398.102 |





## 14. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, frh.:

Samkvæmt samkomulagi kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins 2011 var ákveðið að miðað skyldi við að allar vaxtaberandi skuldir, að frátöldu víkjandi láni frá tengdum aðila, skyldu ekki bera vexti frá 1. janúar 2011 til 30. júní 2011. Vaxtagjöld sem ella hefðu fallið til á fyrstu sex mánuðum ársins 2011 hefðu numið 429 millj. kr. Verðbætur og gengismunur á sama tímabili hefðu numið 198 millj. kr.

## 15. Fjárhagsleg endurskipulagning

Fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins lauk með frjálsum nauðasamningum 24. júní 2011. Kröfuhafar félagsins tóku félagið yfir, en hlutafé fyrri hluthafa var afskrifað að fullu. Uppgjör skulda með útgáfu eigin fjár var fært í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Samkvæmt þeim skal eigið fé, sem gefið er út til uppgjörs skulda, fært á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Í samningum félagsins og kröfuhafa var gangvirði eigin fjár 14,0 milljarðar kr. Mismunur á gangvirði útgefins hlutafjár og annars endurgjalds annars vegar og bókfærðrar stöðu þeirra skulda sem gerðar voru upp hins vegar var færður í rekstrarrekning. Ein af forsendum nauðasamningsins var að félagið keypti fasteignir Umtaks fasteignafélags ehf. og samhliða því var óuppsegjanlegur leigusamningur til 30 ára frá 1. janúar 2007 milli Umtaks fasteignafélags ehf. og félagsins að fjárhæð 1,1 milljarður kr. gerður upp. Á tímabilinu 1. janúar 2011 til 30. júní 2011 var hvorki reiknuð leiga (sjá skýringu 12) né vaxtagjöld af lánasamningum (sjá skýringu 14) í samræmi samkomulag kröfuhafa frá 7. apríl 2011. Fjárhagsleg áhrif endurskipulagningar voru sem hér segir:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Keyptar fasteignir | 0 | 9.500.000 |
| Tekin ný lán | 0 | ( 8.500.000) |
| Greitt með útgáfu hlutafjár | 0 | ( 14.000.000) |
| Uppgerðar skuldir | 0 | 17.860.085 |
| Rekstrarleg áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 0 | 4.860.085 |
| Önnur áhrif endurskipulagningar | 0 | ( 55.540) |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar samtals | 0 | 4.804.545 |

## 16. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Tekjuskattur til greiðslu | 220.332 | 0 |
| Frestaður tekjuskattur | 15.259 | ( 129.753) |
| | 235.591 | ( 129.753) |

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 2012 % | 2012 | 2011 % | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.396.451 | | 4.406.481 |
| Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall | 20,0% | 279.290 | 20,0% | 881.296 |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 0,1% | 1.888 | 2,5% | 108.722 |
| Óskattskyldar tekjur | ( 1,8% ) | ( 25.233) | ( 6,0% ) | ( 265.461) |
| Bakfærð niðurfærsla skatteignar | 0,0% | 0 | ( 11,7% ) | ( 514.000) |
| Liðir sem ekki koma fram í rekstrarreikningi | ( 1,5% ) | ( 20.254) | ( 8,4% ) | ( 368.592) |
| Aðrar breytingar | ( 0,0% ) | ( 100) | 0,6% | 28.282 |
| Virkur tekjuskattur | 16,9% | 235.591 | ( 2,9% ) | ( 129.753) |

## 17. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa félagsins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem félagið hefur hvorki gert kaupréttarsamninga né gefið út skuldabréf eða tekið lán sem eru breytanleg í hlutabréf.

17. Hagnaður á hlut, frh.:

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Hagnaður ársins | 1.160.860 | 4.536.234 |
| Hlutafé í ársbyrjun | 1.000.000 | 6.000.000 |
| Afskrift hlutafjár | 0 | ( 3.100.000) |
| Útgáfa nýrra hluta | 0 | 516.667 |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta | 1.000.000 | 3.416.667 |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum | 1,16 | 1,33 |

18. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig:

| | Hugbúnaður | Vörumerki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Heildarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2011 | 482.439 | 230.850 | 713.289 |
| Viðbætur á árinu | 4.124 | 0 | 4.124 |
| Heildarverð 31.12.2011 | 486.563 | 230.850 | 717.413 |
| Heildarverð 31.12.2012 | 486.563 | 230.850 | 717.413 |
| **Afskriftir** | | | |
| Afskrifað 1.1.2011 | 101.903 | 34.628 | 136.531 |
| Afskriftir ársins | 48.657 | 11.542 | 60.199 |
| Afskrifað alls 31.12.2011 | 150.560 | 46.170 | 196.730 |
| Afskriftir ársins | 48.657 | 11.542 | 60.199 |
| Afskrifað alls 31.12.2012 | 199.217 | 57.712 | 256.929 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð 1.1.2011 | 380.536 | 196.222 | 576.758 |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 336.003 | 184.680 | 520.683 |
| Bókfært verð 31.12.2012 | 287.346 | 173.138 | 460.484 |
| Afskriftahlutföll | 10% | 5% | |

19. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir, virðisrýrnun þeirra og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir, skilti og geymar | Innréttingar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Heildarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2011 | 2.548.282 | 3.489.421 | 6.037.703 |
| Viðbætur á árinu | 9.629.226 | 401.038 | 10.030.264 |
| Endurflokkun eigna | ( 250.050) | 250.050 | 0 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 47.093) | ( 284.172) | ( 331.265) |
| Heildarverð 31.12.2011 | 11.880.365 | 3.856.337 | 15.736.702 |
| Viðbætur á árinu | 1.127.872 | 412.592 | 1.540.464 |
| Leiðrétt heildarverð vegna fyrri ára | 0 | 49.489 | 49.489 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 1.200.467) | ( 136.238) | ( 1.336.705) |
| Heildarverð 31.12.2012 | 11.807.770 | 4.182.180 | 15.989.950 |





19. Rekstrarfjármunir, frh.:

Rekstrarfjármunir, virðisrýrnun þeirra og afskriftir greinast þannig, frh.:

| | Fasteignir, skilti og geymar | Innréttingar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | |
| Afskrifað 1.1.2011 | 310.498 | 1.863.080 | 2.173.578 |
| Afskriftir ársins | 269.567 | 490.784 | 760.351 |
| Virðisrýrnun | 1.988.000 | 0 | 1.988.000 |
| Endurflokkun eigna | ( 22.219) | 22.219 | |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 49.975) | ( 249.759) | ( 299.733) |
| Afskrifað alls 31.12.2011 | 2.495.872 | 2.126.324 | 4.622.196 |
| Afskriftir ársins | 502.306 | 378.908 | 881.214 |
| Leiðréttar afskriftir vegna fyrri ára | 0 | 49.489 | 49.489 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 24.423) | ( 128.508) | ( 152.931) |
| Afskrifað alls 31.12.2012 | 2.973.755 | 2.426.213 | 5.399.968 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð 1.1.2011 | 2.237.784 | 1.626.341 | 3.864.125 |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 9.384.493 | 1.730.013 | 11.114.506 |
| Bókfært verð 31.12.2012 | 8.834.015 | 1.755.967 | 10.589.982 |
| Afskriftahlutföll | 3-10% | 6-20% | |

Í árslok 2011 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á fasteignum félagsins sem leiddi til færslu virðisrýrnunar að fjárhæð 1.988 millj. kr. Virðisrýrnunin var færð í rekstrarreikning. Ítarlegar upplýsingar um forsendur virðisrýrnunarprófsins, niðurstöður þess og mögulega bakfærslu virðisrýrnunar síðar er að finna í ársreikningi félagsins fyrir árið 2011 sem hægt er að nálgast á heimasíðu þess, www.n1.is. Ekki voru til staðar vísbendingar um frekari virðisrýrnun fasteigna félagsins eða annarra varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2012.

Félagið seldi á árinu fasteign sína að Klettagörðum 13, áætlaður söluhagnaður nemur 328 millj. kr. að teknu tilliti til skuldbindingar félagsins um endurbætur á húsnæðinu. Samhliða sölunni leigði félagið fasteignina til baka til 10 ára með heimild til að kaupa eignina aftur eftir 5 ár og í lok leigutíma á framreiknuðu söluverði. Leigusamningurinn flokkast sem rekstrarleigusamningur. Í ljósi þess að söluverð var umfram gangvirði eignarinnar er mismuni söluverðs og gangverðs dreift línulega á leigutíma eignarinnar. Frestaður söluhagnaður er færður til skuldar sem fyrirfram innheimtar tekjur, 295 millj.kr. meðal langtímaskulda og 33 millj.kr. meðal annarra skammtímaskulda.

### Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingaverð og fasteignamat rekstrarfjármuna nam í árslok:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Fasteignamat fasteigna | 5.187.446 | 5.215.625 |
| Brunabótamat fasteigna | 8.775.137 | 9.026.696 |
| Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja og innréttinga | 2.394.138 | 2.155.699 |
| Vátryggingarverðmæti vörubirgða | 3.300.665 | 3.188.000 |

Hlutdeildarfélagið Olíudreifing ehf. tryggir þann hluta fljótandi vörubirgða sem er í vörslu þess. Þær birgðir eru hluti birgða í efnahagsreikningi félagsins, en eru ekki meðtaldar í ofangreindu vátryggingarverðmæti.

### Veðsettar eignir

Félagið hefur veðsett allar fasteignir til tryggingar á sambankaláni frá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. og er félaginu óheimilt samkvæmt þeim lánasamningi að veðsetja aðra rekstrarfjármuni.

Félagið er með lánalínu hjá Íslandsbanka hf. að fjárhæð 3.019 millj. kr. og eru birgðir og viðskiptakröfur að fjárhæð 3.586 millj. kr. að veði. Lánalínan er ekki nýtt í árslok 2012.

20. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| Árið 2012 | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Olíudreifing ehf. | 60,0% | 249.000 | 861.696 |
| Malik Supply A/S, Danmörku | 49,0% | 24.021 | 416.581 |
| EAK ehf. | 33,3% | 6.000 | 17.274 |
| Eignarhlutir í 4 hlutdeildarfélögum | - | 1.340 | 14.975 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals í árslok | | | 1.310.526 |

Breyting á bókfærðu verði hlutdeildarfélaga á árinu:

| | |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.205.854 |
| Hlutdeild í afkomu | 74.849 |
| Þýðingarmunur | 29.824 |
| Bókfært verð í árslok | 1.310.526 |
| | |
| Heildareignir hlutdeildarfélaga | 5.956.249 |
| Heildarskuldir hlutdeildarfélaga | 3.850.521 |
| | |
| Tekjur hlutdeildarfélaga samtals | 3.495.748 |
| Gjöld hlutdeildarfélaga samtals | 3.370.896 |
| Hagnaður hlutdeildarfélaga samtals | 124.852 |
| | |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga samtals | 74.849 |

| Árið 2011 | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Olíudreifing ehf. | 60,0% | 666.000 | 818.274 |
| Malik Supply A/S, Danmörku | 49,0% | 24.021 | 353.918 |
| EAK ehf. | 33,3% | 6.000 | 17.024 |
| Eignarhlutir í 4 hlutdeildarfélögum | - | 3.340 | 16.638 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals í árslok | | | 1.205.854 |

Breyting á bókfærðu verði hlutdeildarfélaga á árinu:

| | |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.311.463 |
| Hlutdeild í afkomu | 432.454 |
| Virðisrýrnun | ( 61.502) |
| Arður | ( 32.769) |
| Lækkun hlutafjár | ( 417.000) |
| Þýðingarmunur | ( 26.792) |
| Bókfært verð í árslok | 1.205.854 |
| | |
| Heildareignir hlutdeildarfélaga | 5.930.003 |
| Heildarskuldir hlutdeildarfélaga | 3.994.886 |
| | |
| Tekjur hlutdeildarfélaga samtals | 3.200.883 |
| Gjöld hlutdeildarfélga samtals | 2.604.206 |
| Hagnaður (tap) hlutdeildarfélaga samtals | 596.677 |
| | |
| Hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga samtals | 370.952 |





20. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum, frh.:
Félagið á 60% hlut í Olíudreifingu ehf. Félagið hefur ekki yfirráð yfir Olíudreifingu ehf. sem er því ekki dótturfélag félagsins. Það er vegna þess að samkeppnisyfirvöld ákváðu að félagið yrði að hafa stjórnarmenn óháða N1 hf. Umsvif N1 hf hafa hins vegar veruleg áhrif á starfsemi Olíudreifingar ehf. og beitir samkvæmt því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutar síns í félaginu.

Í árslok 2011 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á danska hlutdeildarfélaginu Malik Supply A/S sem leiddi til gjaldfærslu að fjárhæð 62 millj. kr. og samsvarandi lækkunar á bókfærðu verði eignarhlutarins.

21. Eignarhlutir í öðrum félögum
Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| Árið 2012 | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Icelandair Group hf. | 0,3% | 15.526 | 127.627 |
| Eignarhlutir í 13 öðrum félögum | | | 3.922 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals í árslok | | | 131.549 |

| Árið 2011 | | | |
|---|---|---|---|
| Icelandair Group hf. | 0,3% | 15.526 | 78.098 |
| Nýherji hf. | 0,5% | 1.981 | 10.814 |
| Eignarhlutir í 13 öðrum félögum | | | 2.407 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals í árslok | | | 91.318 |

Eignarhlutir í félögum eru færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrareikning sem „gangvirðisbreyting hlutabréfa“. Móttekinn arður er færður meðal fjármunatekna. Hlutabréf Icelandair Group hf. og Nýherja hf. eru skráð í Kauphöll Íslands og er gangvirði þeirra í árslok skráð markaðsverð þeirra. Gangvirði eignarhluta í öðrum félögum er metið með verðmatslíkönum sem byggja á bókfærðri hlutdeild í eigin fé félaganna.

22. Skatteign
Skatteign greinist þannig á einstaka liði:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **Eign** | | |
| Rekstrarfjármunir | 193.438 | 273.697 |
| Viðskiptakröfur | 8.302 | 57.483 |
| Frestaður söluhagnaður | 101.790 | 0 |
| Aðrir liðir | 15.712 | 42.908 |
| | 319.242 | 374.088 |
| **Skuld** | | |
| Óefnislegar eignir | 60.861 | 62.555 |
| Gengismunur | 30.955 | 68.848 |
| | 91.816 | 131.403 |
| | | |
| Skatteign | 227.426 | 242.685 |

## 23. Birgðir

Birgðir í árslok greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 3.654.720 | 3.138.630 |
| Aðrar vörur | 2.300.721 | 2.790.988 |
| Birgðir samtals | 5.955.441 | 5.929.618 |

Á árinu 2012 nam gjaldfærð lækkun annarra vara niður í hreint söluvirði 205 millj.kr. (2011: 61 millj.kr). Gjaldfærslan var færð meðal kostnaðarverðs seldra vara. Í lok árs nemur niðurfærsla annarra vara 338 millj.kr

## 24. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur í árslok greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Nafnverð viðskiptakrafna | 4.403.466 | 4.486.994 |
| Skuldabréfaeign | 71.892 | 87.296 |
| Niðurfærsla vegna viðskiptakrafna sem kunna að tapast | (266.426) | (277.127) |
| Bókfært verð viðskiptakrafna | 4.208.932 | 4.297.163 |

Í skýringu 32 er að finna frekari upplýsingar um virðisrýrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna.

## 25. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur í árslok greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 264.699 | 190.287 |
| Inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera | 314.964 | 366.934 |
| Óinnheimt söluandvirði fasteigna | 1.588.000 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 107.890 | 21.135 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 2.275.553 | 578.356 |

## 26. Eigið fé

**(i) Hlutafé**

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.000 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

**(ii) Yfirverðsreikningur hlutafjár**

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar hafa lagt til félagsins umfram nafnverð hlutafjár, að frádregnum 1.135 millj. kr. sem notaðar voru til að jafna tap.

**(iii) Endurmatsreikningur**

Á endurmatsreikning er færð hlutdeild félagsins í endurmati fasteigna hlutdeildarfélags.

**(iv) Þýðingarmunur**

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlends hlutdeildarfélags.

**(v) Óráðstafað eigið fé**

Hagnaður (tap) ársins er fært til hækkunar (lækkunar) á óráðstöfuðu eigin fé. Arðgreiðslur eru færðar til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.





## 27. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig í árslok:

| | 2012 | | 2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | Vaxtakjör | Bókfært verð | Vaxtakjör | Bókfært verð |
| Óverðtryggt lán í ISK með breytilegum vöxtum | 8,50% | 7.820.000 | 7,05% | 8.386.667 |
| Næsta árs afborganir | | (566.667) | | (566.667) |
| Langtímaskuldir samtals | | 7.253.333 | | 7.820.000 |

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Árið 2012 | 0 | 566.667 |
| Árið 2013 | 566.667 | 566.667 |
| Árið 2014 | 566.667 | 566.667 |
| Árið 2015 | 566.667 | 566.667 |
| Árið 2016 | 566.667 | 566.667 |
| Árið 2017 | 566.667 | 566.667 |
| Til greiðslu síðar | 4.986.667 | 4.986.667 |
| | 7.820.000 | 8.386.667 |

## 28. Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar greinast þannig í árslok:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Skuldbinding vegna frjálsra skráninga fasteigna | 0 | 218.000 |
| Aðrar skuldbindingar | 0 | 26.146 |
| Aðrar skuldbindingar samtals | 0 | 244.146 |

## 29. Skuldir við hið opinbera

Skuldir við hið opinbera samanstanda af ógreiddum virðisaukaskatti og tolli af innflutningi, olíugjaldi, bensíngjaldi, kolefnisgjaldi og öðrum opinberum gjöldum.

## 30. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig í árslok:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 910.373 | 981.161 |
| Skuldbinding vegna vildarpunkta | 169.495 | 156.392 |
| Viðskiptaskuldir samtals | 1.079.868 | 1.137.553 |

## 31. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í árslok:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 177.510 | 134.237 |
| Ógreitt áfallið orlof | 239.338 | 236.429 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 103.398 | 89.685 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 221.038 | 0 |
| Ógreitt vegna kaupa á rekstrarfjármunum | 380.000 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 82.481 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 1.203.765 | 460.351 |

32. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bera lánsáhættu er bókfært verð þeirra, sem var eins og hér greinir í árslok:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Skuldabréfaeign | 77.889 | 102.054 |
| Viðskiptakröfur | 4.208.932 | 4.297.163 |
| Kröfur á tengda aðila | 23.290 | 53.774 |
| Aðrar skammtímakröfur | 2.010.854 | 388.069 |
| Handbært fé | 2.507.504 | 2.191.295 |
| | 8.828.469 | 7.032.354 |

Um 43% (2011: 39%) af stöðu viðskiptakrafna í árslok er vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins. Þar af nam staða stærsta viðskiptavinarins 19% (2011: 14%).

Aldursgreining viðskiptakrafna og virðisrýrnun

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

| Árið 2012 | Nafnverð | Niðurfærsla | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Ógjaldfallið | 3.600.120 | ( 53.064) | 3.547.056 |
| Gjaldfallið innan 30 daga | 463.100 | ( 20.956) | 442.144 |
| Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum | 215.363 | ( 67.530) | 147.833 |
| Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum | 196.775 | ( 124.876) | 71.899 |
| | 4.475.358 | ( 266.426) | 4.208.932 |
| **Árið 2011** | | | |
| Ógjaldfallið | 3.545.308 | ( 50.022) | 3.495.286 |
| Gjaldfallið innan 30 daga | 534.589 | ( 7.594) | 526.995 |
| Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum | 255.296 | ( 67.602) | 187.694 |
| Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum | 239.097 | ( 151.909) | 87.188 |
| | 4.574.290 | ( 277.127) | 4.297.163 |

| Virðisrýrnun krafna greinist þannig: | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 277.127 | 351.711 |
| Endanlega tapaðar kröfur á árinu | ( 77.276) | ( 171.375) |
| Gjaldfærð virðisrýrnun á árinu | 66.575 | 96.791 |
| Staða í árslok | 266.426 | 277.127 |

Viðskiptakröfur félagsins greinast þannig í árslok eftir viðskiptavinum:

| Árið 2012 | Nafnverð | Sérgreind niðurfærsla | Almenn niðurfærsla | Bókfært verð í árslok |
|---|---|---|---|---|
| Sjávarútvegur | 681.164 | ( 45.165) | ( 7.862) | 628.137 |
| Samgöngur | 1.135.452 | ( 12.819) | ( 13.052) | 1.109.581 |
| Verktakar | 447.888 | ( 70.062) | ( 5.139) | 372.687 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 2.084.574 | ( 86.993) | ( 23.844) | 1.973.737 |
| Erlend sala | 126.280 | 0 | ( 1.490) | 124.790 |
| | 4.475.358 | ( 215.039) | ( 51.387) | 4.208.932 |





32. Fjármálagerningar, frh.:

| Árið 2011 | Nafnverð | Sérgreind niðurfærsla | Almenn niðurfærsla | Bókfært verð í árslok |
|---|---|---|---|---|
| Sjávarútvegur | 766.963 | ( 36.515) | ( 10.968) | 719.480 |
| Samgöngur | 942.101 | ( 5.212) | ( 13.472) | 923.417 |
| Verktakar | 457.322 | ( 49.623) | ( 6.540) | 401.159 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 2.098.680 | ( 119.395) | ( 28.952) | 1.950.333 |
| Erlend sala | 309.224 | ( 2.127) | ( 4.323) | 302.774 |
| | 4.574.290 | ( 212.872) | ( 64.255) | 4.297.163 |

Lausafjáráhætta

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvenær samningsbundnar framtíðargreiðslur vaxtaberandi fjárskulda félagsins falla til. Greiðsluflæðið innifelur áætlaða framtíðarvexti.

| Árslok 2012 | Innan árs | Eftir 1 - 2 ár | Eftir 3 - 5 ár | Eftir meira en 5 ár |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 1.219.386 | 1.170.518 | 3.219.957 | 6.906.389 |
| Skuldir við hið opinbera | 2.588.252 | | | |
| Viðskiptaskuldir | 1.079.868 | | | |
| Skuldir við tengda aðila | 47.224 | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.203.765 | | | |
| | 6.138.495 | 1.170.518 | 3.219.957 | 6.906.389 |
| **Árslok 2011** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 1.146.856 | 1.108.016 | 3.082.194 | 7.524.930 |
| Skuldir við hið opinbera | 2.716.484 | | | |
| Viðskiptaskuldir | 1.137.553 | | | |
| Skuldir við tengda aðila | 58.851 | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 460.351 | | | |
| | 5.520.096 | 1.108.016 | 3.082.194 | 7.524.930 |

Langtímalán félagsins inniheldur fjárhagsleg skilyrði um eiginfjárhlutfall, greiðsluhæfi, fjárfestingar og skuldsetningu. Verði fjárhagsleg skilyrði ekki uppfyllt verður lánið greiðslukræft. Jafnframt hefur skuldsetning félagsins áhrif á vaxtaálag.

Gengisáhætta

Áhætta félagsins vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í árslok:

| Árið 2012 | USD | EUR | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Skuldabréfaeign | 0 | 0 | 33.360 | 33.360 |
| Viðskiptakröfur | 1.169.700 | 17.227 | 4.248 | 1.191.175 |
| Handbært fé | 1.186.923 | 220 | 1.655 | 1.188.798 |
| Viðskiptaskuldir | ( 24.331) | ( 93.983) | ( 89.440) | ( 207.753) |
| Áhætta í efnahagsreikningi | 2.332.293 | ( 76.536) | ( 50.178) | 2.205.579 |
| **Árið 2011** | | | | |
| Skuldabréfaeign | 0 | 0 | 31.318 | 31.318 |
| Viðskiptakröfur | 1.120.906 | 21.502 | 186.450 | 1.328.859 |
| Handbært fé | 1.218.624 | 64.682 | 414 | 1.283.720 |
| Viðskiptaskuldir | ( 9.584) | ( 151.111) | ( 114.950) | ( 275.645) |
| Áhætta í efnahagsreikningi | 2.329.946 | ( 64.927) | 103.233 | 2.368.252 |

32. Fjármálagerningar, frh.:

Næmnigreining

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum í árslok myndi hafa hækkað (lækkað) afkomu félagsins fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir.

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| USD | ( 233.229) | ( 232.995) |
| EUR | 7.654 | 6.493 |
| Aðrar myntir | 5.018 | ( 10.323) |
| Samtals | ( 220.558) | ( 236.825) |

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart þessum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Vaxtaáhætta

Hækkun á vöxtum á uppgjörsdegi um eitt prósentustig (100 punkta) myndi lækka afkomu um 78 millj. kr. fyrir tekjuskatt vegna áhrifa á lántökur félagsins sem bera breytilega vexti. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Lækkun vaxta um eitt prósentustig myndi hafa sömu áhrif en í gagnstæða átt.

33. Rekstrarleigusamningar

Húsaleiguskuldbindingar

Félagið er með húsnæði á leigu frá ýmsum aðilum og er heildarskuldbinding vegna þess 2.053 millj. kr. til ársins 2020 (2011: 1.077 millj. kr. til ársins 2020). Framtíðarleigugreiðslur greinast þannig í árslok:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Innan árs | 282.945 | 233.108 |
| Eftir 1 - 5 ár | 991.877 | 696.353 |
| Eftir meira en 5 ár | 777.820 | 147.280 |
| Samtals | 2.052.642 | 1.076.741 |

Húsaleigutekjur

Félagið leigir út húsnæði til ýmissa aðila. Sumir leigusamninganna eru ótímabundnir, en leigutími annarra samninga er á bilinu eitt til sautján ár. Leigutekjur ársins 2012 námu 148 millj. kr. Áætlaðar leigutekjur ársins 2013 eru 181 millj. kr. Leigusamningarnir eru flestir verðtryggðir. Heildarskuldbinding leigutaka án tillits til framtíðarverðbólgu er eins og greinir hér að neðan. Skuldbinding leigutaka vegna óbundinna samninga er aðeins reiknuð eitt ár fram í tímann.

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Innan árs | 180.612 | 144.302 |
| Eftir 1 - 5 ár | 222.739 | 257.944 |
| Eftir meira en 5 ár | 134.115 | 186.740 |
| Samtals | 537.466 | 588.986 |





34. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Til tengdra aðila félagsins teljast stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn félagsins og stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra.

Viðskipti við tengd félög

Viðskipti við tengd félög greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Keyptar vörur og þjónusta | 1.152.289 | 1.573.520 |
| Seldar vörur og þjónusta | 935.009 | 695.869 |
| Skuldabréfaeign | 44.918 | 32.094 |
| Kröfur í árslok | 22.076 | 53.003 |
| Skuldir í árslok | 47.224 | 58.851 |

Viðskipti við stóra hluthafa

Félagið er með langtímalán frá Íslandsbanka hf. og voru eftirstöðvar þess í árslok 3.050 millj.kr. Á árinu keypti félagið af Íslandsbanka hf. Klettagarða 13 og nam kaupverð 950 millj.kr. og eru 380 millj. kr. af kaupverðinu ógreiddar og færðar meðal annarra skammtímaskulda í árslok.

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur frá hluthöfum | 33.066 | 24.358 |
| Vaxtagjöld til hluthafa | 697.221 | 348.787 |
| Seld þjónusta til hluthafa | 12.215 | 11.303 |
| Kröfur á hluthafa í árslok | 1.214 | 771 |
| Innlán hjá hluthafa í árslok | 2.500.897 | 2.185.191 |

Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Margrét Guðmundsdóttir, formaður stjórnar | 4.800 | 1.800 |
| Helgi Magnússon, stjórnarmaður | 1.500 | 0 |
| Hreinn Jakobsson, stjórnarmaður | 3.300 | 1.800 |
| Kristín Guðmundsdóttir, stjórnarmaður | 3.300 | 1.800 |
| Þór Hauksson, stjórnarmaður * | 3.000 | 0 |
| Jóhann Hjartarson, fyrrverandi formaður stjórnar | 3.849 | 3.600 |
| Jóhannes Karl Sveinsson, fyrrverandi stjórnarmaður | 1.200 | 1.800 |
| Einar Sveinsson, fyrrverandi formaður stjórnar | 0 | 2.400 |
| Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarmaður | 0 | 1.200 |
| Gunnlaugur M. Sigmundsson, fyrrverandi stjórnarmaður | 0 | 1.200 |
| Halldór Jóhannsson, fyrrverandi stjórnarmaður | 0 | 1.200 |
| Jón Benediktsson, fyrrverandi stjórnarmaður | 0 | 1.200 |
| Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri | 19.372 | 0 |
| Hermann Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri | 39.825 | 33.553 |
| Framkvæmdastjórar, fjórir | 84.106 | 77.746 |
| Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda samtals | 164.252 | 129.299 |

* Greitt Framtakssjóði Íslands slhf vegna stjórnarsetu Þórs Haukssonar, starfsmanni sjóðsins.

Engin lán hafa verið veitt stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins.

Viðskipti við aðra tengda aðila

Viðskipti við aðra tengda aðila voru mjög óveruleg á þeim tímabilum sem ársreikningurinn tekur til. Verðlagning á slíkum viðskiptum er sambærileg við önnur viðskipti félagsins.

Viðskipti við starfsmenn

Félagið hefur lánað starfsmönnum sínum vegna almennra vöruviðskipta og voru þau að fjárhæð 31 millj. kr. í árslok 2012 (2011: 38 millj. kr.). Aðrar skuldir starfsmanna við félagið námu 24 millj. kr. í árslok (2011: 34 millj. kr.).

**35. Skuldbindingar og ábyrgðir**

Félagið hefur veðsett allar fasteignir til tryggingar á sambankaláni frá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. og er félaginu óheimilt samkvæmt þeim lánasamningi að veðsetja aðra rekstrarfjármuni.

Félagið er með lánalínu hjá Íslandsbanka hf. að fjárhæð 3.019 millj. kr. og eru birgðir og viðskiptakröfur að fjárhæð 3.586 millj. kr að veði. Lánalínan er ekki nýtt í árslok 2012.

Húsaleiguskuldbindingar félagsins námu 2.053 millj. kr. í lok ársins 2012, sjá skýringu 33.

**36. Kennitölur**

| Helstu kennitölur félagsins: | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils: vörunotkun / vörubirgðir í lok ársins................ | 8,44 | 7,64 |
| Söludagar í viðskiptakröfum: Viðskiptakröfur í lok ársins / seldar vörur og þjónusta. | 26 | 29 |
| Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu....................... | 27,1% | 22,4% |
| Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu.................................................... | 41,5% | 41,6% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu................................................ | 18,8% | 17,9% |
| Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu....................................................... | 14,6% | 20,1% |
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall: veltufjármunir / skammtímaskuldir.................................................. | 2,62 | 2,64 |
| Lausafjárhlutfall: (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir................................. | 1,58 | 1,44 |
| Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA................................................. | 2,04 | 2,98 |
| Greiðsluhæfi: Frjálst sjóðsflæði / heildargreiðsla langtímaláns................................ | 1,25 | 2,00 |
| Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn................................................................ | 52,3% | 50,6% |
| Arðsemi eigin fjár: Afkoma ársins / vegin meðalstaða eigin fjár............................... | 8,3% | 111,5% |

**37. Atburðir eftir lok reikningsskiladags**

Undir lok árs ákvað stjórn N1 hf. að nokkrar sérverslanir félagsins með varahluti, aukahluti í bíla og rekstrarvörur yrðu seldar í dótturfélag. Dótturfélagið, Bílanaust ehf., hóf starfsemi í janúar 2013. Áætlað er að velta Bílanausts ehf. verði um 2.200 millj.kr. Stofnefnahagsreikningur Bílanausts ehf. var 1.131 millj.kr.

# N1 hf.

# Ársreikningur 2011

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

## Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 5 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Eiginfjáryfirlit | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

**Rekstur ársins 2011**
Rekstrartekjur félagsins á árinu 2011 námu 54.701 millj. kr. og jukust um 19,4% milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 4.536 millj. kr. en heildarhagnaður ársins 4.509 millj. kr. Tap fyrir tekjuskatt af kjarnastarfsemi félagsins nam 398 millj. kr. en fjárhagsleg endurskipulagning félagsins, sem nánar er greint frá hér að neðan, hafði í för með sér tekjufærslu að fjárhæð 4.805 millj. kr. Í árslok var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á fasteignum félagsins. Prófið byggðist á mati á rekstrarvirði félagsins, miðað við forsendur stjórnenda þess, einkum varðandi framtíðartekjuvöxt, framlegð rekstrar og meðalávöxtunarkröfu fjármagns (WACC). Notast var við spá vegna næstu fimm ára, en gert ráð fyrir föstum tekjuvexti og framlegð eftir það. Niðurstöður virðisrýrnunarprófsins leiddu til gjaldfærslu í rekstrarreikningi að fjárhæð 1.988 millj. kr. og samsvarandi lækkunar á bókfærðu verði fasteigna, sjá nánar í skýringu 19. Eigið fé félagsins í árslok var 13.323 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að nafnvirði 1.000 millj. kr.

**Fjárhagsleg endurskipulagning**
Fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins lauk með undirritun á frjálsum nauðasamningum á aðalfundi félagsins 24. júní 2011. Kröfuhafar félagsins tóku félagið yfir en hlutafé fyrri hluthafa var afskrifað að fullu. Samkvæmt nauðasamningunum var gefið út nýtt hlutafé að nafnvirði 1.000 millj. kr. en að gangvirði 14.000 millj. kr. Ein af forsendum nauðasamningsins var að félagið keypti allar fasteignir Umtaks fasteignafélags ehf. fyrir 9.500 millj. kr. en um er að ræða fasteignir sem félagið nýtir í rekstri sínum. Rekstrarleg áhrif endurskipulagningarinnar nema 4.805 millj. kr. og eru sýnd sem sérstakur liður í rekstrarreikningi. Nánar er greint frá fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins í skýringu 15 í ársreikningnum.

**Hluthafar**
Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 66 talsins, en þeir voru 2 í upphafi ársins. Við samþykkt ársreikningsins eru hluthafarnir 66 og eiga 3 hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu en þeir eru:

| | |
|---|---|
| Arion banki hf. | 39,0% |
| Íslandsbanki hf. | 25,3% |
| Framtakssjóður Íslands slhf. | 15,8% |

Samkvæmt lánasamningum eru arðgreiðslur óheimilar fram að skráningu félagsins á hlutabréfamarkað sem er fyrirhuguð á árinu 2013. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

**Hlutafé og samþykktir**
Skráð hlutafé félagsins nam 1.000 millj. kr. í lok ársins. Hlutaféð er allt í einum flokki og njóta allir hlutir sömu réttinda.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega til stjórnarinnar að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Samþykktum félagsins má einungis breyta með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á löglegum hluthafafundi, enda sé þess rækilega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst.





**Stjórnunarhættir**
Stjórn N1 hf. setti sér starfsreglur félagsstjórnar eftir að fjárhagslegri endurskipulagningu lauk og er þar leitast við að fylgja góðum stjórnarháttum fyrirtækja. Í starfsreglum stjórnar er að finna skilgreiningu á valdsviði stjórnar og verksvið stjórnar gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, samskipti við hluthafa, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðir og innihald þeirra, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, ráðningu forstjóra, starfsskyldur stjórnar og forstjóra, eftirlitsskyldur stjórnar, reglur um endurskoðun og ársreikning. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur aðilum og þar af eru tveir stjórnarmenn N1 hf. Í starfskjaranefnd sitja tveir stjórnarmenn og er annar formaður stjórnar N1 hf. Á árinu 2011 voru haldnir 9 stjórnarfundur og 2 fundir í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og endurskoðunarnefndar hafa mætt á alla fundi.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**
Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2011, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögga mynd af þróun og árangri í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Kópavogi, 23. mars 2012

**Stjórn N1 hf.**

Jóhann Hjartarson

Margrét Guðmundsdóttir

Kristín Guðmundsdóttir

Hreinn Jakobsson

Þór Hauksson

**Forstjóri**

Hermann Guðmundsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í N1 hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning N1 hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum**
Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórn og forstjóri nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**
Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogi 23. mars 2012

Ernst & Young ehf.

Jóhann Unnsteinsson
löggiltur endurskoðandi



# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 * |
|---|---|---|---|
| Sala | | 54.701.389 | 45.816.067 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 45.293.796) | ( 37.252.687) |
| **Framlegð af vörusölu** | 8 | 9.407.593 | 8.563.380 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 185.503 | 193.248 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 9 | ( 3.910.074) | ( 3.644.849) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | 11 | ( 1.683.950) | ( 1.648.461) |
| Annar rekstrarkostnaður | 12 | ( 1.890.951) | ( 6.703.532) |
| | | ( 7.484.975) | ( 11.996.841) |
| **Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 2.108.121 | ( 3.240.213) |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 13 | ( 2.808.550) | ( 4.991.764) |
| **Rekstrartap** | | ( 700.429) | ( 8.231.977) |
| Fjármunatekjur | 14 | 330.475 | 823.016 |
| Fjármagnsgjöld | 14 | ( 398.102) | ( 1.132.715) |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 21 | 13.103 | 1.243 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 20 | 356.888 | ( 1.532.745) |
| | | 302.365 | ( 1.841.201) |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 15 | 4.804.545 | ( 1.977.554) |
| **Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt** | | 4.406.481 | ( 12.050.731) |
| Tekjuskattur | 16 | 129.753 | 226.504 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 4.536.234 | ( 11.824.227) |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé** | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | ( 26.792) | 0 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals** | | ( 26.792) | 0 |
| **Heildarhagnaður (-tap) ársins** | | 4.509.442 | ( 11.824.227) |
| Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (-tap) á hlut í krónum | 17 | 1,33 | ( 1,97) |

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu, sjá skýringu 3.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 18 | 520.683 | 576.758 |
| Rekstrarfjármunir | 19 | 11.114.506 | 3.864.125 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 20 | 1.183.790 | 1.303.463 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 21 | 113.382 | 94.227 |
| Skatteign | 22 | 242.685 | 112.932 |
| Skuldabréfaeign | | 102.054 | 158.481 |
| Fastafjármunir | | 13.277.099 | 6.109.986 |
| | | | |
| Birgðir | 23 | 5.929.618 | 4.981.798 |
| Viðskiptakröfur | 24 | 4.297.163 | 3.519.021 |
| Kröfur á tengda aðila | | 53.774 | 9.300 |
| Aðrar skammtímakröfur | 25 | 578.356 | 543.318 |
| Handbært fé | | 2.191.295 | 1.733.258 |
| Veltufjármunir | | 13.050.206 | 10.786.695 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 26.327.304 | 16.896.681 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 26 | 1.000.000 | 6.000.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 11.865.427 | 0 |
| Endurmatsreikningur | | 484.617 | 616.601 |
| Þýðingarmunur | | ( 26.792) | 0 |
| Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap) | | 0 | ( 11.802.791) |
| Eigið fé | | 13.323.252 | ( 5.186.190) |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Víkjandi lán frá tengdum aðila | 27 | 0 | 395.516 |
| Skuldir við lánastofnanir | 28 | 7.820.000 | 0 |
| Aðrar skuldbindingar | 29 | 244.146 | 60.485 |
| Langtímaskuldir | | 8.064.146 | 456.001 |
| | | | |
| Skuldir við hið opinbera | 30 | 2.716.484 | 2.085.140 |
| Skuldir við lánastofnanir | 28 | 566.667 | 10.162.058 |
| Skuldabréfaútgáfa | 28 | 0 | 7.446.288 |
| Viðskiptaskuldir | 31 | 1.137.553 | 964.255 |
| Skuldir við tengda aðila | | 58.851 | 324.517 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 32 | 460.351 | 644.612 |
| Skammtímaskuldir | | 4.939.906 | 21.626.870 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 13.004.052 | 22.082.871 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 26.327.304 | 16.896.681 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



# Eiginfjáryfirlit árið 2011

| | Skýr. | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Þýðingar-munur | (Ójafnað tap) óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Árið 2010** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2010 | | 6.000.000 | | 2.144 | 616.601 | | 19.292 | 6.638.037 |
| Tap ársins og heildartap | | | | | | | ( 11.824.227) | ( 11.824.227) |
| Bakfært framlag í lögbundinn varasjóð | | | | ( 2.144) | | | 2.144 | 0 |
| Eigið fé 31.12.2010 | | 6.000.000 | 0 | 0 | 616.601 | 0 | ( 11.802.791) | ( 5.186.190) |
| **Árið 2011** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2011 | | 6.000.000 | 0 | 0 | 616.601 | 0 | ( 11.802.791) | ( 5.186.190) |
| Afskrift hlutafjár | 15 | ( 6.000.000) | | | | | 6.000.000 | 0 |
| Útgefið nýtt hlutafé | 15 | 1.000.000 | 13.000.000 | | | | | 14.000.000 |
| Hagnaður ársins | | | | | | | 4.536.234 | 4.536.234 |
| Jöfnun taps | | | ( 1.134.573) | | | | 1.134.573 | 0 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags | | | | | | ( 26.792) | | ( 26.792) |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags | | | | | ( 131.984) | | 131.984 | 0 |
| Eigið fé 31.12.2011 | | 1.000.000 | 11.865.427 | 0 | 484.617 | ( 26.792) | 0 | 13.323.252 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | | 4.536.234 | ( 11.824.227) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 13 | 2.808.550 | 4.991.764 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 20 | ( 356.888) | 1.532.745 |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 15 | ( 4.804.545) | 1.977.554 |
| Tekjuskattur | 16 | ( 129.753) | ( 226.504) |
| Skuldbinding vegna frjálsra skráninga fasteigna | | 218.000 | 0 |
| Verðbætur langtímalána | | 11.710 | 785.879 |
| Aðrir liðir | | ( 14.248) | 33.837 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 2.269.059 | ( 2.728.952) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun | | ( 947.820) | 37.755 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun | | ( 774.052) | ( 109.625) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun | | 532.176 | 884.513 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 1.189.696) | 812.643 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 1.079.363 | ( 1.916.309) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | ( 530.264) | ( 442.779) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 32.677 | 46.206 |
| Keyptar óefnislegar eignir | | ( 4.124) | 0 |
| Keyptir eignarhlutir í öðrum félögum | | ( 7.052) | ( 30.568) |
| Seldir eignarhlutir í öðrum félögum | | 1.500 | 0 |
| Móttekinn arður | 20 | 32.769 | 17.115 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 474.493) | ( 410.026) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 18.539 |
| Afborganir langtímaskulda | | ( 113.333) | ( 440.000) |
| Greitt vegna nauðasamnings | | ( 33.500) | 0 |
| Kröfur/skuldir við tengda aðila, breyting | | 0 | 2.682.356 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 146.833) | 2.260.895 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 458.037 | ( 65.441) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 1.733.258 | 1.798.699 |
| **Handbært fé í árslok** | | 2.191.295 | 1.733.258 |
| **Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa** | | | |
| Ný langtímalán | | 8.500.000 | |
| Útgefið eigið fé við fjárhagslega endurskipulagningu | | 14.000.000 | |
| Uppgjör langtímaskulda | | ( 17.860.085) | |
| Keyptar fasteignir | 15 | ( 9.500.000) | |
| Uppgjör víkjandi láns við hlutdeildarfélag | | ( 417.000) | |
| Lækkun hlutafjár hlutdeildarfélags | 20 | 417.000 | |
| **Aðrar upplýsingar:** | | | |
| Greiddir vextir og verðbætur | | ( 294.274) | ( 985.213) |
| Mótteknir vextir og verðbætur | | 127.963 | 99.130 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 32 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



# Skýringar

**1. Félagið**

N1 hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

**a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn N1 hf. samþykkti ársreikninginn 23. mars 2012.

**b. Rekstrarhæfi**

Stjórnendur hafa metið rekstrarhæfi félagsins. Það er mat þeirra að í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar sé áframhaldandi rekstur félagsins tryggður og það vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum í fyrirsjáanlegri framtíð. Af þeim sökum er ársreikningurinn settur fram miðað við áframhaldandi starfsemi.

**c. Grundvöllur matsaðferða**

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum og skuldabréfaeign eru færð á gangvirði.

**d. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill**

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

**e. Mat og ákvarðanir**

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímbilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir sem hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum er að finna í skýringu 19 um endurheimtanlegt virði fasteigna, skýringu 20 um eignarhluti í hlutdeildarfélögum og skýringu 33 um niðurfærslu viðskiptakrafna.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrr öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

**a. Breyting á framsetningu rekstrarreiknings og yfirlits um heildarafkomu**

Framsetningu nokkurra gjaldaliða í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu hefur verið breytt frá fyrra ári. Leigugjöld eru nú færð með öðrum rekstrarkostnaði en voru áður sérgreind. Í kjölfar kaupa félagsins á fasteignum sem það notar í rekstri sínum af Umtaki fasteignafélagi ehf. (sjá skýringu 15). Markaðskostnaður er nú hluti sölu- og dreifingarkostnaðar en var áður færður meðal annars rekstrarkostnaðar. Þá eru laun og annar starfsmannakostnaður nú sérgreind en áður voru þessi gjöld færð meðal sölu- og dreifingakostnaðar. Afskrift viðskiptavildar var áður færð meðal fjárhagslegrar endurskipulagningar en er nú færð meðal afskrifta og virðisrýrnunar. Afskrift kröfu á móðurfélag var áður færð meðal fjárhagslegrar endurskipulagningar en er nú færð á meðal annars rekstrarkostnaðar.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**a. Breyting á framsetningu rekstrarreiknings og yfirlits um heildarafkomu, frh.:**

Gangvirðisbreyting afleiðusamninga var á fyrra ári meðal vaxtagjalda en er nú fært meðal fjárhagslegrar endurskipulagningar og er því gengishagnaður færður meðal fjármunatekna. Loks hefur framsetningu fjármunatekna og fjármagnsgjalda verið breytt á þann veg að þessir liðir eru nú sýndir brúttó en voru áður sýndir nettó. Það er mat stjórnenda að breytt framsetning gefi gleggri mynd af rekstri félagsins.

Breytt framsetning fyrrgreindra liða hefur ekki áhrif á afkomu ársins 2010 en breytt framsetning samanburðartalna fyrir árið 2010 er sem hér greinir:

| *Árið 2010* | Samkvæmt ársreikningi 2010 | Breyting | Samkvæmt ársreikningi 2011 |
|---|---|---|---|
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 0 | ( 3.644.849) | ( 3.644.849) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | ( 5.021.893) | 3.373.433 | ( 1.648.461) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 4.110.400) | ( 2.593.132) | ( 6.703.532) |
| Leigugjöld | ( 996.867) | 996.867 | 0 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 507.008) | ( 4.484.756) | ( 4.991.764) |
| Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) | ( 2.878.456) | 2.878.456 | 0 |
| Fjármunatekjur | 0 | 823.016 | 823.016 |
| Fjármagnsgjöld | 0 | ( 1.132.715) | ( 1.132.715) |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa | 0 | 1.243 | 1.243 |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | ( 5.759.990) | 3.782.436 | ( 1.977.554) |
| | ( 19.274.615) | 0 | ( 19.274.615) |

**b. Hlutdeildarfélög**

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20 - 50% atkvæðaréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning félagsins með hlutdeildaraðferð og eru í upphafi færð á kostnaðarverði. Fjárfesting félagsins felur í sér viðskiptavild sem verður til við kaupin ef við á, að frádreginni virðisrýrnun, ef einhver er. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild félagsins í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar þessara félaga.

**c. Erlendir gjaldmiðlar**

**(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

**(ii) Erlend hlutdeildarfélög**

Hlutdeild í afkomu erlendra hlutdeildarfélaga er færð á meðalgengi ársins. Hlutdeild í eigin fé er færð miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar erlent hlutdeildarfélag er selt að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.





**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**d. Fjármálagerningar**

**(i) Fjáreignir og fjárskuldir**

Fjáreignir og fjárskuldir félagsins samanstanda af handbæru fé, eignarhlutum í öðrum félögum, skuldabréfaeign, viðskiptakröfum og öðrum kröfum, lántökum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þeir eru skráðir á viðskiptadegi, sem er dagurinn sem félagið verður aðili að samningsbundnum ákvæðum gerningsins. Þegar um er að ræða fjármálagerninga sem ekki verða færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning er tekið tillit til alls beins viðskiptakostnaðar við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar félagsins færðir með eftirfarandi hætti.

***Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur***

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningur er flokkaður sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu hans í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eignarhlutir félagsins teljast ekki veltufjáreignir heldur fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstur. Gangvirðisbreytingar eignarhlutanna eru færðar á liðinn „gangvirðisbreyting hlutabréfa“ í rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu.

***Lán og kröfur***

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum kröfum.

***Handbært fé***

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnstæður og skammtímaverðbréf með meðallíftíma innan við 90 daga.

***Fjárskuldir***

Fjárskuldir félagsins eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Þær samanstanda af lántökum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

**(ii) Hlutafé**

Hlutafé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður vegna útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattáhrifum.

Við kaup á eigin hlutum er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

**e. Óefnislegar eignir**

**(i) Viðskiptavild**

Viðskiptavild kom til vegna kaupa og samruna ýmissa félaga undir nafni N1 hf. Um var að ræða mismun á kaupverði og hlutdeild í eigin fé þeirra á kaupdegi. Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur er árlega gert virðisrýrnunarpróf. Á árinu 2010 var öll viðskiptavild félagsins gjaldfærð (sjá skýringu 18). Engin viðskiptavild var bókfærð í árslok 2010 eða 2011.

**(ii) Vörumerki**

Kostnaður við öflun vörumerkja er eignfærður og afskrifaður með jöfnun línulegum afskriftum á áætluðum nýtingartíma, að teknu tilliti til virðisrýrnunar ef við á, að hámarki á 20 árum.

3. **Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

e. **Óefnislegar eignir, frh.:**

(iii) **Hugbúnaður**

Eignfærð hugbúnaðarleyfi eru færð á kostnaðarverði að frádegnum uppsöfnuðum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður með jöfnum línulegum hætti á 10 árum.

f. **Rekstrarfjármunir**

(i) **Færsla og mat**

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartíma hverrar og einnar.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra rekstrartekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

(ii) **Kostnaður sem fellur til síðar**

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) **Afskriftir**

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu áætluðu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 33 ár |
| Skilti og geymar | 10 - 20 ár |
| Vélar, tæki, áhöld og bifreiðar | 5 - 15 ár |
| Innréttingar | 6 - 7 ár |

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

g. **Birgðir**

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

h. **Virðisrýrnun**

(i) **Fjáreignir**

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna, sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir skráningu í bókhald benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.





3. **Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

h. **Virðisrýrnun, frh.:**

(i) **Fjáreignir, frh.:**

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

(ii) **Aðrar eignir**

Bókfært verð annarra eigna félagsins, að undanskilum birgðum og skatteign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðsrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

i. **Framlög í réttindatengda lífeyrissjóði**

Félagið greiðir föst iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

j. **Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð þegar félagið ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, ef líklegt er að komi til greiðslu og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar með því að núvirða áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

k. **Tekjur**

(i) **Seldar vörur og þjónusta**

Tekjur af sölu á vörum í venjulegri starfsemi eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt. Tekjur eru almennt færðar við afhendingu enda flytjast áhætta og ávinningur að jafnaði til kaupanda um leið og afhending á sér stað.

(ii) **Vildarpunktakerfi**

Félagið er með vildarpunktakerfi þar sem þeir viðskiptavinir sem eru með N1-kort safna punktum („N1-punktum“) þegar þeir kaupa vörur af félaginu. N1-punktur er fullgildur gjaldmiðill hjá félaginu, þ.e. einn punktur er jafngildi einnar krónu í öllum viðskiptum við N1 hf. Auk þess gefst korthöfum reglulega kostur á að margfalda virði punkta sinna með tilboðum á tilteknum vörum.

Þegar um er að ræða vörusölu sem felur í sér punktasöfnun er endurgjaldinu skipt á þann veg að gangvirði veittra punkta samhliða vörusölunni er fært sem frestaðar tekjur og ekki innleyst fyrr en viðskiptavinir nýta punktana. Við útreikning á gangvirði veittra punkta, þ.e. þeim hluta tekna af vörusölunni sem er frestað, er lagt mat á hversu stór hluti punkta muni ekki verða nýttur en veittir ónýttir punktar fyrnast á þremur árum eða ef engir punktar eru nýttir í eitt ár.

(iii) **Rekstrarleigutekjur**

Félagið leigir út hluta af húsnæði sínu til annarra fyrirtækja með rekstrarleigusamningum. Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum undir liðnum aðrar rekstrartekjur.

(iv) **Aðrar rekstrartekjur**

Meðal annarra rekstrartekna færast umboðslaun, hagnaður eða tap af sölu eigna, leigutekjur og aðrar tekjur.

l. **Gjöld**

**Kostnaðarverð seldra vara**

Kostnaðarverð seldra vara felur í sér innkaupsverð seldra birgða ásamt tilheyrandi flutningsgjöldum, vörugjöldum og tollum.

**m. Rekstrarleigugjöld**

Rekstrarleigugreiðslur eru vegna húsaleigu. Þær eru gjaldfærðar meðal annars rekstrarkostnaðar eftir því sem þær falla til.

**n. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar réttur til arðs hefur stofnast.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og verðbótum. Gjaldeyrisgengismunur er færður nettó í rekstrarreikningi meðal fjármunatekna eða fjármagnsgjalda eftir því sem við á.

**o. Tekjuskattur**

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema hann varði rekstrarliði sem færðir eru beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á upgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára ef við á.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

**p. Hagnaður á hlut**

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við veginn meðalfjölda virkra hluta á árinu. Ekki hafa verið gerðir kaupréttarsamningar við starfsmenn eða gefnir út fjármálagerningar svo sem breytanleg skuldabréf sem kynnu að leiða til þynningar á hagnaði á hlut. Þynntur hagnaður á hlut er því sá sami og grunnhagnaður á hlut.

**q. Starfsþáttayfirlit**

Rekstrarstarfsþáttur er eining innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti samstæðunnar. Starfsþættir eru ákvarðaðir af forstjóra félagsins sem yfirfer reglulega starfsþætti félagsins til að ákvarða hvernig eignum þess er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfsþátta eru heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Verð á vöru og þjónustu sem seld er milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

**r. Nýir staðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi**

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og tekið hafa gildi fyrir þau tímabil sem ársreikningurinn nær yfir. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2011, en heimilt er að taka upp fyrr. Væntanleg áhrif þeirra á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin.





**4. Ákvörðun gangvirðis**

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði. Auk þess gera alþjóðlegir reikningsskilastaðlar kröfur um að upplýst sé í ársreikningnum um gangvirði fjáreigna og fjárskulda þó þessir liðir séu ekki færðir á gangvirði. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun gangvirðis eigna eða skulda að finna í skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

**(i) Eignarhlutir í öðrum félögum**

Þegar um er að ræða eignarhlut í félagi sem skráð er á virkum markaði er stuðst við skráð markaðsverð á reikningsskiladegi. Þegar um er að ræða óskráð bréf er gangvirði reiknað með notkun verðmatslíkana sem byggja á bókfærði hlutdeild í eigin fé félaganna.

**(ii) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur**

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi. Skammtímakröfur eru þó ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.

**(iii) Skuldir við lánastofnanir og aðrar fjárskuldir**

Gangvirði skulda við lánastofnanir, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er vænt framtíðarsjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi. Skammtímaskuldir eru þó ekki núvirtar því óverulegur munur er á gangvirði þeirra annars vegar og bókfærðu verði hins vegar.

**5. Fjáreignir og fjárskuldir**

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 39 Fjármálagerningar: *færsla og mat* greinast fjáreignir og fjárskuldir í ákveðna flokka. Flokkun fjáreigna og fjárskulda hefur áhrif á það hvernig viðkomandi fjármálagerningar eru metnir eftir upphaflegri skráningu í bókhald. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir sjóðsins tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er sem hér segir:

* Fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning - eru færðar á gangvirði
* Lán og kröfur - eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði
* Aðrar fjárskuldir - eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða flokki fjáreignir og fjárskuldir félagsins tilheyra:

| 31. desember 2011 | Tilgreint á gangvirði | Lán og kröfur | Aðrar fjárskuldir | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | | |
| Handbært fé | | 2.191.295 | | 2.191.295 |
| Viðskiptakröfur | | 4.297.163 | | 4.297.163 |
| Kröfur á tengda aðila | | 53.774 | | 53.774 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 578.356 | | 578.356 |
| Skuldabréfaeign | 102.054 | | | 102.054 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 113.382 | | | 113.382 |
| | 215.435 | 7.120.588 | | 7.336.023 |
| **Skuldir:** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | | 8.386.667 | 8.386.667 |
| Skuldir við hið opinbera | | | 2.716.484 | 2.716.484 |
| Viðskiptaskuldir | | | 1.137.553 | 1.137.553 |
| Skuldir við tengda aðila | | | 58.851 | 58.851 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | | 460.351 | 460.351 |
| | | | 12.759.906 | 12.759.906 |

5. **Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:**

**31. desember 2010**

| | Tilgreint á gangvirði | Lán og kröfur | Aðrar fjárskuldir | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | | |
| Handbært fé | | 1.733.258 | | 1.733.258 |
| Viðskiptakröfur | | 3.519.021 | | 3.519.021 |
| Kröfur á tengda aðila | | 9.300 | | 9.300 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 543.318 | | 543.318 |
| Skuldabréfaeign | 158.481 | | | 158.481 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 94.227 | | | 94.227 |
| | 252.708 | 5.804.897 | | 6.057.605 |
| **Skuldir:** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | | 10.162.058 | 10.162.058 |
| Skuldir við hið opinbera | | | 2.085.140 | 2.085.140 |
| Skuldabréfaútgáfa | | | 7.446.288 | 7.446.288 |
| Víkjandi lán frá tengdum aðila | | | 395.516 | 395.516 |
| Viðskiptaskuldir | | | 964.255 | 964.255 |
| Skuldir við tengda aðila | | | 324.517 | 324.517 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | | 644.612 | 644.612 |
| | | | 22.022.386 | 22.022.386 |

6. **Stýring fjárhagslegar áhættu**

***Yfirlit***

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins.

* Lánsáhætta
* Lausafjáráhætta
* Markaðsáhætta (verðáhætta, gengisáhætta og vaxtaáhætta)
* Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og stýra áhættunni. Tölulegar upplýsingar er að finna víða í ársreikningnum.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að lágmarka þá áhættu sem það býr við með því að greina áhættuna, meta viðmið og hafa eftirlit með henni. Unnið er að mótun nýrrar áhættu- og fjárstýringarstefnu félagsins. Stefnt er að því að hún verði tilbúin fyrir mitt ár 2012.

**Lánsáhætta**

Lánsáhætta er hættan á því að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi vegna þess að viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálgerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna en einnig annarra krafna.

Lánsáhætta ræðst einkum af, aldri viðskiptakrafna, fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptavina auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í en það eru samgöngur, sjávarútvegur og verktakar. Um 39% (2010:36%) af stöðu viðskiptakrafna í árslok er vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins. Þar af nam staða stærsta viðskiptavinarins 14% (2010:12%).

Félagið hefur sett sér reglur um lánsviðskipti. Allir viðskiptavinir félagsins sem eru í lánaviðskiptum eru með lánamörk á viðskiptareikningi sem þeir geta ekki farið yfir. Lögaðilar þurfa almennt að leggja fram sjálfskuldarábyrgð eiganda sem nemur tveggja mánaða úttekt. Þetta á þó ekki við stærri aðila sem eru með gott CIP mat hjá CreditInfo.





6. **Stýring fjárhagslegar áhættu, frh.:**

**Lánsáhætta, frh.:**

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Bæði er um að ræða sérstaka niðurfærslu vegna einstakra viðskiptamanna og almenna niðurfærslu. Við mat á virðisrýrnun vegna almennrar niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og almenns efnahagsástands.

**Lausafjáráhætta**

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið lendi í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar tengdum fjárskuldum sem gerðar verða upp með handbæru fé eða öðrum fjáreignum. Markmið félagsins er að hafa ætíð nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum þegar þær falla til.

Við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins lækkuðu vaxtaberandi skuldir félagsins um 17,6 milljarða króna. Lausafjárstaða félagsins var sterk í árslok 2011. Stjórnendur félagsins telja það vera vel í stakk búið til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla. Endurgreiðslutími langtímalána er 15 ár. Félagið hefur einnig aðgang að 3 milljarða lánalínu til 3 ára.

**Markaðsáhætta**

Markaðsáhætta samanstendur af verðáhættu, vaxtaáhættu og gengisáhættu. Markmið félagsins er að stýra og takmarka markaðsáhættu við skilgreind mörk.

***Verðáhætta***

Veigamikil markaðsáhætta félagsins er verðáhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á olíu en heimsmarkaðsverð hefur undanfarin ár verið afar sveiflukennt. Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði endurspeglast í örum verðbreytingum á þjónustustöðvum félagsins. Einnig er dregið úr verðáhættu í sérsamningum við stærstu viðskiptavini félagsins.

***Gengisáhætta***

Öll viðskipti félagsins í erlendum myntum mynda gengisáhættu. Við mat á gengisáhættu er horft til greiðsluáhættu og uppgjörsáhættu. Markmiðið er að stýra gengisáhættu með þeim hætti að hagur félagsins sé sem best tryggður. Stærsti hluti innflutnings er kaup á olíu af erlendum birgjum í USD en salan er að stórum hluta í ISK. Sala í ISK er 64%, USD 34% og aðrar myntir 2%.

***Vaxtaáhætta***

Félagið býr við sjóðstreymisáhættu vegna vaxtabreytinga fjárskulda sem eru með breytilegum vöxtum. Eins og að framan greinir leitast félagið til að hafa ávallt nægt laust fé til að mæta fjárskuldbindingum sínum. Langtímalán félagsins er óverðtryggt og lánalínan einnig.

***Önnur verðáhætta***

Önnur verðáhætta sem kemur til vegna fjármálagerninga sem færðir eru á gangvirði er ekki veruleg því fjárfestingar félagsins í öðrum félögum er ekki verulegur hluti efnahagsreiknings eða 0,4% í árslok 2011 (2010: 0,6%).

**Rekstraráhætta**

Rekstraráhætta er hættan á beinu og óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi félagsins. Meðal áhættuþátta er vinna starfsmanna, tækni og skipulag sem beitt er.

Til að draga úr rekstraráhættu hefur meðal annars verið komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, haft er eftirlit með lánsviðskiptum og fylgni við lög og þjálfun starfsfólks. Hluti af því að draga úr áhættu er rekstur N1-skólans þar sem starfsmenn fá viðeigandi þjálfun tengdum störfum sínum fyrir félagið. Innleiddir hafa verið virkir verkferlar og reglur um afritatöku upplýsingakerfa. Þá eru unnar markvissar rekstraráætlanir og mánaðarleg uppgjör fyrir einstök svið og frávik frá væntingum greind.

**7. Starfsþáttayfirlit**

Á árinu 2011 hófst vinna við endurskilgreiningu starfsþátta félagsins. Starfsþáttum félagsins var áður skipt í annars vegar fyrirtækjasvið og hins vegar neytendasvið. Ný framsetning starfsþátta mun grundvallast á breyttum áherslum í skýrslugjöf til lykilstjórnenda félagsins. Áætlað er að vinnu við endurskilgreiningu starfsþátta ljúki á árinu 2012. Af þeim sökum birtir félagið ekki starfsþáttayfirlit í þessum ársreikningi.

**8. Framlegð af vörusölu**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 4.834.987 | 4.179.219 |
| Þurrvara | 4.572.606 | 4.384.161 |
| Framlegð af vörusölu samtals | 9.407.593 | 8.563.380 |

**9. Laun og annar starfsmannakostnaður**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun | 3.190.054 | 2.952.726 |
| Lífeyrissjóðsiðgjöld | 291.463 | 268.968 |
| Önnur launatengd gjöld | 320.866 | 319.050 |
| Annar starfsmannakostnaður | 107.691 | 104.105 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður samtals | 3.910.074 | 3.644.849 |
| | | |
| Starfsmannafjöldi að meðaltali í heilsársstörfum | 621 | 664 |
| Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf | 580 | 563 |

**10. Þóknanir til endurskoðenda félagsins**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 10.890 | 7.979 |
| Könnun árshlutareikninga | 6.049 | 0 |
| Önnur þjónusta | 0 | 765 |
| Þóknanir til endurskoðenda samtals | 16.939 | 8.745 |

**11. Sölu- og dreifingarkostnaður**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Dreifingarkostnaður | 1.193.886 | 1.226.489 |
| Markaðskostnaður | 326.169 | 271.416 |
| Viðhaldskostnaður | 163.895 | 150.556 |
| Sölu- og dreifingarkostnaður samtals | 1.683.950 | 1.648.461 |

**12. Annar rekstrarkostnaður**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 332.394 | 294.672 |
| Rekstur húsnæðis | 368.661 | 359.283 |
| Skuldbinding vegna frjálsra skráninga fasteigna | 218.000 | 0 |
| Leigugjöld | 225.855 | 996.867 |
| Tölvu- og hugbúnaður | 207.817 | 205.070 |
| Afskriftir og niðurfærsla viðskiptakrafna (sjá skýringu 33) | 96.791 | 4.556.012 |
| Annar kostnaður | 441.433 | 291.628 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 1.890.951 | 6.703.532 |

Samkvæmt samkomulagi kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu var ákveðið að leiga að fjárhæð 550 millj. kr. skyldi ekki reiknuð af fasteignum sem félagið leigði af Umtaki fasteignafélagi ehf., frá 1. janúar 2011 til 30. júní 2011.





**13. Afskriftir og virðisrýrnun**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Afskriftir óefnislegra eigna | 60.199 | 58.632 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 760.351 | 448.376 |
| Virðisrýrnun rekstrarfjármuna | 1.988.000 | 0 |
| Virðisrýrnun viðskiptavildar | 0 | 4.484.756 |
| Afskriftir og virðisrýrnun samtals | 2.808.550 | 4.991.764 |

**14. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur greinast þannig: | | |
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 30.672 | 34.781 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign | 26.748 | 4.025 |
| Vaxtatekjur af kröfum | 63.975 | 165.144 |
| Gengishagnaður gjaldmiðla | 207.080 | 618.566 |
| Arðstekjur | 2.000 | 500 |
| Fjármunatekjur samtals | 330.475 | 823.016 |
| | | |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | 398.102 | 1.132.715 |
| Fjármagnsgjöld samtals | 398.102 | 1.132.715 |

Samkvæmt samkomulagi kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu var ákveðið að miðað skyldi við að allar vaxtaberandi skuldir, að frátöldu víkjandi láni frá tengdum aðila, skyldu ekki bera vexti frá 1. janúar 2011 til 30. júní 2011. Vaxtagjöld sem ella hefðu fallið til á fyrstu sex mánuðum ársins hefðu numið 428,5 millj. kr. Verðbætur og gengismunur á sama tímabili hefðu numið 197,9 millj. kr.

**15. Fjárhagsleg endurskipulagning**

Fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins lauk með frjálsum nauðasamningum 24. júní 2011. Kröfuhafar félagsins tóku félagið yfir en hlutafé fyrri hluthafa var afskrifað að fullu. Uppgjör skulda með útgáfu eigin fjár var fært í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Samkvæmt þeim skal eigið fé, sem gefið er út til uppgjörs skulda, fært á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Í samningum félagsins og kröfuhafa var gangvirði eigin fjár 14,0 milljarðar kr. Mismunur á gangvirði útgefins eigin fjár og annars endurgjalds annars vegar og bókfærðar stöðu þeirra skulda sem gerðar eru upp hins vegar er færður í rekstur. Ein af forsendum nauðasamningsins var að félagið keypti fasteignir Umtaks fasteignafélags ehf. og samhliða því var óuppsegjanlegur leigusamningur til 30 ára frá 1. janúar 2007 milli Umtaks fasteignafélags ehf. og félagsins að fjárhæð 1,1 milljarðar kr. gerður upp. Á tímabilinu 1. janúar 2011 til 30. júní 2011 var hvorki reiknuð leiga (sjá skýringu 12) né reiknuð vaxtagjöld af lánasamningum (sjá skýringu 14) í samræmi samkomulag kröfuhafa frá 7. apríl 2011. Fjárhagsleg áhrif endurskipulagningar voru sem hér segir:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Uppgjör afleiðusamninga | 0 | ( 1.977.554) |
| Keyptar fasteignir | 9.500.000 | 0 |
| Tekin ný lán | ( 8.500.000) | 0 |
| Greitt með útgáfu eigin fjár | ( 14.000.000) | 0 |
| Uppgerðar skuldir | 17.860.085 | 0 |
| Rekstrarleg áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar | 4.860.085 | ( 1.977.554) |
| | | |
| Önnur áhrif endurskipulagningar | ( 55.540) | 0 |
| Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar samtals | 4.804.545 | ( 1.977.554) |

**16. Tekjuskattur**

Virkt tekjuskattshlutfall félagsins var á árinu (2,9%) (2010: 1,9%).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | | 2011 | | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt | | 4.406.481 | | (12.050.731) |
| Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall | 20,0% | 881.296 | 18,0% | ( 2.169.132) |
| Áhrif breytingar á tekjuskattshlutfalli | | 0 | 0,1% | ( 11.293) |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 2,5% | 108.722 | ( 12,4% ) | 1.491.724 |
| Óskattskyldar tekjur | ( 6,0% ) | ( 265.461) | 0,0% | ( 404) |
| (Bakfærð) niðurfærsla skatteignar | ( 11,7% ) | ( 514.000) | ( 4,3% ) | 514.000 |
| Liðir sem ekki koma fram í rekstrarreikningi | ( 8,4% ) | ( 368.592) | | 0 |
| Aðrar breytingar | 0,6% | 28.282 | 0,4% | ( 51.399) |
| Virkur tekjuskattur | ( 2,9% ) | ( 129.753) | 1,9% | ( 226.504) |

**17. Hagnaður (tap) á hlut**

Hagnaður (tap) á hlut er hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa félagsins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður (tap) á hlut er hinn sami og grunnhagnaður (-tap) á hlut, þar sem félagið hefur hvorki gert kaupréttarsamninga né gefið út skuldabréf eða tekið lán sem eru breytanleg í hlutabréf.

| Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (-tap) á hlut | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 4.536.234 | ( 11.824.227) |
| | | |
| Hlutafé í ársbyrjun | 6.000.000 | 6.000.000 |
| Afskrift hlutafjár | ( 3.100.000) | 0 |
| Útgáfa nýrra hluta | 516.667 | 0 |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta | 3.416.667 | 6.000.000 |
| | | |
| Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (-tap) á hlut í krónum | 1,33 | ( 1,97) |

**18. Óefnislegar eignir**

Óefnislegar eignir, virðisrýrnun þeirra og afskriftir greinast þannig:

| | Hugbúnaður | Vörumerki | Viðskiptavild | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Heildarverð** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2010 | 469.837 | 230.850 | 4.484.756 | 5.185.443 |
| Viðbætur á árinu | 12.601 | | | 12.601 |
| Fært út vegna virðisrýrnunar | | | ( 4.484.756) | ( 4.484.756) |
| Heildarverð 31.12.2010 | 482.438 | 230.850 | 0 | 713.289 |
| Viðbætur á árinu | 4.124 | | | 4.124 |
| Heildarverð 31.12.2011 | 486.562 | 230.850 | 0 | 717.413 |
| | | | | |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | | |
| Afskrifað 1.1.2010 | 54.814 | 23.085 | | 77.899 |
| Virðisrýrnun | | | 4.484.756 | 4.484.756 |
| Afskriftir ársins | 47.089 | 11.543 | | 58.632 |
| Fært út vegna virðisrýrnunar | | | ( 4.484.756) | ( 4.484.756) |





**18. Óefnislegar eignir, frh.:**

Óefnislegar eignir, virðisrýrnun þeirra og afskriftir greinast þannig, frh.:

| | Hugbúnaður | Vörumerki | Viðskiptavild | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Afskrifað alls 31.12.2010 | 101.903 | 34.628 | 0 | 136.531 |
| Afskriftir ársins | 48.657 | 11.542 | | 60.199 |
| Afskrift og virðisrýrnun samtals 31.12.2011 | 150.560 | 46.170 | 0 | 196.730 |
| | | | | |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2010 | 415.023 | 207.765 | 4.484.756 | 5.107.544 |
| Bókfært verð 31.12.2010 | 380.535 | 196.222 | 0 | 576.758 |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 336.002 | 184.680 | 0 | 520.683 |
| | | | | |
| Afskriftahlutföll | 10% | 5% | - | |

**19. Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir, virðisrýrnun þeirra og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir, skilti og geymar | Innréttingar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Heildarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2010 | 2.402.008 | 3.307.396 | 5.709.404 |
| Viðbætur á árinu | 240.274 | 252.701 | 492.975 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 94.000) | ( 70.676) | ( 164.676) |
| Heildarverð 31.12.2010 | 2.548.282 | 3.489.421 | 6.037.703 |
| Viðbætur á árinu | 9.629.226 | 401.038 | 10.030.264 |
| Endurflokkun eigna | ( 250.050) | 250.050 | 0 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 47.093) | ( 284.172) | ( 331.265) |
| Heildarverð 31.12.2011 | 11.880.365 | 3.856.337 | 15.736.702 |
| | | | |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | |
| Afskrifað 1.1.2010 | 215.965 | 1.560.926 | 1.776.891 |
| Selt á árinu | ( 2.000) | ( 49.689) | ( 51.689) |
| Afskriftir ársins | 96.533 | 351.843 | 448.376 |
| Afskrifað alls 31.12.2010 | 310.498 | 1.863.080 | 2.173.578 |
| Afskriftir ársins | 269.567 | 490.784 | 760.351 |
| Virðisrýrnun | 1.988.000 | 0 | 1.988.000 |
| Endurflokkun eigna | ( 22.219) | 22.219 | 0 |
| Selt á árinu | ( 49.975) | ( 249.759) | ( 299.733) |
| Afskrifað alls 31.12.2011 | 2.495.872 | 2.126.324 | 4.622.196 |
| | | | |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð 1.1.2010 | 2.186.043 | 1.746.470 | 3.932.513 |
| Bókfært verð 31.12.2010 | 2.237.784 | 1.626.341 | 3.864.125 |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 9.384.493 | 1.730.013 | 11.114.506 |
| | | | |
| Afskriftahlutföll | 3% | 5-20% | |

**19. Rekstrarfjármunir, frh.:**

Á árinu 2011 keypti félagið, í samræmi við samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins, fasteignir Umtaks ehf. (sjá skýringu 15).

Í árslok var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á fasteignum félagsins. Prófið byggðist á mati á rekstrarvirði félagsins, miðað við forsendur stjórnenda þess, einkum varðandi framtíðartekjuvöxt, framlegð rekstrar og meðalávöxtunarkröfu fjármagns (WACC). Notast var við spá vegna næstu fimm ára, en gert ráð fyrir föstum tekjuvexti og framlegð eftir það. Niðurstöður virðisrýrnunarprófsins leiddu til gjaldfærslu í rekstrarreikningi að fjárhæð 1.988 millj. kr. og samsvarandi lækkunar á bókfærðu verði fasteigna.

Lykilforsendur í matinu voru sem hér segir:
Árlegur tekjuvöxtur á spátímabili verði á bilinu 2,9 til 10,0%.
Árlegur tekjuvöxtur eftir lok spátímabils verði 1,8%.
EBITDA sem hlutfall af framlegð verði á spátímabili á bilinu 27,2 til 32,0%.
Vegin ávöxtunarkrafa fjármagns sé 13,6% (WACC).

Stjórnendur telja þær forsendur sem prófið byggir á raunhæfar. Útreikningurinn er næmur fyrir breytingum á þeim lykilforsendum sem matið byggir á.

Ef EBITDA-hlutfall innan spátímabilsins væri 1,0% hærri en gert er ráð fyrir í virðisrýrnunarprófinu, framtíðarvöxtur 0,5% hærra og meðalávöxtunarkrafa 0,5% lægri hefði engin virðisrýrnun orðið. Ef EBITDA-hlutfall innan spátímabilsins væri 1,0% lægri en gert er ráð fyrir í virðisrýrnunarprófinu, framtíðarvöxtur 0,5% lægri og meðalávöxtunarkrafa 0,5% hærri hefði virðisrýrnun orðið 1.702 millj. kr. hærri.

Gangi rekstur félagsins á næstu árum betur en gert er ráð fyrir í prófinu og vísbendingar koma fram um að virðisrýrnunin sé gengin til baka að hluta eða öllu leyti verður hún bakfærð að sama marki. Bakfærsla virðisrýrnunar yrði færð í rekstrarreikning. Bakfærsla virðisrýrnunar verður þó aldrei meiri en svo að bókfært verð viðkomandi fasteigna verði ekki hærra en það hefði orðið á þeim tíma sem virðisrýrnun gengur til baka ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað. Með öðrum orðum þarf að taka tillit til þess að afskriftir hefðu orðið hærri en ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

**Vátryggingar og mat eigna**

| Vátryggingaverð og fasteignamat rekstrarfjármuna nam í árslok: | **2011** |
|---|---|
| Fasteignamat fasteigna | 5.215.625 |
| Brunabótamat fasteigna | 9.026.696 |

| | **2011** | **2010** |
|---|---|---|
| Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja og innréttinga | 2.155.699 | 1.916.371 |
| Vátryggingarverðmæti vörubirgða | 3.188.000 | 2.998.000 |

Hlutdeildarfélagið Olíudreifing ehf. tryggir þann hluta fljótandi vörubirgða sem er í vörslu þess. Þær birgðir eru hluti birgða í efnahagsreikningi félagsins en eru ekki meðtaldar í ofangreindu vátryggingarverðmæti.

**Veðsettar eignir**

Félagið hefur veðsett allar fasteignir til tryggingar á sambankaláni frá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. og er félaginu óheimilt samkvæmt þeim lánasamningi að veðsetja aðra rekstrarfjármuni.

Félagið er með lánalínu hjá Íslandsbanka hf. að fjárhæð 3.000 millj. kr. og eru birgðir og viðskiptakröfur að fjárhæð 3.300 millj. kr að veði. Félagið hefur ekki dregið á lánalínuna.





**20. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum**

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| **Árið 2011** | **Eignarhlutur** | **Nafnverð** | **Bókfært verð** |
|---|---|---|---|
| Olíudreifing ehf. | 60,0% | 666.000 | 818.274 |
| Malik Supply A/S | 49,0% | 24.021 | 353.918 |
| KAR ehf. | 50,0% | 10.000 | 0 |
| Eignarhlutir í þremur hlutdeildarfélögum | - | 1.340 | 11.598 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals í árslok | | | 1.183.790 |

| Breyting á bókfærðu verði hlutdeildarfélaga á árinu: | |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 1.303.463 |
| Hlutdeild í afkomu | 418.390 |
| Arður | ( 32.769) |
| Virðisrýrnun | ( 61.502) |
| Lækkun hlutafjár | ( 417.000) |
| Þýðingarmunur | ( 26.792) |
| Bókfært verð í árslok | 1.183.790 |
| Heildareignir hlutdeildarfélaga | 5.853.382 |
| Heildarskuldir hlutdeildarfélaga | 3.960.793 |
| Tekjur hlutdeildarfélaga samtals | 27.058.917 |
| Gjöld hlutdeildarfélaga samtals | 26.474.206 |
| Hagnaður (tap) hlutdeildarfélaga samtals | 584.711 |
| Hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga samtals | 356.888 |

| **Árið 2010** | **Eignarhlutur** | **Nafnverð** | **Bókfært verð** |
|---|---|---|---|
| Olíudreifing ehf. | 60,0% | 249.000 | 948.444 |
| Malik Supply A/S | 49,0% | 24.021 | 334.704 |
| Eignarhlutir í fjórum hlutdeildarfélögum | - | 11.340 | 20.315 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum samtals í árslok | | | 1.303.463 |

| Breyting á bókfærðu verði hlutdeildarfélaga á árinu: | |
|---|---|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.843.323 |
| Hlutdeild í afkomu | ( 1.532.745) |
| Kaup | 10.000 |
| Arður | ( 17.115) |
| Bókfært verð í árslok | 1.303.463 |
| Heildareignir hlutdeildarfélaga | 5.780.956 |
| Heildarskuldir hlutdeildarfélaga | 3.654.259 |
| Tekjur hlutdeildarfélaga samtals | 21.167.143 |
| Gjöld hlutdeildarfélga samtals | 26.892.274 |
| Hagnaður (tap) hlutdeildarfélaga samtals | (5.725.131) |
| Hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga samtals | (1.532.745) |

**20. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum, frh.:**

Félagið á 60% hlut í Olíudreifingu ehf. Félagið á þó engan stjórnarmann í Olíudreifingu ehf. Félagið hefur ekki yfirráð yfir Olíudreifingu ehf. samkvæmt skilyrðum alþjóðlegs staðals um dótturfélög, IAS 28. Það er vegna þess að samkeppnisyfirvöld ákváðu að félagið yrði að hafa stjórnarmenn óháða N1 hf. Félagið hefur hins vegar veruleg áhrif hvað varðar starfsemi Olíudreifingar ehf. og beitir samkvæmt því hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutar síns í félaginu.
Í árslok 2011 greiddi Olíudreifing ehf. út arð til félagsins að fjárhæð 417 millj. kr. og var honum ráðstafað til uppgreiðslu á víkjandi láni frá Olíudreifingu ehf.

Í árslok 2011 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á danska hlutdeildarfélaginu Malik Supply A/S sem leiddi til gjaldfærslu að fjárhæð 62 millj. kr. og samsvarandi lækkun á bókfærðu verði eignarhlutarins.

**21. Eignarhlutir í öðrum félögum**

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| Árið 2011 | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Icelandair Group hf. | 0,3% | 15.526 | 78.098 |
| Nýherji hf. | 0,5% | 1.981 | 10.814 |
| EAK ehf. | 33,3% | 6.000 | 17.024 |
| Eignarhlutir í 14 öðrum félögum | - | - | 7.447 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals í árslok | | | 113.382 |

| Árið 2010 | Eignarhlutur | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Icelandair Group hf. | 0,3% | 15.526 | 48.908 |
| Nýherji hf. | 0,5% | 1.981 | 13.864 |
| Metan hf. | 14,9% | 7.000 | 7.532 |
| EAK ehf. | 33,3% | 6.000 | 6.000 |
| Eignarhlutir í 14 öðrum félögum | - | - | 17.923 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum samtals í árslok | | | 94.227 |

Eignarhlutir í félögum eru færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrareikning sem „gangvirðisbreyting hlutabréfa“. Móttekinn arður er færður meðal fjármunatekna. Hlutabréf Icelandair Group hf. og Nýherja hf. eru skráð í Kauphöll Íslands og er gangvirði þeirra í árslok skráð markaðsverð þeirra. Gangvirði eignarhluta í öðrum félögum er metið með verðmatslíkönum sem byggja á bókfærðri hlutdeild í eigin fé félaganna.

**22. Skatteign**

Skatteign greinist þannig á einstaka liði:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| **Eign** | | |
| Rekstrarfjármunir | 273.697 | 0 |
| Viðskiptakröfur | 57.483 | 31.635 |
| Yfirfæranlegt tap | 0 | 410.953 |
| Aðrir liðir | 42.908 | 0 |
| | 374.088 | 442.588 |
| **Skuld** | | |
| Rekstrarfjármunir | 0 | 186.070 |
| Óefnislegar eignir | 62.555 | 59.556 |
| Gengismunur | 68.848 | 74.151 |
| Aðrir liðir | 0 | 9.879 |
| | 131.403 | 329.656 |
| Skatteign | 242.685 | 112.932 |





**23. Birgðir**

Birgðir í árslok greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 3.138.630 | 2.262.620 |
| Þurrvara | 2.790.988 | 2.719.178 |
| | 5.929.618 | 4.981.798 |

**24. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur í árslok greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Nafnverð viðskiptakrafna | 4.486.994 | 3.739.992 |
| Skuldabréfaeign | 87.296 | 130.740 |
| Niðurfærsla vegna viðskiptakrafna sem kunna að tapast | (277.127) | (351.711) |
| Bókfært verð viðskiptakrafna | 4.297.163 | 3.519.021 |

Í skýringu 33 er að finna frekari upplýsingar um virðisrýrnun (niðurfærslu) viðskiptakrafna.

**25. Aðrar skammtímakröfur**

Aðrar skammtímakröfur í árslok greinast þannig:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreidd laun | 7.934 | 5.657 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 182.353 | 75.224 |
| Inneign VSK og aðrar kröfur á hið opinbera | 366.934 | 431.030 |
| Aðrar skammtímakröfur | 21.135 | 31.407 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 578.356 | 543.318 |

**26. Eigið fé**

(i) **Hlutafé**

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.000 millj. kr. en það var 6.000 millj. kr. í árslok 2010. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Eigendur hluta í félaginu eiga rétt til arðs í hlutfalli við eign sína við arðsúthlutun.

(ii) **Yfirverðsreikningur hlutafjár**

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir, að teknu tilliti til jöfnunar taps, það sem hluthafar hafa lagt til félagsins umfram nafnverð hlutafjár.

(iii) **Þýðingarmunur**

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlends hlutdeildarfélags.

(iv) **Endurmatsreikningur**

Á endurmatsreikning er færð hlutdeild félagsins í endurmati fasteigna hlutdeildarfélags.

(v) **Óráðstafað eigið fé**

Hagnaður (tap) ársins er fært til hækkunar (lækkunar) á óráðstöfuðu eigin fé. Arðgreiðslur eru færðar til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

**27. Víkjandi lán frá tengdum aðila**

Víkjandi lán frá tengdum aðila var gert upp í lok árs 2011.

**28. Skuldir við lánastofnanir og skuldabréfaútgáfa**

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig í árslok:

| | 2011 | | 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | Vaxtakjör | Bókfært verð | Vaxtakjör | Bókfært verð |
| Óverðtryggt lán í ISK með breytilegum vöxtum | 7,05% | 8.386.667 | - | 0 |
| Verðtryggt lán í ISK með föstum vöxtum | - | 0 | 6,50% | 7.446.288 |
| Framvirkir samningar og önnur lán í erlendri mynt | - | 0 | - | 10.162.058 |
| Víkjandi lán | - | 0 | 5,0% | 395.516 |
| | | 8.386.667 | | 18.003.862 |
| Næsta árs afborganir | | (566.667) | | (17.608.346) |
| Langtímaskuldir samtals | | 7.820.000 | | 395.516 |

**Afborganir greinast þannig á næstu ár:**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Árið 2011 | 0 | 17.608.346 |
| Árið 2012 | 566.667 | 0 |
| Árið 2013 | 566.667 | 395.516 |
| Árið 2014 | 566.667 | 0 |
| Árið 2015 | 566.667 | 0 |
| Árið 2016 | 566.667 | 0 |
| Til greiðslu síðar | 4.986.667 | 0 |
| | 7.820.000 | 18.003.862 |

Ofangreind tafla sýnir samningsbundna endurgreiðsluskilmála lána félagsins í lok hvors árs um sig. Vegna samanburðarársins 2010 þarf að hafa í huga að lántökur félagsins breyttust verulega á árinu 2011 við fjárhagslega endurskipulagningu (sjá skýringu 15).

**29. Aðrar skuldbindingar**

Aðrar skuldbindingar greinast þannig í árslok:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Skuldbinding vegna frjálsra skráninga fasteigna | 218.000 | 0 |
| Aðrar skuldbindingar | 26.146 | 60.485 |
| Aðrar skuldbindingar samtals | 244.146 | 60.485 |

**30. Skuldir við hið opinbera**

Skuldir við hið opinbera samanstanda af ógreiddum virðisaukaskatti og tolli af innflutningi, olíugjaldi, bensíngjaldi, kolefnisgjaldi og öðrum opinberum gjöldum.

**31. Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir greinast þannig í árslok:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 981.161 | 822.606 |
| Skuldbinding vegna vildarpunkta | 156.392 | 141.649 |
| Viðskiptaskuldir samtals | 1.137.553 | 964.255 |

**32. Aðrar skammtímaskuldir**

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í árslok:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 134.237 | 114.879 |
| Ógreitt áfallið orlof | 236.429 | 234.242 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 89.685 | 285.239 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 0 | 10.252 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | 460.351 | 644.612 |





**33. Fjármálagerningar**

**Lánsáhætta**

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bera lánsáhættu er bókfært verð þeirra, sem var eins og hér greinir í árslok:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Skuldabréfaeign | 102.054 | 158.481 |
| Viðskiptakröfur | 4.297.163 | 3.519.021 |
| Kröfur á tengda aðila | 53.774 | 9.300 |
| Aðrar skammtímakröfur | 388.069 | 543.318 |
| Handbært fé | 2.191.295 | 1.733.258 |
| | 7.032.354 | 5.963.378 |

Um 39% (2010:36%) af stöðu viðskiptakrafna í árslok er vegna 30 stærstu viðskiptavina félagsins. Þar af nam staða stærsta viðskiptavinarins 14% (2010:12%).

**Aldursgreining viðskiptakrafna og virðisrýrnun**

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok:

| Árið 2011 | Nafnverð | Niðurfærsla | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Ógjaldfallið | 3.545.308 | ( 50.022) | 3.495.286 |
| Gjaldfallið innan 30 daga | 534.589 | ( 7.594) | 526.995 |
| Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum | 255.296 | ( 67.602) | 187.694 |
| Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum | 239.097 | ( 151.909) | 87.188 |
| | 4.574.290 | ( 277.127) | 4.297.163 |
| **Árið 2010** | | | |
| Ógjaldfallið | 2.937.595 | ( 45.533) | 2.892.062 |
| Gjaldfallið innan 30 daga | 391.110 | ( 6.062) | 385.048 |
| Gjaldfallið fyrir 31 - 120 dögum | 196.752 | ( 63.049) | 133.703 |
| Gjaldfallið fyrir meira en 120 dögum | 345.275 | ( 237.067) | 108.208 |
| | 3.870.732 | ( 351.711) | 3.519.021 |

| Virðisrýrnun krafna greinist þannig: | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 351.711 | 414.926 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu | ( 171.375) | ( 4.619.227) |
| Gjaldfærð virðisrýrnun á árinu | 96.791 | 4.556.012 |
| Staða í árslok | 277.127 | 351.711 |

Á árinu 2010 tapaðist krafa á hendur fyrrverandi móðurfélagi N1 hf. að fjárhæð 4.320 millj. kr.

Viðskiptakröfur félagsins greinast þannig í árslok eftir viðskiptavinum:

| Árið 2011 | Nafnverð | Sérgreind niðurfærsla | Almenn niðurfærsla | Bókfært verð í árslok |
|---|---|---|---|---|
| Sjávarútvegur | 766.963 | ( 36.515) | ( 10.968) | 719.480 |
| Samgöngur | 942.101 | ( 5.212) | ( 13.472) | 923.417 |
| Verktakar | 457.322 | ( 49.623) | ( 6.540) | 401.159 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 2.098.680 | ( 119.395) | ( 28.952) | 1.950.333 |
| Erlend sala | 309.224 | ( 2.127) | ( 4.323) | 302.774 |
| | 4.574.290 | ( 212.872) | ( 64.255) | 4.297.163 |

## 33. Fjármálagerningar, frh.:

| Árið 2010 | Nafnverð | Sérgreind niðurfærsla | Almenn niðurfærsla | Bókfært verð í árslok |
|---|---|---|---|---|
| Sjávarútvegur | 584.313 | ( 11.842) | ( 9.057) | 563.414 |
| Samgöngur | 709.629 | ( 1.969) | ( 10.999) | 696.661 |
| Verktakar | 522.438 | ( 133.124) | ( 8.098) | 381.216 |
| Aðrar atvinnugreinar og einstaklingar | 1.907.620 | ( 143.363) | ( 29.274) | 1.734.983 |
| Erlend sala | 146.732 | ( 1.711) | ( 2.274) | 142.747 |
| | 3.870.732 | ( 292.009) | ( 59.702) | 3.519.021 |

**Lausafjáráhætta**

Í eftirfarandi töflu er yfirlit sem sýnir hvenær samningsbundnar framtíðargreiðslur vaxtaberandi fjárskulda félagsins falla til. Greiðsluflæðið innifelur áætlaða framtíðarvexti.

| Árslok 2011 | Innan árs | 1 - 2 ár | 3 - 5 ár | Yfir 5 ár |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 1.146.856 | 1.108.016 | 3.082.194 | 7.524.930 |
| Viðskiptaskuldir | 1.137.553 | | | |
| Skuldir við hið opinbera | 2.716.484 | | | |
| Skuldir við tengda aðila | 58.851 | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 460.351 | | | |
| | 5.520.096 | 1.108.016 | 3.082.194 | 7.524.930 |

| Árslok 2010 | Innan árs | 1 - 2 ár | 3 - 5 ár | Yfir 5 ár |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 10.162.058 | | | |
| Víkjandi lán við tengdan aðila | | | 395.516 | |
| Skuldabréfaútgáfa | 7.446.288 | | | |
| Viðskiptaskuldir | 964.255 | | | |
| Skuldir við hið opinbera | 2.085.140 | | | |
| Skuldir við tengda aðila | 324.517 | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 644.612 | | | |
| | 21.626.870 | 0 | 395.516 | 0 |

Ofangreind tafla sýnir samningsbundna endurgreiðsluskilmála lána félagsins í lok hvors árs um sig. Hvað árið 2010 varðar þarf að hafa í huga að lántökur félagsins breyttust verulega á árinu 2011 við fjárhagslega endurskipulagningu (sjá skýringu 15). Hins vegar er ekki búist við að tímasetning greiðsluflæðis í ofangreindri töflu eða fjárhæðir verði verulega frábrugðið því sem þar greinir miðað við áætlað framtíðargreiðsluflæði í árslok 2011. Þó er nauðsynlegt að hafa í huga að taflan miðar við vexti á lánum með breytilegum vöxtum eins og þeir voru á reikningsskiladegi. Breytingar á vöxtum þeirra lána í framtíðinni munu hafa áhrif á fjárhæðir vaxtagreiðslna.

Langtímalán félagsins inniheldur fjárhagsleg skilyrði varðandi eiginfjárhlutfall, greiðsluhæfi, fjárfestingar og skuldsetningu. Verði fjárhagsleg skilyrði ekki uppfyllt verður viðkomandi lán greiðslukræft. Jafnframt hefur skuldsetning félagsins áhrif á vaxtaálag langtímaláns.





## 33. Fjármálagerningar, frh.:

**Gengisáhætta**

Áhætta félagsins vegna erlendra gjaldmiðla var sem hér segir í árslok í nafnverðsfjárhæðum:

| Árið 2011 | USD | EUR | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 1.120.906 | 21.502 | 186.450 | 1.328.859 |
| Viðskiptaskuldir | ( 9.584) | ( 151.111) | ( 114.950) | ( 275.645) |
| Skuldabréfaeign | 0 | 0 | 31.318 | 31.318 |
| Handbært fé | 1.218.624 | 64.682 | 414 | 1.283.720 |
| Áhætta í efnahagsreikningi | 2.329.946 | ( 64.927) | 103.233 | 2.368.252 |

| Árið 2010 | USD | EUR | Aðrar myntir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 777.523 | 8.914 | 65.723 | 852.160 |
| Viðskiptaskuldir | ( 4.731) | ( 139.786) | ( 120.572) | ( 265.089) |
| Skuldabréfaeign | 0 | 56.897 | 0 | 56.897 |
| Handbært fé | 158.782 | 1.012 | 1.389 | 161.183 |
| Áhætta í efnahagsreikningi | 931.574 | ( 72.963) | ( 53.460) | 805.151 |

**Næmnigreining**

10% styrking íslenskrar krónu gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum í árslok myndi hafa hækkað (lækkað) afkomu félagsins fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir.

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| USD | ( 232.995) | ( 93.157) |
| EUR | 6.493 | 7.296 |
| Aðrar myntir | ( 10.323) | 5.346 |
| Samtals | ( 236.825) | ( 80.515) |

10% veiking íslenskrar krónu gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

**Vaxtaáhætta**

Hækkun á vöxtum á uppgjörsdegi um eitt prósentustig (100 punkta) myndi lækka afkomu um 83,9 millj. kr. fyrir tekjuskatt vegna áhrifa á lántökur félagsins sem bera breytilega vexti. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Lækkun vaxta um eitt prósentustig myndi hafa sömu áhrif en í gagnstæða átt.

## 34. Rekstrarleigusamningar

**Húsaleiguskuldbindingar**

Félagið er með húsnæði á leigu frá ýmsum aðilum og er heildarskuldbinding vegna þess 1.076 millj. kr. allt til ársins 2020 (2010: 1.614 millj. kr. allt til ársins 2020). Framtíðarleigugreiðslur greinast þannig í árslok:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Innan árs | 233.108 | 294.330 |
| Eftir 1 - 5 ár | 696.353 | 1.027.273 |
| Eftir 5 ár | 147.280 | 293.045 |
| Samtals | 1.076.741 | 1.614.647 |

**34. Rekstrarleigusamningar, frh.:**

**Húsaleigutekjur**

Félagið leigir út húsnæði til ýmissa aðila. Sumir leigusamninganna eru ótímabundnir en leigutími annarra samninga er á bilinu eitt til átján ár. Leigutekjur ársins 2011 námu 144 millj. kr. Áætlaðar leigutekjur ársins 2012 eru 144 millj. kr. Leigusamningarnir eru flestir verðtryggðir. Heildarskuldbinding leigutaka án tillits til framtíðarverðbólgu er eins og greinir hér að neðan. Skuldbinding leigutaka vegna óbundinna samninga er aðeins reiknuð eitt ár fram í tímann.

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Innan árs | 144.302 | 97.874 |
| Eftir 1 - 5 ár | 257.944 | 294.033 |
| Eftir 5 ár | 186.740 | 194.015 |
| Samtals | 588.986 | 585.922 |

**35. Tengdir aðilar**

**Skilgreining tengdra aðila**

Til tengdra aðila félagsins teljast hluthafar félagsins, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn félagsins og stjórnendur og nánir fjölskyldumeðlimir.

**Viðskipti við hlutdeildarfélög**

Í rekstrarreikningi og efnahagsreikningi eru eftirtalin viðskipti við tengda aðila:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Keypt þjónusta af hlutdeildarfélögum | 1.222.379 | 1.306.050 |
| Seld þjónusta til hlutdeildarfélaga | 707.172 | 699.659 |
| Húsaleigugjöld greidd fyrrv. hlutdeildarfélagi (Umtaki fasteignafélagi ehf.) | 0 | 776.309 |
| Skuldabréfaeign á tengdan aðila | 32.094 | 0 |
| Kröfur á tengda aðila í árslok | 53.774 | 9.300 |
| Skuldir við tengda aðila í árslok | 58.851 | 324.517 |

**Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda greinast þannig:**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Jóhann Hjartarson, formaður stjórnar | 3.600 | 0 |
| Margrét Guðmundsdóttir, stjórnarmaður | 1.800 | 0 |
| Kristín Guðmundsdóttir, stjórnarmaður | 1.800 | 0 |
| Hreinn Jakobsson, stjórnarmaður | 1.800 | 0 |
| Jóhannes Karl Sveinsson, stjórnarmaður | 1.800 | 0 |
| Einar Sveinsson, fyrrverandi formaður stjórnar | 2.400 | 4.800 |
| Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarmaður | 1.200 | 2.400 |
| Gunnlaugur M. Sigmundsson, fyrrverandi stjórnarmaður | 1.200 | 2.400 |
| Halldór Jóhannsson, fyrrverandi stjórnarmaður | 1.200 | 2.400 |
| Jón Benediktsson, fyrrverandi stjórnarmaður | 1.200 | 2.400 |
| Hermann Guðmundsson, forstjóri | 33.553 | 31.651 |
| Framkvæmdastjórar, fjórir árið 2011 (2010: fimm) | 77.746 | 91.696 |
| Laun og hlunnindi stjórnar og stjórnenda samtals | 129.299 | 137.747 |

Engin lán hafa verið veitt stjórnarmönnum eða forstjóra félagsins.

**Viðskipti við aðra tengda aðila**

Viðskipti við aðra tengda aðila voru mjög óveruleg á þeim tímabilum sem ársreikningurinn tekur til. Verðlagning á slíkum viðskiptum er sambærileg við önnur viðskipti félagsins.





**35. Tengdir aðilar, frh.:**

**Viðskipti við starfsmenn**

Félagið hefur lánað starfsmönnum sínum vegna almennra vöruviðskipta og voru þau að fjárhæð 38,0 millj. kr. í árslok 2011 (2010: 44,5 millj. kr.). Aðrar skuldir starfsmanna við félagið námu 33,8 millj. kr. í árslok (2010: 44,3 millj. kr.).

**36. Skuldbindingar og ábyrgðir**

Félagið hefur veðsett allar fasteignir til tryggingar á sambankaláni frá Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. og er félaginu óheimilt samkvæmt þeim lánasamningi að veðsetja aðra rekstrarfjármuni.

Félagið er með lánalínu hjá Íslandsbanka hf. að fjárhæð 3.000 millj. kr. og eru birgðir og viðskiptakröfur að fjárhæð 3.300 millj. kr að veði. Félagið hefur ekki dregið á lánalínuna.

Húsaleiguskuldbindingar félagsins námu 1.076 millj. kr. í lok ársins 2011.

**37. Kennitölur**

| Helstu kennitölur félagsins: | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils: vörunotkun / vörubirgðir í lok ársins | 7,64 | 7,48 |
| Söludagar í viðskiptakröfum: Viðskiptakröfur í lok ársins / seldar vörur og þjónusta | 29 | 28 |
| Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu | 22,4% | ( 37,8%) |
| Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu | 41,6% | 42,6% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu | 17,9% | 19,3% |
| Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu | 20,1% | 78,3% |
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall: veltufjármunir / skammtímaskuldir | 2,64 | 0,50 |
| Lausafjárhlutfall: (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir | 1,44 | 0,27 |
| Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA | 2,98 | ( 2,69) |
| Greiðsluhæfi: Frjálst sjóðsflæði / heildargreiðsla langtímaláns | 1,51 | - |
| Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn | 50,6% | ( 30,7%) |
| Arðsemi eigin fjár: Afkoma ársins / vegin meðalstaða eigin fjár | 111,5% | ( 1.628,9%) |

# N1 hf.

## Ársreikningur 2010

## Efnisyfirlit


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar og forstjóra | **2** |
| Áritun óháðs endurskoðanda | **3** |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | **4** |
| Efnahagsreikningur | **5** |
| Yfirlit um breytingar á eigin fé | **6** |
| Sjóðstreymi | **7** |
| Skýringar og sundurliðanir | **8-25** |



N1 hf.
Kennitala 540206-2010
Dalvegur 10-14, 201 Kópavogur

# Skýrsla stjórnar og forstjóra

## Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár.

## Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins námu rekstrartekjur kr. 45.816,1 millj. á árinu 2010 samanborið við kr. 39.884,3 millj. á árinu 2009 og tap ársins nam kr. 11.824,3 millj. samanborið við kr. 277,4 millj. hagnað árið á undan. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í lok árs 2010 kr. 16.896,7 millj. samanborið við kr. 25.292,2 millj. árið á undan. Eigið fé í árslok 2010 nam kr. - 5.186,2 millj. samanborið við kr. 6.638,0 millj. árið áður.

Stjórn vísar í skýringu nr. 20 um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins.

## Jöfnun taps

Stjórnin leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi jöfnun taps.

## Eignaraðild

Í upphafi og lok árs voru tveir hluthafar. BNT hf. á 99,99% af hlutafé félagsins.

## Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 3.

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2010.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2010 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn N1 hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með áritun sinni.

Kópavogur, 24. júní 2011.

Einar Sveinsson

Benedikt Jóhannesson — Gunnlaugur M. Sigmundsson

Halldór Jóhannsson — Jón Benediktsson

Hermann Guðmundsson
forstjóri



# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa N1 hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning N1 hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á eigin fé, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

*Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum*
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og fyrir því að innleiða innra eftirlit að því marki sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að gera ársreikning, sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

*Ábending*
Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við benda á skýringu nr. 20 með ársreikningnum og umfjöllun í skýrslu stjórnar um starfsemi á árinu, þar sem greint er frá fjárhagsstöðu félagsins.

Kópavogur, 24. júní 2011.

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Gunnar Þór Ásgeirsson
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010

| | Skýringar | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| Sala | | 45.816.066.685 | 39.884.272.751 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (37.252.686.583) | (30.468.206.307) |
| **Framlegð af vörusölu** | | 8.563.380.102 | 9.416.066.444 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 193.248.249 | 153.242.074 |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | | (5.021.893.175) | (4.534.241.397) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (4.110.400.495) | (1.579.463.808) |
| | | (8.939.045.421) | (5.960.463.131) |
| Hagnaður fyrir afskriftir og leigugjöld | | (375.665.319) | 3.455.603.313 |
| Leigugjöld | | (996.867.460) | (1.000.880.463) |
| Afskriftir fastafjármuna | 9, 10 | (507.007.834) | (479.844.118) |
| | | (1.503.875.294) | (1.480.724.581) |
| **Rekstrarhagnaður** | | (1.879.540.613) | 1.974.878.732 |
| Hreinar fjármunatekjur (-fjármagnsgjöld) | 7 | (2.878.455.712) | (1.320.765.669) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | 7 | (1.532.745.138) | (279.051.231) |
| | | (4.411.200.850) | (1.599.816.900) |
| Kostnaður vegna endurskipulagningar | | (5.759.989.603) | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | | (12.050.731.066) | 375.061.832 |
| Tekjuskattur | 16 | 226.504.398 | (97.655.824) |
| **Hagnaður (tap) og heildarafkoma ársins** | | (11.824.226.668) | 277.406.008 |
| Hagnaður (tap) á hlut (í krónum) | 8 | (1,97) | 0,05 |

Skýringar á bls. 8 - 25 eru óaðskiljanlegur hluti þessara reikningsskila.





# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| **Eignir** | **Skýringar** | **31.12.2010** | **31.12.2009** |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 9 | 576.757.649 | 5.107.544.206 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 10 | 3.864.125.472 | 3.932.512.596 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 11 | 1.303.462.778 | 2.843.323.126 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 11 | 94.227.170 | 78.837.920 |
| Tekjuskattsinneign | 16 | 112.932.171 | 0 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 13 | 158.481.078 | 28.476.982 |
| | | 6.109.986.318 | 11.990.694.830 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 12 | 4.981.797.945 | 5.019.552.658 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 13 | 4.062.339.433 | 4.082.718.502 |
| Kröfur á tengda aðila | | 9.299.710 | 2.400.521.876 |
| Handbært fé | | 1.733.257.870 | 1.798.698.533 |
| | | 10.786.694.958 | 13.301.491.569 |
| **Eignir samtals** | | 16.896.681.276 | 25.292.186.399 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 6.000.000.000 | 6.000.000.000 |
| Annað eigið fé | | (11.186.190.045) | 638.036.619 |
| | | (5.186.190.045) | 6.638.036.619 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Víkjandi lán | 14 | 395.516.195 | 367.977.478 |
| Lántökur | 14 | 0 | 6.978.840.145 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 15 | 0 | 113.572.227 |
| Aðrar skuldbindingar | | 60.484.758 | 35.809.512 |
| | | 456.000.953 | 7.496.199.362 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 17 | 11.571.303.615 | 10.686.790.252 |
| Skuldir við tengda aðila | | 324.516.596 | 33.382.392 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 14 | 9.731.050.157 | 437.777.774 |
| | | 21.626.870.368 | 11.157.950.418 |
| **Skuldir samtals** | | 22.082.871.321 | 18.654.149.780 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 16.896.681.276 | 25.292.186.399 |
| **Aðrar upplýsingar** | 18 - 22 | | |

Skýringar á bls. 8 - 25 eru óaðskiljanlegur hluti þessara reikningsskila.

# Yfirlit um breytingar á eigin fé

| | Hlutafé | Endurmat / Varasjóður | Óráðstafað eigið fé / (ójafnað tap) | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Jöfnuður 1. janúar 2009** | 6.000.000.000 | 616.601.099 | (255.970.488) | 6.360.630.615 |
| Framlag í varasjóð | | 2.143.552 | (2.143.552) | 0 |
| Hagnaður ársins | | | 277.406.008 | 277.406.008 |
| **Jöfnuður 31. desember 2009 / 1. janúar 2010** | 6.000.000.000 | 618.744.651 | 19.291.968 | 6.638.036.619 |
| Tap ársins | | | (11.824.226.668) | (11.824.226.668) |
| Bakfært framlag í varasjóð | | (2.143.552) | 2.143.552 | 0 |
| **Jöfnuður 31. desember 2010** | 6.000.000.000 | 616.601.099 | (11.802.791.148) | (5.186.190.045) |

Vísað er í skýringu 8 vegna nánari lýsingu á eigin fé.

Skýringar á bls. 8 - 25 eru óaðskiljanlegur hluti þessara reikningsskila.





# Sjóðstreymi ársins 2010

| | Skýringar | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | | (11.824.226.668) | 277.406.008 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 9,10 | 507.007.834 | 479.844.118 |
| Aðrir liðir | | 8.588.266.370 | 1.036.086.771 |
| **Hreint veltufé frá (til) rekstri** | | (2.728.952.464) | 1.793.336.897 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | | |
| Birgðir | 12 | 37.754.713 | (420.997.764) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | (109.625.027) | 149.056.235 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 884.513.367 | 680.663.928 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | (1.916.309.411) | 2.202.059.296 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 10 | (442.779.146) | (535.336.029) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 10 | 46.206.000 | 29.655.000 |
| Keypt hlutabréf | | (30.568.428) | (4.000.000) |
| Seld hlutabréf | | 0 | 4.254.399 |
| Móttekinn arður | | 17.115.210 | 24.487.919 |
| | | (410.026.364) | (480.938.711) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar langtímaskuldir | | 18.538.742 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | 14 | (440.000.000) | (1.508.548.719) |
| Krafa/skuld við tengda aðila, breyting | | 2.682.356.370 | (1.732.869.391) |
| | | 2.260.895.112 | (3.241.418.110) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (65.440.663) | (1.520.297.525) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 1.798.698.533 | 3.318.996.058 |
| **Handbært fé í árslok** | | 1.733.257.870 | 1.798.698.533 |
| Vextir innheimtir á árinu | 7 | 99.130.453 | 527.537.532 |
| Vextir greiddir á árinu | 7 | (985.213.070) | (1.213.639.581) |
| Arður innheimtur á árinu | | 17.115.210 | 24.487.919 |
| Tekjuskattur greiddur á árinu | | 0 | 0 |

Skýringar á bls. 8 - 25 eru óaðskiljanlegur hluti þessara reikningsskila.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi N1 hf. er verslun með olíuvörur hverskonar, hjólbarða, varahluti í bifreiðar og aðrar neytendavörur.

N1 hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang félagsins er skráð að Dalvegi 10-14 í Kópavogi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi ársreikningsskil til birtingar þann 24. júní 2011.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur félagsins er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB).

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, að því undanskildu að afleiðusamningar og skammtímaverðbréf eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notað sé tiltekið reikningshaldslegt mat. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir beiti dómgreind sinni við að framkvæma reikningsskilaaðferðir félagsins. Sérstaklega er greint frá mikilvægum matsaðferðum í skýringu nr. 4.

#### 2.1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

*Staðlar, endurbætur og túlkanir sem tóku gildi 2010, en eru ekki viðeigandi í starfsemi félagsins.*

Eftirfarandi staðlar, endurbætur og túlkanir tóku gildi 2010, en eru ekki viðeigandi í starfsemi félagsins:

| Staðall/ túlkun | Innihald | Gildistökutími |
|---|---|---|
| IFRS 3 (endurnýjaður) | Sameining félaga | 1. júlí 2009 |
| IAS 27 (endurbætur) | Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil | 1. júlí 2009 |
| IFRIC 17 | Útdeiling eigna til eigenda sem ekki hefur áhrif á fjárstreymi | 1. júlí 2009 |
| IFRIC 18 | Yfirfærsla eigna frá viðskiptamönnum. | 1. júlí 2009 |
| IFRIC 9 (endurbætur) | Endurmat á aðskilnaði innbyggðrar afleiðu | 1. júlí 2009 |
| IFRIC 16 (endurbætur) | Áhættuvarnir vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi | 1. júlí 2009 |
| IAS 36 (endurbætur) | Virðisrýrnun eigna | 1. janúar 2010 |
| IFRS 2 (endurbætur) | Eignahlutatengd greiðsla | 1. janúar 2010 |
| IFRS 5 (endurbætur) | Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi | 1. janúar 2010 |

**IFRS 3, 'Sameining félaga' og tengdar breytingar á IAS 27 Samstæðu- og aðgreind reikningsskil, IAS 28 Fjárfestingar í hlutdeildarfyrirtækjum og IAS 31 Fjárfestingar í samrekstri. (tók gildi 1. júlí 2009)**. Þessi endurnýjaði staðall og tengdar breytingar á nokkrum öðrum stöðlum gerir ráð fyrir kaupaðferðinni við sameiningu félaga, ásamt nokkrum mikilvægum breytingum. Sem dæmi þá verða allar greiðslur vegna kaupa á rekstri að vera skráðar á gangvirði á kaupdegi, og óvissar greiðslur verða flokkaðar sem skuld sem síðan verður endurmetin með breytingu í rekstrarreikningi. Það er val, við hver kaup, að meta áhrif minnihluta í keyptum rekstri annað hvort á gangvirði eða miðað við hlutfall af nettó eignum rekstrarins. Allur kostnaður við kaupin verður gjaldfærður strax.

**IAS 27 (endurbætur) 'Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil' (tók gildi 1. júlí 2009).** Endurbættur staðallinn felur í sér breytingar til að samræma staðalinn við bandarískar reikningsskilareglur. Um er að ræða verulegar breytingar sem gætu haft í för með sér meiri sveiflur í afkomu. Breytingar á staðlinum taka eingöngu til viðskipta í framtíðinni. Engin áhrif eru því á núverandi reikningsskil félagsins.





# Skýringar

**IFRIC 17, 'Útdeiling eigna til eigenda sem ekki hefur áhrif á fjárstreymi' (tók gildi 1. júlí 2009).** IFRIC 17 tekur á hvernig meta eigi arðgreiðslu til hluthafa sem er í formi eigna annarra en peninga. Arðsskuldbinding er skráð þegar arðsúthlutun hefur verið heimiluð og fyrirtæki hefur þar með ekki lengur áhrif á hana. Þessa skuldbindingu vegna arðs á að meta á gangvirði þeirrar eignar sem notuð verður í arðsúthlutunina. Mismunurinn á greiddum arði og gangvirði eignanna verður færður í rekstrarreikning. Viðbótarskýringar er krafist ef eignin sem notuð er í arðsúthlutunina er skilgreind sem aflögð starfsemi. IFRIC 17 hefur ekki áhrif á reikningsskil félagsins.

**IFRIC 18, 'Yfirfærsla eigna frá viðskiptamönnum' (tók gildi 1. júlí 2009)**. IFRIC 18 skýrir hvernig eigi að meðhöndla fastafjármuna sem fyrirtæki tekur við frá viðskiptavini. Túlkunin á einnig við samkomulag þar sem fyrirtæki tekur við peningum frá viðskiptavini þar sem nota verður fjárhæðina eingöngu til að byggja eða kaupa fastafjármuni, og fyrirtækið verður að nota fastafjármuninn til að veita viðskiptavininum áframhaldandi aðgang að framboði af vörum og/eða þjónustu. IFRIC 18 hefur ekki áhrif á reikningsskil félagsins.

**IFRIC 9, 'Endurmat á aðskilnaði innbyggðrar afleiðu og IAS 39, Fjáreignir: Skráning og mat' (tók gildi 1. júlí 2009).** Þessar endurbætur á IFRIC 9 gerir þá kröfu til fyrirtækja að endurmeta hvort þörf er á að aðskilja innbyggða afleiðu frá grunnsamningi þegar fyrirtækið endurflokkar eignina frá því að vera á gangvirði með breytingum í gegn um rekstrarreikning. Þetta endurmat þarf að byggjast á aðstæðum sem voru fyrir hendi þegar fyrirtækið gerði samninginn eða þegar breyting varð á samningnum sem breytti verulega sjóðsstreymi hans, eftir því hvort seinna var. Ef fyrirtækið getur ekki framkvæmt þetta mat þá er ekki hægt að endurflokka gerninginn úr því að vera á gangvirði með breytingu í gegn um rekstrareikning.

**IFRIC 16, 'Áhættuvarnir vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi' (tók gildi 1. júlí 2009)**
Þessar endurbætur tiltaka að áhættuvarnargerningurinn megi vera staðsettur hvar sem er innan samstæðunnar, þar með talið í erlendu starfseminni, svo lengi sem skilyrði áhættuvarnarinnar skv. IAS 39 eru uppfyllt. IFRIC 16 hefur ekki áhrif á reikningsskil félagsins.

**IAS 36 (endurbætur), 'Virðisrýrnum eigna', (tók gildi 1. janúar 2010).** Endurbæturnar skýra að starfsþáttur eins og hann er skilgreindur í grein 5 í IFRS 8 er stærsta fjárskapandi einingin sem á að heimfæra viðskiptavild á í virðisrýrnunarprófi.

**IFRS 2 (endurbætur), 'Eignahlutatengd greiðsla', (gildir frá 1. janúar 2010).** Endurbæturnar innlima IFRIC 8 ''Gildissvið IFRS 2' og IFRIC 11 ' IFRS 2 - Hreyfingar samstæðu og eigin hluta'. Einnig útvíkka endurbæturnar leiðbeiningarnar í IFRIC 11 með því að taka á tilhögun innan félagsins sem ekki var áður tekið á.

**IFRS 5 (endurbætur), 'Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi' (gildir frá 1. janúar 2010).** Endurbæturnar skýra að IFRS 5 ákvarðar þær skýringar sem krafist er vegna fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi. Einnig er skýrt að almennar kröfur í IAS 1 eiga enn við, sérstaklega grein 15 (að fá fram sanngjarna framsetningu) og grein 125 (uppspretta óvissu í mati) í IAS 1.

*(c) Útgefnir staðlar og túlkanir sem ekki hafa tekið gildi.*

Eftirfarandi staðlar og túlkanir á gildandi stöðlum hafa verið gefnir út en höfðu ekki tekið gildi í upphafi reikningsársins þann 1. janúar 2010 og höfðu ekki verið inneiddir fyrir gildistíma sinn:

| Staðall/ túlkun | Innihald | Gildistökutími |
|---|---|---|
| IAS 24 (endurnýjaður) | Upplýsingar um tengda aðila | 1. janúar 2011 |
| IAS 32 (endurbætur) | Flokkun á 'rights issues' | 1. febrúar 2010 |
| IFRIC 19 | Uppgjör fjárskuldar með eiginfjárgerningum | 1. júlí 2010 |
| IFRIC 14 (endurbætur) | Fjármálagerningar: Skráning og mat – hæfir áhættuvarðir liðir | 1. janúar 2011 |
| IFRS 9 | Fjármálagerningar: Flokkun og mat | 1. janúar 2013 |

# Skýringar

*(d) Innleiðing staðla fyrir gildistökutíma þeirra.*

Félagið innleiddi enga staðla fyrir gildistökutíma þeirra á árinu 2010.

**2.2 Starfsþáttaskýrslur**

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfsþáttum félagsins. Félagið skilgreinir starfsemina ekki eftir landssvæðum og birtir þar af leiðandi ekki slík yfirlit.

**2.3 Óefnislegar eignir**

**Viðskiptavild**

Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa og samruna ýmissa félaga undir nafni N1 hf. og er mismunur á kaupverði og hlutdeild í eigin fé þeirra á kaupdegi. Mismunur á kaupverði og hlutdeild í eigin fé hlutdeildarfélaga á kaupdegi er innifalinn í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum.

Viðskiptavild er ekki afskrifuð. Á hverjum reikningsskiladegi metur félagið hvort einhverjar vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar er framkvæmt virðisrýrnunarpróf um það hvort matsverð sé lægra en bókfært verð. Ef matsverð er lægra en bókfært verð þá er viðskiptavild færður niður í matsverð.

**Vörumerki**

Kostnaður við öflun vörumerkja er eignfærður og afskrifaður með beinlínuafskrift á áætluðum nýtingartíma en að hámarki 20 árum.

**Hugbúnaður**

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Hugbúnaður er afskrifaður á 10 árum.





# Skýringar

**2.4 Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til félagsins og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Allar aðrar viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Hækkanir á bókfærðum fjárhæðum sem verða vegna endurmats á landi og byggingum eru færðar til hækkunar á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Lækkanir sem jafnar út fyrri hækkanir sömu eignar eru færðar til lækkunar á sama endurmatsreikning meðal eigin fjár; allar aðrar lækkanir eru gjaldfærðar í rekstrarreikning. Á hverju ári er mismunur milli afskrifta sem byggðar eru á endurmetinni bókfærðri fjárhæð eignarinnar gjaldfærðar í rekstrarreikning og afskriftir sem byggðar eru á upphaflegu kostnaðarverði eignarinnar færðar af varasjóði á gangvirðissjóð meðal eigin fjár.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðaðverði þeirra og áætluðu hrakvirði sé dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........ | 33 ár |
| Skilti og geymar ........ | 10-20 ár |
| Vélar og tæki ........ | 10-15 ár |
| Innréttingar ........ | 6-7 ár |
| Áhöld og bifreiðar ........ | 3-8 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en matsverð þeirra, eru eignirnar færðar niður í matsverð.

Bókfært verð eignar er ávallt fært niður í endurheimtanlega fjárhæð ef bókfært verð er hærra en áætluð endurheimtanleg fjárhæð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**2.5 Fjárfestingar**

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 - 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

Félagið flokkar fjárfestingar sínar í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning og fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga. Flokkunin fer eftir því í hvaða tilgangi fjárfestinganna var aflað. Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

*(a) Fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning.*
Fjáreign er flokkuð í þennan flokk ef hún er fyrst og fremst keypt í þeim tilgangi að selja hana innan skamms tíma eða ef stjórnendur flokka hana þannig.

*(b) Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga.*
Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga eru fjáreignir sem ekki eru afleiður með föstum greiðslum eða greiðslum sem unnt er að ákvarða og föstum binditíma sem stjórnendur félagsins ráðgera og hafa getu til að halda út binditímann.

## Skýringar

Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi eru færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði. Viðskiptakostnaður vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í rekstrarreikning er þó gjaldfærður. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna fjárfestinga eru ekki lengur í gildi eða félagið hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun vegna eignarhalds. Fjáreignir á gangvirði í rekstrarreikningi eru síðar bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingum sem haldið er til gjalddaga eru bókfærðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs. Gangvirði fjárfestinga er byggt á tilboðsverðum eða sjóðstreymislíkönum. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er áætlað út frá verði/hagnaði eða verði/sjóðstreymiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Það sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Gangvirðisbreytingar sem myndast vegna breytinga á gangvirði eru innifaldar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær myndast.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar félagið gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu eða viðurkenndum matslíkönum.

### 2.6 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem félagið nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á verði sem er lægra af matsverði leigumunar og núvirði lágmarksleigugreiðslna. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt þessu hefur verið færð skuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem leigusali nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem rekstrarleiga. Leigugreiðslur eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi á leigutíma.

Þegar eignir eru teknar á rekstrarleigu eru greiðslur sem inntar eru af hendi gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

### 2.7 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við sölu varanna. Innifalið í kostnaðarverðmæti birgða er millifærsla á gengisbreytingum vegna innkaupa á birgðum.

### 2.8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Kröfur eru færðar niður þegar líkindi eru á því að félagið muni ekki geta innheimt andvirði krafnanna. Fjárhæð niðurfærslunnar er mismunur á bókfærðu verði og matsverði sem er núvirt væntanlegt sjóðstreymi, afvaxtað með vöxtum sambærilegra lána.

### 2.9 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

### 2.10 Hlutafé

Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé.

Kostnaður við útgáfu nýs hlutafjár, annar en í tengslum við samruna, er færður til lækkunar á innborguðu eigin fé að frádregnum tekjuskatti. Kostnaður við útgáfu hlutafjár í tengslum við samruna er færður til hækkunar á kaupverðinu.

Þegar félagið kaupir hlutafé í sjálfu sér er kaupverðið fært í heild sinni til lækkunar á eigin fé sem eigin hlutabréf þar til bréfin eru eyðilögð eða seld.





## Skýringar

### 2.11 Lántaka

Lánsfé er upphaflega fært miðað við lánsfjárhæð að teknu tillit til lántökukostnaðar. Lánsfé er í framhaldinu fært miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu (virka vexti) og er mismunurinn á lánsfjárhæð að teknu tilliti til lántökukostnaðar og innlausnarverði færður til gjalda á lánstímanum.

### 2.12 Frestaður tekjuskattur

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

### 2.13 Aðrar skuldbindingar (provisions)

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar félagið hefur tekið á sig skuldbindingu sem niðurstöðu liðinna atburða, líkur eru taldar á til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Félagið færir skuldbindingu af samningum þegar ávinningur af samningum er talinn minni en kostnaður við að efna samningana.

Skuldbindingar vegna rekstrarlegrar endurskipulagningar s.s. launagreiðslur til starfsmanna, sektir vegna uppsagna leigusamninga ofl. eru færðar á því tímabili þegar félagið er orðið skuldbundið til þess að inna af hendi slíkar greiðslur. Kostnaður sem tengist áframhaldandi rekstri er ekki færður fyrirfram.

### 2.14 Fjármálagerningar þar sem samjöfnun er beitt

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæðin færð í efnhagsreikninginn þegar fyrir liggur hvort tveggja lagalegur réttur til að jafna saman og ætlunin er að gera gerningana upp samtímis á nettógrunni.

### 2.15 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan félagsins hefur verið felld niður. Tekjur er færðar á eftirfarandi hátt:

(a) *Sala á vöru og þjónustu*
Sala á vöru hefur átt sér stað þegar áhætta og ávinningur hefur flust frá félaginu til kaupanda vörunnar. Sala á þjónustu er færð á því reikningsskilatímabili sem þjónustan er innt af hendi.

(b) *Vaxtatekjur*
Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerninga sem færðir eru á kostnaðarverði.

(c) *Arðstekjur*
Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

## Skýringar

### 3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Áhættustýring er í höndum sérstakrar nefndar sem starfar beint undir stjórn. Nefndin metur og greinir áhættuþætti í nánum tengslum við einstök rekstrarsvið. Nefndin gefur út skriflegar meginreglur um áhættustýringu sem tekur á einstökum þáttum s.s. gengisáhættu, vaxtaáhættu, útlánaáhættu, notkun framvirkra samninga ofl.

### 3.1 Greining á fjárhagsáhættu

*a) Lánsáhætta*

Félagið hefur ákveðna stefnu gagnvart því að selja vörur og þjónustu til ábyrgra aðila en útlánaáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna. Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

*Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillit til veða*

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna útlánaáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2010 og 2009. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörsdegi.

| | Mesta mögulega tap | |
|---|---|---|
| **Lánsáhætta tengd efnahagsliðum** | **2010** | **2009** |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 4.220.820.511 | 4.111.195.484 |
| Kröfur á tengda aðila | 9.299.710 | 2.400.521.876 |
| Handbært fé | 1.733.257.870 | 1.798.698.533 |
| **Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu** | 5.963.378.091 | 8.440.919.728 |

*b) Lausafjáráhætta*

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Taflan hér að neðan greinir skuldir félagsins í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg

| **Staða 31. desember 2010** | **Bókfært verð** | **Innan 1 árs** | **1 - 2 ár** | **2 - 5 ár** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Víkjandi lán | 395.516 | 0 | 0 | 395.516 | 395.516 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammt.sk. | 11.571.304 | 11.571.304 | 0 | 0 | 11.571.304 |
| Skuldir við tengda aðila | 324.517 | 324.517 | 0 | 0 | 324.517 |
| Lántökur, skammtíma | 9.731.050 | 9.731.050 | 0 | 0 | 9.731.050 |
| | **22.022.387** | **21.626.870** | **0** | **395.516** | **22.022.387** |





## Skýringar

| **Staða 31. desember 2009** | **Bókfært verð** | **Innan 1 árs** | **1 - 2 ár** | **2 - 5 ár** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Víkjandi lán | 367.977 | 0 | 0 | 367.977 | 367.977 |
| Lántökur | 6.978.840 | 0 | 6.978.840 | 0 | 6.978.840 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammt.sk. | 10.686.790 | 10.686.790 | 0 | 0 | 10.686.790 |
| Skuldir við tengda aðila | 33.382 | 33.382 | 0 | 0 | 33.382 |
| Lántökur, skammtíma | 437.778 | 437.778 | 0 | 0 | 437.778 |
| | **18.504.768** | **11.157.950** | **6.978.840** | **367.977** | **18.504.768** |

Allar fjárhæðir í þúsundum króna.

*c) Markaðsáhætta*

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

*d) Gengisáhætta*

Félagið starfar í alþjóðlegu umhverfi og býr því við gengisáhættu vegna erlendra gjaldmiðla. Félagið notar framvirka samninga, í samvinnu við áhættustýringarnefnd, til þess að verjast sveiflum á öðrum gjaldmiðlum en þeim sem félagið gerir reikningsskil sín í. Áhættustýringarnefnd ber ábyrgð á áhættuvörn í hverjum gjaldmiðli og beitir í því skyni lántökum og framvirkum samningum.

10% styrking (veiking) íslenskrar krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum 31. desember hefði hækka (lækkað) afkomu um 748,8 millj. kr. (2009: 544,5 millj. kr) fyrir tekjuskatt.

*e) Vaxtaáhætta*

Afkoma félagsins og handbært fé frá rekstri er að mestu leyti óháð breytingum á markaðsvöxtum. Félagið skuldsetur sig stundum með lánum með breytilegum vöxtum en notar vaxtaskiptasamninga í þeim tilgangi að flytja lántökur yfir í fasta vexti úr breytilegum vöxtum. Vaxtaskiptasamningar gera félaginu kleift að taka lán með breytilegum vöxtum en skipta þeim yfir í lán með föstum vöxtum á hagstæðari kjörum en ef þau hefðu verið tekin beint. Í vaxtaskiptasamningum er gerður samningur milli félagsins og annars aðila að skiptast á mismun vaxtagreiðna, oft ársfjórðungslega, milli fastra og breytilegra vaxta.

Breyting á vöxtum á uppgjörsdegi um 100 punkta hefði hækkað (lækkað) afkomu um 134,1 millj. kr. (2009: 129,8 millj. kr) fyrir tekjuskatt.

### 3.2 Mat á gangvirði

Afleiðusamningar eru færðir í efnahagsreikning á kostnaðarverði en eftir það á matsverði. Aðferðin við færslu hagnaðar eða taps af slíkum samningum ræðst af liðnum sem er varinn. Afleiður geta verið (i) vörn gagnvart tilteknum eignum og skuldum (fair value hedge) eða (ii) vörn gagnvart væntanlegum viðskiptum eða samningum (cash flow hedge) eða (iii) vörn gagnvart nettó fjárfestingu í erlendu félagi á þeim degi sem afleiðusamningur er gerður.

Breyting á matsverði afleiða eru færðar í rekstrarreikning um leið og breytingar verða á matsverði eigna og skulda sem eru varðar.

Félagið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

Matsverð vaxtaskiptasamninga er reiknað út sem núvirði væntanlegs sjóðstreymis. Matsverð framvirkra gjaldmiðlaskiptasamninga er ákvarðað út frá framvirku gengi á reikningsskiladegi.

Í mati á samningum sem ekki eru viðskipti með eru notaðar margvíslegar aðferðir útfrá mismunandi forsendum á reikningsskiladegi þar sem byggt er á markaðsaðstæðum. Uppgefið markaðsverð er notað fyrir langtímaskuldir. Aðrar aðferðir s.s. ýmis konar líkön og áætlað sjóðstreymi eru einnig notaðar fyrir mat á fjármálasamningum.

# Skýringar

Nafnverð að frádregnum niðurfærslum fjárhagslegra eigna og skulda með gjalddaga innan eins árs er matsverð slíkra eigna og skulda. Matsverð fjárhagsskuldbindinga er metið útfrá núvirtu sjóðstreymi miðað við markaðsvexti sem félaginu býðst á samskonar samningum.

### 3.3 Áhættustýring eiginfjár

Félagið stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu hennar til áframhaldandi reksturs til að greiða eigendum sínum arð og öðrum hlutaðeigandi viðeigandi ávinning og til að viðhalda skipulagi fjármögnunar sem lágmarkar kostnað við fjármögnun.

Félagið getur breytt upphæð arðs sem greiddur er hluthöfum, endurgreitt hlutafé, gefið út nýtt hlutafé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar.

Eftirfarandi tafla sýnir fjármögnun félagsins og eiginfjárhlutfall að teknu tilliti til handbærs fjár (fjárhæðir í þúsundum króna):

| | **2010** | **2009** |
|---|---|---|
| Lántökur, langtíma | 456.001 | 7.496.199 |
| Lántökur, skammtíma | 21.626.870 | 11.157.950 |
| Frádregið: Handbært fé | (1.733.258) | (1.798.699) |
| Skuldir nettó | 20.349.613 | 16.855.451 |
| Eigið fé | (5.186.190) | 6.638.037 |
| Fjármögnun samtals | 15.163.423 | 23.493.488 |
| | | |
| Eiginfjárhlutfall að teknu tilliti til handbærs fjár | -34,20% | 28,25% |

### 4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Sífellt er verið að meta liði og byggir matið á skoðunum, reynslu fortíðar og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um atburði í framtíðinni sem álitið er að séu skynsamlegar miðað við aðstæður.

### 4.1 Mikilvægt reikningshaldslegt mat og forsendur

Félagið vinnur mat og gengur út frá forsendum varðandi framtíðina. Það reikningshaldslega mat sem af þeim leiðir mun samkvæmt skilgreiningu sjaldan vera jafngilt tengdum raunárangri. Fjallað er um það mat og þær forsendur hér á eftir sem fylgir umtalsverð hætta á að muni valda efnislegri leiðréttingu á bókfærðum fjárhæðum eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs.

(a) *Áætluð virðisrýrnun óefnislegra eigna*
Félagið prófar árlega hvort óefnislegar eignir hafi orðið fyrir einhverri virðisrýrnun í samræmi við reikningsskilaaðferðina sem tilgreind er í skýringu 2.3.





# Skýringar

## 5. Upplýsingar um starfsþætti

| **Árið 2010** | Fyrirtækjasvið | Neytendasvið | Önnur svið | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Sala | 25.376.350.306 | 20.048.158.893 | 391.557.486 | 45.816.066.685 |
| Rekstrargjöld | (24.378.601.374) | (18.954.747.157) | (4.362.258.767) | (47.695.607.298) |
| Rekstrarhagnaður | 997.748.932 | 1.093.411.736 | (3.970.701.281) | (1.879.540.613) |
| | | | | |
| Fjármagnsgjöld, nettó | | | | (4.411.200.850) |
| Kostnaður vegna endurskipulagningar | | | | (5.759.989.603) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | | | (12.050.731.066) |
| Tekjuskattur | | | | 226.504.398 |
| **Hagnaður ársins** | | | | (11.824.226.668) |
| | | | | |
| Eignir starfsþáttar | 6.052.520.801 | 4.334.542.437 | 3.369.370.510 | 13.756.433.748 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 808.926.014 | 474.221.921 | 114.542.013 | 1.397.689.948 |
| Óskilgreinanlegar eignir | 0 | 0 | 1.742.557.580 | 1.742.557.580 |
| **Heildareignir** | 6.861.446.815 | 4.808.764.358 | 5.226.470.103 | 16.896.681.276 |
| | | | | |
| Skuldir starfsþáttar | 497.273.832 | 527.465.466 | 7.877.295.965 | 8.902.035.263 |
| Óskilgreinanlegar skuldir | 0 | 0 | 13.180.836.055 | 13.180.836.058 |
| **Heildarskuldir** | 497.273.832 | 527.465.466 | 21.058.132.020 | 22.082.871.321 |

| **Árið 2009** | Fyrirtækjasvið | Neytendasvið | Önnur svið | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Sala | 20.843.867.795 | 18.573.791.771 | 466.613.185 | 39.884.272.751 |
| Rekstrargjöld | (17.973.060.392) | (16.726.921.281) | (3.209.412.346) | (37.909.394.019) |
| Rekstrarhagnaður | 2.870.807.403 | 1.846.870.490 | (2.742.799.161) | 1.974.878.732 |
| | | | | |
| Fjármagnsgjöld, nettó | | | | (1.599.816.900) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | | | 375.061.832 |
| Tekjuskattur | | | | (97.655.824) |
| **Hagnaður ársins** | | | | 277.406.008 |
| | | | | |
| Eignir starfsþáttar | 6.567.416.461 | 4.536.249.063 | 7.067.139.420 | 18.170.804.944 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 702.976.494 | 387.306.758 | 1.831.877.794 | 2.922.161.046 |
| Óskilgreinanlegar eignir | 0 | 0 | 4.199.220.409 | 4.199.220.409 |
| **Heildareignir** | 7.270.392.955 | 4.923.555.821 | 13.098.237.623 | 25.292.186.399 |
| | | | | |
| Skuldir starfsþáttar | 314.991.806 | 243.287.407 | 6.503.936.188 | 7.062.215.401 |
| Óskilgreinanlegar skuldir | 0 | 0 | 11.591.934.376 | 11.591.934.379 |
| **Heildarskuldir** | 314.991.806 | 243.287.407 | 18.095.870.564 | 18.654.149.780 |

# Skýringar

## 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Laun og tengdar greiðslur | 2.952.725.683 | 2.701.134.578 |
| Launatengd gjöld, dagpeningar og annar starfsmannakostnaður | 692.122.847 | 536.016.393 |
| Samtals | 3.644.848.530 | 3.237.150.971 |

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 664 starfsmenn á árinu.

## 7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 204.449.689 | 527.537.532 |
| | 204.449.689 | 527.537.532 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | (1.132.714.811) | (1.723.428.781) |
| Gengismunur | (1.951.433.718) | (124.874.420) |
| | (3.084.148.529) | (1.848.303.201) |
| Matsbreyting hlutabréfa | 1.743.128 | 0 |
| Söluhagnaður hlutabréfa | 0 | 283.627 |
| Afskrift hlutabréfa | (500.000) | 0 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | (1.532.745.138) | (279.334.858) |
| | (1.531.502.010) | (279.051.231) |
| Samtals fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (4.411.200.850) | (1.599.816.900) |

## 8. Hagnaður (tap) pr. hlut

Hagnaður (tap) pr. hlut er reiknaður út með því að deila vegnum meðalfjölda útistandandi hluta (eigin hlutir ekki með) upp í hagnað (tapi) ársins.

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | (11.824.226.668) | 277.406.008 |
| Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta | 6.000.000.000 | 6.000.000.000 |
| Hagnaður (tap) pr. hlut (grundvallar) | (1,97) | 0,05 |

Hvorki er um að ræða kaupréttarsamninga né breytanleg skuldabréf að ræða hjá félaginu. Því er engin þynning á hagnaði pr. hlut.

Heildarfjöldi hluta nemur kr. 6.000 millj., hver að nafnverði 1 kr. Félagið á engin eigin bréf. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á tímabilinu.





# Skýringar

## 9. Óefnislegar eignir

| | Hugbúnaður | Vörumerki | Viðskiptavild | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Miðað við 1. janúar 2009** | | | | |
| Bókfært verð 1/1 2009 | 462.006.678 | 219.307.324 | 4.292.416.145 | 4.973.730.147 |
| Viðbót ársins | 0 | 0 | 192.340.280 | 192.340.280 |
| Afskriftir | (46.983.730) | (11.542.491) | 0 | (58.526.221) |
| Bókfært verð 31/12 2009 | 415.022.948 | 207.764.833 | 4.484.756.425 | 5.107.544.206 |
| **Miðað við 1. janúar 2010** | | | | |
| Bókfært verð 1/1 2010 | 415.022.948 | 207.764.833 | 4.484.756.425 | 5.107.544.206 |
| Viðbót ársins | 12.601.097 | 0 | 0 | 12.601.097 |
| Afskriftir | (47.088.738) | (11.542.491) | (4.484.756.425) | (4.543.387.654) |
| Bókfært verð 31/12 2010 | 380.535.307 | 196.222.342 | 0 | 576.757.649 |

Virðisrýrnunarpróf vegna óefnislegra eigna:

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Í þessum útreikningum eru notaðar sjóðstreymisspár sem eru byggðar á fjárhagsáætlunum stjórnenda og ná yfir fimm ára tímabil. Sjóðstreymi sem nær til lengri tíma en fimm ára er framreiknað með áætluðum vaxtarhraða (1%), framlegð (21%) og ávöxtunarkröfu (9,15%).

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðsþróun. Veginn meðalvaxtarhraði sem notaður er miðast við spár sem fram koma í atvinnugreinaskýrslum. Afvöxtunarstuðlarnir eru fyrir tekjuskatt og endurspegla sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfsþáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýrnunartaps á árunum 2009 og 2010.

Hafa ber í huga að að vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar félagsins var öll viðskiptavild gjaldfærð á árinu. Sjá nánar í skýringu nr. 20.

## 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir, skilti og geymar | Innréttingar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Miðað við 1. janúar 2009** | | | |
| Kostnaðarverð | 2.251.109.754 | 3.451.090.071 | 5.702.199.825 |
| Uppsafnaðar afskriftir | (326.119.363) | (1.628.790.107) | (1.954.909.470) |
| Bókfært verð 1/1 2009 | 1.924.990.391 | 1.822.299.964 | 3.747.290.355 |
| **Staða 31. desember 2009** | | | |
| Bókfært verð 1/1 2009 | 1.924.990.391 | 1.822.299.964 | 3.747.290.355 |
| Viðbætur | 384.574.090 | 293.782.433 | 678.356.523 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | (71.816.385) | (71.816.385) |
| Afskriftir | (87.521.806) | (333.796.091) | (421.317.897) |
| Bókfært verð 31/12 2009 | 2.222.042.675 | 1.710.469.921 | 3.932.512.596 |
| **Miðað við 1. janúar 2010** | | | |
| Kostnaðarverð | 2.402.007.979 | 3.304.815.797 | 5.706.823.776 |
| Uppsafnaðar afskriftir | (215.965.304) | (1.558.345.876) | (1.774.311.180) |
| Bókfært verð 1/1 2010 | 2.186.042.675 | 1.746.469.921 | 3.932.512.596 |

# Skýringar

**Staða 31. desember 2010**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1/1 2010 | 2.186.042.675 | 1.746.469.921 | 3.932.512.596 |
| Viðbætur | 240.274.110 | 252.701.139 | 492.975.249 |
| Selt og niðurlagt á árinu | (92.000.000) | (20.985.768) | (112.985.768) |
| Afskriftir | (96.532.655) | (351.843.950) | (448.376.605) |
| Bókfært verð 31/12 2010 | 2.237.784.130 | 1.626.341.342 | 3.864.125.472 |

Varanlegir rekstrarfjármunir eru allir óveðsettir.
Vátryggingaverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna nemur kr. 3.171,2 millj.

## 11. Eignarhlutir í félögum

**Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:**

| | Eignarhlut-deild í % | Nafnverð í lok árs | Bókfært verð í lok árs |
|---|---|---|---|
| Olíudreifing ehf. | 60,0% | 666.000.000 | 948.443.844 |
| Malik Supplies A/S | 49,0% | DKK 4.497 | 334.704.093 |
| KAR ehf. | 50,0% | 10.000.000 | 10.000.000 |
| Fjölver ehf. | 33,3% | 100.000 | 8.120.292 |
| Olíustöðin Helguvík ehf. | 50,0% | 1.000.000 | 1.804.529 |
| Innhaf ehf. | 48,0% | 240.000 | 390.020 |
| Samtals hlutdeildarfélög | | | 1.303.462.778 |

| | |
|---|---|
| Eignir | 5.780.956.081 |
| Skuldir | 3.654.259.434 |
| Tekjur | 21.167.142.752 |
| Gjöld | 26.892.274.150 |
| Hagnaður (tap) | 347.710.247 |
| Hlutdeild í hagnaði (tapi) | (1.532.745.138) |

N1 hf. á 60% hlut í Olíudreifingu ehf. N1 hf. á þó engan stjórnarmann í stjórn félagsins. Skv IAS 27 þarf N1 hf. ekki að taka Olíudreifingu ehf. inn í samstæðu sína en beitir hlutdeildaraðferð.





# Skýringar

**Eignarhlutir í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:**

| | Eignarhlut-deild í % | Nafnverð í lok árs | Bókfært verð í lok árs |
|---|---|---|---|
| Icelandair Group hf. | 0,30% | 15.526.347 | 48.907.993 |
| Nýherji hf. | 0,50% | 1.980.584 | 13.864.088 |
| Metan hf. | 14,91% | 7.000.000 | 7.531.863 |
| EAK ehf. | 33,33% | 6.000.000 | 6.000.000 |
| Eignarhlutar í 14 öðrum félögum | - | - | 17.923.226 |
| Samtals önnur félög | | 19.678.616 | 94.227.170 |

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði nema eign í Icelandair Group hf., sem er skráð í Kauphöll Íslands, er skráð á markaðsverði.

| | |
|---|---|
| Samtals hlutabréf í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum | 1.397.689.948 |

## 12. Birgðir

| Birgðir greinast þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Fljótandi | 2.262.619.653 | 2.600.315.210 |
| Varahlutir | 1.053.584.708 | 1.003.680.215 |
| Þurrvara | 1.067.804.625 | 882.629.843 |
| Hjólbarðar | 424.120.166 | 394.881.550 |
| Mótorhjól | 173.668.793 | 138.045.840 |
| | 4.981.797.945 | 5.019.552.658 |

Vátryggingarverð vörubirgða móðurfélagsins er kr. 2.998 millj. í lok desember 2010. Hlutdeildarfélag N1 hf., Olíudreifing ehf., tryggir þann hluta fljótandi vörubirgða sem er í vörslu þess. Þær birgðir eru ekki meðtaldar í ofangreindu vátryggingaverðmæti.

## 13. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 3.739.992.296 | 4.295.449.686 |
| Skuldabréfaeign | 289.221.299 | 99.172.931 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (351.711.366) | (414.926.368) |
| Viðskiptakröfur, nettó | 3.677.502.229 | 3.979.696.249 |
| Fyrirframgreidd laun | 5.657.323 | 3.621.570 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 75.224.393 | 73.107.371 |
| Aðrar skammtímakröfur | 462.436.566 | 54.770.294 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 4.220.820.511 | 4.111.195.484 |
| Langtímahluti viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna | 158.481.078 | 28.476.982 |
| Skammtímahluti viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna | 4.062.339.433 | 4.082.718.502 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 4.220.820.511 | 4.111.195.484 |

## Skýringar

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

| Breyting niðurfærslureiknings greinist þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Frá fyrra ári | 414.926.368 | 341.521.202 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu | 2.753.546.770 | (150.633.736) |
| Framlag í afskriftareikning | (2.816.761.772) | 224.038.902 |
| | 351.711.366 | 414.926.368 |

| Aldursgreining viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna greinast þannig: | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| 0 - 90 daga | 3.248.711.833 | 3.222.322.767 |
| 90 daga og eldra | 1.323.820.044 | 1.303.799.085 |
| | 4.572.531.877 | 4.526.121.852 |

Bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna eftir gjaldmiðlum greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| ISK | 3.727.487.475 | 3.773.994.336 |
| USD | 734.070.746 | 750.654.527 |
| Aðrir gjaldmiðlar | 110.973.656 | 1.472.989 |
| | 4.572.531.877 | 4.526.121.852 |

### 14. Langtímaskuldir

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Skuldir í íslenskum krónum: | | |
| Víkjandi lán | 395.516.195 | 367.977.478 |
| Óverðtryggðar skuldir | 2.570.000.000 | 440.000.000 |
| Verðtryggðar skuldir | 7.161.050.157 | 6.976.617.919 |
| Langtímaskuldir samtals | 10.126.566.352 | 7.784.595.397 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok desember 2010 greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2011 | 9.731.050.157 | 7.416.617.919 |
| Árið 2013 | 395.516.195 | 367.977.478 |
| | 10.126.566.352 | 7.784.595.397 |

Langtímaskuldir samtals kr. 10.126.566.352 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir ársins 2011, meðal skammtímaskulda | 9.731.050.157 | 7.416.617.919 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | 395.516.195 | 367.977.478 |
| | 10.126.566.352 | 7.784.595.397 |





## Skýringar

### 15. Tekjuskattsskuldbinding (-inneign)

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar (-inneign) á árinu greinist þannig:

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 113.572.227 | 15.916.403 |
| Reiknaður tekjuskattur | (226.504.398) | 97.655.824 |
| | (112.932.171) | 113.572.227 |

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 245.626.552 | 231.475.779 |
| Viðskiptakröfur | (31.634.948) | (35.391.436) |
| Vörubirgðir | 21.975.310 | 26.736.481 |
| Afleiðugerningar | 0 | 318.556.800 |
| Yfirfæranlegt tap | (410.952.640) | (412.820.467) |
| Aðrir liðir | 62.053.555 | (14.984.930) |
| | (112.932.171) | 113.572.227 |

### 16. Tekjuskattur

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Frávik reiknað tekjuskatts frá almennu skattstigi á Íslandi (18%) greinist þannig: | | |
| Hagnaður (tap) fyrir skatt | (12.050.731.066) | 375.061.832 |
| Reiknaður tekjuskattur (18%) | (2.169.131.592) | 56.259.274 |
| Breyting á tekjuskattsprósentu (20%) | (11.293.217) | 18.928.705 |
| Varanlegir mismunir | 1.954.010.411 | 23.142.845 |
| Móttekinn arður | (90.000) | (675.000) |
| | (226.504.398) | 97.655.824 |

### 17. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 964.254.539 | 938.355.890 |
| Rekstrarlán | 7.877.295.969 | 6.503.936.188 |
| Skuldir við hið opinbera | 2.085.139.539 | 2.006.968.962 |
| Framvirkir gengisskiptasamningar | 0 | 592.446.822 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 644.613.568 | 645.082.390 |
| | 11.571.303.615 | 10.686.790.252 |

## Skýringar

### 18. Veðsetningar, ábyrgðarskuldbindingar og aðrir skuldbindandi samningar

Viðskiptakröfur og vörubirgðir (aðrar en eldsneyti) eru veðsettar að fjárhæð 3.689,9 millj. kr.

N1 hf. hefur gengist undir sjálfsskuldarábyrgð að fjárhæð 9.283,1 millj. kr. vegna móðurfélagsins síns BNT hf. og tengdra aðila.

Samtals nema veðsetningar og sjálfskuldarábyrgðir félagsins 12.973,0 millj.kr. þann 31.12.2010 samanborið við 12.697,1 millj.kr. í lok árs 2009 og 12.259,4 millj.kr. í lok árs 2008.

### 19. Afleiðusamningar

Til staðar eru afleiðusamningar milli N1 hf. og Skilanefndar gamla Glitnis Banka. Glitnir banki hf. var settur í slitaferli af FME í október 2008. Krafa þessi er hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

### 20. Fjárhagsleg endurskipulagning

Á árinu 2011 hefur verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins með kröfuhöfum þess. Niðurstaða þeirrar vinnu liggur nú fyrir.

Kröfuhafar félagins munu taka félagið yfir og hlutafé fyrri hluthafa hefur verið afskrifað að fullu.

Vegna þessa hafa verið gerðar færslur í bókhaldi félagins í lok árs 2010. Um 5,8 milljarða kr. eru sérstaklega gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar. Um er að ræða gjaldfærslu vegna viðskiptavildar ofl.

Þá eru einnig gjaldfærslur vegna þessa á meðal annars rekstrarkostnaðar.

Bókfært verð eigin fjár félagins er neikvætt um 5,2 milljarða kr. í árslok 2010. Hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu félagins er að hlutafé þess er afskrifað að fullu og stórum hluta skulda þess breytt í hlutafé. Hluti af skuldauppgjörinu er að samið hefur verið um allar skuldir vegna afleiðusamninga og verður þeim breytt í hlutafé í félaginu.

Þannig er áætlað að eiginfjárhlutfall þess muni nema um 50% vegna þessara aðgerða.





## Skýringar

### 21. Venslaðir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Móðurfélag, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Tengdir aðilar með veruleg áhrif:

Félagið átti viðskipti á árinu við hlutdeildarfélögin Olíudreifingu ehf. og Umtak fasteignafélag ehf. og voru viðskiptin við félögin eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Viðskipti við starfsmenn:

Félagið hefur lánað starfsmönnum sínum vegna almennra vöruviðskipta á árinu. Skuld starfsmanna við félagið nema 45,3 millj. kr. í árslok. Aðrar skuldir starfsmanna við félagið nema 44,3 millj.kr.

Viðskipti við stjórn og stjórnendur:

Engin lán hafa verið veitt til stjórnar eða forstjóra N1 hf.

Laun og þóknanir til stjórnar og forstjóra greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Hermann Guðmundsson, forstjóri | 31.650.900 |
| Einar Sveinsson, stjórnarformaður | 4.800.000 |
| Benedikt Jóhannesson, stjórnarmaður | 2.400.000 |
| Gunnlaugur M. Sigmundsson, stjórnarmaður | 2.400.000 |
| Halldór Jóhannsson, stjórnarmaður | 2.400.000 |
| Jón Benediktsson, stjórnarmaður | 2.400.000 |
| | 46.050.900 |

### 22. Þóknun til endurskoðenda

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 7.979.305 | 8.116.047 |
| Könnun árshlutareiknings | 111.800 | 2.292.900 |
| Önnur þjónusta | 653.475 | 1.842.107 |
| | 8.744.580 | 12.251.054 |

N1